HEIÐDÍS LILJA MAGNÚSDÓTTIR

Fann kjól í foreldrahúsi

• Tíska • Heimili • Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

AUÐUNN BLÖNDAL

Laumaði sér á Cannes

Sló í gegn með fáránlegum spurningum.

FÓLK 70

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. maí 2006 — 139. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Sjúklingar á göngum hafa tafið endurlífgun

Þess eru dæmi að endurlífgunarteymi á Landspítalanum hafi átt í erfiðleikum með að komast leiðar sinnar vegna þéttra raða af sjúklingarúmum á sjúkragangi. Unnið er að lausn vandans.

HEILBRIGÐISMÁL Þess eru dæmi að endurlífgunarteymi á Landspítalanum hafi átt í erfiðleikum með að komast eftir gangi vegna þéttra raða af sjúklingarúmum á ganginum.

Þetta kemur fram í inngangi nýútkominnar ársskýrslu Landlæknisembættisins fyrir árið 2005, sem Sigurður Guðmundsson landlæknir ritar. Hann segir innlagnir sjúkra á sjúkrahúsganga hafa verið „eilífðarvandamál“ á stærstu sjúkrahúsunum í Reykjavík. Þær megi rekja marga áratugi aftur í tímann. Við liggi að heilbrigðisstarfsmenn taki þeim orðið sem náttúrulögmáli.

„Síðastliðið ár hafa um 60 sjúklingar legið á göngum Landspítalans á hverjum mánuði samkvæmt atvikaskráningu þar,“ skrifar landlæknir. „Ekki þarf að fara í grafgötur um óþægindin og vanvirðuna sem af þessu hlýst og um leið hættuna...,“ segir hann enn fremur og nefnir dæmin um erfiðleika endurlífgunarteymis við að komast leiðar sinnar.

SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

MAGNÚS PÉTURSSON

Landlæknir segir þennan vanda tengjast útskriftartöfum af sjúkrahúsinu, sem aftur snerti skort á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. Um 70 til 100 manns liggi á Landspítala á hverjum degi, sem ættu betur heima annars staðar.

Skammt er síðan Fréttablaðið sagði frá því að tíu pláss væru laus á elliheimilinu Grund. Hefði svo verið um skeið vegna skorts á hjúkrunarfólki. Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, segir að stjórnendur spítalans og Grundar hafi átt fund um stöðu málsins. Stjórnendur Grundar hafi sagt að þeir myndu athuga hvað þeir gætu gert.

„Þá er verið að vinna í því hvort Heilsugæslan og spítalinn geti lagt saman krafta sína í þjónustu við fólk í heimahúsi,“ segir Magnús. „Þá hefur verið rætt við kragasjúkrahúsin svonefndu um hvort þau geti létt undir. Jafnframt hefur verið rætt við forsvarsmenn þessara sjúkrahúsa um hvort þau gætu tekið einhverjum af þeim langlegusjúklingum sem eru á Landspítalanum, til lengri dvalar. Það er því óhætt að segja að það sé hreyfing á þessu máli á öllum vígstöðvum,“ segir Magnús og bætir við að álagið á spítalanum breytist frá einum tíma til annars. Það sé eiginleiki þessarar starfsemi. - jss

BÁL Á FLUGVELLI Slökkviliðsflugvél sleppir vatni á logana sem stóðu upp úr Ataturk-flugstöðinni í Istanbúl í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líklegt þykir að skammhlaup hafi valdið bruna í flugstöðinni Ataturk í Tyrklandi:

Eldur í flugstöðinni í Istanbúl

TYRKLAND, AP Mikill eldur braust út í vöruflutningageymslu Ataturk flugstöðvarinnar í Istanbúl í Tyrklandi síðdegis í gær. Allt flug lá niðri um tíma og flúðu þúsundir manna burt úr flugstöðinni, að sögn yfirvalda.

Þó fór betur en á horfðist, því mannbjörg varð og voru eingöngu þrír fluttir á slysadeild með reykeitrun. Hundruð einkennisklæddra flugvallarstarfsmanna sluppu heil á höldnu út úr byggingunni, og stóðu í hnapp skammt frá og fylgdust með björgunarstarfseminni.

Þykkir reykjarbólstrar risu í loft upp yfir flugstöðinni, en yfir henni sveimuðu flugvélar, sem yfirleitt eru notaðar til að slökkva skógarelda, og slepptu vatni á logana.

Verið er að rannsaka upptök eldsins, en líklegt þykir að skammhlaup hafi orðið. Ekki er talið líklegt að um hryðjuverk hafi verið að ræða að sögn tyrkneskra yfirvalda. Skömmu eftir að eldurinn kom upp var flug komið í samt lag á ný, þó með töluverðum seinkunum. - smk

Þjófur stal handjárnum:

Framdi glæp á glæpasýningu

LÖGREGLUMÁL Stækkunargleri og handjárnum var í gær rænt af glæpasýningunni Myrkraverk og misindismenn: Reykjavík í íslenskum glæpasögum, sem stendur yfir í Þjóðarbókhlöðunni.

Á sýningunni sem sett er upp í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík og Eddu útgáfu eru til sýnis ýmsir þeir hlutir sem tengjast hvers kyns glæpastarfsemi hér á landi gegnum tíðina og enn fremur tæki þau og tól er lögreglan notar í baráttu sinni við glæpi. Þjófurinn hefur ekki náðst en er leitað. - sh

Ríður út með hund í bandi



Ólafur Róbert Rafnsson vekur mikla athygli þegar hann fer um á hestbaki með hundinn sinn í bandi.

FÁKAR 26

Baráttan um borgina

Forystumenn flokkanna í borginni svara spurningum Fréttablaðsins um helstu mál kosningabaráttunnar.

KOSNINGAR 64 – 68

Fullir orku á tónleikum

Gaz Coombes, söngvari Supergrass, bíður spenntur eftir tónleikum sveitarinnar á Íslandi 3. júní.

FÓLK 70

Hættur í handbolta?



Sverrir Björnsson segist frekar ætla að leggja skóna á hilluna en spila aftur fyrir Fram eftir að félagið hafnaði tilboði þýska úrvalsdeildarfélagsins Gummersbach í sig. Fram segir tilboð Gummersbach svo lágt að ekki hafi verið ástæða til að gera gagntilboð.

ÍÞRÓTTIR 64

VEÐRIÐ Í DAG



VOR Á NÝ - Í dag verður yfirleitt hæglætisveður, en þó norðvestan strekkingur á annesjum norð-austan til. Stöku él á austanverðu Norðurlandi en bjart í veðri suðvestan og vestan til. Hiti 2-10 stig, svalast á Norðausturlandi.

VEÐUR 4

Stórlækkum fasteignagjöld aldraðra!

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR

www.xf.is
www.f-listinn.is

Það besta fyrir Kópavog

xdkop.is

XD

OPIÐ Í DAG FRÁ 13-18

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

SPURNING DAGSINS

Guðmundur, finnst þér enginn „klasi“ yfir þessu hjá þeim?

„Það sem er klasi í dag er ekki víst að verði klassi á morgun.“

Starfsmenn Fasteignafélagsins Klasa greiddu yfir hundrað atkvæði í netkönnun þar sem þeir mæltu með frístundabyggð við Úlfljótsvatn en þeir sjá um að hanna og byggja byggðina. Guðmundur Guðmundsson rekur vefsíðu um málefni Úlfljótsvatns.

Reglur um förgun upplýsinga sem fást með hlerunum:

Hlerunargögn alltaf brennd

STJÓRNSÝSLA Háttsettur fyrrverandi yfirmaður í lögreglunni í Reykjavík segir að hlerunargögn hafi ávallt verið brennd þegar rannsókn viðkomandi máls sé lokið „til að óviðkomandi komist ekki í þau“. Eyðing slíkra gagna var að hans sögn ákvörðun viðkomandi lögreglustjóra og gerð undir eftirliti lögregluþjóna en heimild til slíkrar förgunar hafi komið frá dómsmálaráðuneytinu.

Ingimundur Einarsson, varalögreglustjóri lögreglunnar í Reykjavík, segir að hlerunargögnum sé ennþá eytt á þennan hátt. „Tæknin er þannig að upplýsingar eru brenndar á disk sem ekki er hægt að nota aftur. þar af leiðandi er slíkum gögnum fargað í Sorpu.“ Ingimundur segir að gögnum sé eytt strax og búið er að nýta þau. Stundum þurfi að leggja gögnin fram í dómi og því líði mislangur tími í einstökum málum frá því að hlerunum er beitt og þangað til förgun fer fram. Ákvæði um eyðileggingu slíkra gagna segir Ingimundur að sé að finna í lögum um meðferð opinberra mála frá 1991. Þar segir í 88. grein að upptökur af símtölum, hljóðupptökum, myndir eða annað, sem aflað er á grundvelli laganna skuli eyðileggja jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf í þágu máls. - shá / sjá síðu 18

INGIMUNDUR EINARSSON Hlerunargögn eru alltaf brennd þegar þau hafa misst notagildi sitt. Förgunin fer fram í Sorpu undir eftirliti lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Framsókn vinnur á í borginni:

Stutt frá því að ná inn manni

SKOÐUNNARKÖNNUN Skipting borgarfulltrúa er óbreytt í raðkönnun Gallup sem fréttastofa útvarps birti í gær. Fylgi Sjálfstæðisflokksins mælist nú liðlega 46 prósent, Samfylkingin fengi rúm 26, Vinstri grænt tæp 15, Frjálslyndir liðlega sjö prósent og Framsóknarflokkurinn fengi um 5,3 prósent en samkvæmt könnunum um síðustu helgi var fylgi flokksins aðeins um 3,9 prósent.

Samkvæmt þessu fengi Sjálfstæðisflokkurinn átta fulltrúa í borgarstjórn, Samfylkingin fjóra, Vinstri grænn tvo, Frjálslyndir einn og Framsóknarflokkurinn er skammt frá því að fella áttunda mann Sjálfstæðisflokksins. - jh

Félag hjúkrunarfræðinga:

Standa við útreikningana

HEILBRIGÐISMÁL Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga harmar viðbrögð stjórnar Landspítala-háskólasjúkrahúss við upplýsingum er félagið hefur látið félagsmönnum sínum í té vegna ráðningar 20 erlendra hjúkrunarfræðinga í júní.

Stendur félagið fast við útreikninga sína sem sýna mikinn mun á kjörum þeirra erlendu hjúkrunarfræðinga sem hingað eru ráðnir tímabundið og fastráðinna hjúkrunarfræðinga hjá spítalanum. Skorað er á yfirstjórn að auglýsa hérlendis eftir hjúkrunarfólki á sömu kjörum og boðin eru erlendu starfsmönnunum. - aöe

Slys í Biskupstungum:

Veggur hrundi á tvo menn

LÖGREGLUMÁL Tveir slösuðust, þar af annar illa, þegar veggur í nýbyggingu í Úthlíð í Biskupstungum hrundi á þá þar sem þeir voru við vinnu sína.

Brotnaði annar þeirra illa á mjaðmagrind og læri og var fluttur á slysadeild í Reykjavík með þyrlu. Hinn slapp betur en brotnaði einnig á fæti og fluttur á sjúkrahúsið á Selfossi. - aöe

Vegagerð á Jökuldal:

Þjóðvegurinn styttist lítillega

SAMGÖNGUR Vegagerðin hefur lagt fram kynningarskýrslu vegna breytinga á þjóðveginum á Jökuldal en samkvæmt henni er mögulegt að stytta þjóðveginn um 1,5 km verði núverandi vegarstæði breytt.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist strax í sumar en eftir á að ákveða milli tveggja kosta sem báðir þykja betri en núverandi vegur. - aöe

Urðu dauðhrædd og óttuðust að drukkna

Þrír skólakrakkar frá Seljalandsskóla rennblotnuðu og eitt barnanna skar sig á glerbroti þegar brotsjór skall á farþegabátnum Víkingi við Vestmannaeyjar í gær. Skólastjórinn seinkaði heimför og óskaði eftir áfallahjálp í Eyjum.

BROTSJÓR Farþegabáturinn Víkingur, sem gerður er út frá Vestmannaeyjum, fékk á sig brotsjó skömmu fyrir hádegi í gær. Tvær rúður brotnuðu og kom sjór í bátinn. Skólakrakkar úr Seljalandsskóla í Vestur-Landeyjum voru með kennurum sínum í skipinu. Þrír þeirra sátu á bekk fram í og gegnblotnuðu þegar sjórinn skall á þeim.

Sextán farþegar voru um borð í skipinu þegar slysið varð, erlent par og fjórtán manna hópur, ellefu skólabörn á aldrinum átta til tólf ára og þrír kennarar þeirra á vorferðalagi í Vestmannaeyjum. Tilkynning barst Landhelgisgæslunni rétt fyrir hádegi og var lóðsinn strax sendur af stað frá Vestmannaeyjum. Hann kom fyrstur á staðinn og tók farþegana um borð en varðskip var ekki langt undan.

Lóðsinn kom með farþegana að landi í Vestmannaeyjum um hádegið. Þorbjörg Guðlaugsdóttir er 12 ára nemandi í Seljalandsskóla. Hún var ein þeirra þriggja sem sátu fram í þegar brotsjórinn skall yfir. Hún segir að þeim hafi brugðið mikið.

„Við stukkum úr sætinu og fórum aftur í og settum á okkur björgunarvesti. Við vorum hrædd um að drukkna svo að við reyndum að slaka á og hugsa um eitthvað gott, til dæmis einhvern skemmtilegan dag,“ segir hún.

Þorbjörg segir að eitt þeirra hafi fengið glerbrot í sig og það hafi blætt smávegis. Krakkarnir hafi verið dauðhræddir eftir að brotsjórinn reið yfir og nokkrir hafi farið að gráta. Gunnhildur Á. Jóhannsdóttir, skólastjóri Seljalandsskóla, var með í för. Hún var uppi á dekki og fékk á sig gusuna. Hún segir að enginn hafi kastast til en hópnum hafi verið brugðið.

Hópurinn átti að fara í flug til Bakka klukkan tvö síðdegis í gær en Gunnhildur átti von á að brottför yrði seinkað. Hún segir að krakkarnir hafi verið rólegir en áfallið gæti komið seinna. Hún kveðst hafa óskað eftir áfallahjálp til að klára þetta mál.

Búist var við að hópurinn héldi heimleiðis með flugi seinni partinn í gær.

ghs@frettabladid.is

FARÞEGABÁTURINN VÍKINGUR Ellefu börn og þrír kennarar voru á Víkingi þegar báturinn fékk brotsjó yfir sig skammt vestan við Vestmannaeyjar í gærmorgun. Tvær rúður brotnuðu og sjór kom í bátinn. FRÉTTABLAÐIÐ/G.S.EYJUM

Á VORFERÐALAGI Í VESTMANNAEYJUM Gunnhildur Á. Jóhannsdóttir skólastjóri og Þorbjörg Guðlaugsdóttir, 12 ára nemandi, báru sig vel eftir atvikið. FRÉTTABLAÐIÐ/G.S.EYJUM

ALEKSANDER KARADJORDJEVIC Fjölskylda hans réð ríkjum í Serbíu fram að seinni heimsstyrjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Krónprinsinn af Serbíu:

Vill gera Serbíu að konungsríki

BELGRAD, AP Aleksander Karadjordjevic, sem er krónprins af Serbíu, vill að Serbía verði gerð að konungsríki á ný þegar Svartfjallaland verður sjálfstætt ríki. Svartfellingar samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu um síðustu helgi að segja sig úr ríkjasambandi við Serbíu.

„Við skulum ekki eyða meiri tíma, Serbía verður að stefna fram á veginn,“ sagði hann.

Hann sagðist sannfærður um að endurreisn konungdæmisins í Serbíu myndi styrkja tengslin við önnur Evrópuríki. - gb

Dönsku krónprinshjónin:

Tóku á móti forn-sporvagni

DANMÖRK, AP Hjónin Friðrik krónprins og María Elísabet, krónprisessa Danmerkur, tóku á þriðjudag á móti forn-sporvagni sem Viktoríuríki í Ástralíu gaf Dönum í tilefni af fæðingu frumburðar þeirra, Kristjáns prins.

Hjónin reynsluóku hinum rúmlega hálfrar aldar gamla sporvagni við hátíðlega athöfn í danska sporvagnasafninu í Skjoldenæsholm á Sjálandi. Meðal annarra gjafa sem Ástralar, landar krónprinsessunnar, gáfu Dönum í tilefni af fæðingu prinsins eru fjórir tasmaníuskollar, sem nú gleðja gesti dýragarðsins í Kaupmannahöfn. - aa

Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Fulltrúar sex ríkja leita lausnar á Íransdeilunni:

Þokast í átt að málamiðlun

LONDON, AP Fulltrúar fastaveldanna fimm í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sátu á fundum í gær ásamt fulltrúa Þýskalands til að reyna að finna lausn á Íransdeilunni.

„Við höfum náð nokkuð góðum árangri,“ sagði John Sawer, fulltrúi breska utanríkisráðuneytisins, í London í gær. „Við höfum átt uppbyggilegar og mikilvægar viðræður.“

Sawer viðurkenndi að engin endanleg niðurstaða hefði fengist, en Rússar og Kínverjar hafa verið andvígir tillögum Bandaríkjamanna, Breta og Frakka um að Öryggisráðið samþykki ályktun, þar sem Írönum verði hótað refsiaðgerðum sem fylgja má eftir með hervaldi láti þeir ekki af áformum sínum í kjarnorkumálum.

Fundirnir í London miða að því að finna málamiðlun um orðalag ályktunarinnar, sem gengi nógu langt til þess að fullnægja kröfum Bandaríkjanna en væri jafnframt þóknanleg Rússum.

Auk refsiaðgerða, sem beitt yrði fari Íranar ekki að kröfum Öryggisráðsins, hafa ríkin sex reynt að komast að niðurstöðu um það hvernig mætti umbuna Írönum fari þeir að kröfunum. - gb

MÓTMÆLI Í LONDON Andstæðingar Íransstjórnar í Bretlandi setja á svið opinbera aftöku á mótmælafundi, sem efnt var til fyrir utan breska utanríkisráðuneytið í London í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sólboði 399



Margaríta 399

399 kr dagur

Begónía
Krýsi
Lísa

Blómstrandi stofublóm 399

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 24.05 2006

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	72,39	72,73
Sterlingspund	136,43	137,09
Evra	93,13	93,65
Dönsk króna	12,494	12,568
Norsk króna	11,908	11,978
Sænsk króna	9,994	10,052
Japanskt jen	0,648	0,6518
SDR	108,13	108,77

Gengisvísitala krónunnar
128,7262

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bin Laden lætur í sér heyra um árásirnar á Bandaríkin:

Moussaoui kom hvergi nærri

EGYPTALAND, AP Al-Kaída leiðtoginn Osama bin Laden er sagður hafa sent frá sér hljóðupptöku þar sem hann fullyrðir að hvorki Zacarias Moussaoui né nokkur þeirra fanga sem sitja í Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu hafi komið nálægt hryðjuverkaárásunum á Bandaríkin í september 2001.

Upptakan var birt á vefsíðu seint á þriðjudagskvöld, og rannsakanú bandarískir sérfræðingar hana í þeim tilgangi að staðfesta hvort um rödd bin Ladens sé að ræða eður ei. Reynist þetta vera bin Laden er þetta í þriðja sinn sem hann sendir frá sér skilaboð á þessu ári, en áður heyrðist afar sjaldan í foringjanum.

Bandarískir sérfræðingar telja að bin Laden sé að reyna að styrkja stöðu sína sem leiðtogi al-Kaída hryðjuverkanetsins og vekja meiri athygli, því leiðtogi al-Kaída í Írak, Abu Musab al-Zarqawi, hefur undanfarið notið mikillar hylli stuðningsmanna heilags stríðs.

Moussaoui var nýverið dæmdur í ævilangt fangelsi í Bandaríkjunum fyrir aðild að árásunum árið 2001. Hann játaði sök, en sat í bandarísku fangelsi þegar árásirnar voru gerðar.

- smk

OSAMA BIN LADEN Sendi frá sér hljóðupptöku á þriðjudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar:

Vatnssamningur samþykktur

BÆJARMÁL Samningur um sölu vatns til Garðabæjar var samþykktur í bæjarstjórn Kópavogs á þriðjudag. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar, sem situr í minnihluta, greiddu atkvæði gegn samningnum.

Samningurinn kveður á um að bærinn skuldbindur sig til að selja Garðabæ vatn næstu 40 árin. Fyrstu tíu árin greiða Garðbæingar 3,44 krónur fyrir hvert tonn, næstu tíu árin hækkar það upp í 6,08 krónur og 20 árin þar á eftir verður tonnið á 8,1 krónur.

Samningurinn er óuppsegjanlegur af hálfu Kópavogsbæjar.

- sdg

Bílslys í Mývatnssveit:

Velti jeppa en slapp ómeiddur

LÖGREGLA Ökumaður slapp ómeiddur þegar bíll valt um einum kílómetra austan við Námaskarð í Mývatnssveit um þrjúleytið í gær. Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, missti stjórn á jeppabifreið sinni í krapa sem varð til þess að bíllinn snerist á veginum og valt.

Lögreglan á Húsavík kom á staðinn um 40 mínútum síðar. Bíllinn var fluttur í burtu af dráttarbíl og er mjög mikið skemmdur og jafnvel ónýtur.

- sh

EINN EFTIR Eini eftirlifandi meðlimur sjö manna fjölskyldu sem farist hefur úr fuglaflensu í Indónesíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglaflensa í Indónesíu:

Sex úr sömu fjölskyldu dóu

INDÓNESÍA, AP Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, lætur nú rannsaka dauða sex meðlima sömu fjölskyldunnar í Indónesíu úr fuglaflensu. Sjöundi meðlimur fjölskyldunnar liggur þungt haldinn á sjúkrahúsi.

Óttuðust vísindamenn að veiruafbrigðið H5N1 hefði stökkbreyst og smitast manna í millum meðal fjölskyldumeðlimanna, en fyrstu rannsóknir benda ekki til þess. Slík stökkbreyting gæti orðið til þess að veiran ylli heimsfaraldri.

Samkvæmt tölum WHO hafa alls 124 manns farist úr flensunni síðan árið 2003.

- smk

FRÁ KNATTSPYRNUMÓTI YNGRI FLOKKA Fjölnir fær hæsta styrkinn frá ÍBR vegna þess hversu dýrir tímarnir eru í Egilshöll. FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍTR: FRAMKVÆMDASTYRKIR Á VERÐLAGI Í MAÍ 2006 Í MILLJÓNUM KRÓNA:

FÉLAG	2006	2007	2008	2009
Fjölnir	10	50	150	150
Fram	10	41	45	25
Fylkir	10	60	183	150
ÍR	10	105	300	400
KR	14,2	30	32	0
Valur	250	230	0	0
Víkingur	21	21	34	0

ÍBR: STYRKIR TIL HVERFAFÉLAGANNA FYRIR ÁRIÐ 2005 Í MILLJÓNUM KRÓNA:

Ármann/Þróttur	60,3
Fjölnir	117,8
Fram	34,5
Fylkir	36,2
ÍR	53,3
KR	55,7
Valur	51,3
Víkingur	43,8

Fjölnir fær tvöfalt hærri styrk frá ÍBR en aðrir

Reykjavíkurborg greiðir allan kostnað vegna framkvæmda á æfinga- og keppnisaðstöðu íþróttafélaganna. ÍR fær hæsta styrkinn til framkvæmda frá ÍTR í áætlun til næstu þriggja ára.

ÍÞRÓTTIR Íþróttafélögin í Reykjavík fá háar greiðslur frá borginni til að reka starf sitt en umræðan undanfarið hefur beinst að því hversu mikið hvert félag fær. Styrkir til íþróttafélaga koma bæði frá Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur og Íþróttabandalagi Reykjavíkur. ÍTR veitir framkvæmdastyrki en ÍBR veitir húsaleigu- og æfingastyrki til félaganna. Borgin fjármagnar starf þeirra að öllu leyti en ÍBR útdeilir einnig tekjum sem koma frá Íslenskri Getspá.

Styrkirnir fara meðal annars eftir stærð félaganna og hvort félögin séu í húsnæði borgarinnar eða eigin húsnæði. Meðfylgjandi tafla sýnir framkvæmdastyrki ÍTR til næstu ára en hún sýnir að ÍR, Valur og Fylkir fá hæstu styrkina. KR fær til að mynda styrk frá ÍTR til að byggja æfingaaðstöðu og svo styrk til að reka húsið frá ÍBR. ÍR á hins vegar ekki eigið húsnæði en notar ýmis hús á vegum borgarinnar. Að sögn Ómars Einarssonar sviðsstjóra hjá ÍTR „rekur Reykjavíkurborg húsið og ber ábyrgð á starfsmannahaldi og viðhaldi en kostnaðurinn við afnot félagsins af þessum húsum er reiknaður sem styrkur til ÍR en ÍR fær ekki þessa peninga“.

Íþróttafélögin eru hætt að byggja sín eigin hús og gerir borgin það nú og íþróttafélögin leigja síðan húsið með styrk frá borginni. Fyrir nokkrum árum borguðu íþróttafélögin hins vegar sjálf um 20 prósent á móti borginni. Reykjavíkurborg borgar einnig alla húsaleigu fyrir félögin.

ÍBR eru heildarsamtök íþróttafélaganna í Reykjavík og fá styrki frá Reykjavíkurborg sem þau úthluta til félaganna.

Hjá ÍBR fær Fjölnir hæsta styrkinn en það kemur til vegna þess að þeir hafa aðsetur í Egilshöll þar sem hver tími er mjög dýr. Í raun er um að ræða millifærslu frá borginni þar sem borgin greiðir leigu til húseigandans en það reiknast sem styrkur að sögn Þórðar Bergmann hjá ÍBR.

gudrun@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HORFIR VEL Á KJÖRDAG

Veðurhorfur fyrir kjördag eru orðnar nokkuð skýrar. Búast má við hæglætisveðri af austri. Það verður lægð undan suðurströndinni en staða hennar skiptir nokkru máli upp á það hvar búast megi við vætu. En aðalatriðið í veðrinu er auðvitað það að nú dregur úr þessu norðan áhlaupi og ég ætla rétt að vona að nú fái menn og málleysingjar frið með væntingar þær sem ávallt fylgja vorkomunni.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI

Hæg norðlæg átt. Bjart í veðri. Hiti 7-9 stig.

um hádegi »



» á morgun



um hádegi »

Kaupmannahöfn	12°C skúrir	London	16°C léttskýjað	Alicante	24°C alskýjað
Billund	113°C skúrir	París	14°C rigning	Mallorca	20°C alskýjað
Osló	15°C skúrir	Frankfurt	14°C rigning	Algarve	25°C hálfskýjað
Stokkhólmur	15°C skúrir	Friedrichshafen	18°C hálfskýjað	Krít	28°C heiðskírt
Gautaborg	9°C rigning	Berlín	14°C skúrir	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

TÍMI TIL AÐ LEYSA MÁLIN

Reykjavíkurborg á að líta á það sem eitt sinna verðugustu verkefna að tryggja að þeir sem eldri eru geti notið alls hins besta og haft raunverulegt val um eigin búsetu, aðstöðu og umhverfi.

AUKIÐ VAL FYRIR ELDRI BORGARA

Við ætlum að tryggja aukið val og fjölbreytni í húsnæði fyrir eldri borgara við skipulag nýrra hverfa. Við ætlum að gera eldri borgurum kleift að búa á eigin heimili svo lengi sem þeir kjósa og efla og samræma heimaþjónustu og heimahjúkrun.

STÓRÁTAK Í BYGGINGU HJÚKRUNARHEIMILA, ÞJÓNUSTUÍBÚÐA OG LEIGUÍBÚÐA

Við ætlum að ráðast í stórátak í byggingu hjúkrunarheimila í samvinnu við ríkið og beita okkur fyrir öflugri uppbyggingu þjónustu- og leiguíbúða fyrir eldri borgara.

25% LÆKKUN FASTEIGNAGJALDA

Fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði verða lækkuð um 25%. Fyrst um 10% 1. janúar 2007 og síðan um 5% árlega. Tekjuviðmið vegna afsláttar af fasteignasköttum fyrir eldri borgara og öryrkja verða hækkuð.

www.betriborg.is

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

KJÖRKASSINN

Viltu opinbera rannsókn vegna upplýsinga um símhleranir?

Já	66,5%
Nei	33,5%

SPURNING Í DAG

Viltu að íbúðalánasjóði verði breytt í heildsölubanka?

Segðu þína skoðun á visi.is

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ávarpaði forkólfa í finnsku viðskiptalífi:

Smáríki sem tilraunastofur

FORSETAHEIMSÓKN „Því meira sem menn vita um Ísland og því lengur sem sérfræðingar hafa fylgst með Íslendingum, því jákvæðari, upplýstari og bjartsýnni hafa niðurstöður þeirra orðið," sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, þegar hann ávarpaði liðlega 100 stjórnendur helstu fyrirtækja í finnsku atvinnulífi í Helsinki í gær.

Forsetinn flutti jafnframt erindi á um 400 manna viðskiptaráðstefnu sem KB banki efndi til í höfuðborg Finnlands í gær, en hana sóttu forystumenn úr finnsku fjármála- og atvinnulífi.

Ólafur Ragnar færði rök fyrir því að smáríki gætu horft fram á velsældartíma í opnu viðskiptaumhverfi. „Mjög arðbært getur verið að afla sér fótfestu innan smáríkja fyrir nýsköpun í viðskiptalífinu. Þar er auðveldara að fylgjast með því hvernig mismunandi grunnþættir tengjast, hvernig viðskiptum manna er hagað og hvernig þeir afla sér reynslu og upplýsinga. Smáríkin eru sem tilrauna- eða rannsóknastofa á þeim sviðum sem ríkjandi eru í efnahagsþróun tuttugustu og fyrstu aldarinnar."

Forseti Íslands flytur ræðu á ráðstefnu Útflutningsráðs sem haldin er í London í dag. - jh

TARJA HALONEN OG ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON Forsetinn hitti Halonen, forseta Finnlands, í heimsókn sinni í Helsinki í fyrradag.

Flóttamenn á Kanaríeyjum:

Spánverjar fá hjálp frá ESB

BRUSSEL, AP Evrópusambandið mun sjá Spánverjum fyrir flugvélum, varðbátum og sérþjálfuðum viðbragðsteymum frá öðrum aðildarríkjum sambandsins til að aðstoða við að fást við vaxandi straum ólöglegra innflytjenda frá Afríku til Kanaríeyja. Frá þessu greindi Franco Frattini, sem fer með dóms- og innanríkismál í framkvæmdastjórn ESB.

Teresa Fernandez de la Vega, varaforsætisráðherra Spánar, sagði að spænska ríkisstjórnin og héraðsyfirvöld á Kanaríeyjum réðu ekki lengur við ástandið og þyrftu á bráðaaðstoð að halda. - aa

Grísk og tyrknesk herþota:

Árekstur varð í háloftunum

AÞENA, AP Grísk herþota og önnur frá Tyrklandi rákust á í háloftunum yfir Eyjahafi á þriðjudag. Tyrkir og Grikkir deila um það hvor þjóðin eigi lofthelgina á þessu svæði.

Flugmanni tyrknesku þotunnar var bjargað um borð í vöruflutningaskip, en hann skaut sér út úr þotunni áður en áreksturinn varð. Misvísandi fréttir bárust af örlögum gríska flugmannsins.

Utanríkisráðherrar beggja ríkjanna sögðu atvikið ekki verða til þess að auka á stirðleika milli þeirra. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók út af og brotnaði Ökumaður handleggsbrotnaði í fyrrakvöld þegar bifreið hans fór út af veginum í Vatnsdal. Tveir farþegar meiddust lítillega.

Vörubíll valt í vindi Vörubíll með tengivagn fauk á hliðina á Kjalarnesi um áttaleytið á þriðjudagskvöld. Ökumaðurinn var fluttur á slysadeild en meiðsl hans voru ekki alvarleg. Bíllinn vó um 40 tonn, en verið var að flytja steinull og mjólkurvörur.

ÍTALÍA

Prodi fær stuðning þingsins Neðri deild ítalska þingsins samþykkti á þriðjudag stuðning við ríkisstjórn Romanos Prodi. Áður hafði Prodi tryggt sér stuðning efri deildarinnar, þannig að nú er ríkisstjórninni ekkert að vanbúnaði að taka til starfa.

BROTTFÖR FRÁ KEFLAVÍK Halldór Ásgrímsson telur að herþotur geti haft hér tímabundna viðdvöl til að sinna loftvörnum.

Ótímabært að segja upp varnarsamningi

Davíð Oddsson hótaði bréflega uppsögn varnarsamningsins færu herþoturnar. Halldór Ásgrímsson segir enga breytingu hafa orðið á varnarstefnu stjórnvalda.

VARNARSAMNINGUR „Það er ekki tímabært á þessu stigi, fyrr en við vitum hver niðurstaðan verður, að segja upp varnarsamningnum. Það er síðara tíma mál að taka þá ákvörðun. Við þurfum að ræða það meðal annars við Atlantshafsbandalagið," segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær hótaði Davíð Oddsson þáverandi forsætisráðherra, í bréfi til George Bush Bandaríkjaforseta í júní 2003, að segja upp varnarsamningnum tækju Bandaríkjamenn einhliða ákvörðun um brottflutning orrustuþotnanna á Keflavíkurflugvelli. Kemur þetta fram í nýrri grein Vals Ingimundarsonar prófessors í sagnfræði í tímaritinu Skírni.

Bandarísk stjórnvöld tilkynntu einhliða í mars á þessu ári að orrustuþotur og herþyrlur yrðu farnar frá Íslandi fyrir lok september næstkomandi.



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON

Halldór segir að bréf Davíðs Oddssonar hafi verið ritað í fullu samráði við hann. Engin stefnubreyting hafi orðið á stefnu íslenskra stjórnvalda í varnarmálum. Alltaf hafi verið lögð áhersla á nauðsyn loftvarna í kringum landið. Ekkert sé útilokað í því sambandi og viðræður standi yfir. Hann muni hitta framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins í næsta mánuði meðal annars til að fara yfir þetta mál.

Valur segir í grein sinni að Davíð Oddsson hafi fengið tryggingu fyrir því á fundi með Bush sumarið 2004 að ekki yrði gripið til einhliða ákvarðana af hálfu Bandaríkjamanna varðandi framtíð varnarliðsins. Beðið hafi verið með endanlega ákvörðun að kalla þoturnar á brott þangað til Davíð hvarf úr stjórnmálum. „Bandaríkjamenn töldu sig ekki eiga Geir Haarde eða Halldóri Ásgrímssyni skuld að gjalda," segir Valur.

„Ég veit ekki um neinar slíkar tryggingar og hef ekki séð neitt um það," segir Halldór. Afar ólíklegt sé að beðið hafi verið með þessa endanlegu ákvörðun þangað til Davíð hætti í stjórnmálum. ¿Ef Bandaríkjamenn vinna með þeim hætti væri það mikill álitshnekkir fyrir þá - ekki eingöngu gagnvart Íslendingum heldur á alþjóðlegum vettvangi." bjorgvin@frettabladid.is

HEKK-KLIPPUR
sniðnar að þínum þörfum.
STIHL®

Gott verð á gæðavörum.
GARÐHEIMAR
ALLT Í GARÐINN
60 ÁRA REYNSLA
Stekkjarbakka 6 • Mjódd • Sími: 540 33 00 • Veffang: www.gardheimar.is
HUGTÖK

Grænn framtíð!

Við Vinstri-grænn viljum að Reykjavík verði til fyrirmyndar á sviði umhverfismála. Við viljum flétta umhverfissjónarmið inn í allar ákvarðanir. Stunda nútímaleg vinnubrögð við sorpflokkun og gera það eftirsóknarvert að ferðast með strætó og nota hjólið.

Forgangsröðum í þágu náttúru og umhverfis

Kjósum Vinstri-grænn

Svandís Svavarsdóttir
1. sæti í Reykjavík

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

Fulltrúar minnihlutans í Mosfellsbæ mættu ekki á hefðbundinn kosningafund:

Heitt í kolunum í Mosfellsbæ

MOSFELLSBÆR Fulltrúar minnihlutaflokkanna í Mosfellsbæ mættu ekki á hefðbundinn sameiginlegan kosningafund í gærkvöldi. „Sjálfstæðismenn vildu ráða fyrirkomulagi fundarins. Þeir kröfðust þess að D-listafulltrúar fengju að svara helmingi spurninga en fulltrúar hinna framboðslistanna þriggja afganginum. Jafnframt ætluðu þeir að gera formann Sjálfstæðisflokksfélags Mosfellsbæjar að fundarstjóra. Við þetta sættum við okkur ekki," segir Gerður Pálsdóttir á lista Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ.

RAGNHEIÐUR RÍKARÐSDÓTTIR

„Við gerðum kröfu um að bæjarbúar fengju að spyrja frambjóðendur á fundinum en minnihlutaflokkarnir sættu sig ekki við svo lýðræðislegt fyrirkomulag. Þess í stað sendu þeir bæjarbúum bréf og sökuðu okkur um gerræði og óbilgirni," segir Elín Reynisdóttir hjá D-listanum í Mosfellsbæ.

Samfylkingarmenn saka Ragnheiði Ríkharðsdóttur bæjarstjóra um ámælisverða misnotkun á almannavaldi með því að senda íbúum í Mosfellsbæ ávísun vegna afsláttar á fasteignagjöldum, en hún er undirrituð af bæjarstjóra.

Elín segir endurgreiðslu hluta fasteignagjalda bera vott um góðan fjárhag bæjarins og Ragnheiður hafi leyfi til þess að undirrita ávísanirnar sem prókúruhafi. - jh

ÁVÍSUN FRÁ BÆJARSTJÓRA Eigendur fasteigna í Mosfellsbæ fengu ávísun í pósti 11. maí síðastliðinn vegna afsláttar á fasteignagjöldum. Ávísunin var undirrituð af bæjarstjóra. Fulltrúar Samfylkingarinnar segja þetta grófa misnotkun á almannavaldi.

Kaupaukinn þinn frá CLINIQUE er í Hagkaupum!

Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá CLINIQUE er þessi gjöf til þín.*

- Rinse-Off Foaming Cleanser 30 ml
- 7 Day Scrub Cream Rinse-off 30 ml
- Superdefense rakakrem 15 ml
- Clinique Eye Colour Combo
- Cream Shaper For Eyes
- Lash Doubling Mascara
- Long Last Lipstick

*Gildir á meðan birgðir endast.

CLINIQUE

GÓÐ GJÖF

Gildir til 31. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Conference on Retailing

The Rise of Retail

International conference will be held in Oddi room 101, Friday 26th of May from 9.00 – 12.15.

Program

9.00 - 9.10 Opening by Dr. Vilhjalmur Egilsson, Managing Director of SA - Confederation of Icelandic Employers

9.10 – 9.40 Dr. Neil Wrigley, Professor, Dept. of Geography, University of Southampton. *The Rise of Transnational Retail.*

9.45 – 10.15 Dr. Ágúst Einarsson, Professor, Faculty of Economics and Business Administration, University of Iceland. *Scandinavian Retail.*

10.20 – 10.35 Coffee break

10.35 – 11.05 Dr. Mark Harvey, Centre for Research in Innovation and Competition, University of Manchester. *Power and Trust: Providing food to consumers and the role of supermarkets in Europe.*

11.10 – 11.40 Dr. Örn D. Jónsson, Faculty of Economics and Business Administration, University of Iceland. *Retail and everyday life – big boxes and the gentrification of consumption – lessons from the USA.*

11.40 – 12.15 General discussion

Further information on www.vidskipti.hi.is

Faculty of Economics and Business Administation
University of Iceland

Áhrif uppsagnar á samningi hjartalækna við TR á störf heimilislækna:

Um sex ársverk í tilvísanir

HEILBRIGÐISMÁL Áætlað er að allt að sex ársverk lækna í heilsugæslunni fari einungis í að gefa tilvísanir til hjartalækna, eftir að uppsögn samnings þeirra við Tryggingastofnun tók gildi um þarsíðustu mánaðamót. Þetta segir Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands.

„Það er erfitt að sjá hve margar tilvísanir eru nauðsynlegar til þess að mæta þessu, því þær hafa gildi í fjóra mánuði. Hver tilvísun er fyrir fleiri en eitt skipti í sumum tilvikum og í öðrum kýs fólk að fara beint til hjartalæknisins," segir Sigurbjörn. Hann bætir við að gera megi ráð fyrir 260 viðtölum af þessum toga á hvern lækni á mánuði. Hver

SIGURBJÖRN SVEINSSON Segir Læknafélag Íslands hafa rætt tilvísanamálið.

læknir vinni um það bil 10 mánuði á ári. Starfandi heimilislæknar séu 180 talsins. Áætla megi að um sé að ræða allt að fimm prósenta álagsaukningu á starfandi heimilislækna vegna þessa.

Sigurbjörn kveðst alls ekki hafa „heyrt menn stynja undan vinnuálaginu" en frekar sé borið því við að þetta fyrirkomulag hafi spillt samskiptum sjúklinga og heimilislækna.

„Þetta er þvinguð framkvæmd þar sem sjúklingarnir hafa ef til vill ekkert djúpan skilning á því að lenda allt í einu í þessu amstri," segir Sigurbjörn. „Við viljum ekki fá þvingað fólk til okkar. Það vill enginn læknir. Enn á ný verða heimilislæknarnir á milli í deilu sérgreinalækna og stjórnvalda." - jss

Fjölskylduhjálp Íslands:

Afhenda þakkabréf

SAMFÉLAGSMÁL Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur afhent þakkarbréf til þeirra fjölmörgu sem hafa styrkt starf Fjölskylduhjálpar síðasta árið. Einnig tók nýr verndari við en það er Bryndís Schram.

Yfir fimmtíu eintaklingar og fyrirtæki hafa aðstoðað Fjölskylduhjálp sem úthlutar matvælum og öðrum nauðsynjum til þeirra sem minnst mega sín. Hátt í 16.000 manns leituðu til Fjölskylduhjálpar í fyrra. Fjölskylduhjálp hefur fengið aukið húsrými þar sem meðal annars er gert ráð fyrir setustofu fyrir þá sem leita sér aðstoðar. - gþg

SJÓSÓKN

Fáir á sjó Árni Sigurbjörnsson, vaktmaður hjá vaktstöð siglinga, segir fáa hafa verið á sjó síðustu þrjá daga, og fæstir í gær: „132 skip og bátar voru á sjó um hádegi. Flest voru 684 skip yfir sólarhringinn á sjó þann 9. maí." Brælan hafi haldið mönnum heima.

HÚSLEIT Lögreglumenn og starfsmaður tæknideildar lögreglunnar fyrir utan eitt hinna átján húsa sem leitað var í. Breska lögreglan handtók í gær níu manns í tengslum við meint hryðjuverk utan Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Níu manns handteknir

Breska lögreglan handtók níu manns í gær vegna gruns um aðild að hryðjuverkum. Um 500 lögreglumenn tóku í gær þátt í víðtækri leit vegna málsins.

BRETLAND, AP Níu manns sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkum voru handteknir í víðtæku skyndiáhlaupi bresku lögreglunnar í gær. Tveimur þeirra var sleppt eftir yfirheyrslur, en sjö sitja enn í haldi.

Hryðjuverkin sem mennirnir eru grunaðir um að hafa átt þátt í voru öll framin, eða áttu að verða framin, utan Bretlands, að sögn talsmanna lögreglunnar í Manchester, sem þó vildu ekki gefa upp hvaða land var um að ræða.

Samkvæmt fréttum breska ríkisútvarpsins hófst áhlaup um 500 lögreglumanna klukkan þrjú aðfaranótt miðvikudagsins og var húsleit gerð í átján húsum víðs vegar um England.

Talsmaður lögreglunnar gaf engar frekari upplýsingar um hina handteknu aðrar en þær að þeir væru grunaðir um að hafa stutt við hryðjuverk erlendis.

„Hér er, í dag, ekki um beina ógn við Bretland að ræða," sagði Michael Todd, yfirlögregluþjónn í Manchester. „Hér er um stuðning við hryðjuverk erlendis að ræða. Það gæti þýtt fjármögnun, að veita hryðjuverkamönnum stuðning og hvatningu."

Todd sagði lögreglu hafa safnað upplýsingum um málið „í að minnsta kosti ár, við höfum fylgst með fjárstuðningi við hryðjuverk erlendis".

Hann varðist fregna bresku fréttastofunnar Press Association um að hinir handteknu væru taldir tengjast hryðjuverkum í Írak, en sagði tvo fangana hafa verið tekna höndum undir lögum um hryðjuverkavarnir.

Talsmenn breska innanríkisráðuneytisins staðfestu að minnst fimm hinna handteknu væru ekki breskir ríkisborgarar og að þeir væru í haldi samkvæmt innflytjendalögum Bretlands, sem heimila yfirvöldum að vísa fólki úr landi, ef talið er að vera þess í Bretlandi geti ógnað öryggi landsmanna.

Lögreglumenn í Manchester, Birmingham og nágrenni, London, Liverpool og Middlesbrough tóku þátt í leitinni. smk@frettabladid.is

Lokaútkall í næstu viku



Verð á mann

34.900 kr. í viku*

49.900 kr. í 2 vikur

*Netverð á mann á ofangreinda áfanga- og gististaði. Verð er óháð fjölda í íbúð, en lágmarksfjöldi í íbúð er 2.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis bætist við 2.000 kr. bókunar- og þjónustugjald á mann.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 32878 05/2006

VISA

Færð þú MasterCard ferðaávísun?

Bókaðu strax á www.urvalutsyn.is

www.urvalutsyn.is

VORAFSLÁTTUR

ÖLL GARÐHÚSGÖGN 20 % AFSLÁTTUR

Úrval blóma og gjafa fyrir útskriftirnar!

TILBOÐ

20 Stjúpur blandaðir litir **990 kr.**

TILBOÐ

BLÓMAKER **1.280 kr.**

TILBOÐ

Turbokalk **990kr** Blákorn 5kg **445kr**

LOKSINS Á ÍSLANDI: SKRAUTSTEINAR Í GARÐINN!

KYNNINGARTILBOÐ

12 mismunandi gerðir

YFIR BEÐIN
KERIN
GANGSTÍGA
TJARNIR
Á LEIÐI
OG MARGT FLEIRA

u.þ.b. 25 kg
frá **895 kr.** sekkurinn

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Nú er rétti tíminn til að strá Casoron til að halda illgresi í skefjum. Stráð á hreinan jarðveg; 1 kg dugar á ca. 100 m².

GARÐHEIMAR

allt í garðinn á einum stað!

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Ertu að fara að slá?
Varaðu þig að slá ekki of snöggt -svo mosinn kæfi ekki ekki grasið.

Stekkjarbakka 6 - skiptiborð 540 3300 - www.gardheimar.is

NÝTT LÍF Noni fæddist í dýragarði í Indónesíu um síðustu helgi. Hún sést hér í fylgd móður sinar, Intan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir grunaðir barnaníðingar á Grænlandi:

Yfir 50 börn talin fórnarlömb

GRÆNLAND Lögreglan í Nuuk á Grænlandi rannsakar mál tveggja manna sem grunaðir eru um kynferðisofbeldi gegn samtals yfir fimmtíu börnum.

Mennirnir tveir voru handteknir, en síðan hefur annar þeirra framið sjálfsvíg í fangaklefa sínum, að því er kemur fram í fréttum danska blaðsins BT.

Grunur um fyrra málið vaknaði í mars þegar starfsmenn bókasafns Nuuk heyrðu börn tala saman. Þegar farið var að rannsaka það mál vaknaði grunur um hið síðara í apríl.

Börnin eru frá sex ára og upp úr, en svo virðist sem annar maðurinn hafi fremur ráðist gegn stúlkum en hinn gegn drengjum. Yfirmaður félagsmálastofnunar í Nuuk, Vibeke Møller Jensen, segir að á milli fjörutíu og fimmtíu fjölskyldur tengist þessu máli á einn eða annan hátt.

Møller Jensen telur líklegt að rannsóknin muni leiða í ljós að um mun fleiri börn sé að ræða.

„Við frekari yfirheyrslur, og þegar athygli manna beinist frekar að þessum málum, munu meiri upplýsingar koma fram í dagsljósið,“ segir Møller Jensen. - smk

FRÁ NUUK Íbúar í Nuuk á Grænlandi eru harmi slegnir yfir fregnum af tveimur barnaníðingum þar í bæ. NORDICPHOTOS/AFP

Innflytjendur í Bretlandi:

Aukin sókn í ríkisborgararétt

BRETLAND, AP Fjöldi þeirra sem sóttu um breskan ríkisborgararétt jókst á árinu 2005 um 64 prósent frá árinu á undan. Þetta kemur fram í nýbirtum tölum frá breska innanríkisráðuneytinu.

Fjölgunin er rakin fyrst og fremst til þess að innflytjendur hafi viljað sækja um áður en ný lög tóku gildi sem hertu skilyrðin fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Alls sóttu 217.475 manns um breskan ríkisborgararétt í fyrra. 161.780 manns fengu hann.

Frá í nóvember hafa umsækjendur þurft að gangast undir próf þar sem spurt er út í breska sögu, siði og lög. - aa

2 fyrir 1 TILBOÐ



Tyrkland-Marmaris 29. maí
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. 29.950 kr.
Brottför 29. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **OZAY** eða **Club lilayta,** flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Benidorm 31. maí 29.770 kr.
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. Brottför 31. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Halley**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Portúgal-Albufeira 30. maí
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. 29.990 kr.
Brottför 30. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Mirachoro**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Mallorca 30. maí 29.980 kr.
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman.
Brottför 30. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Pil Lari Playa**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

VISA · Færð þú MasterCard ferðaávísun? · EFLING

plús FERÐIR
Bókaðu strax besta Plúsferðaverðið
www.plusferdir.is

Plúsferðir · Lágmúla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100

Pólitísk stöðuveiting er ekki á undanhaldi

Ný rannsókn sýnir að pólitískum stöðuveitingum hefur ekki fækkað. Fjörutíu og fjögur prósent stöðuveitinga sem skoðaðar voru eru talin af pólitískum toga.

STJÓRNMÁL Háskóli Íslands hélt í gær opið málþing um ráðningar hjá ríkinu. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, kynnti nýja rannsókn sína á tíðni pólitískra stöðuveitinga á Íslandi.

Fram kom í máli Gunnars að þótt mikið hefði verið rætt um pólitískar stöðuveitingar hér á landi vissum við samt sem áður lítið um þær. Erfitt hefur reynst að rannsaka viðfangsefnið en Gunnar tók þann pól í hæðina að rannsaka stöðuveitingar yfir ákveðið tímabil og máta þær inn í þrjú mismunandi líkön yfir opinberar stöðuveitingar. Hið fyrsta kallar hann klassíska skrifræðislíkanið en það einkennist af því að opinberir starfsmenn njóta starfsöryggis og starfsframa en á móti kemur að starfsmennirnir binda sig hjá hinu opinbera alla starfsævina.

Í faglega líkaninu skiptir fagleg hæfni mestu þegar til ráðningar kemur en starfsaldur og reynsla hjá hinu opinbera eru síður mikilvæg og stöðuveitingar eru álíka og þekkist hjá einkageiranum.

PÓLITÍSKAR STÖÐUVEITINGAR Gunnar Helgi Kristinsson skýrði í gær frá niðurstöðum rannsóknar sinnar á pólitískum stöðuveitingum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

Að lokum er það pólitíska líkanið en samkvæmt því eru pólitískar stöðuveitingar lögmætar.

Gunnar skoðaði 111 stöðuveitingar á árunum 2001 til 2005 til æðstu starfa hjá hinu opinbera, en 82 af þeim voru stöður forstöðumanna ríkisstofnana. Síðan skoðaði hann hvaða líkani, oft fleiri en einu, hver stöðuveiting tilheyrði. Í ljós kom að 44 prósent stöðuveitinga tilheyrðu pólitíska líkaninu en að sögn Gunnars var það líklega vanmat. Flestar stöðuveitingarnar, 68 prósent, samrýmdust faglega líkaninu en 57 prósent skrifræðislíkaninu.

Niðurstaðan er sú að pólitískar stöðuveitingar séu í dag á æðri stigum en áður, en tíðni þeirra svipuð. Fyrir nokkrum áratugum voru slíkar stöðuveitingar algengari á lægri stigum, en starf stjórnmálaflokkanna hefur verið að breytast og þeir hafa núna minni þörf fyrir fótgönguliða, heldur treysta meira á utanaðkomandi aðstoð við fylgisöflun.

Nánar má lesa um niðurstöður rannsóknarinnar í vefritinu Stjórnmál og stjórnsýsla, en málþigið var haldið í tilefni af útkomu nýjasta tölublaðs þess. Gudrun@frettabladid.is

VIÐURKENNT SÖLU- OG ÞJÓNUSTUUMBOÐ MERCEDES-BENZ

SÝNINGARSALUR
VERKSTÆÐI · VARAHLUTIR
HRAÐÞJÓNUSTA

Fjórhjóladrifin einkaþota.

Þú bókstaflega flýgur áfram í M-Class jeppanum frá Mercedes-Benz því í M-Class fer mikið afl saman við einstaka aksturseiginleika. M-Class fæst með ríkulegum búnaði svo sem handstýrðri gírskiptingu í stýrishjóli, sítengdu aldrifi með spyrnustýringu, klifurbúnaði o.m.fl. Kynntu þér nýjan M-Class í sýningarsal ÖSKJU við Laugaveg 170.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is

Gómsæt grillspjót

verð frá 399 kr. stk.

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

Úr Kjötborði Nóatúns

Úr Fiskborði Nóatúns

Opið í dag

uppstigningardag

30% afsláttur

NAUTAFILLET
Í RAUÐVÍNS-
PIPARMARINERINGU

3.298 kr. kg

Úr Fiskborði Nóatúns

TÚNFISKSTEIK
Í TERYAKI OG CHILI **2.798** kr. kg

NÓATÚNS ÞURRKRYDDAÐ
LAMBALÆRI **1.189** kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAGRILLSPJÓT
INNRALÆRI Í TOSCANA **698** kr. stk

Úr Kjötborði Nóatúns

KRYDDAÐIR KARTÖFLUBÁTAR
BEINT Á GRILLIÐ **399** kr. pk.

Úr Kjötborði Nóatúns

DUCHESS KARTÖFLUR **998** kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns

GRILLBAKKI GRÆNMETI
ÞURRKRYDDAÐ, MARENERAÐ Í BBQ **499** kr. pk.

...mmm **NÓATÚN** -hljómar vel!

INDJÁNAHÁTÍÐ Laura Bush, eiginkona Bandaríkjaforseta, fylgist með tveimur indjánakonum dansa á hátíð í Colorado í Bandaríkjunum, sem haldin er í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá stofnun þjóðgarðsins Mesa Verde. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Karlarnir meðal efstu þjóða á Ólympíuskákmótinu en konurnar neðan við miðju:

Sigur og tap í fjórðu umferð

SKÁK Íslenska kvennaliðið sigraði Lúxemborg með tveimur vinningi gegn einum í fjórðu umferð Ólympíuskákmótsins á Ítalíu í gær. Karlaliðið tapaði hins vegar fyrir Spánverjum með einum og hálfum vinningi gegn tveimur og hálfum. Að fjórum umferðum loknum er karlaliðið í kringum tuttuguasta sæti en kvennaliðið í kringum sextugasta.

Karlaliðið hefur farið vel af stað í mótinu og var taplaust þar til í gær. Liðið er metið 27. í styrkleikaröðinni en 140 þjóðir taka þátt.

Kvennaliðið hefur á hinn bóginn átt á brattann að sækja. Fyrir mót var það metið í 55. sæti.

Hannes Hlífar Stefánsson og Stefán Kristjánsson hafa báðir teflt mjög vel á mótinu og hlotið tvo og hálfan vinning í þremur skákum. Þá hefur Helgi Ólafsson unnið báðar sínar skákir á mótinu.

Guðlaug Þorsteinsdóttir hefur fengið tvo og hálfan vinning úr sínum fjórum skákum og Lenka Ptacnikova einn og hálfan úr þremur skákum.

Fimmta umferðin verður tefld í dag en á föstudag er frí. Mótinu lýkur 4. júní.

- bþs

Í ÞUNGUM ÞÖNKUM Hannes Hlífar Stefánsson hefur staðið sig vel á Ólympíuskákmótinu í Tórínó á Ítalíu.

Reglum Stúdentagarða breytt:

Borgarbúar fái áttatíu prósent

STÚDENTAR Frá og með 1. júní mun 80 prósentum nýrra íbúða á Stúdentagörðum Félagsstofnunar stúdenta verða úthlutað til háskólanema af höfuðborgarsvæðinu, en þá taka nýjar úthlutunarreglur gildi.

Hingað til hafa stúdentar af landsbyggðinni haft forgang í allar íbúðir og nemar af höfuðborgarsvæðinu því átt litla möguleika á úthlutun. Þessu er ætlunin er breyta og eftir breytinguna mun fyrirkomulagið haldast óbreytt „þar til eðlilegt jafnvægi næst og framboð verður fullnægjandi“, eins og fram kemur í fréttatilkynningu frá FS.

- sh

Use **your right** to vote

- Payments, in the amount of ISK 50.000 per month, to the parents of children 9-18 months of age
- Leisure-time activity card for an amount of ISK 40.000 per year
- Free-of-charge pre-school
- Free Icelandic courses for foreigners

Join us!

XB

Election Office for the B-list in Reykjavík
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Tel.: 599-3900

Zakaria Elias Anbari

Björn Ingi Hrafnsson

www.xbreykjavik.is

exbé

Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS HER 31624 03/2006

Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér **500 Vildarpunkta** að auki. Bókaðu bílinn núna í 50 50 600 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.

Safnaðu Vildarpunktum

Hertz

50 50 600 • www.hertz.is

STRÁKAR Í STÆRÐFRÆÐI Kynjamunurinn í stærðfræði og lestri er sveiflukenndur frá ári til árs en yfir lengri tíma litið og þvert yfir landið er kynjamunurinn stöðugur og skýr. Þessir strákar tengjast efni fréttarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Strákar lélegir í stærðfræði

Erfitt er að skýra kynjamuninn í stærðfræði og lestri hjá grunnskólabörnum. Strákar á landsbyggðinni eru lélegir í stærðfræði og lestri en aðeins þarf að bæta frammistöðu fárra til að jafna muninn út.

MENNTUN Erfitt er að skýra kynjamuninn sem kom fram í Pisa-könnuninni í stærðfræði og lestri hjá grunnskólabörnum hér á landi 2003. Strákar úti á landi voru sérstaklega lélegir í stærðfræði og lestri. Bæta þarf frammistöðu fárra stráka til að jafna muninn út.

Sérfræðingar á vegum Námsmatsstofnunar hafa kannað hvers vegna stelpurnar eru svona miklu betri en strákarnir í stærðfræði og lestri. Júlíus Björnsson forstöðumaður segir að rannsóknin sýni að strákar úti á landi séu sérstaklega slakir í stærðfræði og þeir dragi meðaltal stráka niður.

„Það þarf að bæta frammistöðu fárra stráka til að jafna þennan mun út því að hóparnir eru svo litlir. Við þurfum að grípa til aðgerða til að hjálpa þeim sem eru lakastir, ekki endilega öllum með sama hætti þvert yfir línuna. Hæfnin er mismunandi og kannski þarf aðra aðferð til að hjálpa þeim sem eru lakastir en þeim sem eru bestir.“

Skólarnir virðast ekki skipta máli hvað árangur kynjanna varðar. „Ef horfum á samræmd próf í stærðfræði yfir tíu ára tímabil þá er munurinn sveiflukenndur frá ári til árs. Ef við horfum á allan áratuginn er niðurstaðan nálægt sú sama og í Pisa. Þetta gerir okkur pínulítið erfitt fyrir og er í takt við það sem skólar og kennarar segja um að árgangar séu breytilegir. En yfir lengri tíma og þvert á landið er þetta stöðugt.“

Niðurstöður Pisa-könnunarinnar 2003 eru í samræmi við niðurstöður samræmdra prófa. Þótt aðferðafræði við gerð prófanna sé ólík eru niðurstöður varðandi kynjamuninn svipaðar. Þetta styður réttmæti beggja prófa.

Guðmundur Kristmundsson, dósent við Kennaraháskólann, segir að kynjamunur komi víða fram, ekki bara í stærðfræði eða lestri. Íslendingar eigi sterka hefð í lestrarkennslu en hefðin í að kenna börnum lestur sem tæki til náms sé ekki sterk. Ástæður kynjamunar geti legið djúpt í samfélaginu, þær geti verið menningarlegar og félagslegar. „Þetta er spurning um uppeldi og menntun,“ segir hann.

Daníel Þorsteinsson, skólastjóri í Ölduselsskóla, segir að hugsanlega hafi fjöldi kynjanna í hverjum árgangi einhver áhrif.

ghs@frettabladid.is

Ertu að hugsa um að eignast **dótturfyrirtæki**?

Það kostar peninga að stofna fjölskyldu. Vildarþjónusta Sparisjóðsins aðstoðar þig við að skipuleggja fjármálin betur þannig að þú njótir hagstæðari kjara. Sparisjóðurinn veitir þér svigrúm og öryggi til að takast á við ný og spennandi verkefni. Við erum alltaf tilbúin að hlusta á þínar þarfir því í okkar huga er viðskiptavinurinn mikilvægasta fjárfestingin.

Fíton/SÍA

Við lögum okkur að þínum þörfum!

SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

Samfylkingin | Reykjavík 2006 | Borgarstjórnarkosningar 27. maí

Kjósum borgarstjóra

Við treystum Degi B. Eggertssyni og Samfylkingunni best til þess að leiða áframhaldandi uppbyggingu Reykjavíkur og nýta til fulls þau tækifæri sem skapast hafa í borginni eftir framfaraskeið undanfarinna ára.

Dagur B. Eggertsson hefur sýnt með störfum sínum að hann hefur þann kraft og framsýni sem þarf til að vera borgarstjóri Reykjavíkur.

EDDA RÓS KARLSDÓTTIR
HAGFRÆÐINGUR

HILMAR ODDSSON
KVIKMYNDALEIKSTJÓRI

EIRÍKUR BERGMANN
DÓSENT

BRYNDÍS TORFADÓTTIR
FRAMKVÆMDASTJÓRI

BERGLJÓT ÞORSTEINSDÓTTIR
HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

ÁMUNDI ÁMUNDASON
SÖLUSTJÓRI

ELLÝ ÁRMANNSDÓTTIR
ATHAFNAKONA

ARON NJÁLL ÞORFINNSSON
TÆKNIFRÆÐINGUR

BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON
LEIKARI

ARNDÍS ANNA GUNNARSDÓTTIR
HÁSKÓLANEMI

ALMA GEIRDAL
FRAMKVÆMDASTJÓRI FORMA

ELÍN G. ÓLAFSDÓTTIR
FYRRV. BORGARFULLTRÚI

ELÍSABET H. STEINDÓRSDÓTTIR
LÍFEINDAFRÆÐINGUR

AÐALSTEINN LEIFSSON
LEKTOR VIÐ HÍ

EIRÍKUR VIGFÚSSON
EFNAFRÆÐINGUR

BARÐI JÓHANNSSON
TÓNLISTARMAÐUR

ÁGÚSTA ÞORGEIRSDÓTTIR
HÁSKÓLANEMI

ELÍSABET Þ. ÞÓRISDÓTTIR
LÖGFRÆÐINGUR

ALEXÍA B. JÓHANNESDÓTTIR
LEIKKONA



ÖRN ÚLFAR HÖSKULDSSON
ÞÝÐANDI

ÞÓRODDUR ÞÓRARINSSON
ÞROSKAÞJÁLFI

ÞÓRIR HALL
HÁSKÓLANEMI

ÞORSTEINN LÁR RAGNARSSON
ATHAFNAMAÐUR

VIGDÍS HREFNA PÁLSDÓTTIR
LEIKKONA

SNÆFRÍÐUR BALDVINSDÓTTIR
AÐJÚNKT

SALÓME R. GUNNARSDÓTTIR
NEMI

RÚNAR GEIRMUNDSSON
ÚTFARARSTJÓRI

REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR
SÖNGKONA

MATTHÍAS SIGURÐSSON
TANNLÆKNIR

MAGNÚS MÁR GUÐMUNDSSON
FORMAÐUR UJ



ANNA MARÍA SCHRAM
NEMI

ÁGÚSTA KRISTÓFERSDÓTTIR
SÝNINGARSTJÓRI

XS allir með

ÁSGEIR FRIÐGEIRSSON
RÁÐGJAFI

GUNNAR L. HJÁLMARSSON
DOKTOR

GRÍMUR ATLASON
ÞROSKAÞJÁLFI

ÁSTA ANDRÉSDÓTTIR
BLAÐAMAÐUR

ÁSTÞÓR RAGNARSSON
IÐNHÖNNUÐUR

BERGVIN ODDSSON
NEMI

BIRGIR PÁLSSON
TÖLVUNARFRÆÐINGUR

UNNUR SIGTRYGGSDÓTTIR
DEILDARSTJÓRI Á LSH

ÁSGERÐUR JÓNSDÓTTIR
HEIMILISLÆKNIR

ÁSDÍS SIGURÐARDÓTTIR
DAGMÓÐIR

ÁSGEIR RUNÓLFSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI

HALLGRÍMUR HELGASON
RITHÖFUNDUR

HELGA ÓSK HANNESDÓTTIR
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

ÁSGEIR SIGURVINSSON
FYRRV. LANDSLIÐSÞJÁLFARI

EIK GÍSLADÓTTIR
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

PÁLL HALLDÓRSSON
EÐLISFRÆÐINGUR

KJARTAN JÓHANNSSON
FYRRV. SENDIHERRA

KARL BALDVINSSON
BYGGINGATÆKNIFRÆÐINGUR

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON
FYRRV. SENDIHERRA

RAGNAR HELGI ÓLAFSSON
MYNDLISTAMAÐUR

UNNAR STEFÁNSSON
RITSTJÓRI

SVERRIR ÞÓR SVERRISSON
SJÓNVARPSMAÐUR



RAGNHEIÐUR GRÖNDAL
SÖNGKONA

KRISTJÁN GUY BURGESS
RÁÐGJAFI

ÞÓRÓLFUR R. ÞÓRÓLFSSON
DEILDARSTJÓRI

VILHJÁLMUR GOÐI BREKKAN
TÓNLISTARMAÐUR

TINNA MJÖLL KARLSDÓTTIR
NEMI

SÓLVEIG HÁKONARDÓTTIR
MÓTTÖKUSTJÓRI

LILJA G. ÞORVALDSDÓTTIR
LEIKKONA

JÓN H. ÞÓRARINSSON
LEIKJAHÖNNUÐUR HJÁ CCP

STEFÁN UNNSTEINSSON
FISKÚTFLYTJANDI

ÞÓRHALLUR DAN JÓHANNSSON
KNATTSPYRNUMAÐUR

„ORÐRÉTT“

Ekkert getur klikkað

„Við erum án efa með besta vatnsvæðið á landinu, og því söluvæna ímynd. Við erum með frábært lið í markaðssetningu og búnir að skrifa undir samninga.“

BIRGIR VIÐAR HALLDÓRSSON VATNSÚTFLYTJANDI. FRÉTTABLAÐIÐ.

Er heyrnin slæm?

„Ég hafði aldrei heyrt um þetta og það hafa aldrei nein mál um símahleranir komið inn á mitt borð á mínum langa stjórnmálaferli.“

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA. MORGUNBLAÐIÐ.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? MARÍN MAGNÚSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI

Frá Brussel og til Cannes

„Ég var að koma frá Cannes í Frakklandi, þar sem ég var á kvikmyndahátíðinni,“ segir Marín Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofu- og atburðafyrirtækisins Practical.

„Ég sá um hádegisverð sem var í boði RIFF, Reykjavík International Film Festival. Hann sóttu kvikmyndaframleiðendur, gagnrýnendur og fréttamenn auk þess sem Valgerður Sverrisdóttir ráðherra mætti.“ Um 130 þáðu boðið til málsverðarins, sem var á ströndinni í Cannes. Gestir fengu hluta af Íslandi í gjöf og hlustuðu á íslenska tónlist. „Hver og einn fékk gjafapoka og í honum voru þrjár krukkur, sem á stóð á ensku Piece Off Iceland. Í einni var lítill poki með vatni úr Snæfellsjökli. Í annarri krukku var hraunmoli úr Heklu og í þeirri þriðju fjallagras. Svo skreyttum við veisluborðin með svörtum sandi úr fjörum Snæfellsness. Það vakti mikla lukku.“

Marín segir Cannes skemmtilega borg: „Ég verð að segja að það var gaman að sjá fræga fólkið. Ég sá Samuel L. Jackson og Penelopé Cruz. Greinilegt var að margt fólk fór á hátíðina til að sjá þá frægu og beið í röðum fyrir utan hótelin. Ég var hins vegar svo heppin að þau gengu framhjá mér.“

Marín hefur ferðast víða á árinu: „Í vikunni fyrir Cannes var ég í Brussel. Practical skipulagði stóra sameiginlega veislu Marel, Eimskips, Landsbankans og Icelandic Group. Hún kallaðist Taste the Energy eða Finndu kraftinn og var í tengslum við sjávarútvegssýninguna þar, þá stærstu í heimi. Veislurnar tvær voru eins og svart og hvítt en báðar virkilega skemmtilegar.“

Stutt er í helgina, en þær eru gjarnan annasamar hjá atburðafyrirtækjum. Um þessa helgi sér Practical um 400 manna starfsdag hjá einu af stærri fyrirtækjum landsins: „Þar ætlum við að vinna með gildi fyrirtækisins. Við skiptum fólkinu upp í hópa eftir áhugasviði, vinnum með því yfir daginn og endum á stórri veislu um kvöldið,“ segir Marín. „Það er nóg að gera hjá mér og virkilega skemmtilegir tímar fram undan.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

nær og fjær **tilveran**

HVAÐ SEGIR ANNA?
KOSNINGARNAR

Búum við í frjálsu landi?

„Búum við í frjálsu landi?“ spyr Anna Marta Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri í Mjóafirði, þegar hún veltir fyrir sér leikreglunum sem eru viðhafðar í kosningabaráttunni. Önnu Mörtu hugnast illa núverandi fyrirkomulag. „Er það frelsi að safna háum fjárhæðum í kosningasjóði svo þeir ríku geti náð kosningu? Það held ég ekki. Allir eiga að hafa jafna möguleika á að auglýsa sig og kynna sig og ná kosningu. Það á ekki að fara eftir fjárhag frambjóðenda og stuðningsmanna þeirra.“

Anna Marta vill að núverandi fyrirkomulagi verði breytt og í stað þess að hver flokkur eða listi hagi auglýsingum að vild fái þeir ókeypis tíma eða pláss í fjölmiðlunum. „Allir eiga að fá jafnt. Í útvarpi og sjónvarpi á að vera sami tími fyrir alla frambjóðendur og blöðin eiga að birta efni þeirra óbreytt og óstytt. Enginn þarf að greiða fyrir umfjöllunina enda þjónar það þjóðinni að fá að kynnast frambjóðendum.“

Anna Marta segir núverandi fyrirkomulag bjóða heim hættunni á mútum. Að menn leggi peninga í sjóði frambjóðenda og ætlist til að fá fyrirgreiðslu í kjölfarið. Slíkt sé algjörlega óviðunandi og því þurfi að haga málum með öðrum hætti en nú er.

Sveinn skorar Þorvald á hólm

Sveinn Rúnar Sigurðsson lagahöfundur hefur fylgst með Eurovision úr salnum síðan hann fór út með lagið sitt Heaven. Hann er staðráðinn í að vinna keppnina að ári.

„Ég ljóstra því hér með upp að ég og Trausti Bjarnason ætlum að gera eitthvað frábært saman fyrir söngvakeppnina að ári,“ segir Sveinn Rúnar Sigurðsson lagahöfundur. Saman áttu þeir félagar 33 prósent allra laganna í undankeppni Sjónvarpsins fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í ár. Þjóðin valdi Silvíu Nótt og þar með lag Þorvalds Bjarna Þorvaldssonar, Congratulations.

„Við ætlum að taka Eurovision með trompi að ári liðnu. Við skorum á Þorvald Bjarna að taka þátt einu sinni enn. Það er ekkert gaman að vinna nema að slá hann út,“ sagði Sveinn Rúnar, sem kom til Aþenu fyrir keppnina, ásamt kærustu sinni Önnu Dögg Einarsdóttur, til að fylgjast með. Sveinn kynntist Trausta í undankeppninni og í næstu viku gefa þeir út plötu með Höllu Vilhjálms auk þess sem þeir hafa síðan þá látið lög á plötur annarra listamanna.

Sveinn Rúnar samdi lögin 100% hamingja í flutningi Heiðu Ólafsdóttur, Mynd af þér með Birgittu Haukdal og Útópía í flutningi Dísellu Lárusdóttur sem kepptu til úrslita í ár. Trausti átti lögin Andvaka sem Guðrún Árný Karlsdóttir söng og Þér við hlið sem Regína Ósk Óskarsdóttir flutti í úrslitunum. Sveinn Rúnar samdi einnig sem kunnugt er lagið Heaven sem Jón Jósep Snæbjörnsson flutti í Istanbúl fyrir tveimur árum og lenti í 19. sæti. Magnús Þór Sigmundsson samdi textann.

„Ég hef, allt frá því ég fór með Jónsa til Istanbúl, reynt að sameina áhuga minn á framandi stöðum og tónlist. Það fer ofsalega vel saman að ferðast í maímánuði, þegar sólin er hátt á lofti, og sækja Eurovision heim og skoða sig um í leiðinni,“ segir Sveinn og bætir við: „Ég hló mikið að finnska söngvakeppnissérfræðingnum Thomas Lundin þegar hann sagði mér í Tyrklandi að Eurovision væri ekki bara árleg uppákoma heldur lífsstíll. Mér fannst hann taka heldur djúpt í árinni, en ég verð að viðurkenna að ég hef gaman af þessu og fylgist vel með keppninni ár hvert.“

Spurður hvort keppnin hafi fært honum frama sem höfundi segir hann að ekki hafi staðið á tækifærunum.

„Þau hafa gefist í Finnlandi. Ég hef gert töluvert mikið af tónlist fyrir þann markað út frá tengslum sem ég náði í Istanbúl. Ég er einnig búinn að gera músík fyrir Argentínu og er hingað kominn til að skrifa undir samning í Aþenu um að nota megi lagið Heaven sem einkennislag Höfðaborgar í Suður-Afríku á afríkönsku.“

Sveinn Rúnar hvetur lagahöfunda til að taka þátt í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva gefist tækifærið. Hann segir að viti menn hvernig eigi að selja tónlist og við hverja þeir eigi að tala sé hægt að fá helling út úr keppninni, jafnvel peninga, í það minnsta meira en íslenski markaðurinn gefi af sér.

gag@frettabladid.is

SVEINN RÚNAR SIGURÐSSON Lagahöfundurinn Sveinn Rúnar stefnir að því að semja fullkomið lag í Eurovision að ári ásamt Trausta Bjarnasyni. Saman áttu þeir þriðjung allra laga í úrslitunum í undankeppni Sjónvarpsins í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BIRGITTA HAUKDAL Mynd af þér flutt af Birgittu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

HEIÐA ÓLAFSDÓTTIR 100% hamingja í undankeppni Sjónvarpsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR Lagið Útópía í flutningi Dísellu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Á GÖNGU Tennessee-búinn Preston Wolfe hélt upp á 66 ára afmælisdaginn sinn í vikunni með því að ganga 66 mílur, rúma 106 kílómetra. Hann blés vart úr nös enda gönguhrólfur mikill. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölmenni á framboðsfundi

Skagstrendingar og aðrir íbúar Höfðahrepps fjölmenntu á sameiginlegan framboðsfund beggja framboðanna í sveitarfélaginu sem haldinn var í félagsheimilinu Fellsborg á dögunum.

Fjórir efstu menn Lýðræðislistans og Skagastrandarlistans fluttu framsöguræður og síðan spunnust líflegar umræður og spurningum utan úr sal var svarað.

Á fjórða hundrað manns eru á kjörskrá í Höfðahreppi og er talið að á sjöunda tuginn hafi sótt framboðsfundinn, sem var hin besta skemmtan og um leið fróðlegur að sögn eins fundarmanna.

SYNT AF KAPPI Sundlaug Seltjarnarness verður opnuð til sundiðkunar í fyrramálið.

Aftur synt á Seltjarnarnesi

Sundglaðir Seltirningar geta tekið gleði sína á ný því gagngerum endurbótum á sundlaug bæjarins er að ljúka. Lauginni var lokað fyrir nokkrum mánuðum og þurftu bæjarbúar að sækja laugar í öðrum bæjarfélögum á meðan.

Hátíð verður í lauginni í dag milli 14 og 16 þar sem léttar veitingar verða í boði. Laugin verður síðan opnuð klukkan 6.50 í fyrramálið og geta Seltirningar þá stungið sér til sunds. Má segja að ekki sé seinna vænna að opna laugina svo að bæjarbúar geti skeggrætt pólitíkina á lokametrum kosningabaráttunnar.

Svona erum við

> Verðmæti afla janúar–febrúar 2006



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: STÚDENTAÍBÚÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Yfir 500 stúdentaíbúðir á leiðinni

Mikil umræða hefur átt sér stað síðastliðna daga um húsnæðismál stúdenta á höfuðborgarsvæðinu. Stúdentaráð Háskóla Íslands reisti stórt skilti við Hringbraut þar sem frambjóðendur til borgarstjórnar eru krafðir svara um fyrirætlanir sínar í úrbótum fyrir stúdenta og Samfylkingin svaraði að bragði með samskonar skilti.

Hversu margar stúdentaíbúðir eru á höfuðborgarsvæðinu?
Félagsstofnun stúdenta, sem þjónustar nemendur Háskóla Íslands, heldur úti um 640 leigueiningum og í þeim búa um þúsund manns. Byggingarfélag námsmanna þjónustar alla aðra skóla á háskólastigi á höfuðborgarsvæðinu, sem og iðnnema. Þeir hafa nú um 210 íbúðir í Reykjavík og 26 fyrir nema Kennaraháskólans sem stunda nám á Laugarvatni.

Hverjir fá inni í stúdentaíbúðunum?
Skilyrði úthlutunar er það eitt að stunda nám við tilskylda skóla. Áður fengu nemar af landsbyggðinni forgang í íbúðir FS en þar sem það reyndist nær ómögulegt fyrir íbúa af höfuðborgarsvæðinu að fá úthlutun verður þessu breytt 1. júní. Þá fara 80 prósent úthlutana til nema úr höfuðborginni.

Hvað er í farvatninu?
Í haust munu 96 íbúðir á vegum FS til viðbótar verða teknar í notkun við Lindargötu og síðan er gert ráð fyrir 113 íbúðum á horni Barónsstígs og Hverfisgötu. Við Klausturstíg mun BN taka í notkun 82 nýjar íbúðir í sumar. Aðrar 118 verða svo teknar í notkun á sama stað í byrjun næsta árs. BN hyggst byggja 100 íbúðir í Hafnarfirði og fjölda íbúða í Þverholti og Einholti, en hönnun þess svæðis stendur yfir.

HLERANIR STJÓRNVALDA 1949-1968

1949: Inngangan í NATO
Mikil pólitísk spenna og átök urðu þegar lagt var til að Ísland gengi í Atlantshafsbandalagið. Miklar óeirðir urðu á Austurvelli þann 30. mars þetta ár. Alls voru 16 símanúmer hleruð. Þau tilheyrðu Sósíalistaflokknum, Þjóðviljanum og númerum sem tilheyrðu heimahúsum, þar af á heimilum þriggja alþingismanna.

1951: Heimsókn Dwights Eisenhower
Þjóðviljinn mótmælti harðlega komu hershöfðingjans, síðar forseta Bandaríkjanna, og sagði að óvild þjóðarinnar myndi umlykja hann. Hleruð voru fimmtán símanúmer, hjá Þjóðviljanum, Sósíalistaflokknum og Dagsbrún. Símar ellefu einstaklinga voru hleraðir, þar af hjá tveimur alþingismönnum.

1951: Koma Bandaríkjahers til Íslands
Lögreglan í Reykjavík taldi að raunveruleg hætta væri á að friði væri ógnað af andstæðingum „aðgerða í öryggismálum landsins". Þetta var byggt á ályktun fulltrúaráðs Sósíalistafélags Reykjavíkur um að gera 1. maí að „stórum degi". Koma hersins var sett í samhengi við þessa ályktun og samþykkt að hlera alls 25 símanúmer. Þau voru hjá Sósíalistaflokknum, Þjóðviljanum og Verkamannfélaginu Dagsbrún. Sextán heimasímar voru hleraðir, þar af hjá fjórum alþingismönnum.

1961: Landhelgissamningur við Breta
Samkomulag í landhelgisdeilunni lá fyrir en ráðamenn óttuðust viðbrögð almennings. Óttast var að tilraunir yrðu gerðar til að trufla starfsfrið Alþingis og hleranir samþykktar á fjórtán símanúmerum. Þau tengdust Alþýðubandalaginu, Dagsbrún og Alþýðusambandi Íslands. Einnig sími hjá Dagfara, tímariti Samtaka herstöðvarandstæðinga.

1963: Varaforseti BNA til Íslands
Herstöðvarandstæðingar nota tækifærið til að mótmæla hersetunni hér á landi við Háskólabíó þar sem Lyndon B. Johnson hélt fund. Alltaf var ætlunin að þau mótmæli færu friðsamlega fram en um það efuðust stjórnvöld. Samþykktar voru sex hleranir, hjá Sósíalistaflokknum og félögum flokksins í Reykjavík, síma Dagfara og hernámsandstæðinga. Sími tveggja einstaklinga var hleraður og var annar þeirra alþingismaður.

1968: Ráðherrafundur NATO
Samtök hernámsandstæðinga boðuðu til mótmæla. Sautján númer voru hleruð, tvö hjá Sósíalistaflokknum og eitt hjá Dagsbrún, einnig Dagfara, Þjóðviljanum, Æskulýðsfylkingunni og MÍR, menningartengslum Íslands og ráðstjórnarríkjanna. Tíu heimasímar voru hleraðir, þar af tveir á heimilum alþingismanna.

ATLANTSHAFSBANDALAGIÐ TUTTUGU ÁRA 1969 Frá vinstri: Manlio Brosio, framkvæmdastjóri NATO, Bjarni Benediktsson, þáverandi forsætisráðherra, og William Rogers, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Símhleranir og uppgjör fortíðar

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og opinberun hans á heimildum um hleranir íslenskra stjórnvalda á tímum kalda stríðsins hefur hrundið af stað mikilli umræðu í samfélaginu. Sú umræða er ekki bundin við sagnfræðilegar spurningar um stjórnmál þessa tímabils í Íslandssögunni heldur ekki síður lagaleg álitamál í fortíð og nútíð, ábyrgð stjórnvalda og aðgengi borgaranna að ýmsum heimildum sem snerta stjórn- og dómsvaldið í landinu.

Rannsókn Guðna sýnir að á tímabilinu 1949 til 1968 var í sex tilfellum gefin heimild með dómsúrskurði til að hlera síma hjá fjölda einstaklinga, stjórnmálaflokkum, fjölmiðlum og félagasamtökum. Alþingismenn voru í hópi þeirra sem hlerað var hjá. Engar heimildir hafa fundist um símahleranir án dómsúrskurðar og alltaf voru heimildir í lögum fyrir slíkum hlerunum eða í lögum um fjarskipti frá árinu 1941. Þar eru símahleranir leyfðar „þegar öryggi landsins krefst þess", sem voru þau rök sem tiltekin voru þegar dómsmálaráðuneytið fór fram á leyfi hlerana til sakadómara eða yfirsakadómara.

Heimildirnar
En af hverju koma þessar heimildir upp á yfirborðið svo seint sem árið 2006? Umræðan um hleranir er jafngömul sögu símans hér á landi og spurningar samtímans eru ekkert annað en bergmál fortíðarinnar um að nauðsynlegt sé að færa staðreyndir þessara mála fram í dagsljósið. Opinberunin nú felst í því að vel lesinn og forvitinn sagnfræðingur bað um heimild til að rannsaka þessi gögn á þeim forsendum að hann væri að vinna fræðilega rannsókn um sögu kalda stríðsins og lagði fram því til rökstuðnings rökstudda greinargerð. Guðni hafði þá stundað rannsóknir í skjalasöfnum í Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar í átta ár. Í þeirri vinnu komst hann að raun um að stjórnvöld hefðu haft einhvers konar eftirlit með fólki, til dæmis þegar landhelgismálið var í algleymingi. Það kom honum á sporið um að heimildir væri að finna í skjalasöfnum á Íslandi og hann einfaldlega fór fram á að sjá þær.

Þjóðskjalasafn Íslands veitti Guðna Th. Jóhannessyni heimild til þess að rannsaka þau skjöl sem hann fór fram á að sjá að fengnu samráði við Héraðsdóm Reykjavíkur eins og upplýsingalög frá 1991 gera ráð fyrir. Þau skilyrði fylgdu þó að lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga yrðu virt í hvívetna. Í raun gilda engin lagaákvæði um aðgang að þeim skjölum sem hér um ræðir því upplýsingalögin ná ekki til þeirra eins og kemur fram í 2. gr. fyrstu málsgrein, að lögin gildi ekki um rannsókn eða saksókn í opinberu máli. Engin reglugerð er heldur til vegna þess að reglugerð um aðgang að skjölum á Þjóðskjalasafni, sem upplýsingalög ná ekki til, hefur ekki verið sett. Við afgreiðslu fyrirspurnar Guðna var því aðeins höfð til hliðsjónar 8. grein, önnur málsgrein, um aðgang þegar liðin eru þrjátíu ár frá því gögn urðu til og 20. grein, önnur málsgrein, þar sem tekið er fram að ef vafi leikur á um rétt til aðgangs að gögnum getur safnið aflað rökstuddrar umsagnar þess stjórnvalds sem afhenti safninu gögnin áður en ákvörðun er tekin. Umsögnin kom frá Héraðsdómi Reykjavíkur sem geymt hafði gögnin frá 1992 og afhenti þau Þjóðskjalasafni sumarið 2005. Fyrir 1992 voru skjölin geymd í Sakadómi Reykjavíkur.

Samkvæmt þessu getur hver sá sem áhuga hefur á þeim upplýsingum sem í skjölunum er að finna fengið að sjá þau. Allavega svo lengi sem viðkomandi gengst við að virða lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Fréttablaðið hefur nú þegar farið fram á slíka heimild og bíður svars.

Pólitískar njósnir?
En var um pólitískar njósnir að ræða? Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, telur ekki að svo hafi verið. Sólveig sagði í viðtali við Fréttablaðið á þriðjudag að hún teldi að pólitískar símhleranir tíðkuðust ekki nú og hafi aldrei tíðkast og slíkt væri bæði lögbrot og stjórnarskrárbrot. Undir sjónarmið Sólveigar taka ráðherrar og margir þingmenn stjórnarflokkanna en formenn stjórnarandstöðuflokkanna eru því ósammála. Ríkisstjórn sem og aðrir þingmenn eru sammála um að rannsókn verði að fara fram og Björn Bjarnason hefur kallað eftir sagnfræðilegu uppgjöri við kaldastríðsárin.

En svo eru það þeir sem eru þess fullvissir að hafa verið hleraðir, alþingismenn sem aðrir. Þeir telja að um pólitískar njósnir hafi verið að ræða og ekkert annað. Þeirra á meðal eru Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri Þjóðviljans, og Ragnar Arnalds, fyrrverandi alþingismaður, sem hafa komið fram og lýst andúð sinni á þeim aðferðum sem beitt var. Þeir munu líklega seint sættast á annað en að fá að sjá umrædd skjöl og eins og mál standa verður þess varla langt að bíða.

FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

KYNNINGARFUNDUR UM MEISTARANÁM Í
STÆRÐFRÆÐI OG KENNSLUFRÆÐI

FÖSTUDAGINN 26. MAÍ KL. 16.00
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK,
OFANLEITI 2.

Kynnt verður M.Ed. nám í stærðfræði og kennslufræði, fyrir þá sem eru eða vilja verða stærðfræðikennarar í grunn- eða framhaldsskólum.

Inntökuskilyrði: Háskólapróf (BA, BS eða BEd gráða).

Dr. Einar Steingrímsson kynnir námið.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Ef ég ætti egg þá myndi ég fá mér egg og beikon ef ég ætti beikon

40% afsláttur við kassann

ALI beikon
1031 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1719kr.

10 EGG í bakka

10 EGG
399 KR.
VISTVÆN

Vistvæn brún egg

EKKERT BRUDL

Opið í dag 12.00 til 18.00

sunnudagsbúðir

Bónus jurtakryddaða lambalærið

BÓNUS JURTALÆRI
899 kg KR.
MERKT VERÐ 1199KR.

TILBÚIÐ OG KLÁRT Á GRILLIÐ:
ALI kryddlegnar svínakótelettur
og úrbeinaður kryddaður svínahnakki

ALI GRILLKÓTELETTUR/HNAKKI
1019 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1698kr.

25% afsláttur við kassann

Bragð sem allir elska!

MAX/FREE
95 KR.
2 LÍTRAR

40% afsláttur við kassann

EKKERT BRUDL

www.bonus.is

ERAN/Landlist

OPIÐ UPPSTIGNING

9.995
Hljómtæki

SONY
Hljómtæki, CMTEH10CET.
Míkró hljómtækjasamstæða með geislaspilari og MP3 afspilun. RDS útvarp með 30 rása minni. Segulbandstæki. Fjarstýring fylgir.

199.995
17" truebright breiðtjalds skjár
GeForce Go6600 128 mb skjárkort
120 GB harður diskur

XP media center

TOSHIBA G20-156
- Pentium M 740 (1,73GHz) (2MB
- 120 GB HD (2x60GB) Styður Raid
- DVD skrifari super multi drive DL
- 1024mb DDR2 vinnsluminni
- 4 USB port, Firewire tengi, tengi í skart

HD ready

149.995
32" Philips LCD

PHILIPS
32" HD LCD sjónvarp, 32PF5320. Hægt er að nota sjónvarpið sem tölvuskjá. Upplausn 1366x768 pixlar. Góð birta 500cd/m2 og skerpa 600:1, 8 ms hraði á skjánum. 2x15 watta RMS hátalarar með virtual dolby surround. 2 skarttengi og 1 DVI tengi að aftan, auka tengi að framan fyrir myndavel og leikjatölvu. Borðstandur í stíl fylgir.

19.995
6 milljón pixla

SONY
Stafræn myndavél, DSCS600. 6.0 milljón pixla vél, 3x optical og 6x digital aðdráttur, Carl Zeiss Vario-Tessar linsa með autofocus, 32mb innbyggt minni. 2,0" LCD skjár. Gott flash sem drífur allt að 7,0 m. Tekur einnig myndir í widescreen mode 16:9.

49.995
1400 snúningar

BOSCH
Þvottavél, WAA28165NN. Notendavæn 1400 snúninga vél sem býður upp á flest þvottakerfi. Setur sjálfvirkt inn auka skolun ef þarf og er með sjálfvirka jafnvægisstýringu á vindu.

2.995
Safapressa

CIATRONIC
Safavél, AE2758. Kröftugur 400 W mótor og öryggisrofi á loki. Sér hólf fyrir safa og hrat sem auðvelt er að tæma.

19.995
Heimabíókerfi

THOMSON
Heimabíókerfi með DVD, DPL2907. Frábært heimabíó frá Thomson sem spilar flestar gerðir diska DVD+R/+RW DVD-R/-RW-R, VCD, S-VCD og MP3. Dolby digital 5.1 kerfi.

GARDAG FRÁ 12-18

49.995
4 kerfi - 3 hitastig

Electrolux
- Uppþvottavél, ESF6549
- Mjög hljóðlát, 49 dB
- 30 mín. hraðkerfi á 60°C
- Þvottahæfni = A
- Þurrkhæfni = A
- Orkuflokkur = A
- Seinkað start

ELKO ER LÍKA Í SKEIFUNNI 7

Panasonic
Upptökuvél, NVGS27. Mini DV vél sem vegur 410 g. Digital út, analog út, 2 lux light sensitivity, 2,5" skjár, 30x optical aðdráttur, stereo hljóð, usb tengi 2,0. Digital effectar. Start tími 1,3 sek.

29.995
Mini DV

2.295
Walk the line

4.495
Heros – PC

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

ELKO VIÐ SMÁRATORG OG SKEIFUNNI 7 – SÍMI 544 4000

Útflutningur á íslensku sælgæti



neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: BJARNI HAFÞÓR HELGASON, AKUREYRI

Tillitssamur í garð veiðimálastjóra

„Ein bestu kaup sem ég hef gert voru þegar ég keypti tvær vandaðar fluguveiðistangir í Sjóbúðinni á Akureyri fyrir tæpum áratug," segir Bjarni Hafþór Helgason, framkvæmdastjóri Hildings á Akureyri. Önnur stöngin var tvíhenda en hin einhenda, báðar af gerðinni Sage, og hafa þær reynst Bjarna Hafþóri afskaplega vel. „Ég man ekki hvað stangirnar kostuðu en man þó að þessum kaupum fylgdu töluverð fjárútlát. Það sem stendur upp úr í minningunni, og ástæða þess að ég tel þetta á meðal minna bestu kaupa, var sú yndislega vellíðan eftir að ég ákvað að kaupa þessar tilteknu stangir. Ég hafði nefnilega velt því lengi fyrir mér hvernig stangir væri best að kaupa enda fer ég ekki nema vel vopnaður í veiði,"

Talandi um vopn og veiðar þá rifjast upp fyrir Bjarna Hafþóri önnur góð kaup. „Í fyrra keypti ég hálfsjálfvirka haglabyssu af gerðinni BREDA í Hlaði á Húsavík. Byssuna notaði ég til rjúpnaveiða síðastliðið haust og gerði svo góðan túr að af tilliti við veiðimálastjóra þá ræði ég það ekki frekar." Bjarni Hafþór hefur ekki fláð feitan gölt í öllum sínum viðskiptum og bílarekstur hans hefur oftar en ekki verið kostnaðarsamur. „Ómeðvitað felur maður verstu kaupin yfirleitt einhversstaðar í horni hugans og þar fá þau að vera óáreitt. Sumir kalla þetta gleymsku en ég bráðnauðsynlegan sáluhjálparhæfileika. Ég hef átt marga gamla og misgóða bílana um dagana og þar sem ég er ekki bíladellukall geri ég ekki aðrar kröfur til bíla en ég komist á þeim í veiðiferðir og um hálendið. Miðað við viðgerðar- og rekstrarkostnað myndu eflaust margir álykta sem svo að oft hafi ég gert slæm kaup í bílaviðskiptum," segir Bjarni.

GÓÐ HÚSRÁÐ

GOTT AÐ BLEYTA GRILLPINNA ÚR TRÉ

■ *Friðrik Valur Karlsson, matreiðslumeistari á Friðriki V á Akureyri, er með góð ráð undir hverju grilluðu rifi.*

Friðrik Valur segir að áður en grillið er hitað sé hentugt að strjúka grindina með olíu til að koma í veg fyrir að hráefnið festist á grindinni. Hann segir best að snúa fiski aðeins einu sinni þegar hann er grillaður því ella sé hætta á að hann losni í sundur. Þegar grillpinnar úr tré eru notaðir er gott að láta þá liggja í bleyti í vatni í tvo tíma áður en hráefnið er þrætt upp á þá. Þetta kemur í veg fyrir að pinnarnir brenni.

■ **Hvað kosta... línuskautar**

Ýmsir verðflokkar

Sé gert ráð fyrir að yfirstandandi kuldakafli verði ekki landlægur hér á fróni í sumar má slá því föstu að fleiri og fleiri hugsa sér til hreyfings í sumar. Sem undanfarin ár eru línuskautar sívinsælir, ekki síst þar sem smátt og smátt fer fjölgandi stígum og vegum þar sem hægt er að stunda slíkar íþróttir án þess að hafa áhyggjur af umferðinni.

Ýmsar verslanir selja línuskauta hvers konar en lausleg könnun leiddi í ljós að verðin eru æði misjöfn. Slá má því föstu að hægt er að kaupa sæmilega línuskauta frá fimm þúsund krónum og allt upp í 30 þúsund krónur eftir merki og gæðum. Barnastærðir má finna ódýrar á stöku stað en gera má ráð fyrir að fjögurra manna fjölskylda þurfi að eyða allt að 40 til 50 þúsundum ef öll fjölskyldan hefur hugsað sér að renna sér saman þetta sumarið.

■ **Verslun og þjónusta**

Frítt í sund á Seltjarnarnesi

Miklar endurbætur hafa staðið yfir um hríð í Sundlaug Seltjarnarness en nú er þeim að mestu lokið og hefur verið ákveðið af því tilefni að opna hana formlega á nýjan leik í dag, uppstigningardag, með pompi og pragt. Verða veitingar í boði fyrir alla milli klukkan 14 og 16 en laugin verður opnuð eldsnemma í fyrramálið fyrir gestum. Verður frítt í laugina í heila viku af þessu tilefni og gestir hvattir til að kynna sér endurbætta laugina.

■ **Verslun og þjónusta**

Gagnslaus garðaúðun

Garðaeigendur allir skulu hafa hugfast að úðun garða í því þurra og kalda veðri sem geisað hefur að undanförnu er með öllu gagnslaus samkvæmt ábendingum sérfræðinga Umhverfisstofnunar. Er ítrekað fyrir fólki að aðeins skuli gripið til þess ráðs að úða þegar og ef skaðvaldar hafa klakist úr eggjum sínum og sjást með berum augum. Þess utan skal gæta þess að fá fagmenn til að úða en þeir einir hafa réttindi til þess frá stjórnvöldum.

Dýrt að hafa talhólf tengt í útlöndum

Þegar sumarið kemur fara margir að huga að sólarlandaferðum. Að mörgu er að hyggja og eitt af því sem þarf að taka með í reikninginn er kostnaður við símanotkun. Flestir Íslendingar taka símann með í fríið en það eru ekki allir sem átta sig á þeim kostnaði sem því fylgir.

Upplýsingar frá símafyrirtækjunum sýna að það er að öllu jöfnu ódýrara að láta hringja í sig heldur en að hringja sjálfur heim. Þegar hringt er í íslenskan farsíma í útlöndum borgar sá sem hringir sama taxta og innanlandssímtal en viðtakandinn borgar þann kostnaðinn sem fylgir því að hringja á milli landa.

Bæði hjá OgVodafone og Símanum er gjaldskrá í útlöndum skipt upp í svæði og fer kostnaðurinn eftir því hvar maður er.

Hjá Símanum er Spánn á svæði 2 og samkvæmt gjaldskránni kostar 99 krónur mínútan að hringja til Íslands en 109 krónur ef viðskiptavinurinn er með frelsi. Móttekið símtal þegar maður er á Spáni kostar hins vegar 39,90 krónur á mínútu.

Hjá OgVodafone kostar 81 krónu á mínútu að hringja til Íslands frá Spáni og móttekið símtal kostar 37 krónur að því gefnu að viðskiptavinurinn sé skráður í Vodafone World en annars eru samsvarandi verð 89 og 39 krónur. Ef ferðafrelsi er notað hækkar reikningurinn umtalsvert en þá kostar 109 krónur ef hringt er en 41 krónur fyrir að taka við símtali.

Ef hringt er í talhólf frá útlöndum er það jafn dýrt og að hringja heim. Það er hægt að loka fyrir talhólfið áður en farið er út þar sem það er greitt fyrir þau símtöl sem fara í talhólfið og það getur reynst dýrt þegar maður er í útlöndum. Á heimasíðum Símans og OgVodafone fást nánari upplýsingar um millilandasímtöl og vert er að kynna sér málin vel áður en af stað er farið.

gudrun@frettabladid.is

Ódýrast að tjalda á Ísafirði:

Fólk tjaldar í Skaftafelli allt árið um kring

Kostnaður við að tjalda er mjög misjafn á milli tjaldsvæða. Fréttablaðið gerði lauslega könnun á 7 tjaldstæðum um landið og reyndist ódýrast að tjalda á Ísafirði þar sem borgað er fyrir hvert tjald. Á flestum tjaldstæðunum var þó borgað fyrir manninn og ókeypis fyrir börnin.

Í verðkönnun blaðsins var miðað við fjögurra manna fjölskyldu. Á þeim tjaldstæðum sem haft var samband við var hvergi verðmunur á því hvort fjölskyldan tjaldaði hefðbundnu tjaldi eða tjaldvagni og fellihýsi. Í Ásbyrgi og í Skaftafelli þarf að borga sérstaklega fyrir að fara í sturtu og í Ásbyrgi og á Ísafirði er boðið upp á afnot af þvottavél og þurrkara.

Að sögn Ragnars F. Kristjánssonar þjóðgarðsvarðar í stærsta þjóðgarði heims, í Skaftafelli, er opið þar allt árið og dæmi um það að fólk komi jafnvel í janúar til að tjalda. Flestir gestirnir eru ferðafólk en aðeins 30 prósent gesta eru Íslendingar og 17 prósent þeirra eru Þjóðverjar.

- gþg

VERÐ Á TJALDSTÆÐUM

■ **Skaftafell:**
Heildarkostnaður: 1.800 krónur.
600 krónur á mann fyrir nóttina.
Ókeypis fyrir börn yngri en 16 ára.
Salernisaðstaða, heitt vatn og rafmagn.

■ **Skógar:**
Heildarkostnaður: 1.500 krónur.
500 krónur á mann fyrir nóttina.
Ókeypis fyrir börn yngri en 14 ára.
Salernisaðstaða, heitt vatn, ekki rafmagn.

■ **Hallormsstaðir (Þurshöfðavík):**
Heildarkostnaður: 1.950 krónur.
650 krónur á mann fyrir nóttina.
Ókeypis fyrir börn 12 ára og yngri.
Salernisaðstaða, heitt vatn, rafmagn.

■ **Ísafjörður:**
Heildarkostnaður: 800 krónur.
800 krónur fyrir tjald.
Salernisaðstaða, heitt vatn, rafmagn, sturta.

■ **Ásbyrgi:**
Heildarkostnaður: 1.200 krónur.
600 krónur á mann fyrir nóttina.
Ókeypis fyrir börn yngri en 16 ára.
Salernisaðstaða, heitt vatn, rafmagn.

■ **Ólafsvík:**
Heildarkostnaður: 1.200 krónur.
300 krónur fyrir tjaldið og 300 krónur fyrir manninn.
Ókeypis fyrir börn yngri en 12 ára.
Salernisaðstaða, heitt vatn, sturta, ekki rafmagn.

■ **Skútustaðir við Mývatn:**
Heildarkostnaður: 1.950 krónur.
650 krónur á mann fyrir nóttina.
Ókeypis fyrir 12 ára og yngri.
Salernisaðstaða, heitt vatn, ekki rafmagn.

FYRIRLESTUR FYRIR ALMENNING UM RÖKFRÆÐI

STAÐUR: HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
OFANLEITI, STOFA 101
TÍMI: FIMMTUDAGINN 1. JÚNÍ
FRÁ KL. 17.00-18.00 (KAFFIVEITINGAR FRÁ 16:30-17:00)
AÐGANGUR ÓKEYPIS

TÖLVUNARFRÆÐI ÁVÖXTUR RÖKFRÆÐINNAR

Einn af virtustu tölvunarfræðingum í heimi, Dr. Moshe Y. Vardi, verður gestur Þekkingarseturs fræðilegrar tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík í byrjun júní. Hann heldur fyrirlestur fyrir almenning um rökfræði, frá Aristóteles og Evklíð til dagsins í dag.

Allir ættu að geta haft gaman af fyrirlestrinum, en Dr. Vardi hefur haldið fjölda fyrirlestra um heim allan.



Á síðustu fimmtíu árum hafa samskiptin á milli rökfræðinnar og tölvunarfræðinnar aukist mjög mikið. Rökfræði hefur meira að segja verið kölluð „stærðfræðigreining tölvunarfræðinnar" þar sem rökfræðin gegnir, að margra áliti, svipuðu hlutverki fyrir tölvunarfræðina og stærðfræðigreining gegnir fyrir eðlisfræði og hefðbundnar verkfræðigreinar.
Í fyrirlestrinum **„And Logic Begat Computer Science: When Giants Roamed the Earth"** verður farið yfir söguna og hvernig rökfræðin hefur haft áhrif á þróun tölvunarfræðinnar.

Fyrirlesturinn er áhugaverður fyrir alla þá sem hafa áhuga á verkfræði, stærðfræði, heimspeki, sagnfræði og öllu öðru sem tengist rökfræði, tækni og þróun.

FYRIRLESARI: DR. MOSHE Y. VARDI

Dr. Vardi starfar sem prófessor í Rice University í reiknifræðilegri verkfræði og er forstöðumaður tölvu- og upplýsingatæknisviðs við sama háskóla. Hann hefur unnið til verðlauna hjá ACM og IBM, hann fékk Gödel-verðlaunin árið 2000 og hefur birt yfir 300 greinar í virtum tímaritum og fræðiritum um allan heim.

Fyrirlesturinn er styrktur af Rannís, Samtökum iðnaðarins og Félags um eflingu verk- og tæknifræðimenntunar.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 5.415 **-1,59%** **Fjöldi viðskipta:** 268 **Velta:** 2.734 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Marel	+0,86%	**Bakkavör**	-2,46%
Flaga	+0,76%	**Mosaic Fashions**	-2,41%
		Avion	-2,00%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 65,30 -1,06% ... Alfesca 3,67 -0,81%... Atorka 5,50 -0,72% ... Bakkavör 47,50 -2,46% ... Dagsbrún 5,56 -0,89% ... FL Group 18,70 -1,06% ... Flaga 3,98 +0,76% ... Glitnir 16,60 -1,78% ... KB banki 740,00 -1,47% ... Landsbankinn 20,70 -1,90% ... Marel 70,30 +0,86% ... Mosaic Fashions 16,20 -2,41% ... Straumur-Burðarás 15,70 -1,88% ... Össur 105,00 -0,47%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

FL í FCUK

Vangaveltur eru uppi um hvað stjórnendur FL Group eru nú að ráðgera en félagið keypti í gær 5,07 prósenta hlut í bresku tískuvörukeðjunni French Connection. Markaðsvirði hlutarins er um 1,4 milljarðar króna. Eftir kaupin eiga Íslendingar átján prósent af hlutafé í French Connection en Baugur átti fyrir þrettán prósent. Ekki þykir ólíklegt að fleiri Íslendingar leynist í hópi hluthafa.

Bréf í félaginu lækkuðu mikið eftir aðalfund félagsins þann 10. maí þar sem kom fram að samdráttur hefði orðið í starfsemi félagsins á flestum sviðum og stjórnin sæi fram á verra ár en áætlanir höfðu sagt til um. Hefur trú manna á stjórn fyrirtækisins heldur farið minnkandi og þykir kunnugum líklegt að annað af tvennu gerist. Stofnandi fyrirtækisins, sem jafnframt er stjórnarformaður, Stephen Marks, sjái sig knúinn til að afskrá félagið og kaupa aðra hluthafa út eða selja fyrirtækið til fjárfesta.

Stund hinn þolinmóðu rennur upp

Mögnuð kauptækifæri hafa myndast í Kauphöll Íslands ef marka má nýjustu verðmatsgreiningar bankanna. Þannig metur Glitnir KB banka á 979 þegar gengið er í 740, KB banki metur Actavis á 78 þegar gengið er um 65 og Glitnir mælir sterklega með kaupum í Össuri sem er 20 prósentum undir verðmatsgengi. KB banki metur hlutinn í Landsbankanum á 29 krónur þegar markaðsgengi er undir 21. Nú bregður svo við að spekúlantar stökkva ekki upp til handa fóta eins og gerðist fyrir nokkrum mánuðum, enda heyra þeir margir hverjir sögunni til. Nú er spurning hvort tími hinna þolinmóðu fjárfesta sé loksins runninn upp, þeirra sem tjalda ekki til einnar nætur.

MARKAÐSPUNKTAR...

Rétt fyrir lokun markaða í gær tilkynnti Avion að dótturfélag sitt, Excel Airways, hefði stofnað flugfélag á Írlandi. Um er að ræða alþjóðlegt leiguflugfélag með höfuðstöðvum í Dublin og mun það fljúga undir merkjum Excel Airways.

Hagnaður Haga, sem meðal annars rekur Bónus og Hagkaup og fleiri verslanir, nam 997 milljónum eftir skatta á síðasta rekstrarári félagsins sem lauk í mars. Rekstrarárið á undan var hagnaðurinn 1,3 milljarðar króna.

Seðlabanki Kanada hækkaði stýrivexti í gær úr 4 prósentum í 4,25 prósent. Segir bankinn ástæðuna vera sterkan hagvöxt í Kanada og á alþjóðavettvangi. Vísbendingar séu jafnframt um vaxandi sveiflur á hlutabréfa- og gjaldeyrismarkaði.

Bandarískt félag á iSEC

Líftæknifyrirtækið Cyntellect verður skráð fyrst félaga á hinn nýja iSEC markað.

Bandaríska líftæknifyrirtækið Cyntellect verður að öllum líkindum fyrst fyrirtækja til að skrá sig á hinn nýja iSEC markað Kauphallarinnar. Fagfjárfestaútboð fer fram í félaginu á næstu dögum og verður það í kjölfarið skráð á markað.

Cyntellect hefur aðsetur í Kaliforníu en er að hluta í eigu Íslendinga. Stjórnarformaður félagsins er Íslendingurinn Bernhard Pálsson.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, telur meginástæðu fyrir skráningu Cyntellect þá að íslenski markaðurinn hafi verið mjög öflugur að afla fé fyrir þau erlendu félög sem hér hafi verið skráð. Tvo erlend félög er að finna á aðallista Kauphallarinnar, Mosaic Fashions og Atlantic Petroleum „Það er náttúrulega mjög dýrt að fara á markað í Bandaríkjunum og smærri fyrirtæki hafa mörg leitað til Evrópu. Á iSEC markaðnum er boðið upp á góð kjör og fína umgjörð," segir Þórður.

Hampiðjan mun að öllum líkindum verða skráð á iSEC markaðinn á næstunni og býst Þórður við því að þrjú til fimm félög verði á markaðnum um næstu áramót. **- jsk**

Glitnir kaupir Fischer Partners

Fischer er sjötta stærsta verðbréfafyrirtæki Norðurlandanna. Fyrirtækið er með sterka stöðu í Svíþjóð. Glitnir keypti af fjármálafyrirtækinu Invik.

Glitnir hefur eignast sænska verðbréfafyrirtækið Fischer Partners fyrir 3,7 milljarða króna auk þess að taka yfir skuldir að upphæð 425 milljónir króna. Fischer er sjötta stærsta verðbréfafyrirtæki Norðurlanda með 4,4 prósenta markaðshlutdeild. Sænski hlutabréfamarkaðurinn er sterkasta vígi félagsins en þar er félagið fjórði stærsti miðlarinn. Seljandi er fjármálafyrirtækið Invik, sem er að stærstum hluta í eigu Stenbeckfjölskyldunnar en Tryggingamiðstöðin er einnig meðal hluthafa þar.

Bjarni Ármannsson, bankastjóri Glitnis, sér mikil tækifæri með kaupunum til að styrkja stöðu Glitnis í Noregi og frekari sókn inn á norrænna verðbréfamarkaði eins og þann sænska. „Við munum einnig halda áfram að auka þóknunartekjur bankans eins og okkur hefur tekist með þeim fjárfestingum sem við höfum ráðist í á Norðurlöndum." Stærstu viðskiptavinir Fischers eru meðal annars stofnanafjárfestar og vogunarsjóðir.

Í Dagens Industri kemur fram að ein ástæða þess að Invik seldi Fischer var sú að það hefði ekki skilað Invik nægjanlegum hagnaði. Hagnaður Fischers fyrir skatta nam 126 milljónum króna á fyrsta árshluta en var 380 milljónir króna eftir skatta allt árið 2005. Invik stóð frammi fyrir tveimur valkostum: annað hvort þyrfti það að leggja meira fjármagn til Fischers eða selja það. Sérfræðingur sem blaðið ræddi við taldi Invik gera rétt með sölunni og það gæti nú einbeitt sér að annarri kjarnastarfsemi.

Fischer varð fyrir blóðtöku fyrir hálfum mánuði þegar framkvæmdastjórinn Per Swensson yfirgaf fyrirtækið. Bjarni segir að ávallt geti skapast óróleiki innan fyrirtækja þegar þau séu í söluferli en Tomas Lande, fyrrum framkvæmdastjóri Enskilda Securities, hefur verið ráðinn til starfa.

Í blaðinu kom einnig fram að KB banki og Anvanza hefðu verið orðuð við kaup á Fischer.

eggert@frettabladid.is

STAÐA FISCHER PARTNERS Á NORRÆNUM HLUTABRÉFAMARKAÐI

Land	Markaðshlutdeild	Staða
Svíþjóð	5,7%	Nr. 4
Noregur	3,8%	Nr. 8
Finnland	3,3%	Nr. 12
Danmörk	3,2%	Nr. 7

GLITNIR KAUPIR FISCHER PARTNERS AF INVIK FYRIR 3,7 MILLJARÐA KRÓNA Staða bankans styrkist í Noregi og renna frekar stoðum undir vöxt á Norðurlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Barist um bresku flugvellina

Stjórnendur BAA, sem á stærstu flugvelli Bretlands og alþjóðaflugvöllinn í Búdapest, ætla að bregðast við óvinveittum yfirtökuáformum Ferrovial, spænsku verktakasamsteypunnar, með því að greiða út 130 milljarða króna til hluthafa sinna og vonast til að halda stuðningi sinna eigenda.

Ferrovial lagði óvænt fram tilboð í BAA í febrúar fyrir tæpa 1.200 milljarða króna sem stjórnendur BAA höfnuðu snarlega þar sem þeim þótti boðið of lágt.

Hæstráðendur BAA kunna að vera undir mikilli pressu þar sem félagið hefur skuldbundið sig að setja 1.300 milljarða króna í endurbætur og stækkun Gatwick, Heathrow og Stanstead á næsta áratug en bresk flugmálayfirvöld hafa varað BAA við því að skuldsetja flugvellina í Lundúnum um of. Einnig ræddi Goldman Sachs við stjórnendur BAA um að leggja fram vinveitt tilboð en þeim hugmyndum var hafnað.

BARIST UM HEATHROW Stjórnendur BAA berjast fyrir lífi sínu með því að lofa hluthöfum háum arðgreiðslum.

Fastlega er búist við að Ferrovial leggi fram nýtt og hærra tilboð í BAA en spænska félagið hefur greint frá því að hagnaður á fyrsta ársfjórðungi jókst um 44 prósent milli ára. **- eþa**

Við erum Vinstri – græn!

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

fákar
og fólk

Vissir þú...
að hinn fallni stóðhestur Hervar frá Sauðárkróki á 888 skráð afkvæmi. Hæst dæmdur er Hektor frá Akureyri með 8,41 í aðaleinkunn. Eitt þekktasta afkvæmið er þó Otur frá Sauðárkróki, faðir gæðingaföðurins Orra frá Þúfu. www.worldfengur.com

HESTAMAÐURINN: SKÚLI ÞÓR JÓHANNSSON

Skemmtilegast í harðri keppni á stærri mótum

Skúli Þór Jóhannsson heitir hann, ungur hestamaður í Hafnarfirði sem hefur verið atkvæðamikill á keppnisvellinum allt frá því að hann fór að geta stjórnað hesti. Í pollaflokki var hann nánast kominn í áskrift að 1. verðlaunum, svo hann var færður upp í barnaflokk. Í ár keppir hann í fyrsta sinn í unglingaflokki, en hann verður fjórtán ára í haust.

Skúli og Spölur Tveir góðir saman.

Skúli Þór er án vafa einn af keppnisknöpum framtíðarinnar. Á nýafstöðnu íþróttamóti Sörla vann hann töltið, varð þriðji í fimmgangi unglinga og ungmenna, sem kepptu til úrslita í sama flokki, fjórði í fjórgangi unglinga, stigahæsti knapinn í unglingaflokki og jafnframt stigahæstur í íslenskri tvíkeppni. Þá keppti hann í gæðingaskeiðinu. Skúli Þór keppti á tveimur hrossum að þessu sinni, Birtu frá Þverá og stóðhestinum Speli frá Hafsteinsstöðum.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég keppi í gæðingaskeiði, en hef áður keppt í fimmgangi og hundrað metra skeiði," segir kappinn ungi og bætir við: „Birta lá hjá mér einn sprett á mótinu um síðustu helgi."

Skúli Þór segir mun skemmtilegra að taka þátt í mótum eftir því sem hann færist ofar í aldursflokkum. „Keppnin er mun harðari í unglingaflokknum, að minnsta kosti á stærri mótum," segir hann. „Mér finnst það skemmtilegra."

Um Spöl segir Skúli Þór að hann sé í raun meiri gæðingur heldur en íþróttahestur. „Það er mjög gaman að keppa á honum og hann er svakalega rúmur á töltinu. Ef ég kemst á Landsmót með hann þá klára ég það. Síðan verð ég víst að skila honum," bætir hann við en Spölur er í eigu Sólvangsbúsins.

Skúli Þór er farinn að fást svolítið við tamingar. Nú er hann með fola sem hann segist vera að æfa sig í að gangsetja. Að auki á hann hryssuna Birtu sem að ofan er getið.

Hestamennska Skúla Þórs fer þó ekki einungis fram á keppnisvöllunum. „Á hverju ári fer öll stórfjölskyldan saman í hestaferðir eða lengri útreiðartúra. Í fyrra fórum við á Löngufjörur og það var alveg frábært."

Ættbókin Worldfengur stækkar

Íslandshestafélögin í Austurríki og Þýskalandi hafa ákveðið að fara að dæmi Svía og Norðmanna og hafa gengið frá samkomulagi um aðgang allra sinna félagsmanna að WorldFeng. Að sögn Jóns Baldurs Lorange, verkefnisstjóra WorldFengs, eru þetta tímamót í söfnun áskrifenda að upprunaættbókinni og viðurkenning þessara félaga á starfi allra þeirra sem unnið hafa baki brotnu í mörgum löndum á undanförnum árum að uppbyggingu á WorldFeng.

Frétt af www.worldfengur.com

Úrtökumót fyrir Landsmót hefjast

Hestamannafélagið Fákur heldur fyrsta og stærsta úrtökumótið fyrir Landsmót 2006 um helgina. Alls eiga 46 hestamannafélög í landinu rétt á að senda keppendur á landsmót.

Fákur á flesta fulltrúa inn á Landsmót enda stærsta félagið. Þrátt fyrir það er keppnin í úrtökumótinu þar hörð líkt og hjá öðrum félögum og búst má við spennandi keppni.

Reiðkennarar útskrifast frá Hólum

Átta reiðkennarar og fimmtán tamningamenn útskrifuðust síðastliðinn laugardag frá Hólaskóla. Athöfnin fór fram í Þráarhöll en í tilefni af útskriftinni fór fram reiðsýning reiðkennaranna nýútskrifuðu. Sýningin hófst á gæðingafimiverkefni Ragnheiðar Þorvaldsdóttur og Hrafnagaldurs frá Hvítárholti sem þótti bera af. Þá voru sýnd bæði fjórgangs- og fimmgangsverkefni.

Verðlaun voru veitt fyrir góðan árangur. Hlaut Þórdís Erla Gunnarsdóttir tamningabikarinn, gefinn af Félagi tamningamanna.

Reiðkennararnir sem útskrifuðust voru: Artemisia Bertus frá Hollandi, Elsa Magnúsdóttir frá Sólvangi við Eyrarbakka, Eyjólfur Þorsteinsson frá Hafnarfirði, Líney María Hjálmarsdóttir frá Tunguhálsi II í Skagafirði, Ragnheiður Þorvaldsdóttir frá Hvítárholti, Róbert Petersen frá Reykjavík, Sindri Sigurðsson frá Hafnarfirði og Stefán Ágústsson frá Reykjavík.

Vefmiðlar hestamanna

Hestamenn eru orðnir tölvuvæddir líkt og aðrir íslenskir þegnar. Fjöldi hestamanna heldur úti heimasíðum um hestabú sín og rekstur sem tengist hestamennsku. Reknir eru nokkrir fréttamiðlar sem sérhæfa sig í fréttum af mótum, uppákomum og sögum af fólki. Þessir vefir eru www.hestar.net, www.eidfaxi.is, www.hestafrettir.is og www.847.is.

Umræðuvefir eru á nokkrum af þessum síðum og eru þeir vel nýttir. Þar gefa hestamenn hvorir öðrum ráð og spyrjast frétta um það sem er hæst á baugi í hestaheiminum hverju sinni.

Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Þau Ólafur og tíkin Ronja vekja athygli hvar sem þau fara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Teymir hund á hestbaki

Ólafur Róbert Rafnsson ríður út með hund í bandi. Hann segir reynsluna af því góða og mælir með því að aðrir hundaeigendur taki upp þennan sið.

Lausaganga hunda er bönnuð í Reykjavík. Það á einnig við í hesthúsahverfum höfuðborgarsvæðisins sem kemur sér illa fyrir hundaeigendur meðal hestamanna sem vilja ekkert frekar en að geta slegið tvær flugur í einu höggi og hreyft bæði hesta sína og hunda í einu. Ólafur Róbert Rafnsson hefur fundið lausnina á vandanum og ríður út með tík sína Ronju af tegundinni Stóra Dan í bandi.

„Ég er með mjög stóran hund en hún er svipuð á hæð og folald. Almennt er fólk hræddara eftir því sem hundurinn er stærri þó engin ástæða sér til þess," segir Ólafur um ástæður þess að hann ákvað að prófa þessa nýstárlegu leið í reiðmennsku. Hann fékk hugmyndina á spjallvef hestamanna. „Þar var verið að ræða um að hundar ættu ekki heima í hesthúsum og ættu ekki að vera lausir. Þá sagði einhver að hann riði út með hund í bandi og ég ákvað að prófa þetta," segir Ólafur og greinir frá því að það hafi tekið nokkurn tíma að venja hestinn við þetta fyrirkomulag. „Hesturinn sem ég er á er bæði kvikur og með lítið hjarta. Það tók nokkur skipti áður en hann fór að róast," segir Ólafur en áréttar að hundurinn hafi verið mjög sáttur við þetta strax frá byrjun þótt hann hafi auðvitað þurft að læra að bera sig rétt að. „Fyrst var hún að fara svolítið aftur fyrir hestinn og ég lenti í því nokkrum sinnum að hesturinn settist beinlínis niður þegar hann fékk band aftan í sig," segir hann kíminn.

Ólafur hefur það fyrir sið að hafa hundinn alltaf hægra megin við sig þegar hann mætir fólki og notar röddina til að fá hana samhliða sér. „Sumir hestar hafa stoppað og hringsnúist þegar ég mæti þeim," segir Ólafur en hann hefur yfirleitt fengið mjög góð viðbrögð frá hestamönnum. „Það var gamall maður um daginn sem stoppaði og sagði að þetta væri virðingarvert. En annars er fólk einnig mjög forvitið," segir Ólafur sem veit þó ekki til þess að nokkur hafi tekið þetta upp eftir honum.

Ólafur finnur lítið fyrir því að hafa hundinn með sér á hestbaki og vill meina að það sé betra að teyma hund en annan hest. „Hestar eru oft svo nálægt manni og geta sparkað ístaðinu af," lýsir hann.

Ólafur mælir hiklaust með þessari aðferð við hundahald. Hann segir engu máli skipta hvaða hundategund um ræði því þetta sé eitthvað sem lærist eins og hvað annað. „Það er tilgangurinn með að vera með svona hund að geta haft hann með sér í útiveru," segir Ólafur sem notar einnig hina þriggja ára gömlu Ronju til að draga sig á línuskautum.

solveig@frettabladid.is

SÉRFRÆÐINGURINN: ÞÓRDÍS ERLA GUNNARSDÓTTIR TAMNINGAMAÐUR

Æskilegur undirbúningur trippis fyrir tamningu

Þórdís Erla Gunnarsdóttir, nýútskrifaður tamningamaður frá Hólum, segir það gott að trippi sé orðið mannvant og leiðitamt þegar það kemur til tamningamanns. Eigandinn geti jafnvel verið búinn að venja það við að taka upp lappirnar á því.

„Þó er betra að eigandi trippis geri frekar minna heldur en meira hyggist hann undirbúa það fyrir tamningu hjá fagmanni," segir Þórdís Erla. Hún bendir á að það sé þó grundvallaratriði, að trippið beri virðingu fyrir og traust til mannsins. Ákjósanlegt sé að eigandinn leiti ráðleggingar fagmanns við undirbúninginn sé hann ekki fullviss um hvernig hann eigi að bera sig að.

„Lengi býr að fyrstu gerð og hrossin eru fljót að læra bæði siðina og ósiðina," segir Þórdís Erla. „Tamningin er grunnurinn að öllu hinu sem á eftir kemur. Ef ná á út úr hverjum einstaklingi því sem í honum býr má ekki kasta til höndum, heldur verður að vanda í hvívetna til tamningarinnar."

Spurð um bestu aðferðirnar við að snúa ofdekruðum trippum til betri vegar segir Þórdís Erla það mjög misjafnt eftir einstaklingum. Fara þurfi yfir samskiptakerfi manns og hests og koma hestinum í skilning um að maðurinn sé leiðtoginn og hesturinn eigi að bera virðingu fyrir honum. Tamningarnar byggi mikið á hegðun og viðbrögðum hestsins í náttúrunni.

„Þetta er heilmikil vinna og það koma góðir dagar og slæmir eins og í öllu öðru," segir hinn nýbakaði tamningamaður. „En það þarf bara einn góðan dag til að gleyma þeim slæmu."

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐRÚN STEFÁNSDÓTTIR

www.xb.is/kopavogur

exbé

Kópavogsbúar

Tryggjum Samúel Erni
sæti í bæjarstjórn

Samúel Örn Erlingsson kemur ferskur inn i stjórnmálin í Kópavogi. Hann starfar nú sem forstöðumaður íþróttadeildar Ríkisútvarpsins og hefur einnig komið víða að í félagsmálum með góðum árangri. Samúel mun reynast Kópavogsbúum vel.

XB

Höldum áfram

skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Víða er pottur brotinn í mannréttindamálum:

Amnesty-skýrsla kemur víða við

Árlegar skýrslur Amnesty-samtakanna um stöðu mannréttindamála í heiminum hverju sinni vekja jafnan athygli þegar þær koma út. Þar er farið yfir sviðið frá landi til lands og oft eru það sömu hlutirnir sem samtökin gera athugasemdir við ár eftir ár, og virðist ekkert duga til að kippa málum í lag á ákveðnum sviðum í einstökum löndum.

Það sem einkum vekur athygli í þeirri skýrslu sem Amnesty birti í vikunni er að svo virðist sem mannréttindamál hafi í töluverðum mæli orðið að víkja fyrir öryggismálum, sem sögð eru eiga að koma í veg fyrir hryðjuverk ýmiss konar. Það er vitað að þjóðir heims verja meira og meira fé til öryggismála vegna hugsanlegra hryðjuverka, og sífellt eru gerðar meiri og strangari kröfur á þeim sviðum. Við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af þessari alþjóðaöryggisvæðingu, sem fer um heiminn, og nú heldur Amnesty því fram að þetta komi niður á umbótum á sviði mannréttinda. Í það minnsta er hægt að taka undir það með samtökunum að kastljósið beinist oft mjög að hryðjuverkum og ráðstöfunum til að koma í veg fyrir þau, og þannig dreifist athyglin frá mannréttindamálum og umbótum á þeim sviðum. Af nógu er að taka í þeim efnum, og þar eru ofarlega á blaði þrjú stórveldi sem jafnframt eiga fast sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna; Bandaríkin, Kína og Rússland. Þau sitja þar í krafti stærðar sinnar og valda og eiga að sjálfsögðu þar með að vera í forystu fyrir mannréttindi og umbætur á þeim sviðum. Þessi ríki eru hins vegar sífellt að saka hvert annað um ýmislegt sem þeim finnst athugavert. Mörg þessara atriða koma glögglega fram í nýrri skýrslu Amnesty, og það er kannski ekki við góðu að búast varðandi umbætur á sviði mannréttinda, þegar þessi lönd eru með sífelldar athugasemdir hvert í annars garð. Í Bandaríkjunum voru 60 menn teknir af lífi í fyrra, í Kína voru mörg þúsund hneppt í fangelsi, dæmd til dauða eða tekin af lífi. Í Rússlandi eru mörg dæmi um að stjórnvöld hefti tjáningarfrelsi borgaranna og láti menn hreinlega „hverfa“ ef þeir eru óþægilegir.

Oft er horft til Norðurlandanna varðandi mannréttindi og félagsleg málefni. Ísland kemst á blað í skýrslunni vegna fangaflugsins umdeilda, en ekki að öðru leyti, og það sama á við um nágranna okkar í Danmörku og Noregi. Hins vegar eru gerðar athugasemdir varðandi háttsemi stjórnvalda í Finnlandi og Svíþjóð viðvíkjandi innflytjendum, svo dæmi séu nefnd, og í Finnlandi hvað varðar samfélagsþjónustu og fangelsanir þeirra sem ekki vilja gegna herþjónustu. Þannig eru athugasemdir Amnesty af margvíslegum toga.

Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki við að upplýsa ýmis mál og segja frá því sem miður fer. Hörmungarnar í Darfurhéraði í Súdan hafa verið daglegt fréttaefni nú um nokkurt skeið, en svo virðist sem alþjóðasamfélagið sé alls ekki í stakk búið til að binda enda á þau átök sem þar hafa kostað þúsundir manna lífið og haft í för með sér að milljónir manna hafa orðið að yfirgefa heimili sín. Það er kannski ekki von til þess að þeir sem eiga að teljast til forystuafla í alþjóðasamtökum, eins og þjóðirnar þrjár sem hér voru nefndar, geti beitt samtakamætti sínum til að binda enda á örbirgð og átök víða um heim, þegar samtök eins og Amnesty International gera ár eftir ár margs konar athugasemdir við ástand mannréttinda í þessum löndum og þau koma svo sífellt með ásakanir hvert á annað.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bakþankar
Síðastliðið sumar hófst langdregið dauðastríð R-listans sem fjölmiðlar fylgdust grannt með. Margir gáfu sig fram og kváðust vera búnir að fá upp í kok. Skipulags- og samgöngumál í ólestri og eiginlega allt, hvert sem litið væri. Dæmi: Hundfúll út í R-listann kaus Hallgrímur Helgason D-listann 2002. Jón Baldvin Hannibalsson ritar í Morgunblaðið í gær og segir ritstjóra blaðsins hafa tekið fram í Staksteinum

að Alfreð Þorsteinsson hafi alltaf dreymt um að starfa með Sjálfstæðisflokknum í spillingunni, en hann hafi „neyðst til þess að vinna með vinstri mönnum í 12 ár“.

R-listinn styður X-D
Svo lafir R-listinn fram á vor 2006 og Alfreð myndar meirihluta með Sjálfstæðisflokknum á síðasta borgarráðsfundi fyrir kosningar um nokkrar krónur fyrir Fram árið 2009! Frambjóðendur þræta dálítið um það hver hafi slitið R-lista samstarfinu og hver megi stjórna borginni með Sjálfstæðisflokknum. Þegar litið er yfir bleiklitaðar barna-flugvallar-aldraðra-Sundabrautar stefnuskrárnar er vafamál hvort kjósendur hafi fleiri eða betri kosti að velja á milli en til dæmis árið 2002. Áþreifanlega og nánast fyrirfram gefna niðurstaðan fyrir kjósendur verður sú, að R-lista flokkarnir hafi í raun stutt Sjálfstæðisflokkinn til valda með því að sjá sjálfum sér fyrir óhagstæðri nýtingu atkvæða.

Þeir eru að hlusta
Þegar uppvíst verður um símhleranir stjórnvalda hvetur Björn Bjarnason dómsmálaráðherra til fræðilegs uppgjörs á kaldastríðstímanum. Til dæmis má byrja á Einari Olgeirssyni, leiðtoga sósíalista á þeim árum. Hann segir í bókinni Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar: „Á kaldastríðsárunum voru símhleranir stundaðar. Þegar við Brynjólfur Bjarnason töluðum saman í síma, heyrðum við klikkið þegar þeir byrjuðu að hlusta. Við sögðum: „Nú eru þeir byrjaðir að hlusta.“ Kringum stjórnarskiptin 1950 kom Hermann Jónasson (ráðherra) hingað heim til mín til þess að tala við mig og þá var njósnari á hælunum á honum frá dómsmálaráðuneytinu. Bjarni Benediktsson (dómsmálaráðherra) lét njósna um ferðir hans.“

johannh@frettabladid.is

Þögn um aukinn ójöfnuð

Í DAG
AUKINN ÓJÖFNUÐUR

ÞORVALDUR GYLFASON

Ég varð vitni að því um daginn á fjölmennum fundi með forsætisráðherra, að hann - sjálfur höfuðarkitekt kvótakerfisins! - kom af fjöllum, þegar aukinn ójöfnuð bar á góma...

Enn einu sinni þurfa kjósendur að ganga að kjörborði án þess að eiga aðgang að viðhlítandi opinberum tölum um tekjuskiptingu og eignaskiptingu á Íslandi. Þetta er bagalegt. Menn skipa sér jafnan í stjórnmálaflokka eða veita þeim brautargengi í kosningum til alþingis og sveitarstjórna á tveim meginforsendum. Önnur forsendan snýr að efnahag fólks og fyrirtækja og þjóðarbúsins í heild og þeirri hagkvæmni, sem að baki býr. Hin forsendan snýr að réttlæti í samfélaginu.

Menn kjósa bæði með höfðinu og hjartanu. Höfuðið metur hagkvæmnina, hjartað greinir réttlæti frá ranglæti, eða svo er stundum sagt. Menn skyldu þó varast að gera of mikið úr þessari meintu verkaskiptingu hugar og hjarta, því til þess að greina bæði hagkvæmni frá sóun og réttlæti frá ranglæti þarf meðal annars áreiðanlegar staðtölur, sem stjórnvöldum ber skylda að lögum til að leggja fram. Kjósendur hafa bærilegar forsendur til að meta hagkvæmnina í stjórn Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga og landsins alls undangengin ár, því að flestar nauðsynlegar upplýsingar um efnahagsmál liggja fyrir. Hagskýrslugerð á Íslandi er að flestu leyti til fyrirmyndar. Áreiðanlegar hagtölur gera óprúttnum stjórnmálamönnum ókleift að þræta fyrir til dæmis verðbólguna núna eða viðskiptahallann og skuldasúpuna. Uppgangur síðustu ára leynir sér ekki heldur í hagtölunum. Þetta er eins og það á að vera.

Hið sama verður ekki sagt um þær tölur, sem þyrftu að vera til um þróun skiptingar auðs og tekna í landinu undangengin ár. Fyrir bráðum áratug birti ég mjög lofsamlegan ritdóm í Morgunblaðinu um Hagskinnu, eitt viðamesta rit Hagstofunnar frá öndverðu, en þar eru birtar á einum stað tölulegar upplýsingar um íslenzkt samfélag og þróun þess eins langt aftur í tímann og heimildir ná; elztu tölurnar í ritinu ná aftur til upphafs 17. aldar. Ritdómurinn birtist aftur í bók minni Viðskiptin efla alla dáð (1999). Ég lauk honum með góðfúslegri áskorun til Hagstofunnar um að gera skiptingu auðs og tekna gleggri skil, enda hafði aflakvótakerfið frá 1984 bersýnilega leitt til mikillar tilfærslu á tekjum og eignum innan lands. Æ síðan hef ég með reglulegu millibili innt Hagstofuna eftir þessum upplýsingum og ítrekað gömlu áskorunina, og það hafa aðrir einnig gert, en án árangurs. Nú skilst mér á hagstofustjóra, að tölurnar um tekjuskiptingu verði birtar síðar á þessu ári, fyrir alþingiskosningarnar, sem eiga að fara fram 2007, nema kosningunum verði flýtt.

Þessi skortur á aðgengilegum opinberum tölum um tekjuskiptingu er tilfinnanlegur, því að hann auðveldar stjórnmálamönnum að halda áfram að þræta fyrir aukinn ójöfnuð. Ég varð vitni að því um daginn á fjölmennum fundi með forsætisráðherra, að hann - sjálfur höfuðarkitekt kvótakerfisins! - kom af fjöllum, þegar aukinn ójöfnuð bar á góma, og hann virtist ekki hafa hugmynd um, að Hagstofan, sem heyrir undir hann, hefði dregið það árum saman að birta tölur um þróun tekjuskiptingar í landinu þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Meðan hún var og hét, birti Þjóðhagsstofnun þessar tölur, og þær sýndu, að tekjuskipting á Íslandi var með jafnasta móti á heimsvísu, jafnari en annars staðar á Norðurlöndum, ef eitthvað var. En svo er ekki lengur, eins og fram kom fyrir nokkru í svari fjármálaráðherra á Alþingi við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar alþingismanns. Ójöfnuður á Íslandi hefur aukizt til mikilla muna síðustu ár og mun hraðar en dæmi eru um í nálægum löndum. Tekjuskiptingin á Íslandi er nú orðin mun ójafnari en annars staðar um Norðurlönd af tölum ráðuneytisins að dæma.

Þessar tölur eru þó hvergi hafðar til sýnis í opinberum skýrslum, svo að jafnvel forsætisráðherra landsins er ókunnugt um þær. Seinagangurinn á Hagstofunni hefur þannig teflt upp í hendurnar á þeim, sem halda áfram að þræta fyrir aukinn ójöfnuð og halla réttu máli í opinberri umræðu um skattbyrði og tekjuskiptingu, svo sem ráða má af viðbrögðum forsætisráðherra og fjármálaráðherra við réttum upplýsingum Stefáns Ólafssonar prófessors um aukna skattheimtu. Það nær engri átt, að þingmenn stjórnarandstöðunnar þurfi að toga svo mikilvægar upplýsingar með töngum út úr stjórnvöldum og þau haldi síðan áfram að þræta. Þessar tölur þurfa að vera öllum aðgengilegar í opinberum skýrslum. Margir kjósendur ættu hægara um vik að gera upp á milli flokkanna, ef trúverðugar opinberar tekjuskiptingartölur lægju fyrir.

F-listinn er umhverfisvænstur

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON
FRAMBJÓÐANDI

Við frambjóðendur F-lista, Frjálslyndra og óháðra, finnum mikinn meðbyr hjá kjósendum þessa dagana. Við höfum því ástæðu til að ætla að Margrét Sverrisdóttir geti náð kjöri sem borgarfulltrúi Reykvíkinga á laugardaginn, en hún skipar 2. sæti F-listans. Margrét er, eins og aðrir frambjóðendur í efstu sætum F-listans, eindreginn talsmaður umhverfisverndar og varðveislu náttúru- og menningarminja, en F-listinn leggur þunga áherslu á þessi atriði í stefnuskrá sinni. Það gera sumir aðrir flokkar líka í orði kveðnu þó að verkin vitni um hið gagnstæða. Þetta á einkum við um Vinstri græna (VG), sem með freklegum hætti hafa reynt að eigna sér baráttuna fyrir verndun umhverfisins. Grófust er þó framganga alþingismanns VG, Kolbrúnar Halldórsdóttur, í þessum efnum.

Meðal þeirra tillagna F-listans sem VG hafa fellt í borgarstjórn eru fjölmargar tillögur F-listans til verndar götumynd og elstu byggðinni við Laugaveg. VG vill ekki þyrma einu einasta af þeim 29 gömlu húsum sem R-listinn hefur heimilað niðurrif á, en Árni Þór Sigurðsson, 2. maður á lista VG, er einn helsti höfundur þess hrikalega niðurrifs á menningarminjum sem er fyrirhugað við Laugaveg. VG felldu einnig tillögur F-listans til varnar starfsemi og sögu Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. VG hafa þrívegis fellt tillögur F-listans um að frítt verði í strætó fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja. Tillögurnar voru settar fram til að auka nýtingu strætisvagna, sem aldrei hafa verið jafn vannýttir og undanfarin ár undir forystu VG.

Ekki má heldur gleyma að VG felldu tillögu F-listans um að setja Hringbraut í stokk og nú vilja þeir flytja flugvöllinn á brott úr Vatnsmýrinni og upp á heiði í grennd við vatnsból Reykvíkinga.

Áður höfðu VG fellt tillögur F-lista í borgarstjórn til verndar Kerlingarfjöllum og tillögur þar sem vinnubrögð Landsvirkjunar og Impregilo við Kárahnjúka voru harðlega gagnrýnd. Sé litið á feril borgarstjórnarflokkanna kemur í ljós að F-listinn er eina framboðið sem verðskuldar traust þeirra sem bera umhverfismál fyrir brjósti.

Höfundur er oddviti F-listans í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins ásamt
Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra og bæjarstjóraefni framboðslistans

ÁFRAM GÓÐUR BÆR!

ÞAÐ SKIPTIR OKKUR MÁLI AÐ

- Áfram verði álögur í lágmarki og traustur fjárhagur aðalsmerki sjálfstæðismanna í Garðabæ.
- Málefni eldri bæjarbúa hafi forgang á næsta kjörtímabili.
- Stefnt skuli að samfelldum vinnudegi barna með aukinni samþættingu skóla- og tómstundastarfs.
- Aukið verði enn frekar val foreldra og nemenda á leik- og grunnskólum.
- Forvarnir í Garðabæ verði efldar í samvinnu við hagsmunaaðila.
- Löggæsla í bænum verði gerð sýnilegri.
- Byggt verði nýtt íþróttamannvirki fyrir fimleika og aðrar íþróttagreinar.
- Garðabær verði í fremstu röð snyrtilegra og umhverfisvænna bæja. Hraunelfurin frá Búrfelli til sjávar verði friðlýst.
- Skipulagsvinnu við nýjan miðbæ verði lokið og framkvæmdir hafnar á árinu 2007. Í nýja miðbænum verði gert ráð fyrir „Bókasafni og upplýsinga- og menningarmiðstöð."
- Unnið verði að fjölgun atvinnutækifæra í bænum í tengslum við uppbyggingu á nýjum miðbæ, Vetrarmýri, Kauptúni og Urriðaholti.
- Aukið verði framboð á lóðum undir sérbýli.
- Almenningssamgöngur innanbæjar verði bættar.

Í DAG

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ bjóða í vöfflur og heitt kakó í dag eftir kl. 13.00 á kosninga-skrifstofunni, Garðatorgi 7.

Hoppukastali, blöðrur og fleira skemmtilegt fyrir börnin.

Á LAUGARDAG

Á kjördag bjóða frambjóðendur í kosningakaffi í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju.

Vegna aksturs og annarra upplýsinga, hafið samband í síma 660 1971.

GARÐABÆR
- ÁFRAM GÓÐUR BÆR

XD

www.xdgardabaer.is

Búum vel að öldruðum

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

LOVÍSA ÓLAFSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Öldruðum hefur fjölgað mikið undanfarin ár og verða málefni þeirra sett á oddinn hjá sjálfstæðismönnum í Kópavogi næstu árin. Sjálfstæðismönnum er annt um að íbúum í Kópavogi líði vel og að allir, óháð félagslegri stöðu og uppruna, hafi möguleika á að njóta sín í leik og starfi. Félagslíf aldraðra í Kópavogi hefur verið öflugt en alltaf má gera betur. Mikilvægt er að styðja valfrelsi einstaklingsins hvað varðar þjónustu og að hann geti valið það búsetuform sem hentar honum. Til þess að geta mætt aukinni þörf á þjónustu þarf bæjarfélagið að vera vel rekið og standa vel fjárhagslega. Það gerir Kópavogur.

Við blasir að efla þarf stoðþjónustu inni á heimilum og fyrirbyggja félagslega einangrun þeirra sem búa einir. Einnig er mikilvægt að stytta biðlista að hjúkrunarheimilum og þjónustuíbúðum. Í stefnuskrá sjálfstæðismanna segir að stefnt verði að því að ljúka fyrsta áfanga á nýjum hjúkrunar- og öryggisíbúðum við Boðaþing árið 2007. Einnig að styrkja eigi þjónustu við íbúa í Sunnuhlíð með fjölgun þjónustuíbúða og stækkun hjúkrunarheimilis.

Það er dapurlegt þegar öldruð hjón eða sambýlisfólk stendur frammi fyrir aðskilnaði eftir langa samveru og búskap vegna þess að annað þeirra getur ekki verið áfram heima en hitt er það vel á sig komið að það fær ekki inni á öldrunarheimili. Þess vegna vilja sjálfstæðismenn auka búsetumöguleika eldri borgara. Í nýju hjúkrunar- og öryggisíbúðunum við Boðaþing verður reynt að tryggja að fólk geti búið áfram saman og notið þjónustu.

Almenningssamgöngur þarf að efla og auðvelda öldruðum sem og fötluðum að komast leiðar sinnar. Á stefnuskrá flokksins er stefnt að því að auka þessa þjónustu til muna. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt ríka áherslu á að sú þjónusta sem Kópavogur býður íbúum sínum henti bæði ungum sem öldnum. Við ætlum að halda áfram að tryggja öllum bæjarbúum öruggt og gott umhverfi svo þeir fái notið sín leik og starfi, óháð félagslegri stöðu og uppruna.

Höfundur skipar 9. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi.

Hjartsláttur lífsgæðanna

UMRÆÐAN
KOSNINGAR



ODDNÝ STURLUDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Ég hef fylgst með Reykjavík breytast úr syfjulegum smábæ í spennandi borg. Ég er oft hissa á því að Reykjavík virkar stundum eins og milljónaborg miðað við framleiðsluna á menningu, listum, hönnun og hugviti.

Hér er gott að búa og hér eru tækifærin til að grípa þau. En eins og Steinn Steinarr orti, þá er stundum vitlaust gefið í lífsins spili. Þess vegna er ég komin í pólitík og þess vegna valdi ég Samfylkinguna. Samfylkingin er stjórnmálahreyfing sem stendur fyrir fallega hluti; jafnaðarstefnan vill að allir séu með. Við viljum að barnafólk hafi efni á að hafa börnin í leikskóla, og að ungt fólk og stúdentar geti leigt íbúðir á viðráðanlegu verði, við viljum að Reykjavík sé borg beggja kynja og við viljum að samkynhneigðir fái að giftast. Á okkar lista eru reynsluboltar og nýgræðingar og mig grunar að við höfum góða tilfinningu fyrir kraftinum í borgarbúum - og kunnum að koma honum til skila.

Hvað menninguna áhrærir hefur margt gott gerst í Reykjavík síðastliðin ár; Tónlistarhátíðir eins og Iceland Airwaves, Menningarnótt, Loftbrú fyrir tónlist, myndlist, leiklist og ritlist hefur lyft undir reykvíska listamenn og flogið með þá til útlanda svo þeir geti breitt út sín sköpunarverk. Loftbrúin er dæmi um einfalda hugmynd sem Samfylkingarmaður fékk og þremur vikum seinna var hún komin í framkvæmd - svona viljum við vinna. Ég er með hugmynd að alþjóðlegri listahátíð ungra kvenna sem gæti orðið spennandi og skemmtilegt verkefni. Skáldkonur, kvikmyndagerðarkonur og myndlistarkonur hittast í Reykjavík til að kynnast, vinna og sýna. Þetta myndi vekja mikla athygli á kvennaeyjunni í norðri. Ég gæti auðvitað talið upp þúsund hugmyndir sem gera Reykjavík að skemmtilegri borg, menningin er svo alltumlykjandi og menningin á að vera fyrir alla. Hún er hjartsláttur lífsgæðanna.

Höfundur er í 5. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Bætum hag barna

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

HELGA KRISTÍN AUÐUNSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Það er komið vor í Reykjavík. Sólin er farin að hækka á lofti og hin óviðjafnanlega vorlykt berst um vit borgarbúa.. Vorlyktin ber merki umbreytinga. Um að árstíðaskipti eigi sér stað og að betri tíð fari í hönd. Breytinga er að vænta víðar. Skoðanakannanir gefa vísbendingu um að Reykvíkingar óski breytinga á stjórnarháttum í Reykjavík. Næstkomandi laugardag geta Reykvíkingar valið Sjálfstæðisflokkinn til forystu í Reykjavík. Undanfarnar vikur hafa frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins unnið að því að kynna stefnumál sín fyrir íbúum Reykjavíkur. Kjarni þeirrar stefnu sem snýr að fjölskyldumálum snýr að því að bæta lífsgæði fjölskyldna í borginni og búa í haginn fyrir börnin í Reykjavík.

Börn eiga það besta skilið - á heimili og í skóla

Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að bjóða börnum í Reykjavík upp á betri skóla. Skólastarf þarf að mæta ólíkum þörfum nemenda og laða sig að straumum og stefnum fræðiumhverfisins. Því þarf að auka sveigjanleika í skólakerfinu og draga úr miðstýringu. Skólum þarf að veita aukið sjálfstæði, stefnumótun innan skólanna þarf að færa í auknum mæli til stjórnenda og starfsfólks auk þess sem hvetja þarf foreldra til aukinnar aðkomu að skólastarfinu. Við sjálfstæðismenn höfum einnig talað fyrir nauðsyn þess að auka fjölbreytni og valfrelsi í grunnskólum Reykjavíkur. Í Reykjavík eiga foreldrar að hafa frjálst val um grunnskóla fyrir börn sín. Reykjavíkurborg mun þó að halda áfram að greiða með hverju barni sömu upphæð, óháð búsetu eða rekstrarformi skólans.

Betra fæði - bætt heilsa

Sjálfstæðisflokkurinn boðar heilsuátak í öllum grunnskólum. Bæta þarf mataræði ungmenna hið fyrsta. Hollur matur í skóla er mikilvæg forvarnaraðgerð gegn offitu og sætindaáti barna og unglinga auk þess að bæta skólastarf og starfsgetu nemenda. Mikilvægt er fyrir heilsu barna og líðan að þau eigi kost á góðri máltíð á skólatíma. Með aukinni viðveru barna í skólanum er þörfin brýnni. Nauðsynlegt er að tryggja öllum börnum heita næringarríka máltíð á skólatíma og á það jafnt við yngstu börnin sem eldri bekki grunnskóla. Sjálfstæðisflokkurinn vill auka gæði máltíða í grunnskólum og lækka verðið þannig að það verði á við nestispeninga.

Ferskir vindar

Sjálfstæðismenn í Reykjavík vilja gera Reykjavík að betri fjölskylduborg, þar sem markmiðið er að auka val, gæði og árangur í allri þjónustu og fjölga tækifærum fjölskyldna til samveru - þannig að sem flestir geti notið lífsins í Reykjavík. Laugardaginn 27. maí fara fram kosningar til borgarstjórnar. Valdið er í höndum kjósenda um hvaða flokkur fær að stýra borginni næstu fjögur árin. Sjálfstæðisflokkurinn hefur kynnt metnaðarfulla stefnu sem hann hyggst fylgja eftir á staðfastan hátt. Óskum við því eftir brautargengi kjósenda til að gera borgina betri - fyrir alla. Setjum X við D þann 27. maí.

Höfundur er viðskiptalögfræðingur og skipar 16. sætið á framboðslista sjálfstæðismanna í Reykjavík.

Til hvers að taka sénsinn?

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

DÖGG HUGOSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Ef þú fótbrotnar í fótbolta þá ferð þú ekki í banka heldur á spítala. Ef maður vill vinstristefnu í pólitík þá kýs maður ekki Sjálfstæðisflokkinn eða aðra hægri-miðjuflokka eins og Framsókn og Samfylkinguna heldur Vinstri græna. Þetta er ekkert óskaplega flókið. Það eru allir flokkar úti um allt land að bjóða fram undir flaggi vinstristefnunnar.

Vinsælustu kosningaloforðin fyrir þessar sveitarstjórnarkosningar hjá öllum flokkum hafa alltaf staðið á flöggunum okkar sem og í stefnuskrám. Alltaf, ekki bara núna fyrir þessar kosningar. Það er vissulega ánægjulegt að sjá hversu miklu fylgi okkar grunnhugmyndir, á borð við gjaldfrjálsan leikskóla, eiga að fagna fyrir þessar sveitarstjórnarkosningar. Hugmyndir Vinstri grænna fá nær 100% fylgi í þessum kosningum.

Það sem er síður ánægjulegt er að þeim flokkum sem nú bjóða fram stefnu Vinstri grænna að meira eða minna leyti er síður treystandi til þess að framfylgja þeim hugmyndum þegar á hólminn er komið en Vinstri grænum sjálfum. Ef tveir einstaklingar bjóðast til þess að veita barninu þínu leikskólamenntun, annar er lögfræðingur en hinn er leikskólakennari að mennt, hvorn myndir þú velja? Þetta er nákvæmlega sama spurning og hverjum sé betur treystandi til þess að tryggja framgang vinstristefnunnar næstu fjögur árin í sveitarstjórnum landsins: Vinstri grænum eða einhverjum öðrum.

Valið hefur líklega aldrei verið einfaldara. Það eru allir að leggja áherslu á velferðarmál, málefni þeirra sem standa höllum fæti, málefni barna og fjölskyldunnar og það eru allir að halla sér til vinstri. Til hvers að ráða bakara til þess að gera við fótbrot eða lögfræðing til að gæta barna eða hægri-miðjuflokk til þess að framkvæma vinstristefnu? Til hvers að taka sénsinn á öðrum en Vinstri grænum?

Höfundur skipar 9. sæti á lista Vinstri grænna í Reykjavík.

Gaman að vera framsóknarmaður!

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

JAKOB HRAFNSSON
FORMAÐUR SAMBANDS UNGRA FRAMSÓKNARMANNA

Það er gaman að vera ungur framsóknarmaður í dag. Ungt fólk um allt land hefur fengið tækifæri til að láta til sín taka í sveitarstjórnarkosningunum sem eru framundan. Ungt fólk fær tækifæri í Framsóknarflokknum og þá ekki bara til skrauts heldur í baráttusætum sem skipta máli. Stjórnmál snúast um hagsmuni og það er mikilvægt fyrir okkur unga fólkið að við eigum fulltrúa sem berjast fyrir þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni. Hvort sem það eru mál er varða byggingu nýs íþróttahúss, félagsmiðstöðvar, fjölbreyttari afþreyingu eða eitthvað allt annað. Til þess að sem bestur árangur náist er best að ungt fólk vinni að sínum eigin hagsmunum.

Meðal ungra framsóknarmanna eru Birkir J. Jónsson, yngsti alþingismaður landsins, og Dagný Jónsdóttir, yngsta alþingiskona landsins. 4 af 5 aðstoðarmönnum ráðherra flokksins eru á SUF-aldri eða yngri en 35 ára. Ungu fólki er treyst til mikilvægra verka í Framsóknarflokknum.

Um allt land eru ungir framsóknarmenn að vinna hörðum höndum þessa síðustu daga fyrir kosningar. Við berjumst fyrir þeim málefnum sem skipta okkur máli og í sveitarstjórnarkosningum eru þau mismunandi eftir því hvar við erum stödd á landinu. Eitt eigum við þó sameiginlegt og það er, að okkur langar öll að reyna að bæta og breyta okkar umhverfi. Við trúum því að við getum haft áhrif og leggjum okkar af mörkum til þess.

Ég hvet þig kjósandi góður til að skoða stefnu Framsóknarflokksins í komandi kosningum og er næsta viss að málefnin sem við stöndum fyrir höfða til þín.

Við framsóknarmenn erum athafnastjórnmálamenn og látum til okkar taka og þurfum á stuðningi þínum að halda. EX-ið þitt á best heima fyrir framan BÉ.

Fjölskyldan í öndvegi

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

ANNA SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Fjölskyldan er hornsteinn samfélagsins. Kannanir sýna að fólk sem gefur sér tíma til að sinna fjölskyldunni er ánægðara í starfi og afkastar ekki síður en þeir sem láta vinnuna ævinlega ganga fyrir. Í mótun fjölskyldustefnu á vinnustöðum Reykjavíkurborgar vill F-listinn byggja á sveigjanleika sem gerir starfsmönnum betur kleift að samræma vinnu og einkalíf. Við viljum skapa forsendur til þess að jafnvægi náist milli fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku og að samþætting og samfella verði eins góð og mögulegt er á milli skóla, félagsstarfs, heilbrigðismála og íþrótta- og tómstundamála.

Á stefnuskrá F-lista, frjálslyndra og óháðra, í Reykjavík er lögð áhersla á heilsdagsskóla með máltíðum, íþróttum, list og verknámi frá upphafi skólagöngu. Börn verja flestum þeim klukkustundum sem þau eru vakandi í leikskóla, skóla og við tómstundir utan heimilisins. Þess vegna er mikilvægt að búa þeim sem best umhverfi. Hollur skólamatur þarf að vera sjálfsagður hluti af skólaðeginum og fjárhagur foreldra á ekki að ráða því hvort börnin fái mat. Staðgóður skólamatur vegur þungt í að stuðla að bættu mataræði og heilsu barnanna í borginni og mun vafalítið skila sér margfalt í sparnaði innan heilbrigðiskerfisins, enda getur næring í æsku haft áhrif á heilsufar síðar á ævinni. Góðar matarvenjur skapast af umhverfinu sem börnin búa við og það má í raun líta á það sem hluta af náminu að kenna börnun að njóta holls matar.

F-listinn lítur á samþætt forvarnastarf í öflugu samstarfi heimila, skóla, íþróttafélaga og félagsþjónustu sem mikilvægan þátt í sinni fjölskyldustefnu. Þannig er ekki nóg að maturinn sé góður heldur þarf öryggi og heilsa barnanna líka að vera í fyrirrúmi við uppbyggingu hverfa, skipulag göngu- og hjólreiðastíga og hönnun lóða og mannvirkja við skóla og leikskóla. Það er mikill kostur ef sem flest börn geta stundað tómstundir við hæfi innan hverfisins og gjarnan í beinu framhaldi af skóladeginum. Markmiðið hjá okkur er að sem mest af tómstundastarfinu geti farið fram í skólanum með nánu samstarfi við íþróttahreyfinguna, tónlistarskóla og fleiri aðila. Þannig verður meiri tími aflögu fyrir samverustundir fjölskyldunnar að loknum skóla- og vinnudegi. Auk þess má draga úr endalausum ferðalögum við að koma börnunum á milli staða. Við viljum einnig að frítt verði í strætó fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja, en því höfum við barist fyrir lengi.

Við höfum meðal annars áhuga á því að í hverju hverfi verði hverfisvagn sem fari ekki út úr hverfinu. Hraðvagnar aki svo á milli hverfa og eftir aðalleiðum. Markmiðið með að hafa hverfisvagn í hverju hverfi er að íbúarnir komist leiðar sinnar innan hvefisins, geti farið í búðina, heilsugæsluna, sundlaugina, skólann og á tómstundaæfingar. Hverfisvagn gæti sparað fjölskyldum bæði tíma, orku og fjármuni sem nú fara í að aka börnum og ungmennum þvers og kruss um hverfin og út um alla borg.

Höfundur skipar 5. sæti F-lista í Reykjavík.

Hvað veldur, hvað heldur?

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

KONRÁÐ K. BJÖRGÚLFSSON
FRAMBJÓÐANDI

Sveitarstjórnarkosningar framundan og loforðalistarnir fylla síður blaðanna. Frambjóðendur keppast við að telja okkur trú um að þeir hafi fyrstir komið með þetta málefnið eða hitt. Æskan og gjaldfrjálsir skólar, hið besta mál en samt gleymist það dýrmætasta sem við bjóðum í dag, fyrir utan kærleikann: Það er engin herskylda á Íslandi. Börnin okkar verða ekki öguð af þar til gerðum stofnunum til að þramma um í hermannaklossum og svara kallinu þegar þar að kemur. Guði sé lof.

Svo er það gamla fólkið. Oft er þörf en nú nauðsyn og þó öryrkjarnir eigi sama atvinnurekanda og kjörin svipuð, er minna um þá talað en skyldi. Ég er mjög sáttur við þá umræðu, að við þorum að horfast í augu við þá staðreynd að á Íslandi sé til fátækt. Sú skoðun viðmælanda Fréttablaðsins fyrir örstuttu sem var á þá leið að ekki væri æskileg fyrirmynd, foreldri með brotna sjálfsmynd, finnst mér kuldaleg. Með þessu er líka verið að fullyrða að foreldri verði að uppfylla einhver ytri og innri skilyrði til þess að vera í nálægð við börnin sín sem er auðvitað fjarstæða. Börn og foreldrar eru sú máttarstoð sem allt okkar samfélag byggir á og skiptir því engu hver er málhaltur, snauður, skuldsettur eða kvalinn. Hinu er ég hins vegar sammála að foreldri á ekki að líða fyrir fátækt sína þegar að börnunum kemur. En það eru fleiri sem mættu fá athygli frambjóðenda og þá er ég að tala um atvinnulausa, skjólstæðinga fjölskylduþjónustunnar, meðlagsgreiðendur, skuldsetta og aðra samfélagshópa sem eiga um sárt að binda.

Þau tíðindi berast, að í dag eigi að fara að skoða fyrir alvöru þann hóp sem ekki nýtir réttindi sín, þá möguleika sem kerfið býður, opna augu hans til að sækja og fá, finna þá afskiptu og umkomulausu til að gleðjast með og lifa og njóta, minnka ofrausn þeirra sem fá en ekki þurfa og svo má áfram telja. Þetta er frábært!

Það næsta á loforðalistanum er: Það þarf að byggja. Flest öll mein samfélagsins fá sömu lausnina: Það þarf að byggja til að eyða biðlistum, það þarf að byggja tónlistarhús og þorp fyrir aldraða. Svo þarf auðvitað að leggja vegi út um allt og jafnvel í rándýrum loftbrúm eða stokkum neðansjávar ef þurfa þykir. Auðsældin vellur upp úr hverjum vasa.

Og bráðum förum við að byggja yfir þá sem þjást af einsemd og af löngun til að verða einhvers nýtir en þurfa þó í raun aðeins örlitla athygli og smá hlýju frá þér eða mér. Svona á nú góðsemin sér margar hliðar.

Við á Reykjanesbæjarlistanum höfum lagt fram mjög athyglisverða tillögu til að verja bæjarfélagið okkar atvinnuleysi sem gæti komið í framhaldi af burtför hersins.

Við viljum að krókaveiðar verði gerðar frjálsar fyrir heimamenn í kringum Reykjanesið allt að 6 sjómílur út. Hér reynir á skilning stjórnvalda hvort hagsmunir einstakra þurfi ekki stundum að víkja fyrir heildinni, að beiðni okkar verði tekin til alvarlegrar athugunar. Ef af yrði myndi þessi lausn mörgu breyta til góðs hér á svæðinu.

Höfundur er í 3. sæti Reykjanesbæjarlistans.

Sólin og ströndin í Búlgaríu

36.600 kr.

á mann í 2 vikur 6. júní í tví- eða þríbýli með öllum sköttum

apollo 20 ÁRA

Bókaðu núna! www.apollo.is

Brottfarir:
6. júní: 2 vikur
13. júní: 1, 2 og 3 vikur
20. júní: 1, 2 og 3 vikur
27. júní: 1, 2 og 3 vikur

Apollo Smile eru óvissuferðir fyrir þá sem vilja fyrst og fremst komast í sólina og á ströndina en leggja síður áherslu á gististaði.

Við tryggjum gistingu í tví- eða þríbýli og þú getur valið um gæði gistingarinnar

Óvissuferð 36.600 kr.
· Við tryggjum svefnpláss með lágmarksþægindum. Verð miðast við 2 viknadvöl.

Apollo Smile 39.700 kr.
· Gististaðurinn fær 2 sólir í gæðakerfi okkar. Verð miðast við vikudvöl.

Apollo Smile 3 sólir 42.700 kr.
· Gististaðurinn fær 3 sólir í gæðakerfi Apollo (milli-flokkur með sundlaug). Verð miðast við vikudvöl.

Náðu þér í bækling!

Esso

Bæklingar liggja frammi á völdum Esso-stöðvum:
Reykjavík: Ártúnshöfði, Fossvogur og Geirsgata.
Hafnarfjörður: Lækjargata
Keflavík: Hafnargata
Akureyri: Leiruvegur

apollo

5 100 300 www.apollo.is
Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur

* Verð miðast við bókun á netinu. Lesið um nánari skilmála óvissuferða á heimasíðu okkar. Óvissuferðir eru án fæðis og ferða til og frá flugvelli ytra

Verðhrun yfirvofandi?

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Með fasteignalánum bankanna hækkaði íbúðaverð um allt land, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Veðskuldir heimilana hafa vaxið mikið í kjölfarið og heimili fólks sjálfsagt aldrei verið veðsettari. Við þetta bætist svo að verðbólga hefur rokið upp og stendur nú í einum 15 prósentum, sem hefur sjálfkrafa hækkað lán fólks sem því nemur.

Það er því mikilvægt að jafnvægi náist á fasteignamarkaði án þess að hrun verði á fasteignaverði.

Um mig fer hrollur þegar ég les lóðastefnu sjálfstæðismanna, þeir hyggjast ausa út 10.000 lóðum á Geldinganesi, 6.000 í Örfirisey, 10 þúsund í Vatnsmýrinni auk þúsundum lóða í Úlfarsárdal. Þessar úthlutanir eiga að hefjast í haust og lýkur 2008.

Rétt er að hafa í huga að íbúum á höfuðborgarsvæðinu hefur samkvæmt Hagstofu Íslands fjölgað um 9.000 síðustu 4 ár.

Ég fæ ekki séð hvernig sjálfstæðismenn ætla að koma þessum lóðum út, því ef aðeins verður um einbýlishúsalóðir að ræða og miðað er við 3,7 einstaklinga í kjarnafjölskyldu þyrfti að tvöfalda fjölda Reykvíkinga. En ef um blandaða byggð einbýlis- og fjölbýlishúsa er að ræða þyrfti að fjórfalda fjölda Reykvíkinga til að byggja allar þessar lóðir.

Þegar við bætist að sjálfstæðismenn ætla að hefja að nýju til vegsemdar gjafalóðastefnu sína er einsýnt að verðmæti húsnæðis í Reykjavík mun hrynja með skelfilegum afleiðingum fyrir þær fjölskyldur í borginni sem eiga húsnæði.

Stefna Samfylkingarinnar er skýr. Við munum tryggja eðlilegt framboð á lóðum, við munum úthluta lóðum sem sérstaklega verða ætlaðar undir leiguhúsnæði. Þannig viljum við tryggja að heilbrigður leigumarkaður þrífist í Reykjavík á sama tíma og við stuðlum að því að verð á húsnæðismarkaði nái mjúkri lendingu, án þess að um hrun verði að ræða með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fasteignaeigendur í borginni.

Höfundur er í 6. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Fyrir Árborg

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

SNORRI FINNLAUGSSON
FRAMBJÓÐANDI

Fá sveitarfélög búa yfir jafn miklum möguleikum og Árborg. Vöxturinn hefur komið ýmsum á óvart, enda fjölgar um 1 íbúa á degi hverjum. D-listinn í Árborg hefur lagt áherslu á að tekið sé myndarlega á fjölguninni, enda lítum við á hana sem tækifæri - ekki vandamál.

Árborg er einstaklega vel staðsett til framtíðar. Sífellt fleirum er ljóst að höfuðborgin og nánasta nágrenni eru að komast í þrot hvað rými varðar. Bættar samgöngur og aukin bílaeign gefur Íslendingum aukið val í búsetu. Á sama tíma hefur lóðaverð í Reykjavík þrýst fjölskyldufólki til að skoða nýja búsetukosti. Uppbyggingin á Reykjanesi undir stjórn D-listans hefur gengið hratt og vel. Þá hefur Akranes komið fram sem trúverðugur búsetukostur fyrir þá sem sækja vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Árborg hefur alla burði til að vera fyrsti valkostur fólks sem lítur á nýja kosti í nágrenni höfuðborgarinnar, en til að svo megi verða þarf að hugsa stórt og hugsa í samhengi.

Íbúar í Árborg eiga réttmæta kröfu á fyrsta flokks þjónustu sem stenst fullan samjöfnuð við helstu sveitarfélög landsins. Biðlistar á leikskólum eru tímaskekkja á tímum umræðu um gjaldfrjálsa leikskóla. Við viljum samþætta skólastarfið og tengja skólastig betur. Við viljum að Árborg verði leiðandi í málefnum eldri borgara og leggjum til að sveitarfélagið fari í samningaviðræður við ríkið að kosningum loknum. Þá þarf að lyfta grettistaki í íþróttamálum, sem hafa setið á hakanum, auk þess sem skipulagsmál og frágangur gatna bíða bættra vinnubragða.

Við sem skipum framboðslista D-listans í Árborg höfum óbilandi trú á framtíð sveitarfélagsins. Íbúarnir eiga skilið að fá aukið svigrúm til athafna og lægri álögur til framkvæmda. Frambjóðendur D-listans hafa breiðan bakgrunn, eru með yfirgripsmikla reynslu af sveitarstjórnarmálum, menntamálum og fyrirtækjarekstri.

Þann 27. maí hafa kjósendur í Árborg tvo skýra valkosti; annars vegar núverandi bæjarstjórnarmeirihluta og hins vegar D-listann. Við óskum eftir umboði kjósenda til að fá að vinna - fyrir Árborg.

Höfundur skipar 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Árborg.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

KRONAN

VIRK SAMKEPPNI

40% afsláttur

719 kr. kg ~~1199~~

Móa kjúklingalæri BBQ

30% afsláttur

1.189 kr. kg ~~1698~~

Þurrkryddaðar svínakótilettur eða úrbein. svínahnakki með mexíkókryddi

20% afsláttur

1.311 kr. kg ~~1.639~~

KEA Londonlamb

30% afsláttur

Fjörfiskur spjátrungur ýsubitar 800 gr

412 kr/pk

Pepsi Max 2 lítrar

129 kr/stk

Opið í dag frá 12 - 18

Náttúru hefðbundin salatblanda

189 kr/stk

Pop Secret örbylgjupopp

139 kr/pk

Roka núðlur í boxi

49 kr/stk

Roka núðlur í poka

19 kr/stk

Góu tvenna

329 kr/pk

Persil þvottaefni 5,13 kg

998 kr/pk

1.298 kr. kg

Charmin Salernispappír 24 rúllur

Cheerios 567 gr

299 kr/pk

Virk Sam-keppni

Alltaf frábær tilboð alla daga

Ekki segja svona, Ragnar

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

JÓN HJALTASON
FRAMBJÓÐANDI

Ekki segja þetta, Ragnar Sverrisson. Að ég vilji fiska í gruggugu vatni. Þvert á móti vil ég skýrar línur, sem er mér slík ástríða að verður stundum að veikleika. Ég skal þó viðurkenna að ég er ekki alltaf sá maður sem ég vildi vera. Því miður.

Ef þú til dæmis spyrðir eftir áliti mínu á íþróttavellinum þá myndi ég tvístíga. Fyrir nokkrum árum mátti ég ekki heyra á það minnst að hann yrði aflagður. Nú er ég á báðum áttum. Þó vil ég alls ekki að þarna verði settar niður íbúðar- eða verslunarbyggingar en er tilbúinn að skoða hugmyndina um fjölskyldugarð. Ég vil líka fá sólarglugga við göngugötuna og þótt mér sé illa við að rífa gömul hús þá hljóta sjónir okkar að beinast að Hafnarstræti 98 og 106. En förum varlega og gerum ekkert nema að vel ígrunduðu máli.

Hins vegar ef þú vildir ræða við mig um framlengda Dalsbraut þá hef ég traustan stein að standa á. Í stað bílagötu á að koma þar umferðaræð fyrir þá sem vilja ferðast fyrir eigin líkamsorku, viðra sig og horfa á mannlíf. Ég er líka viss í minni sök hvað varðar síkið.

Hugsaðu þér, Ragnar! Að eyða 200 til 400 milljónum (eða milljörðum ef á að teygja sig upp að Skátagili) í að grafa síki sem í besta falli hefur fagurfræðilegt gildi en alls ekkert hagnýtt er ekki verjanlegt í mínum augum. Síst þegar við höfum annan valkost sem er bæði fagur og hagnýtur í besta lagi (og líka fokdýr). Sem er KEA-strætið.

Hugsaðu þetta röklega, Ragnar. Á miðbæjarsvæðinu skulu rísa 300 íbúðir, menningarhús, tónlistarskóli, fjölskyldugarður, jafnvel stórmarkaður, svo að við gleymum ekki þeim nýju verslunum sem eiga eftir að spretta þarna upp. Um leið á að þrengja Glerárgötuna á kafla, sem er aðal umferðaræðin í gegnum bæinn, og grafa síki en þetta tvennt mun óhjákvæmilega hafa heftandi áhrif á alla umferð, líka gangandi, taktu eftir því.

Ragnar, þú veist það jafnvel og ég að þeir eru ófáir í bænum okkar sem segja bílinn í slíkum tilvistarvanda að það réttlæti að leggja tengibraut í gegnum íbúðahverfi, fast við barnaskóla, hæfingarstöð, íbúðahverfi aldraðra og yfir íþróttasvæði KA. Slík er neyðin í umferðarmálum okkar Akureyringa. Ég sé ekki betur en að þú sért að bjóða heim sömu vandræðum í miðbænum. KEA-strætið mun leysa þau og þar með styrkja alla uppbyggingu þar. Síkið mun hafa öfug áhrif.

Þú segir, Ragnar, að ég vilji hunsa vilja íbúaþingsins sem þú stóðst fyrir forðum (hafir þú stóra þökk fyrir) og ég sótti. Ég skal ekki draga neina dul á að minni mitt hefur aldrei verið gott, þess vegna bið ég þig, Ragnar, að benda mér á hvað í framanskrifuðu stríðir gegn vilja íbúaþingsins. Ég veit að við töluðum ekkert um síki eða KEA-stræti, en við ræddum um framlengda Dalsbraut, útivistarvænan kaupstað, eflingu miðbæjar, göngugötuna og ótal fleira. Hvar er ég á skjön við þá umræðu?

PS: Að lokum ein samviskuspurning, Ragnar. Lítur þú þannig á að síkið sé forsenda uppbyggingar í miðbænum?

Höfundur er sagnfræðingur og í 16. sæti Samfylkingarinnar á Akureyri.

Hroki og hleypidómar

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

EMIL ÖRN KRISTJÁNSSON
VARAFORMAÐUR ÍBÚASAMTAKA GRAFARVOGS

Leikarinn, Grafarvogsbúinn og Samfylkingarframbjóðandinn Dofri Hermannsson skrifar grein í Fréttablaðið síðastliðinn laugardag, sem ber yfirskriftina „Grafarvogsbúar eiga sig sjálfir“. Grein þessi svo full af hroka, þekkingarleysi og persónulegu níði að hún er vart svara verð en þar sem ég er sjálfur annar þeirra sem leikarinn hefur kosið að veitast að kýs ég að leggjast svo lágt að tjá mig eilítið um efni hennar.

Samfylkingarframbjóðandanum ofbýður að undirritaður, sem varaformaður Íbúasamtaka Grafarvogs, skuli leyfa sér að gagnrýna borgaryfirvöld þar sem undirritaður er einnig flokksbundinn sjálfstæðismaður. Það er helzt á honum að skilja að pólitískar skoðanir mínar geri mig óhæfan til að sitja í stjórn íbúasamtakanna og það sé engan veginn við hæfi að ég gagnrýni borgaryfirvöld. Þá þykir mér Samfylkingin vera farin að líkjast gamalli fyrirmynd sinni í Ráðstjórnarríkjunum ef menn þar á bæ ætla að banna mönnum sem ekki syngja sama sálm og þeir að taka þátt í félagsmálum. Þessi skoðun frambjóðandans er enn frekar ítrekuð þar sem hann leyfir sér einnig að efast um heilindi sjálfstæðismannsins Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sem formanns Fjölnis vegna pólitískra skoðana hans.

Ég ætla mér ekki í þessari grein að eyða tíma og rými í að telja upp hvar borgaryfirvöld hafa helzt brotið á okkur Grafarvogsbúum en á líðandi kjörtímabili hafa yfirvöld svikið loforð sem Rimabúmum voru gefin kortéri fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar, þau hafa dregið lappirnar við hreinsun strandlengjunnar, þau hafa þrjóskast við að þróa hugmyndir um Sundabraut sem eru í algerri mótsögn við vilja íbúa, þau hafa skert þjónustu Sorpu við Grafarvog og svo mætti lengi telja. Grafarvogsbúar hafa ekkert sérlega góða reynzlu af stjórn R-listaflokkanna og sem varaformanni Íbúasamtaka Grafarvogs ber mér skylda til þess að gagnrýna borgaryfirvöld og framkomu þeirra við okkur sjái ég ástæðu til.

Það er lítilmannlegt af leikaranum að veitast að mér undirrituðum og félaga mínum Guðlaugi Þór og draga heilindi okkar í efa vegna pólitískra skoðana okkar. Sjálfur hef ég aldrei dregið í efa að framsóknarmaðurinn Alfreð Þorsteinsson hafi gegnt formannsstarfi sínu hjá Knattspyrnufélaginu Fram af heilindum, að framsóknarmaðurinn Anna Kristinsdóttir hafi af heilindum gætt hagsmuna Foreldrasamtaka fatlaðra, að samfylkingarmaðurinn Stefán Jóhann Stefánsson hafi verið heill í sínu starfi sem formaður Knattspyrnudeildar ÍR, að samfylkingarmaðurinn Helgi Hjörvar hafi af heilindum unnið fyrir Blindrafélagið og svo mætti lengi telja.

Ég get líka fullvissað Dofra Hermannsson um það að sem varaformaður Íbúasamtaka Grafarvogs mun ég áfram, og eftir því sem ég bezt get, gæta hagsmuna Grafarvogsbúa og veita borgaryfirvöldum aðhald hverjir svo sem verða við stjórn borgarinnar að loknum kosningum á laugardag. Ég get líka fullyrt að Guðlaugur Þór Þórðarson mun einnig gæta hagsmuna Fjölnis og halda áfram sínu uppbyggingarstarfi þar óháð því hver fer með völd í borginni. Ólíkt því sem hugsanlega gerist hjá Samfylkingunni leyfist okkur sjálfstæðismönnum nefnilega að hafa skoðanir og tjá okkur um þær.

Það kemur úr hörðustu átt að Dofri Hermannsson, í þessari óhróðursgrein, saki okkur sjálfstæðismenn um að fara með óhróður um fólk. Slík ummæli dæma sig sjálf í ljósi þess sem Dofri sjálfur hefur skrifað. Að lokum mætti benda á að í ljósi framkomu borgaryfirvalda við Grafavogsbúa þá hefði yfirskrift umræddrar greinar frekar átt að vera: „Grafarvogsbúar mega eiga sig“.

Miðbær Hafnarfjarðar

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

HALLDÓRA BJÖRK JÓNSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Hvað er það sem tengir hverfasamfélög bæja og borga? Er miðbær hverfi eða nýtur hann sérstöðu? Allir bæir á Íslandi eiga miðbæ eða kjarna þar sem fólk leitar gjarnan eftir þjónustu, verslun og afþreyingu. Erlendis má sjá marga slíka kjarna í einni borg. Vegna þessarar sérstöðu lítum við ekki á miðbæinn sem hverfi, jafnvel þó svo að á Íslandi séu til verslunar- og þjónustukjarnar í hverfum á höfuðborgarsvæðinu.

Miðbærinn skipar ávallt sérstakan sess í hugum fólks og við höfum öll hugmyndir um hvernig hann á að vera. Hafnarfjörður er ákaflega fallegur bær með einstakt bæjarstæði í hrauninu sem teygir sig til sjávar og myndar þennan fallega opna fjörð sem blasir við miðbænum. Miðbærinn gæti ekki verið staðsettur annars staðar, þar er upphaf atvinnulífs í Hafnarfirði og í kringum það búseta fólksins, höfnin var lífæðin. Ef ekkert verður að gert verður endir miðbæjarlífs einmitt vegna þess að atvinnulíf fjarar út. Ein grein styður aðra þannig að það þarf að skapa svigrúm fyrir fjölbreytni og fjölgun íbúa í miðbænum, sem kallar á aukna þjónustu.

Auk verslunar- og þjónustufyrirtækja eru mikil tækifæri í menningarmálum sem og ferðaþjónustu sem hægt er að tengja saman með margvíslegum hætti. Það má gera söfnum bæjarins hærra undir höfði og tengja betur miðbæjarlífinu ásamt Hellisgerði. Það er löngu tímabært að Hellisgerði verði endurlífgað sem lystigarður Hafnfirðinga.

Það þarf að efla atvinnu- og menningarlíf í miðbænum en samhliða því verður að gera ráð fyrir umferð bíla svo fólk komist til að sinna erindum sínum.

Vöxtur og viðgangur Hafnarfjarðarbæjar byggist á atvinnulífinu í bænum hvort sem fyrirtækin eru staðsett í miðbænum eða í jaðri bæjarins.

Sjálfstæðismenn vilja sterkan miðbæ. Í fremstu röð, XD.

Höfundur skipar ellefta sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.

SENDIÐ OKKUR LÍNU
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

ÁSKORUN !

Sjálfstæðismenn

Kjósið ExBé til að bjarga stjórnarsamstarfinu.

Samtök stjórnarsinna
Helga Bjarnadóttir.



ALLT er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is. ALLT** er líka í síma **1850** og í vor verður **ALLT bókinni** dreift til landsmanna.

visir NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

ENNEMM / SÍA / NM21843

Lýður Oddsson, Lottóvinningshafi

22 milljónir í fyrsta vinning!

Kjóstu þér þægilega framtíð

Fjórfaldur pottur! **X-Lottó**

IGOR SIKORSKY (1889-1972) FÆDDIST ÞENNAN DAG.

„Þyrlan er það farartæki sem kemst næst því að uppfylla aldagamlan draum mannkynsins um fljúgandi hesta og galdrateppi.“

Fyrirtæki Sikorskys var, og er enn, leiðandi í þróun og framleiðslu á þyrlum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST > 25. MAÍ 1935

Jesse Owens setur heimsmet

Á þessum degi árið 1935 setti Bandaríkjamaðurinn Jesse Owens þrjú heimsmet og jafnaði eitt á háskólaleikum í Michigan. Þrjú korter liðu frá því að hann setti fyrsta metið þangað til það síðasta var slegið og er afrekið af mörgum talið eitt það merkasta í íþróttasögunni. Metin voru sett í spretthlaupum, grindahlaupi og langstökki.

Jesse Owens fæddist í september árið 1913 og var af fátæku fólki kominn. Hann hóf að æfa frjálsar íþróttir á unglingsárum og stundaði nám við ríkisháskólann í Ohio þar sem hann hélt æfingum áfram.

JESSE OWENS Á HLAUPABRAUTINNI

Á Ólympíuleikunum í Berlín árið 1936 varð Owens heimsfrægur og fór heim af mótinu með fjögur gullverðlaun í farteskinu. Hann stakk mjög í stúf vegna þeldökks litarhafs síns á leikunum, sérstaklega vegna þess að Hitler, sem þá var kanslari Þýskalands, lagði mikla áherslu á yfirburði aríska keppenda lands síns. Mikla athygli vakti að Hitler tók ekki í höndina á Jesse Owens þegar hann stóð á verðlaunapalli og þótti mörgum það til merkis um að Hitler liti niður á Owens.

MERKISATBURÐIR

1929 Þingmenn Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins stofna Sjálfstæðisflokkinn.

1935 Babe Ruth slær 714. og síðasta heimahlaupið sitt á hafnaboltaleikvangi í Pennsylvaníu. Þetta var met sem stóð í 39 ár.

1946 Abdúllah fyrsti lýsir sig konung Transjórdaníu.

1958 Steinn Steinarr deyr, einungis 49 ára að aldri.

1977 Fyrsta Stjörnustríðsmyndin er frumsýnd.

1987 Jarðskjálfti verður suður af Heklu og er hann sá stærsti sem mælst hefur á Suðurlandi síðan 1912.

1999 Íslenskur leiðangur fer á jeppum þvert yfir Grænlandsjökull en slík ferð var þá fordæmislaus.

†

Útför

Sigrúnar I. Sigurþórsdóttur

frá Eiðum

verður gerð frá Seljakirkju föstudaginn 26. maí kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Skógarbæjar í síma 510-2100.

Aðstandendur.

†

Þórhallur Jónsson

frá Lóni

verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 27. maí kl. 14.00.

Aðstandendur.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Guðmundur Hjartarson

Sóltúni 43, Selfossi, áður bóndi Grænhóli í Ölfusi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands föstudaginn 19. maí. Útförin fer fram frá Kotstrandarkirkju laugardaginn 27. maí kl. 13.00.

Jónína Guðmundsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Jóhanna Guðmundsdóttir
Guðbjörg Guðmundsdóttir
Steindór Guðmundsson
Jón Halldór Gunnarsson
Ölver Bjarnason
Sigvaldi Guðmundsson
Klara Öfjörð Sigfúsdóttir
og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

KRISTINN R. ÓLAFSSON: 25 ÁRA PISTLAAFMÆLI

Frá knattspyrnuhetjum til kóngafólks og allt þar á milli

„Maður fær alltaf sama fiðringinn, það fer aldrei af manni,“ segir Kristinn R. Ólafsson, sem flutt hefur íslenskum útvarpshlustendum pistla sunnan úr Evrópu í aldarfjórðung. Í dag heldur hann einmitt upp á starfsafmælið því þennan dag fyrir tuttugu og fimm árum fór fyrsti pistillinn í loftið. „Menn halda upp á afmælin sín og þurfa ekki að gera neitt til þess nema tóra. Til að halda upp á starfsafmæli þarf maður að tóra bæði í lífi og starfi,“ segir Kristinn glettilega.

Pistlarnir hafa flestallir verið sendir út í Ríkisútvarpinu og eru nú farnir að telja hátt í fjögur þúsund stykki. „Ég býst við því að ég eigi milli 85 og 90 prósent pistlanna. Tölvuvæðingin hefur farið svolítið illa með mig því tölvur eiga það til að gleypa gögnin með húð og hári af einhverjum ókunnum ástæðum og hefur komið fyrir að eitthvað hefur þurrkast út hjá mér. Þegar ég tölvuvæddist fyrst átti ég Amstrad-tölvu sem nú er orðin forngripur. Þá átti ég alla pistlana á disklingum sem maður stakk í tölvuna og kveikti á. Ég var einmitt að fá tilbaka pistla frá 1989 til 1993 sem voru geymdir á svona disklingum en þá sendi ég til Lundúna um daginn þar sem er einn maður í heiminum sem stundar að endurheimta svona.“

KRISTINN R. ÓLAFSSON LES PISTILINN Í 25 ár hefur Kristinn sent pistla frá Spáni og fjallað um allt frá Spánarsparkinu til neyðarbúnaðar á líkkistur. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

FYRSTI PISTILLINN Kristinn varðveitir flesta pistlana sína og lýsir eftir djörfum útgefanda til að koma úrvali þeirra út á bók. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

Eins og gefur að skilja hefur Kristinn fjallað um margan manninn í pistlum sínum, „frá knattspyrnuhetjum upp í kóngafólk og allt þar á milli,“ eins og hann segir sjálfur. Pistlarnir um knattspyrnuna, eða „Spánarsparkið“, eru nú orðnir ófáir og eiga sér hvað dyggastan hlustendahóp. „Ég sé hérna í mínum gulnuðu blöðum að ég hef verið farinn að tala um þetta strax árið 1981. Fljótlega eftir að ég byrjaði, eða árið eftir, var heimsmeistaramótið í fótbolta haldið hér á Spáni og var ég meðal annars í beinni í hálfleik byrjunarleiksins frá Barselónu. Ég get nú líka aðeins grobbað mig af því að hafa líklega fundið upp orðið Börsungur sem síðan hefur festst í tungunni.“

Aðspurður segist Kristinn minnast sérstaklega eins pistils sem hann skrifaði 7. nóvember 1983. „Pistillinn fór þó ekki í loftið fyrr en nokkru seinna því Margrét Indriðadóttir sem þá var fréttastjóri, sagði hún mér löngu seinna, tók langan tíma í að ákveða hvort hann ætti að fara út því hún velktist í vafa um viðbrögð hlustenda við honum. Pistilinn skrifaði ég um neyðarbúnað á líkkistur sem spænskur vísindamaður hannaði svo að kviksettir gætu látið vita af sér. Margrét lét loks slag standa, og enginn fékk slag.“

Kristinn ber í maganum að gefa úrval pistla sinna út á bók og lýsir eftir djörfum útgefanda til að taka verkefnið að sér. „Það væri mjög gaman að fara yfir þetta allt saman, velja úr og koma eins og hundrað pistlum út í bók til varðveislu. Orðum sem töluð eru í útvarp er sáð upp í vindinn.“

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

Vigfús Guðbrandsson

íþróttakennari, Dimmuhvarfi 7, Kópavogi,

lést á Landspítala háskólasjúkrahúsi í Fossvogi þriðjudaginn 16. maí. Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 26. maí kl. 13.00.

Jóhanna Eydís Vigfúsdóttir
Ásgerður Fríða Vigfúsdóttir
Aðalbjörg Sigurrós Vigfúsdóttir
Jófríður Guðbrandsdóttir
Andri Már Halldórsson
Hulda María Þorbjörnsdóttir
Róbert Högni Þorbjörnsson
Úlfur Benedikt Fjölnisson
Anton Vigfús Guðmundsson
Ísól Hanna Guðmundsdóttir
Jónatan Magnús Guðmundsson
Þorbjörn Bjartmar Björnsson
Fjölnir Ernis Sigvaldason
Guðmundur Magnús Elíasson

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Íva Bjarnadóttir

Sóltúni 2, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 14. maí verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju á morgun, föstudaginn 26. maí, kl 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Björn Halldórsson
Edda Magndís Halldórsdóttir
Viðar Halldórsson
Gyða Halldórsdóttir
Dóra Kristín Halldórsdóttir
Sigrún Guðnadóttir
Kristín Bjarnadóttir
Kristinn Jóhann Sigurðsson
Ragna Bogadóttir
Guðjón Reynir Jóhannesson
Kristján Þórðarson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

KINDUR Í HAGA Þessar fræknu kindur hlaupa hér í sumarhagana gegnum hlið bæjarins Moernsheim í Þýskalandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

AFMÆLI

Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri er 63 ára.

Hugo L. Þórisson sálfræðingur er 57 ára.

Kristjana Stefánsdóttir djasssöngkona er 38 ára.

Jóel Pálsson tónlistarmaður er 34 ára.

Jóhannes Karl Guðjónsson knattspyrnumaður er 26 ára.

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir alheimsfegurðardrottning er 22 ára.

ANDLÁT

Guðný Soffía Tryggvadóttir, Skólabraut 3, Seltjarnarnesi, lést á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi laugardaginn 20. maí.

Hilmar Sigurbjörnsson, Herjólfsgötu 7, Vestmannaeyjum, lést á dvalarheimilinu Hraunbúðum Vestmannaeyjum sunnudaginn 21. maí.

Hrefna Sigurðardóttir, Bergstaðastræti 11a, áður til heimilis á Suðurgötu 13, Reykjavík, lést miðvikudaginn 10. maí. Bálför hefur farið fram.

Jóhann Sólberg Þorsteinsson lést föstudaginn 12. maí. Útför fór fram í kyrrþey.

Jón Jóhannsson frá Valhöll á Bíldudal, til heimilis á Kleppsvegi 62, Reykjavík, lést þriðjudaginn 23. maí.

Pétur Guðlaugsson, Austurbrún 37, Reykjavík, lést á líknardeild LHS í Kópavogi föstudaginn 19. maí.

www.verk.hi.is

VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Sigurlið!

Verkfræðideild Háskóla Íslands

Metnaður – framsækni – úthald
... á öllum sviðum.

1. sæti í keppninni **„Hjólað í vinnuna“** með flesta kílómetra
á starfsmann í fyrirtækjaflokki 30-69 starfsmenn.

BJÖRGUM BORGINNI

„UNGIR SJÁLFSTÆÐISMENN TELJA OPINBERA STYRKI TIL MENNINGARMÁLA EKKI EIGA RÉTT Á SÉR OG VILJA AFNEMA ÞÁ MEÐ ÖLLU.“ *

*ORÐRÉTT ÚR NÝSAMÞYKKTRI STEFNU UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA

X-S | UNGT SAMFYLKINGARFÓLK

ALLT HITT

[TÍSKA HEIMILI HEILSA]

Geðhjálp hefur opnað nýjan vef, www.gedhjalp.is. Vefurinn er nú til reynslu en mikil vinna var lögð í að hann yrði aðgengilegur öllum. Allar ábendingar, hugmyndir og athugasemdir eru vel þegnar. Ætlunin er að hýsa á vefnum reynslusögur og efni um málefni geðsjúkdóma.

Má Mí Mó, húsgagnaverslun, er að hætta starfsemi sinni. Vegna þessa verður rýmingarsala í versluninni út maímánuð. Hægt verður að fá mikinn afslátt af vörum og efnum. Verslunin er til húsa að Tryggvagötu.

Gyllti kötturinn átti von á risastórri sendingu af nýjum vörum í vikunni. Hins vegar brást þjónustan hið ytra og búðin fékk aðeins hluta sendingarinnar í hús. Því er von á enn fleiri vörum á næstu dögum og því vert að gera sér nokkrar ferðir í Gyllta köttinn til að kíkja á úrvalið.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 25. maí, 145. dagur ársins 2006.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.42	13.25	23.10
Akureyri	3.01	13.09	23.21

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Heiðdís Lilja Magnúsdóttir, blaðamaður Nýs lífs, í flotta svarta kjólnum sínum sem hún fann á botni kassa sem var á leið í ruslið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Fann kjól í foreldrahúsi

Reynslan hefur sýnt sig að það er aldrei gott að henda neinni flík, þar sem tískustraumar koma í bylgjum. Heiðdís Lilja Magnúsdóttir, blaðamaður Nýs lífs, datt í lukkupottinn þegar hún gramsaði í gegnum ruslapoka á æskuheimili sínu.

Heiðdís var stödd á heimili foreldra sinna á Sauðárkróki þegar hún rakst á forláta kjól sem í dag er hennar uppáhaldsflík. „Foreldrar mínir voru að flytja af æskuheimili mínu og ætluðu að henda úr geymslunni. Ég ákvað að gramsa aðeins og fann þessa dásemd á botninum á einum kassanum. Ég fílaði mig eins og Harrison Ford þarna því hefði ég ekki grafið kjólinn upp hefði hann einfaldlega lent í ruslinu.“ Kjólinn hafði móðir Heiðdísar átt og keypti hann fyrir nokkrum áratugum í London.

Helsta kost kjólsins segir Heiðdís vera einfaldleika hans. „Ermarnar eru líka skemmtilegar, lausar og loftkenndar. Að framan er síðan flott heklað stykki og að aftan er hann bundinn með slaufu. Mér finnst ég voðalega fín þegar ég er komin í hann,“ segir Heiðdís og bætir við að hún hafi notað hann sem spari, í brúðkaup og árshátíðir, og einnig yfir gallabuxur.

Dags daglega segist Heiðdís helst klæðast gallabuxum og síðan einhverjum flottum kjól, bol eða topp utan yfir. „Ég er samt ekki síðkjólatýpa, ég er ekki mikið fyrir glamúr galakjóla og læt helst ekki sjá mig í þeim,“ segir Heiðdís með bros á vör. Hún segist einnig vera sammála Silvíu Nótt um að buffalo-skór séu ekki mjög töff.

Heiðdís segist óhjákvæmilega hugsa mikið um tísku enda skrifi hún mikið um tísku í Nýju lífi. „Ég er samt enginn tískugúru, ég lifi hvorki né hrærist í þessu, að öðru leyti en því að ég ligg í tískublöðum og reyni að vera með á nótunum. Ég hef samt gaman af tísku, ég neita því ekki.“

steinthor@frettabladid.is

Tískuboltar frá Paul Smith

FÓTBOLTI ER EKKI BARA FÓTBOLTI.

Hinn ofurbreski tískuhönnuður Paul Smith hefur hannað fjörlega og flotta línu sérstaklega fyrir heimsmeistaramótið í fótbolta. Hann er eins og flestallir Bretar mikill áhugamður um keppnina en gamaldags fótboltar hans hafa vakið mestu athyglina. Hægt er að skoða línuna nánar á heimasíðunni www.paulsmith.co.uk/shop/world-cup.



Skemmtileg mynstur setja áhugaverðan brag á boltana og sæma sér jafnvel vel uppi í hillu. Þeir kosta líka skildingin eða frá rúmlega tuttugu þúsund krónum. Þó er hægt að fá mun heðfbundnari bolta, sem eru að vísu ekki nærri eins flottir, í verslunum Selfridges fyrir mun minni pening, um tvö þúsund krónur. Hver segir svo að tískuliðið geti ekki spilað fótbolta, sjáið bara David Beckham.

- sha

Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.

3ja ára

6 ára

9 ára

12 ára

www.design.is @ 2006

HÚSGAGNAHEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

Íslenska ullin er frábrugðin annarri ull að því leyti að hún hrindir frá sér vatni. Þessi eiginleiki er líklega kominn til vegna þróunar og aðlögunar íslensku sauðkindarinnar að íslenskum aðstæðum.

NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja

Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum. Spar þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá.

Vindþétt, litríkt og létt

Langar og stuttar gönguferðir sumarsins kalla á léttan og góðan fatnað. Soft Shell efnið er að ryðja sér til rúms í útivistarfatnaði.

Íslenska sumarið er ekki alltaf eins hlýtt og við vildum hafa það og því er þörfin fyrir skjólflíkur mikil enda útivist stunduð stíft á þeim árstíma. Göngur krefjast vindþétts og þægilegs fatnaðar og þegar haldið er í útilegur er líka þörf á hlýjum og þéttum fötum því kvöldin geta orðið svöl. Soft Shell heitir efni sem nú ryður sér til rúms í útivistarfatnaði. Það andar vel, er létt og vindþétt auk þess sem það hrindir vætu vel frá sér, einkum þegar það er nýtt. Áferðin er slétt og lítið eitt glansandi en innra byrðið er mjúkt, líkt og flísefni. Þetta efni er nú orðið mikið notað hjá virtum framleiðendum útivistarfatnaðar eins og The North Face. Litirnir eru líka fjölbreyttir. - gg

Hágæða göngujakki úr Soft Shell með merkinu The North Face. Vasarnir eru háir til að lenda ekki undir bakpokaólinni sem er bundin fram yfir mittið. Vindþéttur og nánast vatnsheldur. Teygja í gráa efninu gerir allar hreyfingar handleggja léttar. Kostar 22.990 í Útilífi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lítið eitt aðsniðinn Cintamani jakki úr Soft Shell. Vindþéttur og nánast vatnsheldur. Fæst líka í bláu, svörtu og appelsínugulu í Útilífi. Verðið er 13.990.

Þessi sportlega treyja með stroffi og hettu frá Cintamani er úr þunnu Shoft Shell efni. Svarta efnið undir handveginum er enn þynnra og andar vel. Fín, ekki bara í fjallið heldur líka á götuna og hvar sem er. Fæst í mörgum litum í Útilífi og kostar 9.990.

Léttur Soft Shell jakki, vindþéttur og nánast vatnsheldur. Gráa efnið undir höndunum andar sérlega vel og hleypir út svita. Rennilásinn er úr plasti og vindþétt hlíf undir honum. Fæst líka í svörtu. Verðið er 15.990 í Útilífi.

Léttur og frjálslegur golfjakki úr teygjuefni sem andar einkar vel. Bæði vatns og vindþéttur. Eini jakkinn hér á síðunni sem ekki tilheyrir Soft Shell fjölskyldunni en langaði með. Verðið er 17.490.

BRILLIANT
Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is

belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Mikið úrval af gallafatnaði

Vertu þú sjálf – vertu Bella donna

Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15

www.belladonna.is

Ný snið fyrir sumarið

Ný sniðablöð sem heita Ottobre fást nú í Föndru á Dalveginum.

„Þar sem mikill áhugi er fyrir saumaskap og hönnun núna þá ákváðum við að bjóða upp á ný sniðablöð sem heita Ottobre og eru finnsk en við fáum þau á ensku," segir Guðbjörg Ingólfsdóttir í Föndru. Hún segir bæði vera um kvennablöð og barnablöð að ræða. „Við seljum líka flest efnin sem eru á myndunum í blöðunum þannig að það er algerlega hægt að sjá hvernig flíkin muni líta út," segir hún og nefnir að hún hafi verið að taka upp ný krakkafataefni frá Hilco og silki og sumarefni frá Topptex. Hún segir einnig stöðugt bætast við úrvalið af hinum dönsku Onion sniðum. -gg

Ottobre er sniðablað og fæst í Föndru á Dalvegi.

fylgihlutir }

Smá glingur

Úr eru og munu alltaf vera nauðsynlegur aukahlutur, ekki nema að einhverjum takist að búa til innbyggða klukku í hausinn á okkur. Jafnvel þó að það takist þá er flott úr alltaf töff aukahlutur. Flottustu úrin eru að sjálfsögðu alvöru skífuúr en tölvuúrin hafi svolítið farið halloka að undanförnu. Til þess að vera enn svalari og bera smá af er fátt flottara en gullúr, jafnvel þó að þau hafi einungis verið keypt af götusala í New York á þúsund kall.

Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Ilmur, hrukkubanar og appelsínuhúð

Sumarið nálgast nú óðum, þó stundum geti maður spurt sig þegar litið er á hitamælinn, hvort sem er í Reykjavík eða París, hvort svo sé í raun og veru. Á sama tíma má sjá í hverju einasta tímariti allt það sem er ómissandi fyrir sumarið, svo sem þvengskó, sólgleraugu og fleira. Ekki má gleyma öllum galdrapillunum og kremunum sem eiga að bræða magann í einni svipan og slétta appelsínuhúðina áður en haldið er út í sólina - og auðvitað svínvirkar þetta allt saman! Hvert einasta snyrtivörufyrirtæki hefur fundið upp alveg nýja lausn til að eyða hrukkum, pokum og lyfta hreinlega augnalokunum án andlitslyftingar, (Success eye teck, Guerlain). Elizabeth Arden veðjar á sjávarkrem sem virkar í heilan sólarhring (Creme hydradante Continune 24h) en Vichy trúir á krem sem vinnur á nóttinni, afeitrar og nærir húðþræðina (liftactiv pronuit).

Ég vona að þið hafið ekki gleymt að byrja á sólartöflunum sem á að taka inn tveimur mánuðum fyrir sólarferðina til að undirbúa húðina og minnka brunahættu. Annars er alltaf hægt að skella á sig brúnkukremi, en þau verða sífellt betri og hrukka miklu minna en ofnotkun á sól.

Hvert fyrirtækið keppist svo við annað að senda á markað sumarilm sem þetta árið á helst að vera með rósailmi eins og La rose angel frá Thierry Mugler. Armani hefur gert Armani code (sbr. Da Vinci code?). Aðrir róa á gömul mið eins YSL sem enn og aftur markaðssetur Paris, Eau d´été fyrir sumarið án þess að taka mikla áhættu með ilmi af bleikum rósum. Issey Miyake blandar saman rósum og liljum, Stella McCartney veðjar á sítrónuilm, Trendy.

Svo er það alveg ný ilmvatnsgrein sem hefur verið að þróast í París þar sem eru í boði einir fimmtán ilmir, hver og einn einstakur. Frédéric Malle hefur á fimm árum skapað sér nafn sem aðal lúxusilmframleiðandi borgarinnar og hefur nýlega opnað þriðju ilmvatnsbúð sína í París 21, Mont-Thabor í fyrsta hverfi sem líkja mætti við musteri ilmsins. Þveröfugt við flesta í lúxusiðnaðinum sem reyna að láta sem mest á sér bera er allt byggt á látleysi og einfaldleika hjá Malle enda minna búðirnar meira á listagallerí en tískuhús. Viður á gólfinu, bækur á veggjum og svo hinir ótrúlegu „mátunarklefar“ úr gleri til þess að „máta“ ilminn af ilvötnunum. Ilmvatnsglösin nútímaleg með svörtum miða og rauðum stöfum. Innst í búðinni skrifstofa með glerhurð þar sem ekkert er falið, til að skapa trúnaðarandrúmsloft. Þrátt fyrir látleysið hefur orðspor Frédéric Malle borist víða og nú hefur stórverslunin Barney´s í Bandaríkjunum, keðjan sem kom bæði Armani og Prada á koppinn á sínum tíma, veðjað á hann. Yndislegt líf!

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

Fallegri og unglegri húð með Biotherm

Nýjar snyrtivörur frá Biotherm sem viðhalda unglegu andliti og líkama eru komnar í verslanir.

Biofirm Lift er þéttandi og styrkjandi krem fyrir andlit og háls. Kremið viðheldur teygjanleika húðarinnar og fyllir upp í hrukkur og ójöfnur svo húðin fær fallegri áferð.

Cellulite Intense Peel er gel með tvöfalda virkni. Á sama tíma og gelið vinnur á appelsínuhúð, slípar það húðina og endurnýjar hana. Útkoman er fallegri útlínur og sléttari húð.

Hönnunarverslanir í SoHo

Hvar annars staðar en í SoHo-hverfinu í New York finnur maður fínustu og flottustu tískuvöruverslanirnar?

SoHo, sem stendur fyrir South of Houston, hefur lengi verið svalasta hverfi Manhattan-eyju New York borgar. Þar má finna allar dýrustu verslanirnar sem jafnframt eru þær mest nýmóðins. Tískuvöruframleiðendur hafa margir lagt mikla vinnu og peninga í að gera verslanir sínar sem flottastar og hafa margir fengið heimsfræga arkitekta til þess að hjálpa sér að gera híbýli sín sem glæsilegust. Gott dæmi um magnaða verslun er flaggskip Prada, sem hollenski arkitektinn Rem Koolhaas hannaði.

Nýjasta viðbótin við þessa flóru hönnunarverslana má finna á svolítið undarlegum stað. Í húsi sem er bæði ljótt að utan og staðsett í nokkuð skuggalegri götu hefur Longchamp nýlega opnað nýja og glæsilega verslun, La Maison Unique. Til verksins var fenginn breski arkitektinn Thomas Heatherwick en það sem er helst sérstakt við verslunin er að aðalhæð hennar er ekki sú fyrsta heldur önnur hæðin, sem er gert til þess að fá fólk í gegnum allt rými verslunarinnar.

Stigi verslunarinnar Longchamp flæðir einstaklega skemmtilega.

Hönnun verslunarinnar var mjög flókin en í hana var notað stál sem var blandað við náttúrulegt gúmmí. Á yfirmaður stálverksmiðjunnar að hafa sagt að hann „hafi einungis gert þetta til þess að geta sagt barnabörnunum sínum frá því.“

- sha

MCPLANET VERSLUN
Austurhraun 3
210 Garðabær
s: 533 3805

OPIÐ:
mán - fös 10 - 18
lau 11 - 14

100% náttúrulegt

- *100% náttúrulegir jurtalitir*
- *Engin skaðleg aukaefni*
- *Ekkert ammóníak*
- *Laust við festiefni (Resorcinol)*
- *Þægilegt og fljótlegt í notkun*
- *30 litir (Hægt að blanda fleiri)*

Einnig sjampó, hárnæring o.fl.

Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana

DREIFING: JÓN KARLSSON • SÍMI: 5610570



ALLT FYRIR HEILSUNA

ALLT er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is**. Ef þú ert að breyta um lífsstíl er gott að hafa **ALLT** við höndina því þar finnur þú **ALLT** sem þú þarft til að koma þér í form. **ALLT** er líka að finna í þjónustunúmerinu **1850** og í vor verður **ALLT bókinni** dreift til allra landsmanna. **Þú finnur ALLT á visir.is!**

Fíton/SÍA

visir | NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT | allt

Crocs "Ný sending"



Nútíð og fortíð kallast á

Sýning á verkum Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar er opnuð í dag á Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi.

„Við erum mjög stolt af því að hafa fengið að setja upp verk Steinunnar Sigurðardóttur," segir Elín S. Sigurðardóttir, safnstjóri Heimilisiðnaðarsafnsins. Hún bendir á að Steinunn sé einn af okkar fremstu hönnuðum enda eigi hún glæstan feril að baki hjá helstu fatahönnuðum heims, eins og Gucci, Ralph Lauren, Calvin Klein og La Perla og nú hafi hún skapað sér sitt eigið nafn. Elín segir líka gæta verulegra áhrifa frá íslenska búningnum í hönnun Steinunnar og þess vegna tengist sýningin svo vel því sem fyrir er á safninu. „Það er mjög sterkur þráður þarna á milli þannig að segja má að nútíð og fortíð kallist á hér í okkar salarkynnum," segir hún.

Listafólki hefur verið ætlað sérstakt rými í heimilisiðnaðarsafninu frá því það var stækkað árið 2003 og þar hafa verið haldnar fágðar og vandaðar sýningar. Elín segir þessa hafa verið í undirbúningi í nokkra mánuði. „Tíminn frá hugmynd til veruleika er líklega orðinn ár," segir hún og lýsir fyrirkomulagi sýningarinnar gegnum símann. „Við erum með myndband um Steinunni í gangi sem kallar fólk að, þar tekur hönnunin hennar við í opnu rými og í enda salarins er búið að safna þjóðbúningum safnsins saman. Ég fékk konu frá Þjóðbúningastofu til að koma norður og fara yfir alla búningana svo þeir eru mjög fínir og Guðrún Gunnarsdóttir, listakona og textílhönnuður, hefur notað sitt myndræna auga og stillt þeim upp."

Elín segir safnið verða opið daglega frá 1. júní og sýningu Steinunnar verða uppi við í allt sumar.

gun@frettabladid.is

Þessar hafa örugglega margt að segja hvor annarri. MYND/INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR

Það er mikill og vel búinn kvennafans sem tilheyrir safninu.

Hönnun Steinunnar Sigurðardóttur verður til sýnis í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi í allt sumar.

Unga fólkið eins og Jordi Labanda sér það.

Jordi Labanda

Jordi Labanda hefur vakið mikla athygli fyrir myndir sínar og sýn á nútímasamfélag.

Jordi fæddist í Úrúgvæ en fluttist ungur til Barcelona þar sem hann hefur búið síðan. Hann útskrifaðist úr iðnaðarhönnun og fljótlega eftir það fóru verk hans að birtast í tímaritum úti um allan heim.

Myndir Jordi sýna nútíma manneskjur sem lifa hátt og hrærast í heimi tískunnar. Sýn hans á nútímann, mannúð, list og samfélagið er oft á tímum skopleg en um leið sönn. Fáir teiknarar hafa sett mark sitt jafn skýrt á tískuna og Jordi en hægt er fá flíkur með myndum hans í hátískuverslunum.

Stjörnufans Chanel

Stjörnunum leiðist ekki að sýna sig og sjá aðra á tískusýningum. Sérstaklega ekki þegar málið snýst um hönnun Karls Lagerfeld.

Karli Lagerfeld leiðist ekki að vera í kringum frægar og fallegar stjörnur.

Þegar kemur að því að fá stjörnur til þess að mæta á tískusýningar trekkir enginn betur að en Karl Lagerfeld, yfirhönnuður Chanel. Í síðustu viku sýndi Lagerfeld nýja línu Chanel í New York og var margt um manninn í áhorfendaskaranum.

Leikkonan fagurhærða Julianne Moore sat við hliðina á ritstjóra Vogue-tímaritsins, Önnu Wintour. Hin upprennandi leikkona Maria Bello hafði skemmtilega sýn á hönnun Chanel. „Mér finnst ég vera óþekk í Chanel. Ég er ögrandi án þess að vera spjátrungsleg.“

Aðalstjarna þáttanna The O.C., Micha Barton, var einnig á svæðinu og hún eins og aðrir hafði sínar skoðanir um Chanel. „Mér finnst ég alltaf vera glæsileg í Chanel. Chanel blandar saman því kvenlega og karlmannlega afar vel,“ sagði hin spengilega Barton. **- sha**

Risa afmælisveisla

Naomi Campbell hélt risa afmælisveislu í tilefni 36 ára afmælis síns. Veislan stóð í þrjá daga en henni lauk í gær.

Heiðurinn að hátíðarhöldunum átti kærasti Campbell, Badr Jafar. Veislan fór fram í Dubai á Burj Al Arab hótelinu en Campbell og föruneyti leigðu 18 hæðir hótelsins. Frá þessu er greint í vefútgáfu Vouge.

Fjöldi stjarna mætti í veisluna, meðal annars Eva Herzigova og Linda Evangelista. Veislan var þemaskipt en fyrsta daginn mættu allir í hvítu, annan daginn réð hip-hop ríkjum og lokadaginn dönsuðu allir brasilíska sömbu. Veislan er talin hafa kostað í kringum 135 milljónir. **- tg**

Naomi er orðin 36 ára gömul.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Nýtt frá Clarins

SKRÚBB MEÐ TVÖFALDA VIRKNI

Gommage Exfoliant Peu Neuve - Smoothing Body Scrub For a New Skin er nýtt skrúbb frá Clarins sem hreinsar húðina og nærir hana í senn. Skrúbbið er notað einu sinni til tvisvar sinnum í viku og útkoman er silkimjúk húð.

Nýtt skrúbb frá Clarins sem hreinsar og nærir húðina í senn.

Svart og hvítt Lanvin

Lanvin er eitt elsta tískuhúsið í París, stofnað 1889 af Jeanne Lanvin. Svart og hvítt er þemað í sumar.

Í stefnu Lanvin segir meðal annars að „Svart sé eins og strik á hvítu blaði, hreinasta form glæsileika, silúetta skuggans pöruð andstæðum sínum“. Lanvin hefur greinilega miklar mætur á svörtu og sést það vel á sumarlínunni.

Bindi og og jafnvel slaufur eru áberandi í kventískunni. Annað sem vekur athygli eru japönsk áhrif í formi kirsuberjamunsturs, orkídea og obi-belta. Kjólarnir eiga að minna á pensilstrokur á beru skinni og silkihvirfla sem hverfa jafn skjótt og þeir myndast. **- tg**

Einfalt og glæsilegt. FRÁTTABLAÐIÐ/AFP

Hvítt og svart með kirsuberjablómum. Allt í anda sumartísku Lanvin. FRÁTTABLAÐIÐ/AFP

Bindi gerir gæfumuninn. FRÁTTABLAÐIÐ/AFP



Tannkrem er fínasti fægilögur á silfur. Auðvitað er best að nota þar til gerð efni en ef þau eru ekki við hendina dugar tannkremið í þetta eina skipti.

Þil ehf., Byggingarfélag
Húsbyggingar
Getum bætt við okkur uppsteypuverkefnum.
Nýleg mót og lipur krani.
Upplýsingar í síma 893-3322.

VEISLUÞJÓNUSTA
Alheimseldhús
sérhæfum okkur í gómsætum, framandi og skemmtilegum réttum fyrir stóra og litla hópa.
Smáréttir, fingrafæði og tapasréttir fyrir ÚTSKRIFTARVEISLUNA
Kjöt-og fiskiréttir fyrir GRILLVEISLUNA
Brúðkaup, Afmæli, Saumaklúbbar, Matarboð.
upplýsingar: 822-5230 eða ulfur@alheimseldhus.is

Ertu skóhólisti?
Það er til lausn!
Fallegu Clearbox dömuöskjurnar eru svar þitt við hrúgunum sem flæða út úr skóskápunum.
Öskjurnar eru líka til í stærðum fyrir stígvélaáhugamenn og skóara.
Notaðu augljósu geymsluaðferðina.
www.theclearbox.com - sími 511 0909

www.svefn.is
IQ-CARE HEILSUKODDAR
Svefn & heilsa ★★★★★

Allt fyrir lautarferðina !

Nestistaska

Teppi með einangrun
Villeroy & Boch
Kringlunni

allt bílar
Alla laugardaga

Upplifun fyrir lyktarskyn, augu og bragðlauka

Franskar heimilisvörur í rómantískum sveitastíl fást í versluninni Nóru sem var opnuð nýlega á Lynghálsi 4.

Nett útflúruð húsgögn, mynstraður borðbúnaður og meira að segja sessalonar fyrir litlu sætu gæludýrin eru meðal þess sem hin nýja verslun Nóra býður upp á. Þar er vítt úrval af alls kyns gjafavöru, svuntum, servíettum, ilmkertum og sápum og meira að segja geisladiskar með franskri tónlist í tindósum. „Þetta eru rómantískar heimilisvörur sem flestar koma frá Frakklandi,“ segir Jakobína Sigurðardóttir, sem er einn af eigendunum. „Það er dálítill hópur á bak við Nóru,“ segir hún og gerir nánari grein fyrir honum. „Að hluta til er það fólk sem hittist í rekstrar- og viðskiptanámi hjá Endurmenntunardeild Háskólans fyrir nokkrum árum og að hluta til fólk sem tengist gegnum félag kvenna í atvinnurekstri. Það eru komin tíu til tólf ár frá því við hófum námið í HÍ þannig að það er nú ekki eins og hafi verið rokið í þetta á fyrsta degi. Niðurstaðan varð svo sú að koma þessari verslun á koppinn.“

Eitt af því sem athygli vekur í Nóru er notalegt andrúmsloft, fullt af framandi ilmi af kryddolíum, kaffi, kertum og sápum. Þar er meira að segja lítið kaffihorn þar sem hægt er að tylla sér niður með heitan drykk og líta í falleg húsbúnaðarblöð sér til dægrastyttingar. „Við vildum hafa hér upplifun fyrir augu, lyktarskyn og bragðlauka fólks,“ segir Jakobína brosandi og ekki ber á öðru en það hafi tekist.

gun@frettabladid.is

Jakobína Sigurðardóttir, einn af eigendum Nóru, og Oddný Eiríksdóttir verslunarstjóri.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Svuntur, diskaþurrkur og alls kyns smávörur í eldhúsið.

Hnífapör í virðulegum stíl.

Mortél, olíur og annað á eldhúsborðið.

Sessalon fyrir hvutta.

Heimilislegir bollar fyrir kaffi og kakó.

Gamaldags skápar á sveitasetrið.

Í baðherbergið.

Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

Tóbakshorn – konkvistadorar og kristmunkar

Grasafræðingarnir og kristmunkarnir sem fylgdu leiðöngrum hinna spænsku konkvistadora, sigurherranna, um Mið- og Suður-Ameríku á öndverðri sextándu öld sinntu lítið bardögum og erjum við frumbyggja þessara slóða. Mörgum þeirra þótti jafnvel full hart fram gengið að varnarlausu og oftastnær vingjarnlegu og elskulegu fólkinu sem þarna hafði ríkjum ráðið og þróað menningu sína í aldaraðir. Meðan konkvistadorarnir hrifsuðu og heimtuðu, drápu friðsamt fólkið, rændu og rupluðu öllu sem þeim sýndist hagnaðarvon í, gengu grasagrúskararnir um og söfnuðu sýnishornum af öllum gróðri sem þarna var að finna í ræktun. Þeir gerðu sér far um að vingast við fólkið og fá hjá því vitneskju um hvernig og til hvers hver tegund væri ræktuð og brúkuð. Ekki var þó forvitnin, vísindaþráin og þjóðfræðin þeirra aðalmarkmið, heldur voru þeir gerðir út af mikilli nytjahyggju spænsku hirðarinnar, sem krafðist þess að allt sem að gagni gæti komið úr hinum sigruðu lendum „Nýja heimsins“ væri skoðað, skráð og skilgreint. Nytjaplöntur ekki síst. Meira að segja var settur á stofn sérstakur grasagarður á Kanaríeyjum, Jardin de Aclimatación á Tenerífe, til að taka við hinum grænu gersemum og venja þær við andrúmsloft nýrra heimkynna. Með þessum hætti bárust t.d. kartöflur, tóbak, tómatar og fleiri tegundir fyrst til Evrópu. En það var ekki bara einblínt á þær plöntur sem hægt var að nærа búkinn á. Augu og andi fengu líka sína næringu, því mikill fjöldi skrautjurta fylgdi með. Þar á meðal tóbakshornið.

Vinsælar um allan heim

Nú eru tóbakshorn eða petúníur líklega þau sumarblóm sem njóta mestra vinsælda meðal þjóða heimsins. Það er sama hvorum megin miðbaugs er komið um sumartímann. Alls staðar flæða fossarnir af þessum stóru og litríku blómlúðrum niður húsveggi, blómaker og milligerðir af öllu tagi.

Tóbakshorn nútímans eru samt ekki alveg eins og þau sem kristmunkarnir fluttu með sér. Aztekar og Mayar í norðri og Inkar í Andesfjöllum höfðu ræktað nokkrar mismunandi og staðbundnar tegundir. Vísindaheiti þeirra, Petunia, er komið úr brasilísku indíánamáli, af „pétun“ sem þýðir einfaldlega tóbak. En enda þótt tóbakshorn og tóbaksplöntur séu náskyldar og furðu líkar tilsýndar er ekkert nikótín að finna í þeim fyrrnefndu. Báðar tilheyra þær þeirri plöntuætt sem gefur okkur kartöflur, tómata, eggplöntur og paprikur. Lítið gerðist samt í ræktun tóbakshorna fyrr en í byrjun liðinnar aldar. Þá var byrjað að æxla saman frumtegundunum til að fá fram stærri blóm og afleiðing þess kynbótastarfs skilaði sér í ótal tilbrigðum í litum og lögun tóbakshornablómanna.

Súrfíníur – seigar og sækja á

Hámarki þessa kynbótastarfs má svo segja að hafi verið náð með hinum svokölluðu „Súrfíníum“ sem eru einkar blómstórar, blómsælar og fást í mörgum hreinum litbrigðum, hvítar, rauðar, bleikar, gular og fölbláar. Í blómsæld og framkomu standa þær mun framar eldri gerðum af tóbakshornum. Nýlega hafa komið fram fyllt súrfíníuafbrigði sem minna á rósir. Súrfíníurnar eru mun breiðvaxnari og meiri um sig en gömlu tóbakshornin og miklum mun blómviljugari. Þær elska sól og yl en eru samt furða kuldaþolnar. Samt verður að verja þær gegn frosti og í köldum og votviðrasömum sumrum geta þær orðið æði niðurlútar. Hafið þær í góðu skjóli gegn vindi og úrkomu. Súrfíníunum er eðlilegast að vaxa lárétt og koma best út í hengipottum eða þar sem greinarnar flæða niður, fullar af blómum. Þær þurfa ekki stóra potta, en nauðsynlegt er að gefa þeim venjulegan skammt af pottablómaáburði vikulega. Vökvið þegar moldin er þurr viðkomu og þá gjarnan með volgu vatni. Klípið sölnuð blóm af um leið og þau sjást. Það þéttir plönturnar og eykur blómgunina.

Lítið mál að læsa neti

Það eru ekki aðeins vírusar og óprúttnir hakkarar sem geta kostað þig fúlgu fjár gegnum netið.

Internettengingum fjölgar dag frá degi. Á mörgum heimilum eru þráðlaus net sem vissulega eru þægileg þegar allir fjölskyldumeðlimir eru komnir með fartölvur. Þráðlaus net eru ekki örugg og sé þeim ekki læst getur hver sem er tengst þeim án þess að borga kostnaðinn sem af hlýst.

Algengast er að niðurhal sé takmarkað. Sé farið yfir það mark þarf að borga fyrir alla gagnaflutninga og lendir sá kostnaður á þeim sem skráður er fyrir netinu, hvort sem hann ber ábyrgð á niðurhalinu eða ekki. Fjölmörg dæmi eru þess að reikningurinn hafi ekki verið í neinum tengslum við notkunina en þá hefur nágranninn nýtt sér netið óspart.

Sé þráðlaust net óvarið kemst hver sem er inn á það. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Lítið mál er að læsa neti og þá er ekki hægt að tengjast því nema með sérstökum kóða. Kóðinn er sleginn einu sinni inn og eftir það hefur viðkomandi tölva aðgang að netinu. Vertu viss um að þitt net sé læst svo óprúttnir aðilar misnoti ekki aðstöðuna.

- tg

Sizzle ® King

GASGRILL smíðað úr ryðfríu stáli • Fjórir massívir brennarar úr pottjárni 18,4KW/h • Grindur yfir brennurum úr áli • Grillteinn og rafmagnsmótor • Ábreiða • Hágæða elektronískur kveikjari • Tvö sett af grillgrindum annarsvegar úr krómuðu stáli og hinsvegar úr pottjárni (ein heil plata) • Skápur fyrir gaskútinn og tvær stórar skúffur • 4 hjól 2 með bremsu • Skúffa í fullri stærð undir brennurum sem tekur við fitu • Skúffa á hliðarborði til að geyma t.d. krydd og drykki • Hitamælir á loki • Grillflötur 78 x 46cm • Utanmál með lokið niðri H:124cm B:159cm D:59cm • Afhent samsett ef óskað er.

Kynningarverð 99.900

ECC Skúlagötu 63 – Sími 511 1001

www.ecc.is

ECC

Falleg hönnun á falleg heimili

explorer

nýbýlavegi 18 | s. 517 2100

mubla

Öflugt lið ungra, kröftugra og áhugasamra starfsmanna **Lind** uppfyllir þarfir kröfuharðra viðskiptavina sinna með stöðugu flæði frábærra hugmynda og hefur ávallt að leiðarljósi að færa þeim hámarksgæði og fallega hönnun.

Klassísk hönnun,
komdu og skoðaðu!

ocean

Á heimilisdeildinni er að finna ýmsar smávörur, handklæði og sængurföt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eina deildin utan Bretlands

Fyrir skemstu flutti verslunin Next sig um set í stærra húsnæði í Kringlunni. Meðal þess sem bæst hefur við er heimilisdeild.

Heimilisdeildin ku vera eina Next-heimilisdeildin utan Bretlands. Samkvæmt Tinnu Jóhannsdóttur, verslunarstjóra Next, er þetta þó ekki í fyrsta sinn sem slík deild hefur verið opnuð utan Bretlands. Þeim hefur ekki gengið sem skildi og öllum verið lokað. Eigendur Next á Íslandi eru því að taka nokkra áhættu. „Þetta er ný tilraun til að láta þetta virka fyrir utan Bretland," segir Tinna. „Í Bretlandi fara allt að 30 prósent af gólffleti Next-búða undir heimilisdeildina. Við höfum verið að taka inn einn og einn hlut, kertastjaka, ramma og slíkt en okkur fannst rétti tíminn til að taka skrefið til fulls nú og gera hlutina fyrir alvöru."

Úti í Bretlandi er hægt að fá sófasett og önnur húsgögn í Next en eigendur hérlendis mátu stöðuna svo að ekki væri markaður fyrir slíkt hér á landi. Það má því segja að um brot af því besta sé að ræða. „Við höfum mikið með að segja hvaða vörur við tökum inn, hvaða línur við fáum sendar. Við tökum aðallega sængurföt og handklæði og aðrar smávörur. Við erum ekki með nærri því allt sem Next bíður upp á," segir Tinna.

- tg

Athyglisverð sjónarhorn

Breytingar á heimilum þurfa ekki að vera miklar til að skipta máli. Huga þarf að því að hafa hluti á réttum stöðum í réttu samhengi.

Undanfarin ár hefur orðið gríðarleg breyting á heimilishaldi fólks. Aðgangur að ódýrum, fallegum og áhugaverðum hlutum er miklu auðveldari sem þýðir að algengara er að fólk vilji breyta og bæta umhverfi sitt og hafi ráð á því. En breytingarnar þurfa ekki að vera miklar til að skipta máli. Vandlega uppstilltir hlutir, á réttum stöðum og í góðu samhengi eru gjarnan aðalatriðið.

Manninum er í blóð borið að vilja reglulega gera breytingar á lífi sínu og umhverfi, þótt í mismiklum mæli sé. Ekkert er endanlegt þegar kemur að umhverfi heimilisins. Við verðum leið á því eins og öðru, finnst heimilið, herbergið, veggurinn eða liturinn ekki lengur vekja vellíðan. Okkur langar að breyta til en vitum ekki hvernig.

Staðreyndin er hins vegar sú að litlu breytingarnar, tilfæringarnar, geta gert ótrúlega mikið. Bara það að endurraða hlutum í hillu, glugga, á skenk eða á sófaborðinu gerir heilmikið og jafnvel enn meira sé ákveðið jafnvægi milli hlutanna og samhengi þeirra á milli. Hlutirnir virka ef þér líkar þeir og þú veist hvernig þú vilt hafa þá. Þetta er góð regla að hafa í huga.

Flestir eiga ótal smáhluti, bækur, myndir og listmuni sem þeir vilja hafa uppi en finnst þeir ekki njóta sín. Það að blanda þessum hlutum saman getur verið það sem þarf til að breyta því. Ákveðin samsuða er nefnilega málið – raða saman hlutum, púsla, búa til „grúppur" og athuga hvernig þær fara saman. Hvert sjónarhorn heimilisins ætti að vekja athygli manns.

hallabara@centrum.is

Huga ber að samstæðum hlutum og staðsetja það ósamstæða í nálægð. Til dæmis einn háan hlut með nokkrum lágum svo hæðin verði atriði í uppstillingunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR SVERRISSON.

Oft getur verið betra að raða upp hlutum ef fjöldinn er oddatala. Sléttar tölur geta orðið of symmetrískar.

Varast skal að gera uppstillingar of augljósar. Finna frekar andstæður sem segja má að passi saman.

Hæð, breidd, áferð og litur eru fjórir þættir sem gera uppstillingu áhugaverða.

PUNKTAR

Þegar kemur að því að breyta og stilla upp hlutum er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Tæma þann stað sem á að breyta, hugsa um liti, áferð og lýsingu. Velta því fyrir sér sem maður á og hvað gæti vantað. Stundum vantar bara örlítið eins og að færa einn hlut aðeins lengra frá hinum.
- Huga að samstæðum hlutum og staðsetja það ósamstæða í nálægð. T.d. einn háan hlut með nokkrum lágum svo hæðin verði atriði í uppstillingunni.
- Oft er einn hlutur aðalatriðið og gott að byggja út frá honum. Varast skal að byggja of mikið og þétt. Það þarf ekki að fylla allt plássið, uppstillingin nýtur sín betur ef hún fær andrými.
- Varast skal að gera uppstillingar of augljósar. Finna frekar andsæður sem segja má að passi saman.
- Oft getur verið betra að raða upp hlutum ef fjöldinn er oddatala. Sléttar tölur geta orðið of symmetrískar.
- Hæð, breidd, áferð og litur eru fjórir þættir sem gera uppstillingu áhugaverða.

Dryzone þurrkar

Í Nýju Skátabúðinni að Faxafeni fæst skemmtileg vara sem kallast DryZone en varan flýtir fyrir þurrkun á skóm, vettlingum og öðru slíku.

DryZone er stórsniðugur búnaður fyrir þá sem stunda mikla útiveru. Dryzone samanstendur af tveimur pokum sem er fullir af svokölluðum hygroscopic-kristöllum. Pokarnir eru settir ofan í raka eða blauta skó, hanska eða annað sem þarf að þurrka. Kristallarnir draga í sig vætu og flýta þannig fyrir þurrkun ásamt því að koma í veg fyrir ankannalega lykt af útivistarbúnaðinum.

Dryzone búnaðurinn á að duga í nokkur ár sé hann meðhöndlaður rétt. Fari virknin minnkandi má setja pokana á ofn eða í örbylgju til að ná henni upp aftur.

Nánari upplýsingar um vöruna má fá hjá Nýju skátabúðinni og hjá Norðlensku Ölpunum á Akureyri.

Dryzone búnaðurinn er kjörinn í gönguferðina enda hjálpar hann til við að ná skóm og öðrum búnaði fljótar þurrum.

Fluguvertíðin

Nú er fluguvertíðin að komast á fullt og þá er ágætt að hafa nokkur atriði í huga.

Gullfallegur Labrador Retriever 10 mánaða gamall, svartur. Frábær fjölskyldu og veiðihundur til sölu v/breyttra aðstæðna. Búr og fl. fylgir með. Verð 60 þús. S. 820 8888.

Ýmislegt

Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

www.atlantskaup.is

Stigar hringstigar og handrið á lager. Til í 38mm þykkt beiki, gler og einnig stál. Mjög hagstætt verð. Einnig ryðfrítt fitting fáanleg á sama stað. Atlantskaup ehf. Uppl. í s. 533 3700.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Gisting á Spáni

Íbúð til leigu í Costa Brava og Menorca í sumar. Og í Barcelona í haust. Uppl.í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

Fyrir veiðimenn

Hestamennska

Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Jarðh. í Gbæ 2 herb. Sérinng. Laus strax, leiga út júlí. Leiga 65 þús. S. 895 8678.

Húsnæði óskast

HJÁLP Ungt par er í vandræðum að finna húsnæði, allt kemur til greina 847 3504.

Óska eftir 2. herb. eða studio íb. má þarfnast lagfæringa uppl. í s. 616 6779.

Óskum eftir 3ja herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 75þús. Upplýsingar í s. 847 7338 eða 692 2347.

Reglusamur karlmaður óskar eftir íbúð/stúdíóíbúð til leigu í nágrenni við Suðurlandsbraut. Greiðslugeta 60 þús., skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 846 0621, Siggi.

2ja herb. íbúð á skaplegu verði óskast fyrir erlendan starfsmann okkar. Staðsetning æskilegust á svæði 105. Henson hf. S. 562 6464 & 892 2655.

3ja herbergja íbúð óskast.

Óskum eftir 3ja herbergja íbúð, frá og með 1. júní, n.k. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Meðmæli ef óskað er. Nánari upplýsingar í síma 696 8999 Kristinn.

Fertugur húsasmiður óskar eftir herbergi eða lítilli íbúð til leigu. Reyklaus og reglusamur. Uppl. í síma 861 5780.

Sumarbústaðir

Sumarbústaður óskast til kaups á mjög góðu verði gegn staðgreiðslu. í Öndverðarnesi, Vaðnesi, Kiðjabergi eða í Hestlandi þarf að vera tilbúinn. Sendið uppl. á easdis@best.is

Atvinnuhúsnæði

Atvinnueign.is

Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Stór og björt skrifstofa, á 2 hæð við Fiskislóð 101 Reykjavík, góð aðkoma og sameign. Uppl. í s. 897 3290.

Óska eftir 40-60 fm húsnæði til bílaviðgerða í Rvík. Uppl. í s. 821 6625 Stefán.

Til leigu í Kópavogi 73 fm iðnaðarhúsnæði með innkeyrlsluhurð. Uppl. í s. 847 2034.

Óska eftir húsnæði undir þrif og standsetningu á hjólhýsum. Get deilt húsnæði með öðrum 3 mánuði í sumar. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 659 2452

Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað www.geymsla1.is S. 564 6500.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

ATVINNA

Atvinna í boði

Mothers and Others!

Help needed! Part time $500 - $2000 Full time $2000 - $8000 Full training www.123ibo.com
www.123ibo.com

Helgarvinna

Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 16.30 laugardag og sunnudag.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug eða Ellisif í síma 553 5280.

Aukavinna um helgar

Viljum bæta við okkur hressu og skemmtilegu þjónustufólki í helgarvinnu. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu.
Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is

Cafe Victor

Cafe Victor óskar eftir starfsfólki í sal á dagin, kvöldin og í helgarvinnu.
Uppl. veitir Baldur í s. 692 0735 eða sendið umsókn á baldur@victor.is

Starfsmaður óskast

Dag, kvöld og helgarvinna. Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 19 koma ekki til greina. Ath. Reyklaus vinnustaður.
Sólbaðstofan Smart, Við Ánanaust.

Frábær-aukavinna

Okkur vantar hressa, jákvæða og þjónustulundaða starfsmenn til þjónustustarfa í sal á veitingastaði okkar í Skipholti og Höfðabakka. Kvöld og helgarvinna, eða dagvinna, sveigjanlegur vinnutími við allra hæfi. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl. gefur Vydas Skipholti í s. 552 2211 eða 692 4310 og Gunnar Höfðabakka s. 517 3990 eða 660 1144.

Bortækni.

Óskar eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
Upplýsingar í síma 892 7544.

Kokkarnir veisluþjónusta.

Við leitum eftir manneskju í afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Einning vantar okkur mannesku í Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Smáralind til afgreiðslu. Okkur vantar líka aukafólk seinnipart viku í bæði borðin. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.
Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík

Hressir strafsmenn á góðum aldri

óskast til útiverka í sumar, góð laun og áframhaldandi vinna fyrir rétta menn. Kostur að hafa vinnuvélaréttindi eða meiraprófsréttindi.
Upplýsingar í síma. 894 7010.

Vantar vana bílamálara og bílasmið á vaxandi verkstæði. Góð laun í boði fyrir rétta menn. Uppl. í s. 896 3044, Jóhannes.

Skalli Hraunbæ

Óska eftir að ráða röska starfskrafta í kvöld, helgar og dagvinnu. Uppl. í s. 567 2880 á virkum dögum .

Europris, sumarstörf í boði, umsóknareyðublöð í öllum verslunum, sími: 533 3366 Europris

Rizzo Pizzeria óskar eftir starfsfólki nú þegar. Nánari uppl. a staðnum, Hraunbæ 121.

Bílstjórar og vélamenn

Vantar vörubílastjóra og vélamenn á litlar og stórar vélar. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 899-0150, 897-9269 og 568-0250

Trésmiðir & Verkamenn!

Vantar röska trésmiði & verkamenn í vinnu strax. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 899-0150, 897-9269 og 568-0250

Meiraprófs bílstjóri óskast. Óskum eftir að ráða bílstjóra með meira próf til afleysinga í sumar. Upplýsingar gefur Hilmar í síma 895 9600 eða á hilmar@svinvirkar.is

Hársnyrtir óskast

Hárgreiðslu & rakarastofan Klapparstíg óskar eftir sveini, meistara eða nema á 3ja ári bæði í hlutastarf og fullt starf. Uppl. gefur Sigurpáll í s. 551 3010 & 896 8544.

Ræstingar

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða strax í föst ræstingastörf, afleysingar og sumarafleysingar. Vinnutími síðdegis og á kvöldin. Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í síma 587 3111.

Dagvinna - veitingahús - óskum eftir matráð og aðstoðarmanneskju í eldhús - jákvæðni og áreiðanleiki - Svar sendist á netinu og uppl. í síma 861 2410.

allt matur
Alla föstudaga

FERÐIR / TIL SÖLU / ÞJÓNUSTA

BÍLAR OG FÓLK EHF. Bílar og fólk ehf. óska eftir bílstjórum sem allra fyrst. Um er að ræða akstur sérleyfis- og hópferðabifreiða út frá Reykjavík og Akureyri. Umsækjendur þurfa að hafa rútupróf. Skemmtileg vinna hjá traustu fyrirtæki. Frekari upplýsingar gefur Óskar í síma 699 3219.

Trésmiður eða laghentur maður óskast (helst eldri maður) við fjölbreytt verkefni, fær bíl, föt og verkfæri + utanlandsferð eftir 3 mán. í bónus. S. 892 4624.

Meiraprófsbílstjóri
Óska eftir meiraprófsbílstjóra. Góð laun í boði. Uppl. í s. 820 3283, Tómas.

Bætir ehf. Vélarverkstæði óskar eftir að ráða ungan og hressan vélvirkja eða mann vanan vélaviðgerðum. Snyrtilegt verkstæði með góðum vinnuanda. Umsóknir sendist á Fréttablaðið, Skaftahlíð 24, 105 Rvk. merk "V5544" eða á smaar@frett.is

Trésmiðir
Vantar duglega smiði í vinnu í Búrfelli í sumar. Uppl. S. 892 1552

Byggingaverkamenn
Vantar duglega byggingarverkamenn í vinnu í Búrfelli í sumar. Uppl. S. 892 1552

Atvinna óskast

AWM
STARFSMANNARÁÐGJÖF

Af hverju að auglýsa þegar að við getum fundið rétta fólkið fyrir þig ?
Traust Fyrirtæki með reyndum og áreiðanlegum steypumönnum, smiðum, járnbindingarmönnum, kranamönnum, rafvirkjum og fleira. Frá bretlandi. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá til landsins. Hringið í s. 897 8978
Upplýsingar í síma 533 3777. Meðmæli frá viðskiptavinum fáanleg.

18 ára karlmaður óskar , eftir atvinnu, get byrjað strax. Uppl. í s. 586 1338 & 862 1344.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Símaspjall 908-2444. Halló yndislegastur ég er Andrea mig langar til að vera vinkona þín kondu í símaspjall við mig. Opið allan sólahringin, engin bið..

Símaspjall 908-6666. Ég heiti Rakel og vil vera vinkona þín og langar í gott símasímaspjall við Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Óska eftir konu á miðjum aldri til að dvelja með í sumarbústað á fallegum stað vikuna 16. til 23. júní. Uppl. í s. 892 9512.

Sumarstarf á ferðaskrifstofu. Íslenskir Fjallaleiðsögumenn leita að starfsmanni á skrifstofu fyrirtækisins í Reykjavík. Viðkomandi mun annast símavörslu, sjá um bókanir og aðstoða við framkvæmd ferða. Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín í s. 587 9999 eða elin@mountainguide.is

Þriggja dyra Hyundai accent á götuna 12/99. Ný tímareim ek. 96 þús. Verð 300 þús. Uppl. í síma 697 8323.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

allt
auglýsingasími
550 5880

ATVINNA

BÍLAR OG FÓLK EHF.

Óska eftir bílstjórum sem allra fyrst.
Um er að ræða akstur
sérleyfis- og hópferðabifreiða
út frá Reykjavík og Akureyri.
Umsækjendur þurfa að hafa rútupróf.
Skemmtileg vinna hjá traustu fyrirtæki.
Frekari uppl. gefur
Óskar í síma 699-3219.

TILKYNNINGAR

Sveitarfélagið ÁRBORG

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi í sveitarfélaginu.

Tillaga að deiliskipulagi á Gráhellu á Selfossi. Skipulagssvæðið er 7,4 ha. og liggur austan og sunnan núverandi Suðurbyggar. Allt svæðið er skipulagt sem íbúðarbyggð. Svæðið nær að núverandi íbúðarbyggð að norðar og vestan, að fyrirhuguðum stofnvegi að sunnan (Suðurhólum) og landi Dísarstaða að austan. Á svæðinu er gert ráð fyrir 17 einbýlishúsum, 9 parhúsum, einnar hæða, 4 parhúsum, tvær hæðir og ris, tveim raðhúsum, ein hæð og 6 raðhúsum, tvær hæðir og ris., samtals 139 íbúðir.

Tillaga að deiliskipulagi á lóðinni Ártún 2a á Selfossi. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að lóðinni Ártún 2 verði skipt í tvær lóðir 2 og 2a. Lóðin Ártún 2a verður 850 m2 að stærð og er gerð tillaga um að byggja einbýlishús á lóðinni. Bindandi byggingarlína er 5,2 m. frá lóðarmörkum við Ártún. Nýtingarhlutfall lóðarinnar má vera 0,3 mænishæð skal ekki vera meiri en 6,0 m. Hæð og ris í samræmi við önnur hús í götunni, mænisstefna skal vera samhliða götu.

Teikningar og greinargerðir vegna tillagnanna munu liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 26. maí til og með 23. júní 2006.
Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 07. júlí 2006 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikningar og greinagerðir til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða þær og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi, 22. maí 2006.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar

FASTEIGNIR

allt
hús
Alla mánudaga

FASTEIGNIR

Opið hús í dag á milli 15 og 18
Fellsás 9 - Mosfellsbæ

Frum

Glæsilegt og vel staðsett 267,7 fm parhús á 2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Húsið stendur í enda götu, við óbyggt svæði í hlíðum Helgafellsins og nýtur stórkostlegs útsýnis af báðum hæðum. Húsið er steinsteypt og klætt viðhaldsfrírri hvítri utanhússklæðningu. Flísar og parket á öllum gólfum. Upptekin loft og halogenlýsing. **Verð 47 millj.**

Halldóra tekur vel á móti ykkur

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 16. mars síðastliðinn tillögu að Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Tillagan var auglýst þann 23. desember 2005 og lá frammi til kynningar til 3. febrúar 2006. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út 3. febrúar 2006 og alls bárust 24 athugasemdir. Bæjarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína.

Vegna athugasemda og ábendinga voru gerðar nokkrar breytingar á tillögunni sem ekki teljast stórvægilegar. Meðal annars var landnýtingu efst á Arnarneshæð breytt úr blandaðri byggð í svæði fyrir íbúðarbyggð, svæði til sérstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnanir eins og var í fyrra aðalskipulagi, skerpt var á hverfisvernd Búrfellsgjár og Búrfellshrauns frá gíg til strandar og bætt var við ákvæði í greinargerð um sjálfbærar ofanvatnslausnir á öllu vatnasviði Urriðavatns.

Aðalskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um aðalskipulagið og niðurstöðu bæjarstjórnar geta snúið sér til Arinbjarnar Vilhjálmssonar, skipulagsstjóra Garðabæjar. Aðalskipulagið er einnig aðgengilegt á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is

Bæjarstjóri

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Það er gott að búa á austurlandi

Kaupvangur, Egilsstaðir. TIL SÖLU

2. og 3. herbergja íbúðir (tilbúnar til afhendingar)

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

2H VERÐ FRÁ KR. 12.850.000*

3H VERÐ FRÁ KR. 16.450.000*



* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS

Björn sími: 896-8934
Ágúst sími: 894-7230
Harry sími: 896 6900

Fasteignafélag Austurlands ehf · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

SÖLUFÓLK

Góð laun eru í boði fyrir rétta aðila. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum og er vinnutími frá kl. 17-22. Hentar vel sem aukavinna eða aðalstarf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá og skriflega umsókn á netfangið: lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is

Glæst framtíð

Við leitum að góðum sölumönnum sem búa yfir áræðni, metnaði og frumkvæði í eina öflugustu söludeild landsins.

365

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði til leigu !

Tvö skrifstofuherbergi með móttöku og kaffistofu til leigu á 9. hæð í turni Borgarkringlunnar, mikið útsýni.
Einnig er mögulegt að leigja út alla eignina, samtals 5 herbergi henti það leigutaka.
Herbergjunum geta fylgt vönduð ný húsgögn.
Uppl. í síma 893-2047 og 895-8230

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

SUMARHÚS MÖÐRUVELLIR KJÓS

Frum

Fallegt 50 fm. hús í landi Möðruvalla, rétt ofan við Meðalfellsvatn í Kjós. Húsinu fylgir gott 12 fm. geymsluhús. Tvö svefnherb, góð stofa, timburverönd, frábært útsýni. Vandað hús á góðum stað. **Verð 6,9 millj.**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

AS FASTEIGNASALA
Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is
Opið virka daga kl. 9–18

VÍKURBRAUT 42 - GRINDAVÍK
OPIÐ HÚS FIMMTUDAG – SUNNUDAGS KL. 16-20

Frum

Falleg 108 fm neðri sérhæð í tvíbýli ásamt 48 fm bílskúr, samtals 156 fm. SÉRINNGANGUR. Falleg og mikið endurnýjuð eign s.s. gólfefni og innréttingar. Möguleiki þremur svefnherbergjum. LAUS VIÐ KAUPSAMNING. **Verð 17,8 millj.**
Róbert og Margrét taka á móti gestum
s: 426-8679 / 869-5834

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

FASTEIGNA-MARKAÐURINN
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Grettisgata
Góð 3ja herb. íbúð

Frum

Mjög falleg, vel skipulögð og björt 71 fm íbúð á 3. hæð (efstu) auk 3,1 fm geymslu á baklóð. Svalir til suðvesturs útaf stofu. Íbúðin skiptist í hol, rúmgóða stofu, stórt eldhús með hvítum innréttingum, nýlega endurnýjað flísalagt baðherbergi og tvö stór herbergi. Þvottaaðstaða í baðherbergi. **Verð 17,9 millj.**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um nýjar og breyttar deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýjum og breyttum deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Umferðaskipulag

Tillaga að umferðarskipulagi og stefnumörkun að uppbyggingu á svæði sem afmarkast til vesturs af Snorrabraut, til norðurs af Borgartúni, til austurs af Höfðatúni og Mjölnisholti og til suðurs af Laugavegi milli Höfðatúns og Mjölnisholts, Brautarholti, Stórholti og Grettisgötu austan Snorrabrautar. Reitir á svæðinu eru skilgreindir sem miðborgarsvæði, miðsvæði og íbúðarsvæði.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum á umferðarskipulagi næstu gatna í nágrenni Hlemms. Umferð af Laugavegi austan Höfðatúns er beint inn á Höfðatún. Gert ráð fyrir hringtorgum við gatnamót Höfðatúns og Skúlagötu, Höfðatúns og Borgatúns og einnig er lagt til að hringtorgið sem áður var á gatnamótum Skúlagötu, Borgatúns og Snorrabrautar, Skúlatorg, verði endurgert í breyttri mynd. Lagt er til að gerð verði sérstök hjólrein frá Hlemmi og upp að Höfðatúni auk þess sem lögð er áhersla á gott göngustígakerfi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Lögreglustöðvarreitur – 1.222.0

Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit 1.222.0, Lögreglustöðvarreit, sem afmarkast af Snorrabraut, Skúlagötu, Rauðarárstíg og Hverfisgötu.
Í tillögunni er m.a. lagt til að heimilt verði að byggja randbyggð á öllum reitnum innan uppgefins byggingarreits, þrjár til sex hæðir. Jafnframt verði heimilt að gera bílastæðakjallara á öllum reitnum, allt að þrjár hæðir, með innkeyrslu frá Skúlagötu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Skúlagarðsreitur vestari – 1.222.1

Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit 1.222.1, Skúlagarðsreit vestari, sem afmarkast af Rauðarárstíg, Skúlagötu, Laugavegi, Hverfisgötu og til austurs af reitamörkum Skúlagarðsreits eystri.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja í skörð og stækka hús innan uppgefinna byggingarreita. Jafnframt er gefin heimild til minniháttar breytinga s.s. útbygginga og svala á þeim húsum þar sem ekki eru svalir fyrir.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Skúlagarðsreitur eystri – 1.222.2

Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit 1.222.2, Skúlagarðsreit eystri, sem afmarkast af Skúlagötu, Höfðatúni, Laugavegi, Hverfisgötu og til vesturs af reitamörkum Skúlagarðsreits vestari.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja í skörð og stækka hús innan uppgefinna byggingarreita. Jafnframt er gefin heimild til minniháttar breytinga s.s. útbygginga og svala á þeim húsum þar sem ekki eru svalir fyrir. Á austasta hluta svæðisins eru gerðar tillögur að breytingum á lóðamörkum nokkurra lóða.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tryggingastofnunarreitur – 1.240.1

Tillaga að breytingu deiliskipulagi fyrir reit 1.240.1, Tryggingastofnunarreit, sem afmarkast af Laugavegi, Rauðarárstíg, Grettisgötu og Snorrabraut.
Í fyrirliggjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi reitsins er m.a. gert ráð fyrir að atvinnuhúsnæði að Grettisgötu 87 verði rifið og heimilt verði að reisa íbúðarhús meðfram Grettisgötu, þrjár til fjórar hæðir. Gert er ráð fyrir bílakjallara á stórum hluta reitsins. Jafnframt er gefin heimild til minniháttar breytinga s.s. skyggni og svalir á þeim húsum þar sem ekki eru svalir fyrir.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Bankareitur – 1.240.2

Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit 1.240.2, Bankareits sem afmarkast af Laugavegi, Þverholti, Stórholti og Rauðarárstíg.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að gefin verði heimild til að reisa nýbyggingar við Stórholt og Þverholt og gera bílakjallara undir þeim. Jafnframt er lagt til að timburhúsið sem nú stendur að Hverfisgötu 125 verði flutt yfir á torg á sameinaðri lóð Laugavegar 122 og 124.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Hampiðjureitir – 1.240.1 og 1.241.1

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.240.1 og nýju deiliskipulagi fyrir reit 1.241.1 Hampiðjureit. Svæðin afmarkast af Laugavegi, Mjölnisholti, Brautarholti, Stórholti og Þverholti.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að lóðir við Þverholt, Brautarholt og Stakkholt, svo kallaðar Hampiðjulóðir, verði sameinaðar og heimiluð uppbygging á sameinaðri lóð, tvær til sjö hæðir. Einnig er gert ráð fyrir að lóðirnar Mjölnisholt 12 og 14 verði sameinaðar og heimiluð uppbygging á þeim. Gert er ráð fyrir allt að tveggja hæða bílakjöllurum undir báðum lóðum. Jafnframt er gefin heimild til hækkunar nokkurra húsa auk þess sem heimilt verður að gera minniháttar breytingar á húsum, s.s. skyggni, svalir og kvisti.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Laugarásbíó - Hrafnista

Tillaga að breytingu deiliskipulagi fyrir Laugarásbíó - Hrafnistu
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að byggja nýjan bíósal til austurs frá núverandi bíói, tenging við núverandi forsal yrði um svæði þar sem salerni eru nú. Þau yrðu fjarlægð og ný reist við norðurhlið nýbyggingar. Heildarstærð nýbyggingar verður u.þ.b. 500m². Einnig er sótt um að lækka landhæð við álmu A, D og F til að auðvelda aðkomu fyrir sjúkrabifreiðar og aðra þjónustustarfsemi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Sundahöfn – Skarfabakki

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Skarfabakka við Sundahöfn.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir móttöku og athafnasvæði fyrir ferju og smábáta, vörugeymslur, skrifstofur og þjónustu ásamt þjónustusvæði vegna móttöku skemmtiferðaskipa. Lóðir sem falla undir þetta deiliskipulag eru Skarfagarður 1-3, Skarfagarður 2, 4, 6 og 8 ásamt Korngarði 1-3.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 24. maí til og með 5. júlí 2006. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 5. júlí 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 24. maí 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

ÁSAKÓR KÓPAVOGI

Stórglæsilegt fjölbýlishús

Ásakór 2–4 er fallegt þriggja hæða fjölbýlishús með lyftu og 6 íbúðum á hæð. Sérinngangur er í hverja íbúð og fylgir eitt bílastæði í bílageymslu hverri íbúð. Við húsið verður sérhannaður leikvöllur fyrir yngstu íbúana.

Svalagangar 2. og 3. hæðar eru með glerskermum. Íbúðunum er skilað fullbúnum án gólfefna en með flísalögðum baðherbergis- og þvottahúsgólfum. Innréttingar eru vandaðar og hægt er að velja á milli þriggja viðartegunda í innréttingum og innihurðum. Þvottaherbergi eru í öllum íbúðum. Íbúðirnar eru þriggja og fjögurra herbergja frá stærðinni 96–120 fm.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 4761

- **Leiktæki á lóð**
- **Barnvænt hverfi**
- **Leikskóli og skóli rétt hjá**
- **Lyftuhús**
- **Sérinngangur**
- **Stæði í bílageymslu**
- **Viðhaldslítið**
- **Vandaðar innréttingar**



Dæmi um 4ra herb. íbúð

Þessir hlutir fylgja ekki með íbúðum.

Lóðin

Lóðin verður fullfrágengin samkvæmt teikningu lóðahönnuðar. Bílastæði verða malbikuð, stígar og verandir hellulagðar með snjóbræðslu að hluta.

Söludeild okkar er að Höfðabakka 9, sími **530 4200**. Einnig eru ítarlegar upplýsingar um eignirnar á vefsíðu okkar www.iav.is.

SJÓNARHORN



Heldur var vetrarlegt umhorfs í Esjunni þegar ljósmyndari Fréttablaðsins smellti mynd af Lágafellskirkju í Mosfellsbæ á dögunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

KAUPVENJUR

Engin ein búð í uppáhaldi

Bjartmari leiðist ekki að versla í New York og London. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hver er uppáhaldsbúðin þín?
Það er engin ein búð í uppáhaldi. Ef ég á að nefna eitthvað væru það fatabúðirnar Elvis og All Saints.
Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?
Mér finnst skemmtilegast að kaupa föt og hráefni í sérstakan mat, t.d. framandi afríska rétti.
Verslar þú í útlöndum?
Já, ég geri mikið af því, sérstaklega í London og New York. Ég er frekar mikið á ferðinni og þar sem úrvalið er miklu meira erlendis nýti ég mér það þegar ég kaupi föt.
Eru einhverjar venjur við innkaup?
Nei, ég get ekki sagt það.
Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?
Ég fylgi algjörlega hvötunum og það er sjaldan sem ég legg af stað í þeim tilgangi að kaupa einhverja ákveðna flík. Þegar ég sé eitthvað veit ég strax hvort mig langar í það eða ekki.

Grillveisla!
Verð frá 798 kr. á mann

Esja kjötvinnsla býður einstaklingum, starfsmannafélögum og fyrirtækjum upp á gómsætan grillmat á mjög hagstæðu verði.
Föst verðtilboð fyrir lágmark 15 manns.
Allt meðlæti, diskar, hnífapör og glös fylgja með.
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA
ESJA Kjötvinnsla
Dugguvogi 8, 104 Reykjavík.
Sími 567 6640. Fax 567 6614.
www.esja.is

Kúlulegasalan
SKF
Erum fluttir að Bíldshöfða 9

Hjalti gsm: 896 8730
Jón S. gsm: 694 2354
Bílanaust
Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík • Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is
2356 / TAKTIK

www.velaborg.is S: 414 8600
Bobcat

Bobcat 316
Beltavél, 820kg
Til á lager

Bobcat 319
Beltavél, 1400kg
Til á lager

Bobcat 323
Beltavél, 1753kg
Til á lager

Bobcat 331
Beltavél, 3378kg
Væntanlegar

Bobcat 337
Beltavél, 5147kg
Til á lager

S 175 Loader
2633kg
Væntanlegar

2200 D Bíll
Væntanlegur
Vélaborg ehf.
Reykjavík Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík
Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601
Akureyri Narðarnesi 2 • 603 Akureyri
Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

KINDUR Í HAGA Þessar fræknu kindur hlaupa hér í sumarhagana gegnum hlið bæjarins Moernsheim í Þýskalandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

AFMÆLI

Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri er 63 ára.

Hugo L. Þórisson sálfræðingur er 57 ára.

Kristjana Stefánsdóttir djasssöngkona er 38 ára.

Jóel Pálsson tónlistarmaður er 34 ára.

Jóhannes Karl Guðjónsson knattspyrnumaður er 26 ára.

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir alheimsfegurðardrottning er 22 ára.

ANDLÁT

Guðný Soffía Tryggvadóttir, Skólabraut 3, Seltjarnarnesi, lést á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi laugardaginn 20. maí.

Hilmar Sigurbjörnsson, Herjólfsgötu 7, Vestmannaeyjum, lést á dvalarheimilinu Hraunbúðum Vestmannaeyjum sunnudaginn 21. maí.

Hrefna Sigurðardóttir, Bergstaðastræti 11a, áður til heimilis á Suðurgötu 13, Reykjavík, lést miðvikudaginn 10. maí. Bálför hefur farið fram.

Jóhann Sólberg Þorsteinsson lést föstudaginn 12. maí. Útför fór fram í kyrrþey.

Jón Jóhannsson frá Valhöll á Bíldudal, til heimilis á Kleppsvegi 62, Reykjavík, lést þriðjudaginn 23. maí.

Pétur Guðlaugsson, Austurbrún 37, Reykjavík, lést á líknardeild LHS í Kópavogi föstudaginn 19. maí.

www.verk.hi.is

VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Sigurlið!

Verkfræðideild Háskóla Íslands

Metnaður – framsækni – úthald
... á öllum sviðum.

1. sæti í keppninni **„Hjólað í vinnuna“** með flesta kílómetra
á starfsmann í fyrirtækjaflokki 30-69 starfsmenn.

BJÖRGUM BORGINNI

„UNGIR SJÁLFSTÆÐISMENN TELJA OPINBERA STYRKI TIL MENNINGARMÁLA EKKI EIGA RÉTT Á SÉR OG VILJA AFNEMA ÞÁ MEÐ ÖLLU.“ *

*ORÐRÉTT ÚR NÝSAMÞYKKTRI STEFNU UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA

X-S | UNGT SAMFYLKINGARFÓLK

Orkan í Þrótti

Þróttardagurinn er í dag kl. 12 - 14

Allir íbúar Þróttarbæjarins sérstaklega velkomnir.

Líka aðrir velunnarar félagsins, ungir sem eldri félagsmenn, fyrrverandi stjórnarmenn, rækjuskipstjórar og leiðsögumenn. Fyrrverandi handboltamenn, mæður og mæðgur, feðgar og frísklegir synir, nýlegir vinir og gamlir óvinir, sem vilja endurnýja kynnin.

Það eru allir Þróttarar í aðra röndina, allir Þróttarar eru vinir, svo allir eru vinir í aðra röndina.

Dúndurdagskrá

Knattþrautir, ratleikur, götukarfa, hoppukastalar, leiktæki, andlitsmálun, góðgæti af grillinu auk þess sem slökkviliðið og sjúkraliðið koma í heimsókn. Kynnt verður nýjasta deildin í félaginu, sem er Krulla, en heyrst hefur að slétthærðir fái krullujárn við inngöngu í deildina. Auk þess er kynning á Íþróttaskólanum í Laugardal, en þar geta krakkar úr hverfinu fundið sér ýmislegt skemmtilegt að gera í sumar.

leyst úr læðingi

LIFI ÞRÓTTUR

Þróttur – Fjölnir kl. 14

Fyrsti heimaleikur karlaliðsins tekur við af skipulögðum hátíðarhöldum dagsins, en Þróttarar tróna nú á toppi 1. deildar og ætla sér að vera þar.

En það eru ekki bara leikmenn sem ætla að endurheimta sæti sitt meðal þeirra bestu. Köttararnir ætla sér sömuleiðis aftur á toppinn sem bestu stuðningsmenn landsins og væri gaman að ná góðum takti á þessum fyrsta heimaleik.

Hvað finnurðu margt eins á þessum myndum?

ingvar vikingsson / fit

Ársmiði á 6000 kall

Ársmiðar á alla heimaleiki meistaraflokks karla seldir í miðasölunni

LIFI ÞRÓTTUR

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

Baráttan um borgina

Kosningar til borgarstjórnar Reykjavíkur á laugardag eru um margt ólíkar undanförnum þrennum kosningum í borginni. Fyrir það fyrsta er forystuafl borgarinnar síðan 1994, R-listinn, ekki lengur til, heldur bjóða flokkarnir sem að honum stóðu fram hver í sínu lagi að þessu sinni.

Það breytir hins vegar ekki miklu um fjölda þeirra lista sem í boði eru; þannig eru listarnir fimm núna en voru sex við síðustu kosningar. Munurinn felst aðallega í því að þá buðu þrír listar fram sem aldrei gátu gert sér neinar raunhæfar vonir um að ná manni inn, en nú eru það stóru flokkarnir fimm sem berjast um sætin. Skoðanakannanir undanfarinna vikna benda til þess að Sjálfstæðisflokkurinn eigi góða möguleika á að ná hreinum meirihluta í borginni í fyrsta sinn síðan 1990. Það getur hann gert þrátt fyrir að hann fái ekki meirihluta atkvæða, sökum þess að atkvæði hinna flokkana nýtast mun verr þegar þau dreifast á marga flokka. Er þá komin upp sama staða í borgarpólitíkinni og var fyrir daga R-listans.

Annað sem skoðanakannanir gefa vísbendingar um er að Framsóknarflokkurinn stendur í fyrsta sinn frammi fyrir því að eiga það á hættu að fá ekki mann kjörinn. Þess ber þó að gæta að flokkurinn hefur yfirleitt fengið meira upp úr kjörkössunum en í könnunum.

Hvað sem öllu líður er útlit fyrir verulega spennandi kosningar í höfuðborginni á laugardag. Til að gefa lesendum Fréttablaðsins kost á að bera saman stefnu flokkanna í helstu málum og málaflokkum sem borið hefur á góma í kosningabaráttunni birtast hér svör forystumanna flokkanna við spurningum þeirra Sigurðar Þórs Salvarssonar og Jóhanns Haukssonar.

Björn Ingi Hrafnsson

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Ólafur F. Magnússon

Dagur B. Eggertsson

Svandís Svavarsdóttir

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR
Reykjavík
2006

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH

Nicotinell®

Njótum lífsins saman, reyklaus!

Reyklausi dagurinn 31. maí.

Í tilefni **reyklausa dagsins 31. maí** munum við ekki hækka verðið strax á **Nicotinell** tyggigúmmi, þrátt fyrir þá dýfu sem íslenska krónan hefur tekið að undanförnu.

Þú getur því enn keypt **Nicotinell** á lága genginu á meðan birgðir endast.

Farðu í næsta apótek og berðu verðið á Nicotinell saman við verðið á öðru nikótíntyggigúmmi.

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

HVER ER STEFNA ÞÍNS FLOKKS VARÐANDI FRAMTÍÐ REYKJAVÍKURFLUGVALLAR?

■ **Björn Ingi:** Flugvöllur á Lönguskerjum er lausn á 50 ára deilumáli í Reykjavík. Þessi lausn sameinar kröfuna um að byggt verði í Vatnsmýri en flugvöllurinn verði samt sem áður áfram í Reykjavík. Borgarstjórn hefur þegar tekið ákvörðun um flutning flugvallarins og þess vegna verður að finna honum nýtt framtíðarstæði. Lönguskerin fela í sér lausn sem tryggir aðkomu sjúkraflugs, framtíð innanlandsflugsins og störf þeirra 600 til 1000 manna sem vinna að flugrekstri hér á landi.

■ **Vilhjálmur:** Sjálfstæðismenn vilja að flugvöllur verði áfram í Reykjavík. Innanlandsflugið verður ekki flutt til Keflavíkur. Að lokinni athugun nefndar sérfræðinga sem nú er að kanna hugsanleg ný flugvallarstæði og einnig hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi flugvallarins í Vatnsmýrinni verður tekin ákvörðun um framtíðarlegu flugvallarins, þar sem öryggissjónarmið munu ráða úrslitum.

■ **Ólafur:** Stærsta ágreiningsmálið og um leið þýðingarmesta skipulags- og samgöngumál í Reykjavík í komandi kosningum er flugvallarmálið. Atkvæði greitt F-lista tryggir að flugvöllurinn verður áfram í Vatnsmýri, en við ætlum að byggja háskóla- og vísindaþorp í sátt við flugvöllinn og umhverfið. F-listinn hafnar alfarið hugmyndum hinna flokkanna í borginni um að setja flugvöllinn út á sjó eða upp til heiða með ærnum tilkostnaði og minna flugöryggi. Flytjist starfsemi Reykjavíkurflugvallar til Keflavíkur mun innanlandsflugið leggjast að mestu leyti niður og umferðin færast út á þjóðvegina með verulegri fjölgun dauðaslysa í umferðinni.

■ **Dagur:** Flugvöllurinn er á förum úr Vatnsmýrinni. Undir forystu Samfylkingarinnar hefur tekist að fá samgönguráðuneytið með í þann leiðangur að leita að nýju flugvallarstæði. Þar verður þörfum innlandsflugs og sjúkraflugs vel sinnt. Taka á af skarið um framtíðarstaðsetningu í kjölfar úttektar á álitlegum kostum sem nú stendur yfir. Samfylkingin leggur til að Reykjavíkurborg og ríkið stofni sameiginlegt félag um flutning flugvallarins og þróun Vatnsmýrarinnar þar sem byggt verði á niðurstöðum yfirstandandi hugmyndasamkeppni um heildarskipulag svæðisins. Félagið fái hluta tekna af löndum og lóðum ríkis og borgar á flugvallarsvæðinu til að fjármagna verkefni sín samkvæmt nánara samkomulagi. Til að tryggja fjölbreytta uppbyggingu svæðisins verði að minnsta kosti fjórðungur íbúða í Vatnsmýri leiguíbúðir og stúdentagarðar.

■ **Svandís:** Vatnsmýrin er gríðarlega mikilvægt og spennandi svæði til uppbyggingar. Þar sjáum við fyrir okkur blandaða byggð, með grænum geirum, lágreistri byggð íbúða, skóla og þjónustu ásamt umhverfisvænum samgöngum. Við höfum fylgst með þeirri vinnu sem nú er í gangi á vegum ríkis og borgar um flugvallarmálið. Í þeirri vinnu hafa fjölmargir kostir verið skoðaðir en þeim hefur nú verið fækkað í fjóra, þ.e. flugvöll í Vatnsmýri í breyttri mynd, á Lönguskerjum, Hólmsheiði og loks að innanlandsflugið flytjist til Keflavíkur. Af þessum kostum teljum við Hólmsheiði ákjósanlegasta. Sú staðsetning er landfræðilega sú besta og tengir saman allt suðvesturhornið frá Borgarbyggð til Árborgar og Reykjaness. Allir þessir kostir eiga þó eftir að fara í mat á umhverfisáhrifum, frekari skoðun á veðurfarsaðstæðum og flugtæknilegum þáttum. Endanleg ákvörðun verður ekki tekin fyrr en allt þetta liggur fyrir.

HVER ER STEFNA ÞÍNS FLOKKS UM LAGNINGU SUNDABRAUTAR?

■ **Björn Ingi:** Botngöng á ytri leið og farið verði alla leið á Kjalarnes strax á næsta kjörtímabili. Það er leið sem er tæk, hefur farið í umhverfismat og er hægt að ráðast í án mikilla vandkvæða. Við höfnum hugmyndum Samfylkingarinnar um einfalda Sundabraut og viljum nýta það fjármagn sem nú þegar liggur fyrir vegna sölu Símans í þetta geysilega brýna verkefni.

■ **Vilhjálmur:** Það á að leggja Sundabrautina fjögurra akreina alla leið upp á Kjalarnes í einum áfanga. Ákvörðun um legu brautarinnar verði tekin á þessu ári í framhaldi af samráðsferli íbúa, borgarinnar og samgönguyfirvalda og framkvæmdir hefjist á árinu 2008. Við erum jákvæð gagnvart jarðgöngum ef þau verða talin heppilegasti kostur út frá skipulags-, umhverfis-, umferðar- og öryggissjónarmiðum.

■ **Ólafur:** Við viljum að lega Sundabrautar taki mið af þróun til framtíðar og að íbúar verði sem minnst varir við umferðarþungann. Sundabraut verði í göngum með góðum tengingum við stofnbrautakerfi borgarinnar. Fyrsti áfangi verði í göngum undir Elliðavog með uppkomu við Gufunes. Þá taki við brú yfir í Geldinganes, til að varðveita viðkvæma náttúru, en þar fari Sundabraut aftur í göng undir Leiruvog með uppkomu í Víðinesi og loks á brú yfir Kollafjörð. Með þessari útfærslu er komið til móts við óskir íbúa og sjónarmið náttúruverndar jafnframt höfð að leiðarljósi.

■ **Dagur:** Sundabraut á að leggja alla leið frá Kleppsholtinu á Kjalarnes í sátt við íbúa Grafarvogs og Voganna. Samfylkingin hefur haft forystu um það samráðsferli sem nú stendur yfir og hefur tekið af skarið um það að fyrsti kostur séu jarðgöng á ytri leiðinni, í samræmi við vilja íbúa.

REYKJAVÍK

Reykjavík er höfuðborg Íslands, fjölmennasta sveitarfélag landsins og eina borgin. Þar bjuggu 114.968 manns um síðustu áramót. Bærinn fékk kaupstaðarréttindi árið 1786 en þá voru íbúar 167 talsins.

ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002

Fjöldi íbúa á kjörskrá: 82.508
Fjöldi greiddra atkvæða: 69.239 (83,9%)

Listi Höfuðborgarsamtakanna (A)
397 atkvæði - 0 fulltrúa
Listi Sjálfstæðisflokksins (D)
27.516 atkvæði - 6 fulltrúa
Listi Frjálslyndra og óháðra (F)
4.141 atkvæði - 1 fulltrúa
Listi Húmanistaflokksins (H)
126 atkvæði - 0 fulltrúa
Listi Reykjavíkurlistans (R)
35.938 atkvæði - 8 fulltrúa
Listi Vinstri, hægri, snú (Æ)
246 atkvæði - 0 fulltrúa

Borgarfulltrúar D-lista
Björn Bjarnason
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Guðrún Ebba Ólafsdóttir
Hanna Birna Kristjánsdóttir
Guðlaugur Þór Þórðarson
Kjartan Magnússon
Borgarfulltrúi F-lista
Ólafur F. Magnússon

Borgarfulltrúar R-lista
Árni Þór Sigurðsson
Alfreð Þorsteinsson
Stefán Jón Hafstein
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Anna Kristinsdóttir
Björk Vilhelmsdóttir
Dagur B. Eggertsson
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

KOSNINGAR 2006

Fjöldi íbúa á kjörskrá 85.618 og hefur fjölgað um 3,8 prósent síðan 2002

B-listi Framsóknarflokks
1. Björn Ingi Hrafnsson aðstoðarmaður forsætisráðherra
2. Óskar Bergsson húsasmíðameistari
3. Marsibil Sæmundardóttir varaborgarfulltrúi
4. Ásrún Kristjánsdóttir hönnuður
5. Steinarr Björnsson læknir
6. Helena Ólafsdóttir, íþróttakennari
7. Gerður Hauksdóttir þjónustufulltrúi
8. Ingvar Jónsson flugmaður

D-listi Sjálfstæðisflokks
1. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltr.
2. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltr.
3. Gísli Marteinn Baldursson, dagskrárgerðarmaður og varaborgarfulltrúi
4. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi
5. Júlíus Vífill Ingvarsson lögfræðingur
6. Þorbjörg H. Vigfúsd., ráðgj. menntam.ráðh.
7. Jórunn Ósk Frímannsd. Jensen, hjúkrunarfræðingur og varaborgarfulltrúi
8. Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun

F-listi frjálslyndra og óháðra
1. Ólafur F. Magnússon, læknir og borgarfulltrúi
2. Margrét Sverrisdóttir, frkv.stjóri og varaborgarfulltrúi
3. Guðrún Ásmundsdóttir leikkona
4. Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur
5. Anna Sigríður Ólafsdóttir næringarfræðingur
6. Kjartan Eggertsson skólastjóri
7. Sveinn Aðalsteinsson viðskiptafræðingur
8. Margrét Tómasdóttir læknanemi

S-listi Samfylkingarinnar
1. Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi
2. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri
3. Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi
4. Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi
5. Oddný Sturludóttir rithöfundur og píanókennari
6. Sigrún Elsa Smáradóttir, markaðsstjóri og varaborgarfulltrúi
7. Dofri Hermannsson, meistaranemi í hagvísindum
8. Stefán Jóhann Stefánsson hagfræðingur

V-listi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
1. Svandís Svavarsdóttir frkv.stjóri
2. Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi
3. Þorleifur Gunnlaugsson dúklagningarmeist.
4. Sóley Tómasdóttir, deildarstýra, Miðbergi
5. Hermann Valsson íþróttakennari
6. Ugla Egilsdóttir menntaskólanemi
7. Helga Björg Ragnarsdóttir félagsfræðingur
8. Jóhann Björnsson, heimspekingur/kennari

■ **Svandís:** Við erum fylgjandi þeim hugmyndum sem Íbúasamtök Grafarvogs og Laugardals hafa sett fram varðandi Sundabraut, þ.e. að hún verði lögð í jarðgöngum frá Kirkjusandi að Gufunesi og þaðan á lágbrú yfir í Álfsnes. Við teljum að í skipulagsákvörðunum af þessari stærðargráðu þurfi fyrst og fremst að huga að hagsmunum heildarinnar, en ekki síður umhverfis og sjónarmiða íbúa.

HVER ER STEFNA ÞÍN FLOKKS Í LEIKSKÓLAMÁLUM?

■ **Björn Ingi:** Viðurkenna leikskólann sem fyrsta skólastigið og bjóða uppá gjaldfrjálsan leikskóla á næsta kjörtímabili. Halda áfram að vinna að bættum kjörum starfsfólks og styðja við það góða faglega starf sem þar fer fram.

■ **Vilhjálmur:** Foreldrar eiga að hafa val um örugga vistun fyrir ung börn sín frá því fæðingarorlofi lýkur. Við munum lækka leikskólagjöld um 25% 1. september 2006 og tryggja að foreldrar greiði aldrei fyrir fleiri en eitt barna sinna sem dvelja á leikskóla samtímis. Öll leikskólabörn eiga að njóta sama stuðnings, óháð því hvort foreldrar velja að nýta sér þjónustu í borgarreknum eða sjálfstætt starfandi leikskólum. Við viljum stofna sérstakar smábarnadeildir í leikskólum í hverju hverfi og bjóða upp á val um nám fyrir eldri leikskólabörn, allt frá óformlegri kennslu í listsköpun eða hreyfingu til kennslu sem t.d. tengist lestri, tungumálum eða stærðfræði.

■ **Ólafur:** Öll börn eigi rétt á leikskólanámi frá 2ja ára aldri eins og um skyldunám væri að ræða. Markmið okkar er að börn komist að á leikskólum frá 1 árs aldri og leikskólinn sé gjaldfrjáls frá 2ja ára aldri. Leikskólar séu mannaðir allt árið og sumarlokanir verði úr sögunni. Við viljum efla dagforeldrakerfið vegna þess að við teljum gott fyrir börn að vera í smærri hópum meðan þau eru innan við eins árs aldur.
Við leggjum áherslu á eftirlit með starfsemi þeirra sem annast börnin.

■ **Dagur:** Börnin í borginni eiga rétt á leikskólagöngu óháð efnahag. Leikskólabyltingin hefur gjörbreytt lífsskilyrðum fjölskyldna í borginni. Samfylkingin vill tryggja örugg úrræði fyrir börn frá lokum fæðingarorlofs og nýta þjónustumiðstöðvar borgarinnar í því skyni að aðstoða foreldra við að finna úrræði við hæfi. Við viljum gjaldfrjálsan leikskóla í áföngum, fjölga leikskólaplássum fyrir yngsta aldurshópinn og efla dagforeldrakerfið. Vannýtta gæsluvelli má nýta til að hýsa samrekstur áhugasamra dagforeldra.

■ **Svandís:** Við, Vinstri grænn, viljum að leikskólar séu gjaldfrjálsir eins og grunnskólinn. Vinna þarf áfram að fjölgun leikskólarýma, enda eiga öll börn að hafa aðgang að leikskóla frá því að fæðingarorlofi lýkur. Kjör leikskólakennara þarf að bæta, fjölga þarf í stéttinni, endurmeta húsnæðisþörf leikskólans og starfsumhverfi starfsfólks og barna og þarf þar sérstaklega að huga að hljóðvist. Aðferðir, hugmyndafræði og nálgun leikskólans eiga heima á fleiri skólastigum og raunar í samfélaginu öllu, þ.e. leikur, sköpun og samskipti. Dagforeldrakerfið þarf áfram að standa foreldrum til boða, en það þarfnast þó endurskoðunar. Efla þarf samstarf milli dagforeldra, ráðgjöf til þeirra, afleysingar og aðstoð við umsýslu. Borgin þarf einnig að taka að sér skipulag og úthlutun rýma hjá dagforeldrum. Ljóst er að auka þarf fjármagn til leikskólanna svo að áherslur okkar geti orðið að veruleika.

HVER ER STEFNA ÞÍNS FLOKKS Í MÁLEFNUM ELDRI BORGARA?

■ **Björn Ingi:** Eftir mikla uppbyggingu í leik- og grunnskólun er komið að eldri borgurum. Aldraðir eiga að njóta einkalífs á öldrunarheimilum og eiga ekki að þurfa að deila herbergi með öðrum. Við viljum efla heimaþjónustuna og byggja upp hjúkrunarheimilin í Markarholti og á Lýsislóðinni auk þess sem stækka þarf Sóltúnsheimilið. Þá tek ég undir kröfur eldri borgara um endurskoðun tekjutengingar bóta, sem er mikið réttlætismál.

■ **Vilhjálmur:** Við sjálfstæðismenn ætlum að gera stórátak í byggingu hjúkrunarheimila í samvinnu við ríkið og byggingu þjónustu- og leiguíbúða fyrir eldri borgara. Við viljum gera eldri borgurum kleift að búa á eigin heimili svo lengi sem þeir kjósa og efla og samræma heimaþjónustu og heimahjúkrun. Við viljum auka val og fjölbreytni í húsnæði fyrir eldri borgara við skipulag nýrra hverfa í borginni og lækka fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði. Við ætlum að beita okkur fyrir því að byggt verði fjölbreytt sameiginlegt búsetuform hjúkrunar-, þjónustu- og leiguíbúða ásamt almennum íbúðum til þess að vinna gegn félagslegri einangrun eldri borgara.

■ **Ólafur:** Tryggja þarf aukið framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða og öryrkja. Sérstaklega þarf að fjölga hjúkrunarrýmum og stytta þannig biðlista eftir hjúkrunarrými. Æskilegt er að fólki sé gert kleift að búa sem lengst heima en þá þarf jafnframt að efla heimaþjónustu og heimahlynningu. - Við viljum stórauka afslátt á fasteignagjöldum hjá elli- og örorkulífeyrisþegum. Í því skyni viljum við hækka tekjumörk fyrir niðurfellingu fasteignagjalda um 100 prósent þegar á næsta ári. Þannig njóta þeir meiri afsláttar sem helst þurfa á honum að halda. Við teljum þetta raunhæfa aðgerð til að hjálpa öldruðum og öryrkjum að búa í eigin húsnæði eins lengi og þeir kjósa.



■ **Dagur:** Samfylkingin vill að öll málefni aldraðra verði færð til sveitarfélaganna. Við viljum halda áfram að efla heimaþjónustu og heimahjúkrun, og tryggja byggingu 200 hjúkrunarrýma fyrir eldri borgara. Allir eldri borgarar eiga rétt á þjónustu, og því boðum við þjónustutryggingu, sem þýðir að ef þjónusta sem fólk á rétt á dregst óeðlilega skapast réttur til greiðslu.

■ **Svandís:** Vinstri grænn leggja mikla áherslu á að tryggja aðgengi allra að þátttöku í samfélaginu og takmarkið er að allir fái lifað með reisn alla ævi. Þess vegna höfum við lagt til að stofnuð verði eins konar öldungaráð í öllum hverfum til að tryggja beina aðkomu aldraðra að sínum hagsmunamálum. Að okkar mati er brýnast að byggja hjúkrunarheimili til að mæta brýnni þörf um 300 einstaklinga, en því miður hefur ríkið skert framlög til framkvæmdasjóðs aldraðra um 2,5 til 3,0 milljarða króna undanfarin 15 ár. Þá viljum við samþætta félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrunina og setja hana á eina hendi til efla og bæta þjónustu við aldraða og gera þeim sem það vilja kleift að búa lengur heima. Ennfremur er það okkar markmið að auka afslátt tekjulágra aldraðra af fasteignasköttum.

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

HVER VERÐUR MEISTARINN?

GLITNIR

MEISTARINN

ÚRSLITIN RÁÐAST Í KVÖLD

Jónas Örn Helgason vs. Inga Þóra Ingvarsdóttir

Ekki missa af spennandi einvígi – hver stendur uppi sem Meistarinn og hlýtur 5 milljónir í verðlaun?

GOTT FÓLK McCANN

HVER ER STEFNA ÞÍN FLOKKS Í SKATTAMÁLUM OG ÁLÖGUM Á BORGARBÚA?

■ **Björn Ingi:** Ég teldi koma til greina að endurskoða fasteignagjöld hjá eldri borgurum, en við höfum lýst því yfir að metnaðarfull áform um bætta þjónustu væru marklaust tal ef innantóm loforð um skattalækkanir fylgdu með í kaupunum. Þeir sem lofa miklum skattalækkunum þurfa líka að segja hvaða þætti í velferðarkerfinu eigi að skera niður á móti.

■ **Vilhjálmur:** Fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði verða lækkuð um 25%. Fyrst um 10% 1. janúar 2007 og síðan um 5% árlega. Við munum einnig hækka viðmið vegna afsláttar af fasteignasköttum hjá tekjulágum ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegum.

■ **Ólafur:** Nú sem fyrr snýst framboð F-listans um fólkið í borginni og við viljum sérstaklega sinna málefnum sjúkra, aldraða, öryrkja og barnafjölskyldna. F-listinn hefur lagt áherslu á lægri þjónustugjöld fyrir þessa hópa. F-listinn flutti þegar í byrjun kjörtímabilsins tillögu um að skora á Alþingi og ríkisstjórn að hækka skattleysismörkin til þess sem þau voru við upptöku staðgreiðslukerfis skatta árið 1988. F-listinn hafnar þannig hinni öfugu Hróa hattar pólitík ríkisstjórnarinnar í skattamálum sem og óréttlátum tekjutengingum og skerðingum gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum.

■ **Dagur:** Almenna grunnþjónustu á að greiða úr sameiginlegum sjóðum borgarbúa svo þeir fái notið hennar án tillits til efnahags. Þetta á sérstaklega við um þjónustu við börn og ungmenni og sérstaklega nú, þegar ríkisstjórn misréttis er við völd. Þess vegna þarf að nýta heimild sveitarfélagsins til álagningar útsvars. Samfylkingin hefur beitt sér fyrir því að fasteignagjöld eru með þeim lægstu í Reykjavík og að tekjulágir eldri borgarar njóta afsláttar án þess að þurfa að sækja um hann sérstaklega. Tekjumörk þess afsláttar eru endurskoðuð árlega og það verður gert áfram til að tryggja áframhaldandi forystu Reykjavíkur í þeim efnum. Þjónustugjöld í Reykjavík eiga áfram að vera með þeim lægstu á landinu.

■ **Svandís:** Við teljum skatta mikilvæga til að leggja grunn að sterkri samfélagsþjónustu í skólum, leikskólum, æskulýðsstarfi, málefnum aldraðra o.s.frv. Skattar gegna mikilvægu tekjujöfnunarhlutverki í samfélaginu. Hins vegar viljum við lækka og jafnvel fella niður þjónustugjöld af ýmsum toga, s.s. í leikskólum og grunnskólum. Það kemur sér best fyrir fjölskyldufólk í borginni.

HVER ER STEFNA ÞÍNS FLOKKS VARÐANDI HLUT BORGARINNAR Í LANDSVIRKJUN?

■ **Björn Ingi:** Við höfum stutt viðræður borgarinnar og ríkisstjórnarinnar um sölu á 45% hlut borgarinnar í Landsvirkjun, enda teljum við óeðlilegt að eiga svo stóran eignarhlut í fyrirtæki sem er í beinni samkeppni við Orkuveitu Reykjavíkur. Við viljum byggja upp Orkuveituna og halda henni í eigu borgarbúa, en ég tel brýnt að fá fram í hvað þessir fjármunir eigi að fara. Talið er að hlutur borgarinnar í Landsvirkjun sé um 30 milljarða virði og rætt hefur verið um að greiða niður skuldir borgarinnar, ráðast í framkvæmdir eða lækka lífeyrisskuldbindingar með þessu framlagi. Ég hef hreyft þeirri hugmynd að láta borgarbúa sjálfa njóta uppbyggingar á eign sinni í þessu fyrirtæki og deila arðinum til þeirra sjálfra. Hlutur hvers og eins yrði þá um 250 þúsund krónur. Þetta er aðferð sem víða hefur verið beitt erlendis og ekki er langt síðan Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, lagði til að þessi leið yrði farin við sölu Landsbankans.

■ **Vilhjálmur:** Við teljum það óeðlilegt að Reykjavíkurborg sitji báðum megin við borðið í því samkeppnisumhverfi sem nú ríkir á raforkumarkaði, þ.e. sem 45% eigandi Landsvirkjunar og 95% eigandi Orkuveitu Reykjavíkur. Við viljum selja hlut borgarinnar í Landsvirkjun ef rétt verð fæst.

■ **Ólafur:** Orkuveitan og Landsvirkjun verði áfram í eigu almennings. F-listinn leggst alfarið gegn einkavæðingu Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar og varar við því að fleiri auðlindir almennings komist í hendur fárra. Orkuveita Reykjavíkur er mjög blómlegt fyrirtæki sem gefur góðan arð fyrir eigendur sína, Reykvíkinga, og því leggst F-listinn gegn hlutafélagsvæðingu þess eða öðrum breytingum á rekstri. Þá vill F-listinn að Orkuveitan hugi fremur að annarri orkunýtingu á næstunni en raforkusölu til stóriðju, enda hafnar F-listinn gegndarlausri stóriðjuuppbyggingu ríkisstjórnarflokkanna.

■ **Dagur:** Reykjavíkurborg á að losa sig við hlut sinn í Landsvirkjun, en fyrir hann þarf að fá sanngjarnt verð. Nota á andvirðið til að ganga upp í lífeyrisskuldbindingar borgarsjóðsins. Klaufalegar einkavæðingaryfirlýsingar ríkisstjórnarinnar hafa dregið málið á langinn, en ljúka þarf þeim samningum hið fyrsta. Það er ómöguleg staða fyrir Reykjavíkurborg að vera langstærsti aðilinn að raforkuframleiðslu í landinu, eigandi í tveimur fyrirtækjum sem nú eru í bullandi samkeppni.

■ **Svandís:** Við teljum mikilvægt að Landsvirkjun sé áfram í samfélagslegri eigu. Með einkavæðingu samfélagsfyrirtækja er verið að flytja vald frá almenningi til peningaaflanna. Við útilokum ekki að borgin losi í framtíðinni um eignarhluta sinn í Landsvirkjun enda er hún nú þegar langstærsti eigandi að Orkuveitu Reykjavíkur en þá teljum við mikilvægt að tryggja samfélagslegt eignarhald á orkufyrirtækjunum.

HVER ER STEFNA ÞÍNS FLOKKS Í SAMGÖNGUMÁLUM, HRINGBRAUT, MIKLUBRAUT?

■ **Björn Ingi:** Við teljum brýnt að byggja upp samgöngukerfi borgarinnar þannig að það anni framtíðarumferð innan borgarinnar. Með tilkomu Sundabrautar, Öskjuhlíðarganga og Miklubrautar í frjálsu flæði undir Kringlumýrarbraut yrði algjör bylting í þessum málum og borgarbúar hefðu þrjár greiðar leiðir inn og út úr borginni.

■ **Vilhjálmur**: Samgöngukerfi borgarinnar verður að bæta þannig að borgarbúar komist hratt og örugglega á milli staða og þurfi að verja minni tíma í umferðinni. Við ætlum að byggja mislæg gatnamót á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og viljum að framkvæmdir hefjist árið 2008. Viðeigandi ráðstafanir verði einnig gerðar við gatnamót Miklubrautar og Lönguhlíðar. Miklubraut þarf að leggja að hluta í stokk til að auka lífsgæðin í aðliggjandi hverfum. Fyrsti áfangi, sem við horfum til, er sá hluti Miklubrautar sem liggur á milli Stakkahlíðar og Rauðarárstígs.

■ **Ólafur:** F-listinn hefur algera sérstöðu gagnvart hinum framboðunum í borginni í samgöngumálum, bæði varðandi samgöngur í lofti, á láði og legi. F-listinn leggur áherslu á að útrýmt verði einbreiðum þjóðvegum og hafnar alfarið tillögum um einbreiða Sundabraut. F-listinn flutti tillögu um að setja Hringbraut í stokk en þær voru felldar af R-lista flokkunum. F-listinn vill tryggja mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar hið fyrsta og að Miklabraut verði lögð í stokk undir Lönguhlíðina og Hlíðarnar „sameinist“ þannig.

■ **Dagur:** Við viljum að Reykjavík verði slysaminnsta höfuðborg Evrópu árið 2012. Þetta er raunhæft því þegar hefur slysum fækkað um helming frá 1998. Við setjum fjölgun samgönguæða til borgarinnar og frá, með Öskjuhlíðargöngum og Sundabraut alla leið upp á Kjalarnes. Við viljum öflugar almenningssamgöngur, setja Miklubraut í stokk og tryggja öruggar göngu- og hjólaleiðir í öllum hverfum. Tími stórra hraðbrauta í íbúðahverfum er hreinlega liðinn. Þegar kemur að uppbyggingu Vatnsmýrarinnar verður lega Hringbrautarinnar og skipulag endurskoðuð.

■ **Svandís:** Vinstri græn hafa kynnt tillögur sínar um að leggja Miklubraut í stokk milli Kringlumýrarbrautar og Snorrabrautar. Þetta er eitt af brýnustu verkefnum í gatnamálum borgarinnar. Hringbrautina þarf að laga að þeirri byggð sem þar mun rísa á næstu árum og breyta yfirbragði hennar úr hraðbraut í borgargötu. Til álita kemur að Hringbrautin fari einnig í stokk þegar fram í sækir.

HVER ER STEFNA ÞÍNS FLOKKS VARÐANDI ALMENNINGSSAMGÖNGUR?

■ **Björn Ingi:** Við viljum byggja þær upp, en teljum að núverandi ástand gangi ekki til lengdar. Nýting strætisvagnanna er komin niður fyrir 10% og farþegum fækkar ár frá ári, um þetta 3-5% að meðaltali. Við viljum efna til vitundarvakningar um gæði þess að nota Strætó með því að hafa hann ókeypis fyrir börn og námsmenn, aldraða og öryrkja og ná þannig nýtingunni upp. Um leið og farþegum fjölgar er hægt að réttlæta fjölgun ferða og breytingar á leiðakerfinu sem ég tel nauðsynlegar og heyri á fjölmörgum borgarbúum að er megn óánægja með.

■ **Vilhjálmur:** Við viljum bæta þjónustu Strætó með skynsamlegra leiðarkerfi og ímyndarátaki Strætó. Við viljum að rauntímaupplýsingum verði komið fyrir á öllum helstu biðstöðvum Strætó, þar sem sjá má hversu langt er í næsta vagn. Þá verði biðstöðvunum gefin nöfn og biðskýli bætt og sum upphituð en tillaga okkar um upphituð biðskýli var nýlega samþykkt í umhverfisráði.

■ **Ólafur:** Við ætlum að endurskipuleggja starfsemi strætó og bæta þjónustuna verulega með tilkomu sérstakra vagna sem aki innan hverfa borgarinnar en aðrir vagnar tengi hvefin saman.
Til að auka nýtingu almenningssamgangna ber að fella niður fargjöld í strætisvagna fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja. R-listinn hefur fellt tillögur okkar um slíka ráðstöfun.
Bættar almenningssamgöngur nást betur fram með slíkum aðgerðum en að hindra greiða umferð einkabíla um stofnbrautir borgarinnar.

■ **Dagur:** Við viljum búa í hreinu landi og samgöngur eru helsti mengunarvaldur á Íslandi. Þess vegna eru þau mál sameiginlegt viðfangsefni samfélagsins. Almenningssamgöngur eiga að vera raunhæfur og öruggur valkostur við að komast leiðar sinnar í Reykjavík. Á meginleiðum á að veita strætisvögnum forgang og til greina kemur að fjölga enn ferðum á álagstímum. Markaðsetningu þarf að efla m.a. með því að auka á fjölbreytni afsláttarkorta fyrir námsmenn og aðra hópa og bjóða á upp á kortalausnir og gsm-greiðslur í stöðumæla og strætó. Nauðsynlegt er að ríkið taki þátt í kostnaði vegna almenningssamgangna enda samræmist það markmiðum um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

■ **Svandís**: Við teljum að borgin eigi að bjóða íbúum sínum upp á valkost við einkabílinn. Við viljum því gera strætó að raunhæfum samgöngumáta. Það gerum við með því að auka tíðni, fjölga leiðum og tryggja forgang strætó í umferðinni. Í því sambandi viljum við leggja um 500 milljónir króna til viðbótar inn í rekstur strætó. Það hefur valdið okkur vonbrigðum að flest önnur sveitarfélög í byggðasamlaginu hafa dregið lappirnar varðandi uppbyggingu almenningssamgangna og að okkar mati verður Reykjavík að fara út úr byggðarsamlaginu Strætó bs. verði ekki stefnubreyting í nágrannasveitarfélögunum.

HVER ER STEFNA ÞÍNS FLOKKS Í LÓÐAMÁLUM OG ÞÉTTINGU BYGGÐAR?

■ **Björn Ingi:** Ég leyni því ekki, að ég hefði viljað sjá hærra hlutfall sérbýlishúsalóða og þess vegna viljum við framsóknarmenn ganga rösklega til verks í þeim efnum; úthluta 1.200 lóðum á næstu 18 mánuðum í Úlfarsárdal fyrir raðhús, parhús og einbýli ásamt hefðbundinni uppbyggingu í fjölbýli og láta þannig draum margra um að byggja rætast. Þegar kemur að þéttingu byggðar megum við ekki gleyma því að fjölmargir Reykvíkingar vilja búa í úthverfum og hafa kosið að gera það af fúsum og frjálsum vilja. Mér finnst stundum að fólki hætti til að tala niður til úthverfanna, en veit af eigin raun að þar er oft frábært að vera með t.d. börn. Þegar kemur að þéttingu, eru margir oft hlynntir henni þar til áformin hitta þá sjálfa fyrir. Það vilja fáir þéttingu byggðar í sinni götu, t.d. við hliðina á sér. Viðkvæmustu deilumálin í skipulagsmálum varða oft þéttingu byggðar og ég vil fara mér fremur hægt í þeim efnum og virða vilja íbúanna.

■ **Vilhjálmur:** Allir sem vilja búa og byggja í Reykjavík eiga að hafa kost á fjölbreyttu húsnæði og lóðum bæði í sérbýli og fjölbýli. Lóðauppboð verður afnumið og lóðagjöld lækkuð.

■ **Ólafur:** Fjölgun lóða á hæfilegu verði án útboðs. Eftirspurn eftir lóðum undir smærri sérbýli verði mætt. F-listinn styður þá þéttingu byggðar sem á sér stað í mið- og vesturborg Reykjavíkur en hafnar alfarið hugmyndum um allt að 20.000 manna byggð í Vatnsmýri eða á landfyllingum við Örfirisey. Ávallt sé tekið tillit til eldri byggðar við þéttingu og íbúum gefið færi á að vera þátttakendur í skipulagi frá upphafi.

■ **Dagur**: Lykilatriðið er fjölbreytt val um framtíðarhúsnæði. Samfylkingin mun vinna að því að 6.000 íbúðir og sérbýli af öllum stærðum og gerðum rísi í Reykjavík á næstu árum, á Slippasvæðinu, í miðborginni, við Elliðaárvog, í Úlfarsárdal, Vatnsmýri og við Hlemm. Við viljum að allir geti fundið sér húsnæði við hæfi. Byggðar verði 800 íbúðir fyrir stúdenta, 500 fyrir eldri borgara og að öflugur leigumarkaður verði valkostur fyrir einstaklinga og fjölskyldur í leit að þaki yfir höfuðið.

■ **Svandís:** Vinstri græn telja að þétting byggðar sé mikilvægt umhverfismál. Um leið má ekki missa sjónar á því að skipulagsmál eru umhverfismál og þétting byggðar verður að vera framkvæmd í sátt við umhverfi og náttúru. Við teljum að allir eigi að sitja við sama borð þegar kemur að lóðaúthlutunum, útboð lóða og sala til hæstbjóðenda vinnur gegn jafnrétti. Það er okkar skoðun að fastsetja eigi verð fyrir lóðir sem stendur undir kostnaði við gatnagerð og innviði nýrra hverfa og síðan eigi að draga úr umsóknum. Þannig hafa allir jafna möguleika til að fá lóð í borginni án tillits til efnahags.

MEÐ HVERJUM GETUR ÞINN FLOKKUR HUGSAÐ SÉR AÐ STARFA Í MEIRIHLUTA?

■ **Björn Ingi:** Við göngum óbundnir til kosninga. Í því ljósi má minna á, að Framsóknarflokkurinn var tilbúinn til þess að halda áfram samstarfinu innan Reykjavíkurlistans en aðrir flokkar kusu að slíta því samstarfi. Í ríkisstjórn höfum við átt ágætt samstarf með Sjálfstæðisflokknum og við höfum einnig unnið með honum víðar, t.d. í Kópavogi, Akureyri og Ísafirði með mjög góðum árangri. Við höfum einnig unnið til vinstri með góðum árangri annars staðar, t.d. í Reykjavík sl. tólf ár.

■ **Vilhjálmur:** Sjálfstæðisflokkurinn gengur óbundinn til kosninga og útilokar enga í samstarfi að loknum kosningum ef mynda þarf meirihluta.

■ **Ólafur:** F-listinn útilokar ekki samstarf við neinn aðila eftir kosningar enda ráða málefni og það sem F-listinn stendur fyrir með hverjum og hvernig hann starfar á næsta kjörtímabili.

■ **Dagur:** Kjósendur standa frammi fyrir tveimur skýrum kostum. Samfylkingin eða Sjálfstæðisflokkurinn mun leiða næsta meirihluta borgarstjórnar. Samfylkingin mun ekki leiða Sjálfstæðisflokkinn til valda í borginni og úrslit kosninganna munu því ráðast af styrk Samfylkingarinnar. Það er svo einfalt.

■ **Svandís:** Vinstri græn leggja fram sínar málefnaáherslur og framtíðarsýn um félagslegt réttlæti, kvenfrelsi og umhverfisvernd. Við bjóðum alla þá velkomna til samstarfs sem vilja vinna á þessum grunni.

www.sko.is

Smá skilaboð til þín

Gerðu verðsamanburð og kynntu þér hvað þú getur sparað mikið með því að færa GSM símanúmerið þitt yfir til SKO. **www.sko.is**

SMS hjá Símanum kostar
10,00 kr.

SMS hjá Og Vodafone kostar
10,70 kr.

SMS hjá SKO kostar
4,90 kr.

14,90 kr.
Mínútuverð

4,90 kr.
SMS verð

0,00 kr.
Mánaðargjald

SKO
Tala meira. Borga minna.

Orkan streymir á hverjum tónleikum

Breska hljómsveitin Supergrass er aðalnúmerið á tónlistarhátíðinni Reykjavík Trópík sem verður haldin 2. til 4. júní. *Freyr Bjarnason* sló á þráðinn til **Gaz Coombes**, söngvara og gítarleikara sveitarinnar, og spurði hann meðal annars út í bartana sem hafa verið einkennismerki hans í gegnum árin.



GAZ COOMBES Söngvari og gítarleikari Supergrass er á leiðinni til Íslands í byrjun næsta mánaðar. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Supergrass var stofnuð í Oxford á Englandi árið 1993. Sveitin á rætur sínar að rekja til hljómsveitarinnar The Jennifers sem var stofnuð tveimur árum fyrr af söngvaranum Gaz Coombes og trommaranum Danny Goffey.

Áhrifavaldar voru sveitir á borð við The Buzzcocks, The Jam, The Kinks og The Who. Eftir útgáfu einnar smáskífu árið 1992 lagði sveitin upp laupana. Í framhaldinu höfðu þeir Gaz og Goffey samband við bassaleikarann Mick Quinn og saman stofnuðu þeir Supergrass.

Fljótlega fór sveitin að vekja athygli og þegar fyrsta platan, I Should Coco, kom út ætlaði allt vitlaust að verða. Hvert lagið á fætur öðru náði vinsældum en þó mest hið gleðiríka Alright sem gerði Supergrass að einni af vinsælustu hljómsveitum Bretlands og þótt víðar væri leitað.

Ný plata í smíðum

Síðan þá hefur sveitin gefið út fimm hljóðversplötur, nú síðast Road to Ruen. Þrátt fyrir að vinsældir Supergrass hafi dvínað nokkuð undanfarin ár er sveitin engu að síður enn með þeim virtari í breska tónlistarbransanum fyrir vandaðar og hressilegar lagasmíðar sínar.

Hinn þrítugi Gaz Coombes hlakkar mikið til ferðarinnar til Íslands. „Þetta verður frábært. Við höfum aldrei komið þangað áður en margir vinir okkar hafa komið þangað. Strákarnir í Radiohead sögðu mér frá landinu og þeim fannst rosalega gaman þar," segir Coombes og virkar nokkuð hress í bragði.

Mikið er um að vera hjá Supergrass þessa dagana því sjötta plata sveitarinnar er í undirbúningi. Verður hún væntanlega tilbúin í byrjun næsta árs. „Við erum að semja og taka upp ný lög, þannig að við spilum ekkert á tónleikum nema við sérstakar aðstæður eins og að fara til Íslands," segir hann í léttum dúr. „Okkur gengur mjög vel og erum mjög spenntir fyrir nýju plötunni. Nýju lögin okkar eru kraftmikil rokklög og það er mjög gaman að spila þau."

Hraði og fjölbreytni

Gaz segir að orkan streymi frá Supergrass á hverjum tónleikum og því geti Íslendingar átt von á hörkutónleikum. „Við erum alltaf mjög spenntir og vel stemmdir fyrir hverja tónleika þó svo að það séu liðin tólf til þrettán ár síðan við byrjuðum að koma fram. Að spila á tónleikum er afar fullnægjandi fyrir okkur. Hraðinn er mikill og fjölbreytnin er alltaf í fyrirrúmi," segir Gaz, sem einnig spilar nokkur lög órafmagnað með bassaleikaranum Quinn á hverjum tónleikum.

„Við spilum lög af öllum plötunum okkar en síðan ætlum við að reyna að spila eitt glænýtt lag sem við höfum verið að semja á undanförnum vikum. Við þurfum að klára textann fyrst og svo sjáum við til," segir hann.

Ánægður með Leaves og Börk

Gaz man vel eftir strákunum í Leaves, sem hituðu upp fyrir Supergrass á tónleikaferð sveitarinnar um Bretland á síðasta ári. „Þeir voru mjög traustir og fínir gaurar. Þeir voru með sama hugsunarhátt og við, enda erum við allir miklir aðdáendur Beach Boys. Þeir voru mjög fínir og við skemmtum okkur vel," segir hann.

Börkur Sigþórsson leikstýrði jafnframt myndbandi við lagið St. Petersburg af plötunni Road to Ruen. „Hann var alveg frábær. Hann hannaði gott útlit fyrir myndbandið sem var í anda poppmyndbanda frá sjöunda áratugnum. Myndbandið leit út eins og við hefðum ekki haft mikinn pening í verkið, sem við höfum engu að síður. Ég hafði mjög gaman af þessu myndbandi," segir Gaz og ber Íslendingum greinilega vel söguna.

Afmælisveisla 4. júní

Gaz segist ekki geta dvalið lengi hér á landi því hann ætli að halda upp á afmæli dóttur sinnar hinn 4. júní. „Það er frábært að vera fjölskyldumaður en það breytir því samt ekki hvernig ég nálgast tónlistina. Þetta breytir auðvitað lífsmynstrinu hjá manni; að vera faðir og fara ekki á pöbbinn á hverju kvöldi, en þetta breytir því ekki hvernig ég spila tónlist," segir hann á alvarlegan hátt og meinar greinilega hvert orð.

Þegar blaðamaður minnist á bartana frægu sem hann hefur skartað síðan Supergrass kom fyrst fram á sjónarsviðið hlær Gaz. „Þeir eru dálítið stuttir núna en ég ætla ekkert að raka þá af. Kannski geri ég það þegar ég verð orðinn of gamall." Bætir hann því við að hárið á sér þessa dagana sé stutt í anda stórleikarans Marlon Brando snemma á sjötta áratugnum.

Gaz játar að vera mikill kvikmyndaaðdáandi og á risastórt sjónvarp heima hjá sér. Einnig er hann með hljóðver á heimili sínu og eyðir miklum tíma þar þegar hann er ekki á tónleikaferð með Supergrass. „Ég sem mikið í frítíma mínum. Ef ég myndi vinna í búð eða eitthvað svoleiðis myndi ég bara fara heim eftir vinnu og búa til tónlist. Þetta er það sem ég elska að gera og síðan er mjög afslappandi fyrir mig að setjast bara niður og spila á gítarinn. En mér finnst reyndar líka gott að lesa og spila fótbolta í Playstation," segir Gaz, sem hefur verið aðdáandi Manchester United síðan hann var fimm ára.

The Zutons í uppáhaldi

Supergrass var á sínum tíma talin ein af Britpop-hljómsveitunum sem voru hvað vinsælastar um miðjan tíunda áratuginn; sveitir á borð við Blur, Oasis og Pulp.

Gaz segir að Britpop-stimpillinn hafi alltaf verið nokkuð sem fjölmiðlar hafi fundið upp á. „Mér fannst þetta aldrei nógu sterk hreyfing til að hafa titil. Þetta var hvorki pönkhreyfing né nýbylgjuhreyfing heldur var þetta bara samansafn af góðum enskum hljómsveitum, en mér fannst við samt vera bestir af þeim," segir hann.

„Annars finnst mér tónlistin sem er í gangi núna ansi góð. Það er margt gott að gerast en samt eru líka margar hljómsveitir að gera svipaða tónlist og það er frekar pirrandi."

Nefnir hann The Zutons og The Coral sem þær bresku sveitir sem hann fíli mest um þessar mundir. Í Bandaríkjunum er hann aftur á móti hrifinn af The White Stipes, The Strokes, The Flaming Lips og blúsaranum Son of Dave.

Aldrei verið hamingjusamari

Lagasmíðar Supergrass voru léttar og hamingjuríkar þegar sveitin var að byrja og virtist spilagleðin vera í algjöru fyrirrúmi.

Þó svo að tónlist Supergrass hafi breyst nokkuð síðan þá segist Gaz engu að síður ennþá vera jafnhamingjusamur og í „gamla daga". „Það var mikil gleði og mikill barnaskapur í gangi þegar maður var sautján ára. Maður vissi ekkert allt of mikið þarna og það gaf manni frelsi og maður gat slappað betur af. Þegar maður verður eldri missir maður kannski eitthvað af þessu frelsi og þessum barnaskap en ég held að ég sé samt hamingjusamari en nokkru sinni fyrr, enda ganga hlutirnir mjög vel hjá mér. Ég á fallegt hús, fallega dóttur og er í frábærri hljómsveit sem á ennþá eftir að semja sín bestu lög, þannig að ég get verið hamingjusamur yfir mjög mörgu."

Supergrass spilar á Reykjavík Trópík laugardagskvöldið 3. júní og að sjálfsögðu munu vinir hennar í Leaves spila rétt á undan. Miðasala á útihátíðina er komin á fulla ferð og fer fram á midi.is og í verslunum Skífunnar. Einnig er hægt að kaupa miða í BT á Akureyri og Selfossi. Tuttugu ára aldurstakmark er inn á alla tónleikana.



ROAD TO ROUEN Nýjasta plata Supergrass kom út í fyrra.

PLÖTUR SUPERGRASS

Road to Rouen	2005
Life on Other Planets	2002
Supergrass	1999
In It for the Money	1997
I Should Coco	1995

Fínir í samstarfi

Börkur Sigþórsson tók síðasta sumar upp myndband við fyrsta smáskífulag plötunnar Road to Ruen með Supergrass, sem nefnist St. Petersburg.

„Það var bara mjög þægilegt að vinna með þeim. Þetta eru fínir gæjar í samstarfi og eru algjörlega með fæturna á jörðinni," segir Börkur. Á þessum tíma var Supergrass-myndbandið stærsta verkefni sem hann hafði unnið að. Áður hafði hann m.a. leikstýrt myndböndum fyrir Thirteen Senses, Faultline, Mínus, Maus og Quarashi.

Börkur segist vera mikill aðdáandi bresku sveitarinnar. „Ég hef alltaf verið mikill Supergrass-aðdáandi. Þetta er frábært band."

Eftir að Börkur tók upp Supergrass-myndbandið tók hann upp myndband við smáskífulagið Break the Night with Colour með Richard Ashcroft, fyrrum forsprakka The Verve. Var það verkefni töluvert stærra í sniðum. „Það var mjög fínt að vinna með Ashcroft. Þetta eru allt voða miklir fagmenn. Þetta er lið sem er búið að vera lengi í bransanum og er ekki með mikið vesen," segir Börkur, sem einnig starfar sem ljósmyndari og auglýsingaleikstjóri.

BÖRKUR SIGÞÓRSSON Börkur tók upp myndband við lagið St. Petersburg með Supergrass síðasta sumar.

JDBUG

Opið í dag
til kl. 18 í öllum verslunum nema í Kringlu til kl. 17

Gæða hlaupahjól
Smíðuð úr flugvélaáli



Rafmagnshlaupahjól **9.999**kr

Hlaupahjól
m/dempara **6.999**kr

Gæðahlaupahjól
á 5" dekkjum **4.999**kr

Hlaupatvíhjól jafnvægishjól
Frábær æfing fyrir börn 3-5 ára.
Fislétt hjól aðeins 3,1 kg. **5.999**kr

Hlaupahjól
barna m/þremur hjólum **3.999**kr

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Tómatar eru hollir og ljúffengir, litfagrir og ómissandi á matborðið. Íslenskir grænmetisbændur bjóða neytendum upp á margar tegundir sem auka fjölbreytnina og möguleikana. Nú er rétti tíminn til að prófa þær allar.

www.islenskt.is

ljúffengar uppskriftir og fróðleikur

STUÐ MILLI STRÍÐA Gerum minna

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR HÆGIR Á SÉR.

Oftar en ekki stend ég sjálfa mig að því að kvarta undan því að hafa ekki nægan tíma, enda tímaskortur vandamál sem þjakar mikið af fullorðnu fólki, þar á meðal mig, Ég minnist þess nefnilega ekki sem barn að hafa óskað þess að ég hefði meiri tíma. Tíminn var einfaldlega ekki til þegar ég var barn. Á sumrin sat ég við húsvegg hjá ömmu í Vesturbænum, með höfuðið upp við bárujárnið og fylgdist með fjólubláu blómstrandi illgresi blakta í golunni. Amma spilaði fyrir mig á ýlustrá og köngulærnar spunnu vefi sína af miklu kappi upp eftir öllu húsinu. Garðurinn var hrikalega illa hirtur, sem gerði hann dásamlega spennandi. Grái kötturinn minn læddist um grasið eins og ljón í frumskóginum og amma sagði mér sögur. Stundum sátum við saman og sögðum ekki orð. Við vorum bara tvær manneskjur sem höfðum það mikinn tíma að við gátum leyft okkur að standa á sama um hann. Allur heimurinn var í kapphlaupi við tímann en við nutum okkar í tómu kæruleysi. Hvað áttum við svo sem að gera annað? Nægur matur var í ísskápnum, þak höfðum við yfir höfuðið og mjúkt grasið til að sitja á. Núna sé ég það að amma hefði vel getað eytt tíma sínum í aðra hluti, eins og að skúra gólfin oftar, slá grasið og dytta að blómabeðum, mála gluggana, hlaupa í búðir að kaupa nýja skó, pússa silfrið, fara í ræktina, fara á kaffihús og liggja í matreiðslubókum. En nei, hún sat með mér í garðinum og naut lífsins.

Okkur er ekki öllum gefið það sama í lífinu, en það gætir jafnræðis þegar það kemur að tímanum. Við fáum öll nákvæmlega jafnmargar klukkustundir í sólarhringnum. Við förum misvel með tímann, og alltof margir rembast við að gera sem mest á sem minnstum tíma. Sem veldur því að fólk fer að kvarta undan tímaleysi. Á meðan tíminn verður ekki keyptur í krukkum held ég að lausnin sé einfaldlega að gera minna.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Överli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Sterkar rætur

– undirstaða í níutíu ár

FRAMSÓKNARFLOKKURINN

exbé

Kl. 20.00
Sönghópurinn I Fagiolini flytur gleðileikinn L'Amfiparnaso eftir Orazio Vecchi í Íslensku óperunni. Grímubúnir leikarar syngja og túlka sögu með látbragði en tónlistin er sungin á ítalskri mállýsku. Hvert atriði er kynnt með stuttum og skemmtilegum formála sem Davíð Þór Jónsson hefur þýtt á íslensku. Sögumaður er Hilmir Snær Guðnason.

menning

menning@frettabladid.is

Breytingar í Akademíunni

Rekstrarfyrirkomulagi ReykjavíkurAkademíunnar hefur nú verið breytt í sjálfseignarstofnun en að sögn Viðars Hreinssonar, framkvæmdastjóra stofnunarinnar, er þróun þessi „rökrétt skref að því marki sem akademían hefur lengi stefnt að, það er að gera allar rannsóknir markvissari og formlegri. Þetta þýðir að ReykjavíkurAkademían verður nú ábyrgari og formlegri stofnun og auðveldara mun reynast að starfa með stjórnvöldum og félagssamtökum að uppbyggingu brýnna verkefna samanber rannsóknir á málefnum innflytjenda hérlendis."

Um áttatíu sjálfstætt starfandi fræðimenn hafa að jafnaði aðsetur hjá stofnuninni, aðallega á sviðum sagnfræði, heimspeki, bókmenntafræði, mannfræði, félagsfræði, sagnfræði og guðfræði, og segir Viðar að vonast sé til að hið nýja eignarfyrirkomulag muni stuðla að eflingu samstarfs þeirra á milli.

CLARENCE E. GLAD Nýkjörinn formaður stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar.

Í stjórn ReykjavíkurAkademíunnar sitja nú Clarence E. Glad guðfræðingur sem jafnframt er formaður hennar, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir mannfræðingur, Jón Ólafsson heimspekingur, Kári Bjarnason handritafræðingur og Kristinn Schram þjóðfræðingur. Í nýkjörinni stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar voru kjörin Þorleifur Hauksson bókmenntafræðingur sem formaður, Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur, Jón Þór Pétursson sagnfræðingur og Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur til vara. **-brb**

> Ekki missa af...

Samstöðu- og styrktartónleikum fyrir konur í hertekinni Palestínu á **Grand Rokk** kl. 21.30 í kvöld. Fram koma hljómsveitirnar Reykjavík! Future Future, Wulfgang, Seabear og Mr. Silla sem klórar plötur.

Yfirlitssýningum á verkum Birgis Andréssonar og Steingríms Eyfjörð í **Listasafni Íslands**. Sýningin er liður í Listahátíð í Reykjavík.

Trans Dance Europe í **Borgarleikhúsinu** um helgina. Þrjár ferskar danssýningar frá Danmörku, Belgíu og Póllandi.

Leikrænar burtreiðar

Í kvöld verður í fyrsta sinn keppt um Bananabikarinn í spuna eða leikhússporti og eigast við einvala lið frá Borgarleikhúsinu og Leikfélagi Akureyrar á heimavelli þess fyrrnefnda. Sitjandi Íslandsmeistari í leikhússporti og handhafi Frescabikarins frá 1998, Bergur Þór Ingólfsson, leikur fyrir hönd Borgarleikhússins ásamt fleirum og segir að mikill hugur sé í báðum liðum.

„Ég stefni að því að safna alls kyns bikurum," segir Bergur Þór sem kveðst mikill keppnismaður. „Liðin æfðu saman á dögunum og það fór mjög vel fram enda er leikhússport fyrst og fremst til gamans gert. Það er ekki fyrr en kemur að keppninni sjálfri að það gæti slegið í brýnu."

„Sá sem hefur hæfileikann til að vera hamingjusamur heimskingi, hann hlýtur að vera spunameistari," segir Bergur þegar hann er inntur eftir helsta styrk spunaleikara. „Það er ekkert takmark æðra en að verða hamingjusamur heimskingi."

„Það er keppt í hinum ýmsu stílum," útskýrir Bergur Þór, „annað liðið skorar á hitt með einhverri senu, til dæmis senu sem þarf að gerast í bakaríi, síðan velur liðið stíl til þess að leika senuna, hvort sem það er óperustíll, hasarmyndastíll eða stíll undir áhrifum frá Shakespeare." Síðan sé frammistaða liðanna dæmd út frá skemmtanagildi, tækni og söguþræði.

Leikhússport er gagnvirk íþrótt og segist Bergur Þór búast við brjáluðu stemningu í salnum í kvöld. Gestgjafar kvöldsins verða leikararnir Edda Björg Eyjólfsdóttir og Árni Pétur Guðjónsson sem er einmitt liðsfélagi Bergs frá 1998. Dómarar keppninnar ættu einnig að hafa góða reynslu af leikrænum tilþrifum og spunameisturum en frambjóðendurnir Gísli Marteinn Baldursson, Ugla Egilsdóttir og Dofri Hermannsson munu skera úr um frammistöðu liðanna. Þess má geta að allir frambjóðendurnir hafa daðrað við leiklistargyðjuna Talíu með einum eða öðrum hætti.

Keppnin hefst kl. 22.30 og fer fram á Litla sviði Borgarleikhússins, veittir verða bananar í boði BananaGroup. Miða á viðburðinn er hægt að nálgast á heimasíðu Borgarleikhússins.

-khh

BERGUR ÞÓR INGÓLFSSON LEIKARI Er hvergi banginn og keppir í leikhússporti í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN

✓„Verndum ósnortna náttúru. Eflum þekkingariðnað."

4 sæti
Ásta Þorleifsdóttir, jarðfræðingur

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR xF

GESTIR MYNDHÖGGVARAFÉLAGS REYKJAVÍKUR Á LISTAHÁTÍÐ Hannes Lárusson sýningarstjóri og myndlistarmennirnir Sean Taylor, Sarah Browne og Mariusz Soltyzik.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Staðbundnar upplifanir

Glöggir hlustendur gætu í dag heyrt óm af kunnuglegum tónum komandi úr norðurátt. Hljóðverk írska myndlistarmannsins Sean Taylor mun bókstaflega takast á loft eftir hádegið.

Sean Taylor er einn af átta erlendum myndlistarmönnum sem eiga verk á sýningunni „Site-Ations – Sense in Place" sem hefst í dag. Um er að ræða alþjóðlegt listverkefni sem átta Evrópulönd taka þátt í og spannar eitt ár en í tengslum við sýningar í þátttökulöndunum sex verða einnig haldnar ráðstefnur, námskeið og listsmiðjur fyrir börn. Um fimmtíu listamenn taka þátt í verkefninu en aðalskipuleggjandi þess hér á landi er Myndhöggvarafélag Reykjavíkur.

Sýningarstjórar verkefnisins á Íslandi eru Rósa Jónsdóttir og Hannes Lárusson. „Hugmyndin að baki sýningunni er sú að verkin fjalli um stað eða staði í víðara samhengi. Bæði staði sem raunveruleg rými og sem félagslegt umhverfi," útskýrir Hannes. „Listamennirnir átta, sem koma frá Írlandi, Póllandi, Lettlandi, Wales og Spáni, vinna þannig verk sem sum eru af félagslegum toga eða byggja á hugmyndinni um stað í bókstaflegum skilningi. Listamennirnir komu hingað í fyrra og könnuðu aðstæður og eru síðan að vinna á þeim grundvelli. Markmið sýninganna er að draga athygli að sérkennum hvers lands eða staðar fyrir sig en leiðarstef íslenska hlutans er „orka", í víðasta skilningi þess orðs." Átta íslenskir listamenn hafa eða munu taka þátt í sýningunni og dreifast þeir á þátttökulöndin fimm.

Hluti af verkefninu er unnið í samstarfi við ungt fólk á skólaaldri og hafa fimm bekkjardeildir úr Austurbæjarskóla unnið verk út frá orkuþemanu og mun afrakstur þeirrar vinnu vera til sýnis í sýningarsal Orkuveitunnar og opnar hún einnig í dag.

„Hugmyndin að baki þessu er að skapa tengsl við listamenn frá öðrum löndum og fá mögulega nýja sýn á myndlistarheiminn. Myndhöggvarafélagið hefur ávallt verið í erlendu samstarfi en þetta er kannski stærsta verkefnið af þessu tagi sem félagið hefur hefur tekið þátt í. Nú eru líka ýmsar þreifingar í gangi, nokkur verkefni sem tengjast alþjóðasamstarfi eru í bígerð sem kemur til af því að nú er komin ákveðin reynsla og fordæmi innan félagsins," útskýrir Hannes.

Opnunaratriði hátíðarinnar verður án efa tilkomumikið en tvær þyrlur munu svífa yfir Faxaflóa og dansa yfir Viðey við kunnuglega tóna þjóðlagsins „Vísur Vatnsenda-Rósu". Listamaðurinn Sean Taylor er höfundur þessa lofthljóðverks og vonar að veðurguðirnir verði honum vilhallir svo að tónlistin berist sem víðast. „Ég nota mikið þjóðlagatónlist í verkum mínum og síðan hef ég líka gert töluvert af loftverkum, með loftbelgjum og flugvélum og slíku. Mér fannst mjög góð hugmynd að sameina þessi hugarefni mín og gera lofthljóðverk," útskýrir Taylor.

Lagið er sungið af sópransöngkonunum Signýju Sæmundsdóttur og Jóhönnu Þórhallsdóttur og tekur verkið sjálft um 15 mínútur í flutningi. „Þyrlurnar tvær koma af hafinu og staðnæmast yfir Viðey þar sem verkið verður spilað úr sérútbúnu hljóðkerfi sem verður fest á þyrlurnar. Þyrlurnar munu síðan dansa einskonar loftballet yfir eynni. Hljóðið sjálft ætti að berast drjúga leið, jafnvel inn í borgina." Taylor verður sjálfur um borð í annarri þyrlunni og mun taka viðburðinn upp á myndband.

Ef allt gengur að óskum munu þessir óvenjulegu tónleikar hefjast um kl. 14.30 en annars verður önnur tilraun gerð á morgun eða laugardag.

Opnun á sýningunni „Site-Ations – Sense in Place" í Viðey hefst kl. 14 en sýningin í sal Orkuveitunnar kl. 17.

kristrun@frettabladid.is

ER FASTEIGNA-VERÐ AÐ HÆKKA EÐA LÆKKA?

–þú veist það ef þú lest Fréttablaðið

FRÉTTABLAÐIÐ

– Vel lesið!

Fiton/SIA

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS

„Besta söngleikjauppfærsla ársins"
S.S - Fréttablaðið

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

Bjartar raddir framtíðarinnar

Drengjakór Reykjavíkur heldur sína árlegu vortónleika í dag en kórinn hefur nú starfað í sextán ár, hin síðustu tvö í Hallgrímskirkju. Í kórnum eru söngvarar frá átta ára aldri og hafa þeir komið víða við í vetur, meðal annars á Tíbrártónleikaröð Salarins í Kópavogi með KaSahópnum, með Karlakór Reykjavíkur og sungið við guðsþjónustur í Hallgrímskirkju.

Dagskrá tónleikanna er fjölbreytt að vanda, samansett af lögum innlendra og erlendra höfunda, bæði klassísk lög og dægurmúsík, en sama dagskrá mun verða flutt á tónleikum í Frakklandi síðar í sumar. Stjórnandi kórsins er Friðrik S. Kristinsson en Lenka Mátéová sér um meðleik á orgel og píanó.

Tónleikarnir hefjast kl. 17 og verða haldnir í Hallgrímskirkju.

-khh

DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR Flytur fjölbreytta efnisskrá á vortónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aðalfundur

SAMTÖK UM TÓNLISTARHÚS

Samtaka um tónlistarhús verður haldinn fimmtudaginn 8. júní n.k. kl. 18:00 í fundarsal FÍH Rauðagerði 27.

Dagskrá samkvæmt félagslögum

Stjórn Samtaka um tónlistarhús

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir káta krakka
Skráningarsími
588 8899

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

22 23 24 **25** 26 27 28

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- 17.00 **Drengjakór Reykjavíkur** heldur vortónleika í **Hallgrímskirkju**. Stjórnandi kórsins er **Friðrik S. Kristinsson** en meðleikari **Lenka Mátéová**.
- 21.30 **Félagið Ísland-Palestína** og **UNIFEM** á Íslandi halda samstöðu- og styrktartónleika fyrir konur í hertekinni **Palestínu**. Tónleikarnir fara fram á **Grand Rokk** en fram koma **Reykjavík! Future Future**, **Wulfgang**, **Seabear** og **Mr. Silla** sem klórar plötur.

DANSLIST

- 17.00 **Ördansahátíð 2006** verður haldin umhverfis **Tjörnina** í Reykjavík.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

- Síðasti sýningardagur á útskriftarsýningu **Listaháskóla Íslands**. Verk nemenda úr **myndlistardeild** og **hönnunar**- og **arkitektúrdeild** eru til sýnis í **Listasafni Reykjavíkur**, **Hafnarhúsi**.

LISTAHÁTÍÐ

- 19.00 **Benedikt Erlingsson** flytur einleikinn **Mr. Skallagrímsson** í **Landnámssetrinu** í **Borgarnesi.**
- 20.00 Sönghópurinn **I Fagiolini** flytur gleðileikinn **L'Amfiparnaso** eftir **Orazio Vecchi** í **Íslensku óperunni**. Grímubúnir leikarar syngja og túlka sögu með látbragði en tónlistin er sungin á ítalskri mállýsku. Hvert atriði er kynnt með stuttum og skemmtilegum formála sem **Davíð Þór Jónsson** hefur þýtt á íslensku. Sögumaður er **Hilmir Snær Guðnason**.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

FAGNAÐUR
6. sýn. í kvöld fim. 25/5 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 26/5 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 27/5, 9. sýn. sun. 28/5 nokkur sæti laus. **Allra síðustu sýningar í vor.**

GALDRASKYTTAN
Frumsýning fös. 2/6 örfá sæti laus, mið. 7/6 örfá sæti laus, fös. 9/6, lau. 10/6.
Aðeins þessar 4 sýningar. Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins og Listahátíðar í Reykjavík.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 nokkur sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 nokkur sæti laus.

UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU
Í kvöld fim. 25/5, fös. 26/5, lau. 27/5, sun. 28/5. **Brúðuleikhús fyrir fullorðna. Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.**

ÞURÍÐUR OG KAMBSRÁNIÐ
Fös. 2/6. **Leikfélag Selfoss - Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.**

LEIKHÚSKJALLARINN
Art, Truth and Politics - Nóbelsræða Harolds Pinter.
Upptaka sýnd í Leikhúskjallaranum að loknum sýningum á Fagnaði.
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 28/5 kl. 14 UPPS. SÍÐ. SÝN. Í VOR
Miðasala hafin á sýningar í haust!

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS. Su 28/5 kl. 20 UPPS.
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS. Má 5/6 kl. 20
Þri 6/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 23 Má 12/6 kl. 20
Þri 13/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Mi 31/5 kl. 10 UPPS. Fö 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 3/6 kl. 20 UPPS. Má 5/6 kl. 20
Fi 8/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 20
Lau 10/6 kl. 20 UPPS. Fi 15/6 kl. 20
Sun 18/6 kl. 20

HLÁTURHÁTÍÐ
Í kvöld kl. 22:30
BANANABIKARINN MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti.

Su 28/5 kl. 20:00
HLÁTURNÁMSKEIÐ MIÐAVERÐ 1.000
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.

NAGLINN
Fi 1/6 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Lau 27/5 kl. 19 ALLRA SÍÐASTA SÝNING
ATHUGIÐ: Breyttan sýningartíma

25 TÍMAR
DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 2006
9 verk verða frumsýnd sem keppa til verðlauna.
Fi 8/6 kl. 20
Teldu mig með. Höf. Ólöf Ingólfsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman.
Elsku bróðir. Höf. Steinunn Ketilsdóttir.
Blind ást. Höf. Rebekka Rán Samper.
Tommi og Jenni. Höf. Elma Backman, Stefán Hallur Stefánsson ogHalldóra Malín Pétursd.
Boðorðin 10. Höf. Marta Nordal.
Guðæri. Höf. Ólafur Darri Ólafsson og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir
Dillir dó og Dummi. Höf. Benóný Ægisson.
Shoe size nine months. Höf. Peter Anderson.
Stigma. Höf Andreas Consantinou.
MIÐAVERÐ 2.500. Miðasala hafin.

RONJUVÖRUR
Bolir, sundpokar, nælur, geisladiskur ofl.
Fæst í miðasölu Borgarleikhússins.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Háteigsvegi 105 Reykjavík Sími 522 3300 Fax 522 3301 fti@fti.is www.fti.is

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS

Sérnám á haustönn
- Diplómanám í rekstri og stjórnun, blanda af fjarnámi og lotunámi.
- Fjarnám til 3. stigs vélstjórnar.
- Fjarnám til 1. stigs skipstjórnar.
- Rafvirkjanám fyrir 4. stig vélstjóra, vélfræðinga og nemendur á 4. stigi.

INNRITUN FYRIR HAUSTÖNN

Fjöltækniskóli Íslands býður öfluga og fjölþætta menntun á sviði bók- og verknáms sem gefur verðmæt starfsréttindi samhliða stúdentsprófi.

- Náttúrufræðibraut sem lýkur með stúdentsprófi en veitir jafnframt vélstjórnar- eða skipstjórnarréttindi.
- Skipstjórnarbraut, 1.-3. stig. Alþjóðleg skiptstjórnarréttindi.
- Vélstjórnarsvið, 1.-4. stig. Alþjóðleg skiptstjórnarréttindi. 4. stigi lýkur með stúdentsprófi.
- Grunnnám í málm- og véltækni.
- Alemenn braut.

Nám í Fjöltækniskóla Íslands veitir fjölbreytta atvinnumöguleika til sjós og lands og er áhugaverður kostur fyrir ungt fólk og einnig þá sem vilja sækja sér aukna menntun síðar á lífsleiðinni.

Nám til atvinnuréttinda er lánshæft hjá LÍN.
Innritun fyrir haustönn lýkur 12. júní.

Nánari upplýsingar
Á heimasíðunni okkar **www.fti.is** og í síma **522 3300**. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á **fti@fti.is**.

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

Heineken®

DJAMMIÐ UM HELGINA:

Heineken® music

ENDALAUST FJÖR ALLA HELGINA

GRAND ROKK
REX
PRAVDA
KAFFI VÍN
CAFÉ ROSENBERG

Heineken.is
Allt um djammið

NASA

FÖSTUD. 26. MAÍ 2006

JON SPENCER & HEAVY TRASH

ÁSAMT ÞREMUR MÖGNUÐUM GESTASVEITUM

POWERSOLO,
THE TREMOLO BEER GUT
OG FRÆ

HÚSIÐ OPNAR KL. 21.30 / MIÐAVERÐ KR. 1800
MIÐASALA ER Í SKÍFUNNI OG Á W.W.W. MIDI.IS

LAUGARD. 27. MAÍ 2006

ÍSVÖRTUM FÖTUM

HÚSIÐ OPNAR KL. 23.30
MIÐAVERÐ KR. 1000

NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!

27. maí Borgarleikhúsið, nýja sviðið kl. 17.00
Granhøj Dans, Danmörku
Obstructsong *eftir Palle Granhøj*

27. maí Borgarleikhúsið, stóra sviðið kl. 20:00
Cie Mossoux-Bonté, Belgíu
Hélium *eftir Patric Bonté og Nicole Mossoux*

28. maí Borgarleikhúsið, nýja sviðið kl. 20.00
Dada von Bzdülöw Theatre, Póllandi
Magnolia *eftir Katarzyna Chmielewska og Leszek Bzdyl*

Miðasala hjá Listahátíð í Reykjavík
Sími 552 8588 – www.artfest.is

Miðaverð á sýningu 2.000
Passi á allar 3 sýningar 4.500

Frímiði fæst gegn framvísun miða á
Við erum öll Marlene Dietrich FOR

Íd Íslenski dansflokkurinn
Reykjavík Arts Festival 2006
Landsbankinn
Culture 2000

Ástsælustu söngvarar þjóðarinnar, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson, Bergþór Pálsson, og Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflytja Le Pays / Föðurlandið í porti Hafnarhússins. Byggt á sönnum atburðum um ástir íslenskrar stúlku og fransks sjómanns.

Ópera í þremur þáttum eftir Joseph-Guy Ropartz
Stjórnandi: Kurt Kopecky
Leikstjóri: Stefán Baldursson
Dansari: Lára Stefánsdóttir
Útlit og búningar: Filippía Elísdóttir

Alfesca

Fyrri sýning á morgun, föstudag kl. 20.00,
seinni sýning, laugardaginn 27. maí kl. 16.00.
Aðeins þessar tvær sýningar
Miðaverð. 3.900

Miðasalan Bankastræti 2:
Opin virka daga kl. 12 til 18, um helgar kl. 12 til 16.
Sími 552 8588 – Miðasala á netinu á www.listahatid.is
Miðasala við inngangin hefst klukkustund fyrir viðburð

Listahátíð í Reykjavík 2006

KB BANKI ICELANDAIR SAMSKIP Radisson SAS

> **Helltu...**

upp á alvöru jurtate frá Jurtaapóteki Kolbrúnu grasalæknis. Þar er hægt að kaupa te sem hefur hina ýmsu virkni. Sumt róar, annað friskar og kætir og enn annað eykur frjósemi.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN: SUMARLIÐI HELGASON HVANNDAL BASSALEIKARI

Hrefnukjöt er stórlega vanmetið

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Ég fer ekki út á morgnana fyrr en ég fæ kókapuffs og cheerios í bland.

Fyrsta minning um mat?
Hafragrautur í Hjörtsey.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?
Það er klárlega steikt hrefnukjöt að hætti tengdaforeldra minna. Hrefnukjöt er stórlega vanmetin afurð hér á landi og er t.a.m. geggjað á grillið, svo ég tali nú ekki um hvað það er hollt. Athugið að það er samt bannað að steikja kjötið of mikið!

Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Maður með mitt vaxtarlag hlýtur bara að borða hvað sem er!

Leyndarmál úr eldhússkápnum?
Vilko kakósúpa.

Hvað borðar þú til þess að láta þér líða betur?
Grillaðar svínalundir fylltar með piparosti koma mér alltaf í gott skap. Mér líður rosalega vel svona rétt á meðan ég borða þær, en svo líður mér geðveikt illa á eftir. Ég hef nefnilega ofnæmi fyrir svínakjöti en ég held alltaf að ég sé kominn yfir það.

Hvað áttu alltaf í ísskápnum?
Ég á alltaf Bónusskinkuna sem amma gaf mér um síðustu jól í ísskápnum. Ég verð að fara að henda henni.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju hvað tækirðu með þér?
Tengdó og hrefnubyssuna.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?
Ég borðaði sand þegar ég var tveggja ára, en annars fór ég eitt sinn á kínverskt veitingahús í Englandi og borðaði þar fjöldann allan af réttum sem ég veit ekkert hvað var. En miðað við beina-bygginguna á skepnunni í aðalréttinum þá var þetta örugglega ekki öndin sem við pöntuðum. Samt alveg ágætt.

ÞRÚGUR GLEÐINNAR
> EINAR LOGI VIGNISSON

Skíðakappi frá Bordeaux

Ég er heldur lélegur í frönskum vínum. Skilst á vínspekingum að ég sé heldur seinþroska hvað það varðar. Enda líta þeir sem telja sig hafa vit á frönskum vínum gjarnan niður á allt annað úr hásæti sínu enda lýkur flestum samræðum um bestu vín veraldar á samdóma áliti um að enginn komist með tærnar þar sem Fransmennirnir hafa hælana. Þetta fer líklega nærri lagi en almenningur er ekki að kaupa spekina. Það sýnir undanhald franskra vína nær alls staðar í veröldinni. Bæði hafa bestu vín Frakklands hækkað svo í verði að þau eru ekki á færi almennings og ódýrari vínin hafa vikið fyrir innrás vína frá Nýja-heiminum.

Eina franska vínfyrirtækið sem hefur náð að synda á móti straumnum í ódýrari flórunni er J.P. Chenet, markaðsdrifið fyrirtæki sem er eitt af stærstu vínfyrirtækjum heims. Að þeim frátöldum sýna fá fyrirtæki lit og slagurinn í ódýrari geiranum virðist Frökkum tapaður. Í betri vínum er Frakkland hins vegar alltaf Frakkland. „Upphaf og endir alls í vínheiminum“, eins og Steingrímur Sigurgeirsson orðar það í þeirri fínu bók „Heimur vínsins“. Betri frönsku vínin eru dýr en þó má fá fyrirtaks vín frá bestu framleiðendunum á kringum tvö þúsund krónur. Fyrir þá sem vilja smakka á því besta eru franskir þemadagar bestu veitingastaðanna góður kostur. Þar er gjarnan boðið upp á glas af víni með hverjum rétti. Oft er boðið upp á nokkur vín frá sama framleiðanda en framleiðendurnir eiga flestir fleiri en eitt vínhús og eru vínin seld undir ólíkum heitum. Þetta útskýra betri vínþjónar svo skilmerkilega fyrir gestum.

Slíkir dagar eru í uppsiglingu á Hótel Holti en 1. til 4. júní verða Bordeaux dagar í tilefni heimsóknar Daniel og Florence Cathiard sem eiga vínhúsið Château Smith Haut Lafitte. Daniel Cathiard var á árum áður frægur skíðakappi og meðlimur í franska ólympíulandsliðinu ásamt Jean-Claude Killy árið 1968 en hefur átt vínhúsið frá árinu 1990. Skotinn George Smith keypti það á 18. öld og gaf því nafnið en margir Bretar áttu vínhús í Bordeaux. Vínhúsin þeirra eru þrjú, Smith Haut Lafitte, Les Hauts de Smith og Château Cantelys.

VERT AÐ SPÁ Í
Bordeaux-vín eru á mjög hagstæðu verði hér á landi. Innflytjendur verið duglegir að fá kvóta og álagningin verið hófleg. Í fríhöfninni gerast vart betri kaup en í gæðavínum, þar er 30 prósenta verðmunurinn farinn að skila sér. Château Cantelys kostar t.d. einungis 1.700 kr.

Kjötbollur að hætti Sophiu Loren

Kjötbollur sem upprunnar eru í eldhúsi leikkonunnar Sophiu Loren rata oft á matardiska hjá forverðinum Karenu Sigurkarlsdóttur.

„Ég smakkaði þessar kjötbollur fyrst hjá ömmu minni en hún fékk uppskriftina úr uppskriftarbók sem Sophia Loren gaf út árið 1998,“ segir Karen sem starfar sem forvörður hjá Þjóðminjasafni Íslands. „Þessar kjötbollur hafa verið afar vinsælar í minni fjölskyldu enda hafa margir fengið uppskriftina. Þær eru mjög saðsamar og henta bæði börnum og fullorðnum.“ Bollurnar eru bornar fram á ítalska vísu með spagettí, tómatsósu og nóg af parmesan. „Sophia Loren býr líklega til sitt eigið spagettí en ég læt mér nægja að kaupa það tilbúið,“ segir Karen og mælir með speltspagettí frá Sollu á Grænum kosti fyrir þá sem eru að hugsa um hollustuna.

Karen segist vera mjög hrifin af ítölskum og frönskum mat en undanfarið hefur hún þó aðallega verið að prófa sig áfram með bygg, spelti og aðrar hollustuvörur í eldhúsinu. „Svo var ég að eignast safapressu sem er það allra besta tæki sem komið hefur hingað inn í eldhúsið.“

Snaefridur@frettabladid.is

SAFAPRESSAN Í UPPÁHALDI Karen elskar kjötbollur Sophiu Loren en þykir ekki síður vænt um nýjasta fjölskyldumeðliminn, eðalsafapressu sem hún keypti í versluninni Kaffiboð. Á hverjum morgni pressar hún epli og engifer saman og skellir í sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KJÖTBOLLUR SOPHIU LOREN

(fyrir 4-5)
200 gr hvítt brauð
1 b mjólk
600 gr nautahakk
1/4 b parmesanostur
2 stór egg
slatti af steinselju
salt, pipar og olífuolía

Brauðið er tætt niður og látið liggja í mjólkinni í 30 mín. Restinni er síðan blandað saman við og litlar bollur eru búnar til. Bollurnar eru gegnumsteiktar í olíu á pönnu. Borið fram með spagettí, basiltómatsósu og nóg af parmesanosti.

Basil tómatsósa
6 msk af olívuolíu
5 hvítlauksrif
2 dósir niðursoðnir tómatar
nóg af fersku basil
salt, pipar, olífuolía

Hvítlaukurinn er skorinn smátt og steiktur í olíu. Restinni af hráefnunum er bætt út í.

VEITINGASTAÐURINN LUKKU LÁKI, HAFNARGÖTU 6, GRINDAVÍK S. 426 9999

Villta vestrið á Suðurnesjum

Lukku Láki í Grindavík minnir að mörgu leyti á krá í Villta vestrinu með sínar dökku viðarinnréttingar og bjórtunnur sem notaðar eru sem sæti við barinn. Staðurinn fékk nafn sitt þegar nýr eigandi tók við staðnum en sá hinn sami heitir Láki og því þótti nafnið Lukku Láki alveg kjörið. Á Lukku Láka er ekki bara hægt að seðja sárasta hungrið. Þar eru reglulega haldnar ýmsar uppákomur eins og böll og sportkvöld. Á góðviðrisdögum er hægt að sitja utandyra á palli fyrir framan húsið. Staðurinn er frábær áfangastaður fyrir þá sem vilja taka sunnudagsbíltúr um Suðurnesin. Skemmtilega hallærislegur staður með sál.

Matseðillinn: Matseðillinn er djúsí með góðu úrvali af fituríkri fæðu sem hentar vel fyrir svanga iðnaðarmenn og þá sem eru þunnir. Má þar nefna hamborgara, djúpsteikta ýsu, grísasamloku og kótilettur. Einnig er boðið upp á ýmsa smárétti á borð við nachos, jalapeno og kjúklinganagga. Börnin gleymast ekki heldur því þeim er boðið upp á barnahamborgara á 550 kr. Nautasteik með bakaðri kartöflu er einnig á seðlinum vilji maður aðeins fínni mat.

Verðið: Verðlagið er fínt á Lukku Láka og þjónustan góð. 9 tommu pitsa með áleggi að eigin vali kostar 1000 krónur og hamborgarinn er á 750 kall. Sex kjúklinganaggar eru á 550 kr.

Vinsælast: Þeir sem eru í hollustuhugleiðingum fara ekki á Lukku Láka, enda er staðurinn þekktur fyrir allt annað en sósuleysi og fituskertan mat. Prófið endilega hamborgara staðarins. Þeim, sem eru á hraðferð, er bent á að það er kjörið að stoppa á Lukku Láka þótt ekki sé nema bara fyrir einn kaffibolla.

Flatey kitlar bragðlaukana

Um hvítasunnuhelgina verður nýtt hótel og veitingahús opnað í Flatey á Breiðafirði undir nafninu Hótel Flatey. Fimm aðilar hafa tekið sig saman og stofnað einkahlutafélag um reksturinn en hugmyndin er að bjóða gestum Flateyjar upp á vinalegar vistaverur og fyrsta flokks veitingar. Veitingastaðurinn er til húsa í Samkomuhúsinu en gistiaðstaðan sem telur fimm herbergi er í Eyjólfspakkhúsi. Á næsta ári bætast svo við átta gistiherbergi í Stóra-pakkhúsi en í því húsi á einnig að opna bar. Að sögn Ingibjargar Á. Pétursdóttur, sem er einn af eigendum Hótel Flateyjar, verður fiskur úr Breiðafirðinum áberandi á matseðlinum sem og sjófugl. „Svo bjóðum við upp á Blinis, sem eru rússneskar lummur með lauk, sýrðum rjóma og kavíar," segir Ingbjörg sem lofar einnig ýmiss konar skemmtidagskrá í Samkomuhúsinu í sumar. Þar er stórt svið og munu bæði leikarar og tónlistarfólk nýta sér það. Á vegum hótelsins verður einnig rekin kajakleiga í sumar í samstarfi við Söguna í Stykkishólmi. Það má því búast við líflegu sumri í Flatey.

- snæ

Bono í Afríku

Þessi mynd var tekin á dögunum af írska rokkaranum Bono þegar hann var staddur í Accra í Ghana. Hér er hann að kynna sér afríska matargerð og var honum boðinn bæði fiskur og kjöt af grillinu. U2 söngvarinn er í 10 daga ferð um Afríku þar sem hann mun ekki bara gæða sér á afrískum krásum heldur reyna að vekja athygli á málefnum Afríku en Bono hefur oftar en ekki kvartað yfir því að vandamál Afríku fái litla athygli í fjölmiðlum.

NAMMI NAMM Má bjóða meistaranum afrískan grillmat? AP/KWASI KPODO

Mjólk eykur frjósemi

Ný rannsókn hefur leitt í ljós að mjólkurvörur geti haft mikil áhrif á frjósemi kvenna. Samkvæmt BBC hafa rannsóknir sýnt að konur sem drekka mjólk eða neyta annarra mjólkurvara eiga fimm sinnum meiri möguleika á því að eignast tvíbura en konur sem ekki neita slíkrar fæðu.

Vísindamenn telja að prótín sem er að finna lifur kúa geti verið orsökin fyrir því að konur eignist tvíbura.

RAUÐVÍN Er talið bæta heyrn fólks.

Rauðvín bætir heyrn

Margt hefur verið sagt um blessað rauðvínið og nú segja sérfræðingar að það geti bætt heyrnina. Rannsókn var gerð á þessu í Háskólanum í Michigan og kom þar í ljós að þeir sem voru farnir að tapa heyrn vegna aldurs höfðu mjög gott af rauðvíni. Það sama gildir einnig um grænt te og grænmeti. Það sakar því ekki fyrir þá sem eru farnir að heyra verr en áður að prófa þessa þrjá flokka.

allt bílar
Alla laugardaga

ENNEMM / SÍA / NM21776

Réttmeti

Ný kynslóð örbylgjurétta fyrir fólk sem hugsar um hollustuna. Réttirnir eru úr fersku hráefni og eldast við gufu. Þannig halda þeir upprunalegu næringargildi að langmestu leyti.

Prófaðu Réttmeti!
Rétt samsett máltíð sem er bæði holl og góð.

- enginn viðbættur sykur
- engin viðbætt fita
- salt í lágmarki

ÖMMUBAKSTUR

I know what you´re thinking. „Did he fire six shots or only five?“ Well, to tell you the truth, in all this excitement I kind of lost track myself. But being as this is a .44 Magnum, the most powerful handgun in the world, and would blow your head clean off, you´ve got to ask yourself a question: Do I feel lucky? Well, do ya, punk?

Harry Callahan útskýrir fyrir glæpamanni hvað hann hafi í höndunum í sígildu atriði úr kvikmyndinni Dirty Harry.

bíó

bio@frettabladid.is

Divine varð honum næstum að falli

Hugh Grant er án nokkurs vafa einn vinsælasti leikari Breta fyrr og síðar. Hæfileikar hans til að leika óframfærnar, hógværar og feimnar týpur sem heilla fegurstu konur heims upp úr skónum eru ótvíræðir. Nægir þar að nefna blómarósir á borð við Andy MacDowell og Juliu Roberts að ógleymdri sjálfri Bridget Jones.

Grant vakti fyrst athygli árið 1987 þegar hann lék í kvikmyndinni Maurice en hún fjallar um ungan mann í byrjun 20. aldar sem áttar sig á samkynhneigð sinni. Þar komst Grant í kynni við leikstjórann James Ivory sem réð leikarann aftur til starfa árið 1993 fyrir The Remains of the Day þar sem Grant lék á móti Emmu

HUGH GRANT Snillingur í að leika óframfærna, hógværa og feimna Englendinga.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

Thompson og Anthony Hopkins. Stóra tækifærið kom síðan ári seinna þegar Four Weddings & Funeral var frumsýnd en myndin varð gríðarlega vinsæl. Grant hélt áfram að hamra járnið á meðan það var heitt og lék í óskarsverðlaunamyndinni Sense and Sensibility. Fátt virtist geta komið í veg fyrir velgengni Grants sem kynntist bresku ofurskutlunni Elisabeth Hurley á svipuðum tíma. Árið 1995 var hann hins vegar gripinn með buxurnar á hælunum eftir næturgaman með vændiskonunni Divine Brown. Flestir töldu að ferlinum væri þar með lokið enda er hin íhaldssama Hollywood ekki hrifin af því þegar hulunni er svipt af leyndarmálum borgarinnar.

Grant átti þó auðvelda endurkomu með kvikmyndum á borð við Notting Hill, Love Actually og About a Boy. Grant tók sér fyrir skömmu frí frá kvikmyndaleik enda segir hann að gerð kvikmynda sé eitt leiðinlegasta starf í heimi.

> Ekki missa af

Da Vinci lyklinum eftir Ron Howard með Tom Hanks og Jean Reno í aðalhlutverkum. Þrátt fyrir að myndin sjálf hafi fengið blendnar viðtökur gagnrýnenda þá dylst engum að hér er stórsmellur á ferð enda er hún byggð á einhverri vinsælustu bók seinni tíma. Robert Langdon er fengin til að rannsaka dularfullt andlát safnstjórans í Louvre-safninu og kemst á snoðir um ótrúlegt leyndarmál sem kaþólska kirkjan hefur reynt að fela fyrir hinum kristna heimi.

TWEED OG SALLY American Dreamz er einn vinsælasti raunveruleikaþátturinn og þáttastjórnandinn Tweed gerir allt til að auka vinsældir hans enn frekar.

Draumurinn um frægð

Allir vilja sínar fimmtán mínútur af frægð. Raunveruleikaþættir, Idol-keppnir og jafnvel Eurovision eru lifandi dæmi um þörf almennings til að láta ljós sitt skína frammi fyrir alþjóð. Kvikmyndin American Dreamz fjallar einmitt um þennan heim þar sem venjulegu fólki er att saman í keppni og látið berjast innbyrðis um atkvæði dómara.

Hugh Grant leikur Martin Tweed sem stjórnar þættinum American Dreamz. Tweed gerir allt til að auka vinsældir þáttanna og í næstu þáttaröð hyggst hann bæta um betur með næstu keppinautum en þeir gætu ekki verið meira óðruvísi; suðurríkjadrósin Sally er hvers manns hugljúfi á skjánum en kvöl og pína þegar slökkt hefur verið á myndavélunum en Omer er hryðjuverkamaður sem elskar söngleikjalögin á Broadway. Rúsínan í pysluendanum þetta árið er síðan forseti dómnefndar en það er sjálfur forseti Bandaríkjanna.

Þetta er fyrsta mynd Hughs Grant í langan tíma en hann tók sér gott frí frá kvikmyndaleik fyrir tveimur árum en auk hans leika þau Mandy Moore, Willem Dafoe og Dennis Quaid stór hlutverk. Paul Weitz er leikstjóri American Dreamz en hann leikstýrði kvikmyndinni In Good Company auk þess að vera aðstoðarleikstjóri í hinni feikivinsælu About a Boy þar sem Grant var einmitt í aðalhlutverki.



Tilfinningaríkur lokabardagi X fólksins

X-Men: The Last Stand, lokamynd þríleiksins um stökkbreyttu myndasöguhetjurnar sem kenna sig við X, var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes fyrr í vikunni. *Þórarinn Þórarinsson* hitti leikstjórann **Brett Ratner** í Cannes og ræddi við hann um gerð myndarinnar en hann tók við keflinu af Bryan Singer sem leikstýrði fyrri myndunum tveimur.

STORM OG WOLVERINE Halle Berry og Hugh Jackman eru mætt til leiks í þriðja sinn. Wolverine hefur verið í forgrunni hingað til en Brett Ratner dregur hann nú aðeins til baka svo að konurnar fái notið sín.

Það var engin lognmolla yfir fyrri X-Men-myndunum en Ratner keyrir hasarinn enn frekar upp í lokakaflanum enda þurfa stökkbreyturnar nú að berjast fyrir tilverurétti sínum sem aldrei fyrr. Lækning hefur verið fundin við stökkbreytingunni sem gefur X-fólkinu ofurkrafta sína og yfirvöld eru mjög áfram um að upprætа það í eitt skipti fyrir öll.

Þjóðfélagsgagnrýni með poppkorni

Það er því nokkur broddur í myndinni enda hægur vandi að finna samsvörun með lækningunni og til dæmis öfgakenndum hugmyndum trúarofstækismanna um að hægt sé að „lækna“ samkynhneigð. „Samfélagsgagnrýnin í handritinu heilladi mig og mér fannst ég verða að gera þessa mynd,“ segir Ratner. „Það er frábært að fá að gera poppkornsmynd sem hefur boðskap, vekur upp tilfinningar og fær fólk til að hugsa og velta fyrir sér afstöðu sinni til lífsins.“

Báðar fylkingar ofurmennanna, góða gengið hans prófessor X (Patrick Stewart) og herskár hópur Magnetos (Ian McKellen), líta á lækninguna sem grófa aðför að tilverurétti sínum og spyrna við fótum hvor á sinn hátt og lýstur vitaskuld harkalega saman. X vill vitaskuld fara samningaleiðina en Magneto er einnig sjálfum sér samkvæmur og vill ganga milli bols og höfuðs á ofsækjendum sínum.

Gamlir jaxlar og öflugir nýliðar

Magneto og X hafa báðir í sínum röðum öfluga einstaklinga. Flest þeirra eru orðin góðkunningjar bíógesta. Hugh Jackman er í fylkingarbjósti góðu gæjanna sem Wolverine og hefur sér sem fyrr til halds og trausts, Storm (Halle Berry), Rouge (Anna Paquin) og Iceman (Shawn Ashmore). Magneto setur sitt traust á hina fláráðu og banvænu Mystique (Rebecca Romjin), Pyro (Aaron Stanford) og fleiri stökkbrigði í grimmari kantinum.

Skemmtilegir nýliðar ganga til liðs við báða hópa og er þar mestur fengur í Beast (Kelsey Grammer), sem reynist Wolverine dýrmætur liðsmaður, og Juggernaut, sem fótboltabullan Vinnie Jones leikur, en hann finnur sig vel í félagskap Magnetos.

Dr. Jean Grey (Famke Janssen) skekkir svo myndina heldur betur. Hún var nánasti félagi X í fyrri myndunum en rís nú upp frá dauðum sem Phoenix, óbeislað náttúruafl sem gæti hæglega snúist á sveif með illu öflunum. Það þarf því ekki að hafa mörg orð um það að úrslitaorrustan verður hin harkalegasta og einhverjir liggja eftir óvígir.

Óttast ekki samanburð við Singer

Leikstjórinn Bryan Singer flutti X-Men og X2 með glæsibrag frá myndasögublöðunum á hvíta tjaldið. Hann gat þó ekki klárað dæmið þar sem hann sneri sér að endurlífgun Súpermans sem væntanlegur er í bíó síðar í sumar. Það kom því í hlut Ratners að loka hringnum en hann er þekktastur fyrir hasarmyndirnar Rush Hour og Rush Hour 2 með Jackie Chan og Chris Tucker í aðalhlutverkum. Rathner segist ekki hafa óttast það að feta í fótspor Singers. „Ég var alls ekkert hræddur við þetta. Kannski vegna þess að mamma mín elskaði mig svo mikið í æsku. Ég lenti líka í svipaðri aðstöðu þegar ég gerði Red Dragon og fylgdi í kjölfar Jonathans Demme, Ridleys Scott og Michaels Mann sem allir höfðu áður gert myndir um Hannibal Lecter.“

Sterkari tilfinningar

Ratner bætir því við að hann beri mikla virðingu fyrir því sem Singer hefur gert með X-Men og hann hafi alls ekki verið að reyna að stuðla að samanburði á milli myndanna. „Þetta er bara ein X-Men myndin til viðbótar og er hluti af heild þótt ég hafi auðvitað gert alls konar breytingar. Ég vildi til dæmis styrkja konurnar í myndinni og leyfa þeim að njóta sín betur en í hinum myndunum en fjöldi persónanna verður óhjákvæmilega til þess að einhverjir falla alltaf í skuggann. Mér finnst Bryan samt hafa gert þetta mjög vel. Hann gaf tóninn og lagði línurnar. Það hjálpaði mér líka að hafa samstilltan leikarahóp sem hafði þegar gert tvær myndir um þetta efni. Ég hafði því ekkert að óttast og var ekkert að reyna að gera betri mynd en Singer. Það hefði verið tilgangslaust að reyna að finna hjólið upp aftur. Ég vona að niðurstaðan verði sú að áhorfendur geti sagt: „Vá! Brett ber raunverulega virðingu fyrir hinum myndunum tveim og persónunum.“ Takmark mitt var að gera tilfinningaríkari mynd og reyna að vekja upp sterkari og öðruvísi tilfinningar en hinar myndirnar og ég vona að það hafi tekist.“

Helgarsprengja

fimmtudag til sunnudags

Square sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 12.990.-

50% afsláttur

Newbury Folding sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 36.990.-

22% afsláttur

Octagonal sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 19.990.-

20% afsláttur

Butterfly sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 54.990.-

27% afsláttur

Galway garðhúsgagnasett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Stækkanlegt borð 230x110 cm og 6 stillanlegir stólar með sessum.

Verð áður 82.990.-

24% afsláttur

Gildir til 29. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

fjörið ... fólk

folk@frettabladid.is

Sungið fyrir palestínskar konur

Félagið Ísland-Palestína og UNIFEM á Íslandi standa fyrir samstöðu- og styrktartónleikum fyrir konur í hertekinni Palestínu á fimmtudaginn á Grandrokk.

Tónleikarnir eru upphafið að söfnunarátaki þar sem allur ágóði rennur til palestínskra kvennasamtaka sem starfa á sviði mannúðar- og mannréttindarmála á herteknu svæðunum.

„Við héldum mjög vel heppnaða tónleika í nóvember í fyrra þar sem við vorum að styrkja öryrkja í Palestínu. Þeir voru mjög vel sóttir þannig að við ákváðum að endurtaka leikinn," segir Eldar Ástþórsson, skipuleggjandi tónleikanna, en UNIFEM á Íslandi kemur einnig að tónleikunum.

Eldar segir að tónleikarnir séu haldnir bæði til að safna peningum handa kvennasamtökunum í Palestínu og til að vekja athygli á stöðu kvenna þar í landi.

Á tónleikunum koma fram Reykjavík!, Future Future, Wulfgang, Seabear og Mr. Silla. Sérhannaðir bolir og peysur frá Dead og Nakta apanum verða til sölu auk mynda eftir Hugleik Dagsson. Einnig verða til sölu bolir, nælur og plötur frá Félaginu Ísland-Palestína.

Húsið opnar klukkan 21.00 og hefjast tónleikarnir hálftíma síðar. Aðgangseyrir er 500 krónur.

SEABEAR Hin efnilega hljómsveit Seabear er ein þeirra sem munu troða upp á Grandrokk.

Vinsæl lög frá tíunda áratugnum

Fyrsta 90´s-ball sumarsins verður haldið á Bar 11 næstkomandi laugardagskvöld undir yfirskriftinni Vote 90´s - You Got The Power!

Spiluð verða vinsæl lög frá tíunda áratugnum eftir hljómsveitir á borð við Snap, 2 Unlimited, Dr. Alban, Prodigy, KLF og Underworld.

Kvöldið er samvinnuverkefni listamannsins Curvers og bresku dívunnar Kiki-Ow, sem er nýflutt til Reykjavíkur frá London. Kiki hefur verið fastagestur á Airwaves-hátíðinni síðustu ár og hefur hún unnið nokkuð með íslenskum tónlistarmönnum.

„Ég hef tekið eftir því að fólk er farið að hlusta miklu meira á tónlist frá tíunda áratugnum núna," segir Kiki. „Þegar maður skellir lögunum á fóninn sér maður að fólk hefur öðlast nægilega fjarlægð frá þessum tímabili til að geta fílað lögin á nýjan leik. Síðan eru margir tónlistarmenn sem nota lagabúta frá tíunda áratugnum í lögum sínum nú til dags," segir hún.

Hljómsveitin Sometime, sem er meðal annarra skipuð Curver og Danna trommara Maus, er skírð í höfuðið á Kiki. Hún segist hafa hitt Curver fyrst á Airwaves-hátíðinni og síðan þá hafi þau verið góðir vinir.

Kiki endurgerði nýverið lagið I´m Too Sexy eftir Right Said Fred með Viðari Hákoni Gíslasyni úr Trabant og hefur það notið mikilla vinsælda á dansstöðum borgarinnar. Verður það gefið út á 12 tommu á næstunni.

Partíið á laugardagskvöld hefst á miðnætti og er frítt inn en gestir eru hvattir til að mæta í fötum frá fyrri hluta tíunda áratugarins.

KIKI-OW Breska söngkonan Kiki-Ow stendur fyrir 90´s-kvöldinu ásamt vini sínum Curver. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Flautuleikarinn fór á kostum

Tónleikar flautuleikarans Ian Anderson, forsprakka hljómsveitarinnar fornfrægu Jethro Tull, fóru fram í Laugardalshöll í fyrrakvöld.

Voru þeir vel sóttir og þóttu heppnast ákaflega vel. Með Anderson á sviðinu var Kammersveit Reykjavíkur auk þess sem bandaríski fiðluleikarinn Luis Micarelli var sérstakur gestur. Meðal annars voru spiluð lög frá 35 ára ferli Jethro Tull sem mörg hver eru fyrir löngu orðin sígild í rokksögunni.

BERGLIND OG RAKEL Vinkonurnar Berglind og Rakel létu sig ekki vanta á tónleika goðsagnarinnar Ian Anderson.

SIGRÍÐUR OG JÓN PÁLL Sigríður Kristjánsdóttir og Jón Páll Grétarsson mættu á tónleikana og skemmtu sér vel.

EMIL OG INGI Þeir félagar Emil og Ingi Gunnar voru í góðum gír í Laugardalshöllinni í fyrrakvöld.

MEÐ FLAUTUNA Á LOFTI Ian Anderson er þekktur fyrir flautuleik sinn og var að sjálfsögðu með flautuna á lofti í Höllinni í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

NÝ PLATA Nýjasta plata Lordi nefnist The Arockalypse.

Lordi gefur út plötu

Önnur plata finnsku hljómsveitarinnar Lordi, sem vann Eurovisionkeppnina um síðustu helgi, er komin út hér á landi.

Platan, sem kom út í febrúar í Finnlandi, heitir The Arockalypse og inniheldur hið vinsæla lag Hard Rock Hallelujah. Að auki eru þar lög á borð við It Snows in Hell, Who's Your Daddy, The Night of the Loving Dead og Supermonstars (The Anthem Of The Phantoms).

Belgískur grínisti með uppistand

Belgíski grínistinn Lieven Scheire verður með sitt fyrsta uppistand hér á landi á Gauki á Stöng á fimmtudag.

Lieven byrjaði að stunda spunaleiklist í Belgíu árið 2000 og fór síðan í uppistandið ári eftir. Árið 2002 stofnaði hann grínhópinn Neveneffecten sem gerði meðal annars átta samnefnda gamanþætti fyrir belgíska sjónvarpsstöð. Þættirnir voru í „mocumentary"-stíl þar sem þeir þóttust vera frá sjónvarpsstöðinni National Geographic að fjalla um lifnaðarhætti fólks um víða veröld.

Ásamt Lieven koma fram í kvöld Rökkvi Vésteinsson og Oddur Eysteinn Friðriksson og verður uppistand þeirra beggja á ensku en herlegheitin hefjast klukkan 21.30 og kostar 500 krónur inn.

LIEVEN SCHEIRE Belgíski grínistinn mun láta gamminn geysa á Gauki á Stöng.

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ

GEFÐU FRÍ
Í ÚTSKRIFTARGJÖF

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA IS ICE 32876 05/2006

+ Kauptu gjafabréf á www.icelandair.is

Gjafabréf Icelandair er góð hugmynd að útskriftargjöf til námsmannsins sem bíður þess með óþreyju eftir strangan próflestur að komast út undir bert loft og sjá sig um í heiminum. Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi sem peningagreiðsla upp í flugferðir til allra áfangastaða Icelandair. Engar takmarkanir eru á ferðatíma eða lengd dvalar umfram reglu fargjalds hverju sinni. Gjafabréfið má kaupa og prenta út á www.icelandair.is.

Safnaðu
Vildarpunktum

WWW.ICELANDAIR.IS

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

DA VINCI CODE	kl. 1, 2, 4, 5, 7, 8, 10 og 11 B.I. 14 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 2, 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA
CRY WOLF	kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 6, 8 og 10
RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI	kl. 2 og 4
ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI	kl. 2 og 4

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

DA VINCI CODE	kl. 3, 6 og 9 B.I. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 3 og 6
RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI	kl. 3 og 6
PRIME	kl. 3, 5.45, 8 og 10.15
BANDIDAS	kl. 8 og 10 B.I. 10 ÁRA
CRY WOLF	kl. 8 B.I. 16 ÁRA
THE HILLS HAVE EYES	kl. 10 B.I. 16 ÁRA

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

DA VINCI CODE	kl. 5, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA
SKROLLA & SKELFIR Á SALTKRÁKU	kl. 6 AÐEINS 400 KR.
CRY WOLF	kl. 8 B.I. 16 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir káta krakka
Skráningarsími
588 8899

Umsóknafrestur fyrir skólavist 2006 / 07

7 júní

Starfsmenntanám við LBHÍ

Búfræði *

Garðyrkja
- Blómaskreytingar
- Garðyrkjuframleiðsla *
- Skógur og umhverfi *
- Skrúðgarðyrkja

* Þessar brautir bjóðast einnig í fjarnámi

Kynntu þér starfsmenntanám við LBHÍ - www.lbhi.is

Landbúnaðarháskóli Íslands
Hvanneyri • 311 Borgarnes • s. 433 5000
www.lbhi.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

OPRAH Spjallþáttastjórnandinn Oprah Winfrey ætlar að skrifa bók um baráttu sína við aukakílóin.

Bók um aukakílóin

Spjallþáttastjórnandinn Oprah Winfrey ætlar að skrifa bók um baráttu sína við aukakílóin. Bókin verður gefin út af Simon & Schuster og fær Oprah í sinn hlut rúmar 800 milljónir króna, sem er það mesta sem nokkur hefur fengið fyrir bók sem ekki er skáldskaparverk.

Oprah, sem er 52 ára, hefur vegið á bilinu 65 til 95 kíló í gegnum árin og hefur margoft talað í þætti sínum um vandamál sitt. „Þetta er alltaf barátta. Mér fannst ég öruggari þegar ég var þung. Matur hefur alltaf verið mér mikil huggun," sagði hún í nýlegu viðtali.

SLEATER-KINNEY Kvennatríóið Sleater-Kinney er á leiðinni til Íslands í fyrsta sinn.

Stutt í Sleater-Kinney

Kvennatríóið Sleater-Kinney, sem heldur tónleika á Nasa sunnudaginn 4. júní, hefur verið á ferð um Evrópu og haldið tónleika fyrir fullu húsi í hvert sinn.

Sveitin er á tónleikaferð til að kynna sína nýjustu plötu, The Woods, og verða síðustu tónleikarnir í ferðinni hér á landi.

Sleater-Kinney, sem var stofnuð fyrir tíu árum, þykir ákaflega öflug á tónleikum og hefur hún m.a. komið fram með Pearl Jam. Sveitin kemur frá Oregon í Bandaríkjunum. Hún hefur gefið út sjö plötur á ferli sínum og hefur nýja platan hlotið einróma lof gagnrýnenda.

Miðasala á tónleikana fer fram á midi.is og í verslunum Skífunnar og BT. Miðaverð er 2.500 kr. auk miðagjalds. Hljómsveitirnar Skakkamanage og Jakobínarína sjá um upphitun.

Eins og í barnaafmæli

Blásið verður til tónlistarveislu á Nasa föstudaginn 26. maí á vegum danska útgáfufyrirtækisins Crunchy Frog.

Þar mun Jon Spencer úr bandarísku rokksveitinni Jon Spencer Blues Explosion og fyrrum meðlimur Pussy Galore, koma fram með rokkabillíbandi sínu Heavy Trash. Með honum í hljómsveitinni er Matt Verta Ray sem var áður í Madder Rose og Speedball Baby.

Einnig kemur fram danska hljómsveitin Powersolo, sem spilaði síðast hér á landi á Iceland Airwaves síðasta haust, og The Tremolo Beer Gut. Íslenska sveitin Fræ kemur fram sem sérstakur gestur.

Á síðasta ári sendi Heavy Trash frá sér samnefnda plötu sem hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda fyrir óð til rokksins í sinni einföldustu mynd. Heavy Trash breytist úr dúói í kvartett þegar þeir spila á tónleikum og mun Yebo úr dönsku sveitinni Junior Senior leika á trommur og Kim úr Powersolo á kontrabassa.

Þegar þeir Jon og Matt hittust í New York fyrir nokkrum árum ákváðu þeir að leita til grunnsins í rokkinu og með það að leiðarljósi stofnuðu þeir Heavy Trash. Þess má geta að þegar Matt var að alast upp í Kanada hélt hann því statt og stöðugt fram við vini sína að Johnny Cash væri svalari en Kiss. Tónleikarnir á Íslandi eru þeir fyrstu í tónleikaferð sveitarinnar um Evrópu.



HEAVY TRASH Hljómsveitin Heavy Trash er aðalnúmer Crunchy Frog-kvöldsins á Nasa á föstudag.

Jon Spencer hélt síðast tónleika hér á landi árið 1999 með Jon Spencer Blues Explosion ásamt hljómsveitinni Fugazi. „Það var gaman. Við spiluðum á einhverjum skrítnum klúbbi. Þetta var áhugaverður staður og fólkið tók okkur vel," segir hann. „Ég hlakka mikið til að koma aftur. Síðast þegar ég kom hafði ég ekki mikinn tíma til að líta í kringum mig en núna vona ég að félagar mínir hjá Crunchy Frog sýni mér land og þjóð betur."

Á tónleikunum á föstudag ætlar Heavy Trash að spila af fyrstu plötu sinni auk einhverra glænýrra laga. Einnig verður Elvis-lag á boðstólnum, enda er Jon mikill aðdáandi rokkkóngsins eina og sanna. „Tónleikarnir verða villtir. Þetta verður eins og í barnaafmæli hjá 6 til 7 ára krökkum. Allt verður á fullu en munurinn er sá að þarna verður áfengi haft um hönd," segir Jon í léttum dúr.

Miðasala á tónlistarveisluna á Nasa fer fram í verslunum Skífunnar og á miði.is. Miðaverð er 1.950 krónur.

Tónleikaferð Madonnu hafin

Söngkonan Madonna hóf sína fyrstu tónleikaferð um heiminn í tvö ár í Los Angeles á dögunum. Madonna, sem er þekkt fyrir að ögra hlustendum sínum, hékk uppi á krossi á tónleikunum, gerði lítið úr Bush Bandaríkjaforseta og hreyfði sig á kynæsandi hátt eins og hennar er von og vísa.

Á meðal þeirra sem hlýddu á tónleikana í Los Angeles voru Kabbalah-gúrúinn Yehuda Berg, Nicole Richie og leikkonan Rosie O´Donnell.

Madonna, sem er 47 ára, mun ferðast um Bandaríkin næstu tvo mánuðina. Eftir það heldur hún til Evrópu þar sem hún mun halda tónleika í átta borgum. Einnig eru fyrirhugaðir tónleikar í Japan um miðjan september.

Talið er að miðasölutekjur af tónleikaferðinni, sem nefnist Confessions, muni verða yfir 14 milljarðir króna. Um yrði að ræða tekjuhæstu tónleikaferð kvenkyns listamanns en núverandi met er í höndum Cher.

MADONNA Söngkonan Madonna er byrjuð á nýrri tónleikaferð um heiminn til að fylgja eftir sinni nýjustu plötu, Confessions on a Dancefloor. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fljótt skipast veður í lofti í lífi stjarnanna í Hollywood en fjörkálfurinn **Nicole Richie** hefur nú slitið sambandi sínu við plötusnúðinn Adam Goldstein. Í fréttatilkynningu um helgina frá föður hennar, söngvaranum Lionel Richie sagði að kærustuparið væri á leið upp að altarinu og að sjálfur hjartaknúsarinn myndi syngja í brúðkaupinu. Í gær kom svo tilkynning frá parinu þess efnis að parið væri nú skilið

að skiptum. Richie er frægust fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Simple life ásamt fyrrum vinkonu sinni Paris Hilton en tökur á síðustu þáttaröð reyndust erfiðar enda neituðu dívurnar að hittast á tökustað.

Leikarinn **Brad Pitt** missti af frumsýningu nýjustu myndar sinnar, Babel, í Cannes. Ástæðan er sú að kærasta leikarans, Angelina Jolie, ber barn þeirra undir belti og á von á sér innan skamms. Pitt dó þó ekki ráðalaus heldur sendi gestum frum-

sýningarinnar tölvupóst þar sem hann bað að heilsa og sagðist mjög ánægður með myndina í heild sinni. Myndin verður frumsýnd hér á landi seinna á þessu ári og eru meðleikarar Brad Pitt í myndinni Cate Blanchett og Gael Garcia Bernal.

Leikkonan **Jennifer Aniston** missti næstum því af hlutverki í nýjustu mynd sinni The Break-up vegna þess að framleiðendur myndarinnar töldu of stutt síðan hún skildi við hjartaknúsarann Brad Pitt. Þegar þeir loksins spurðu

hana var hún ekki lengi að játa og fannst það vera góð leið til að jafna sig á sambandslitunum. Jennifer er nú í tygjum við samleikara sinn í myndinni, Vince Vaughn, en kvikmyndin verður frumsýnd á næstunni.

Hollywoodstjarnan **Tom Cruise** hefur neitað sögusögnum þess efnis að unnusta hans, **Katie Holmes**, þjáist af fæðingarþunglyndi. Nokkur slúðurblöð hafa sagt Katie vera sífellt grátandi frá því að hún eignaðist

barnið. „Þessar fréttir eru ekki sannar og ungfrú Holmes líður dásamlega," sagði talsmaður Cruise en leikarinn gagnrýndi Brooke Shields fyrir það í fyrra að notast við þunglyndislyf til þess að sigrast á sínu fæðingarþunglyndi. Cruise er handviss um að þunglyndi af slíku tagi sé hægt að lækna með vítamínum. „Ég giska á að Tom hafi aldrei þjáðst af fæðingarþunglyndi. Hann ætti að halda sér við að bjarga heiminum frá geimverum og láta konur um að ákveða hvaða meðferð gagnist best," sagði Brooke Shields þá til baka.

01 . 8649

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér hentuga lausn.

Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga

LÝSING

Heiðar Davíð í sjötta sæti

Íslandsmeistarinn í höggleik, Heiðar Davíð Bragason, er meðal efstu manna á móti í sænsku mótaröðinni í golfi eftir fyrsta keppnisdag. Heiðar lék á 69 höggum í gær, einu höggi undir pari. Hann er í sjötta sæti ásamt fleiri kylfingum en keppni heldur áfram í dag.

sport

sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUKAPPINN BJARKI GUNNNLAUGSSON: GÆTI SNÚIÐ AFTUR Í ÍSLENSKA BOLTANN:

Ætlaði alltaf að hætta á Skaganum

„Það er svo erfitt að slíta sig frá þessu," sagði Bjarki Gunnlaugsson knattspyrnumaður við Fréttablaðið í gær. Bjarki ákvað að láta líkamann ráða eftir síðasta sumar og lagði skóna á hilluna eftir að hafa leikið með KR en síðast þegar hann lék með ÍA skoraði hann sjö mörk í jafn mörgum leikjum, sumarið 2002.

Bjarki var staddur með 2. flokki Þróttar í Portúgal þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær, en hann þekkir til þjálfara flokksins og fékk að slást með í för. „Ég er að æfa með strákunum og sjá aðeins hvernig skrokkurinn er. Ég hef það alltaf bak við eyrað að koma mér í form og spila í sumar en ég verð að sjá til hvernig ég verð. Það er alveg ljóst að ég þoli ekki mikið álag og það þarf að vera skilningsríkur þjálfari sem tæki við mér," sagði Bjarki sem hefur verið að æfa með sínum gömlu félögum í ÍA að undanförnu.

„Ég hef verið að æfa einu sinni til tvisvar í viku með ÍA og það hefur gengið vel. Ég ákvað að fara aðeins út til að sjá hvernig líkaminn brygðist við meira álagi og því er ég hérna í Portúgal. Ég verð að taka ákvörðun þegar ég kem aftur heim en það gæti vel verið að ég spili eitthvað í sumar," sagði Bjarki sem er þó enn samningsbundinn KR en ljóst er að hann er velkominn til ÍA á nýjan leik. Ef hann spilar í sumar, er því ekki ráðið hvort það verður í Vesturbænum eða hjá ÍA.

„Það var alltaf inni í planinu að hætta uppi á Akranesi með Arnari bróður," sagði Bjarki Gunnlaugsson, en tvíburabróðir hans Arnar er nú snúinn heim og Ólafur Þórðarson, þjálfari liðsins, segir að hann geti vel notað Bjarka, sé hann í lagi.

> Andri Berg til Fram

Andri Berg Haraldsson hefur ákveðið að söðla um og ganga í raðir Fram. Andri Berg kemur úr FH og hefur verið lykilmaður í liði Hafnarfjarðarliðsins, jafnt í vörn sem og sókn en hann skoraði 110 mörk í 24 leikjum fyrir FH á tímabilinu. Á undanförnum vikum hefur handknattleiksdeild Fram framlengt sex samninga og samið við þrjá nýja leikmenn í meistaraflokki karla og eru allir samningarnir til þriggja ára. Framarar hafa fengið til sín Björgvin Pál Gústavsson frá HK og Einar Inga Hrafnsson frá Aftureldingu, auk Andra. Þá hafa Jóhann Gunnar Einarsson, Stefán Baldvin Stefánsson, Guðjón Finnur Drengsson, Björn Ingi Friðþjófsson, Sigfús Páll Sigfússon og Rúnar Kárason allir framlengt samninga sína við Íslandsmeistarana.

LANDSBANKADEILDIN

Valsmenn lærðu af mistökunum

Kvennalið Vals spilaði sinn annan heimaleik í Landsbankadeildinni á þriðjudag en mikið var rætt um slaka umgjörð á fyrsta leik liðsins. Fréttablaðið mætti á staðinn og athugaði hvað Valsmenn höfðu gert í sínum málum. Umgjörðin er á réttri leið og Valur hefur spilað ágætlega úr sínu á handónýtum leikvangi.

FÓTBOLTI Mikill munur var á umgjörðinni í kringum tvo fyrstu heimaleiki Vals í Landsbankadeild kvenna. Þegar undirritaður mætti á fyrsta leik tímabilsins gegn Stjörnunni á Valbjarnarvelli var hann mjög hikandi enda leit ekki út fyrir að þarna ætti að hefjast leikur í efstu deild kvenna eftir aðeins örfáar mínútur. Vissulega voru leikmenn á vellinum að hita upp en ekkert annað benti til þess að þarna væri að fara af stað annar af stóru leikjum kvöldsins í kvennaboltanum.

Fáránlegt er að fara fram á jafnt verðlaunafé í Landsbankadeild kvenna og í karlaflokki ef umgjörð í kringum leiki á að vera eins og í leiknum gegn Stjörnunni. Fjallað hefur verið talsvert um þetta í fjölmiðlum og hefur það greinilega orðið til þess að Valsmenn hafa tekið sig á í þessum efnum. Á þriðjudag var síðan komið að öðrum heimaleik Valsstúlkna og var ekki laust við að maður hafi brosað út í annað þegar nálgast var völlinn og Landsbankadeildarfánar blöktu af krafti í vindinum, fánar sem hvergi voru sjáanlegir í fyrsta leiknum.

Boltasækjar voru við öllu búnir rétt fyrir leikinn og boðið var upp á þá þjónustu fyrir áhorfendur að forláta skortafla var uppfærð meðan á leik stóð svo að auðveldara væri fyrir fólk að hafa tölu á Valsmörkunum sem og tímanum. Einnig var vallarþulur sem kynnti liðin fyrir leik en þessi þjónusta var einfaldlega ekki í boði í fyrsta leiknum.

Komið hafði verið fyrir vagni frá ÍTR þar sem blaðamönnum var boðin aðstaða og þótt hann hafi verið staðsettur við annan enda vallarins og hafi ekki verið upp á marga fiska var þetta nú boðlegra en í opnunarleiknum. Þá sat undirritaður með penna sinn og blað í stúkunni og reyndi að skrifa eitthvað niður í kuldanum.

Í blaðamannavagninum var ágætis bakkelsi í boði ásamt fínu kóki, þó að óneitanlega hefði kaffi verið hentugra í þeim mikla kulda sem var þetta kvöld. Það sem gladdi mig þó mest var að þarna voru tilbúnar leikskýrslur fyrir leikinn. Nógu erfitt hafði verið að fá skýrslur í leiknum gegn Stjörnunni og var það Ómar Smárason frá KSÍ sem á endanum reddaði þeim eins og svo mörgu öðru í þeim leik enda enginn starfsmaður frá Val á staðnum til að sjá um þessi mál.

Valsmenn gerðu þó sitt besta til að bæta aðstöðuna og hafa greinilega lært af mistökunum. En ljóst er að Valbjarnarvöllurinn er svo sannarlega barn síns tíma og vart boðlegur í nútímafótbolta.

Vallarklukkan var líklega búin til fyrir stríð, aðstaða fyrir fjölmiðla er vægt til orða tekið bágborin og tréstúkan að syngja sitt síðasta. Vil ég biðla því til verkamanna á Hlíðarenda að setja kraft í að gera völlinn þar tilbúinn, ég hef fengið nóg af Valbjarnarvelli og sumarið er ekki komið!

elvar@frettabladid.is

KLUKKAN KOMIN AFTUR Gamla leikklukkan á Valbjarnarvelli var komin á sinn stað og skilaði sínu hlutverki ágætlega.

BÚIÐ AÐ FLAGGA Landsbankadeildarfánarnir voru komnir upp sem og Landsbankadeildarskiltin sem sögð voru hafa farið í Kópavoginn í fyrsta leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HÆTTULEG BLAÐAMANNASTÚKA? Blaðamenn fengu aðstöðu í þessum hrörlega kofa frá ÍTR. Myndatökumaður RÚV vildi fá að færa skúrinn í leiknum en vallarstarfsmaður afréð honum frá því þar sem skúrinn væri mjög ryðgaður og gæti hugsanlega hrunið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úrslitarimma Austurdeildarinnar í NBA fer vel af stað með óvæntum úrslitum:

Miami vann Detroit á útivelli

NBA „Við erum að synda gegn straumnum og gerum okkur þetta alltof erfitt fyrir," sagði Flip Saunders, þjálfari Detroit, eftir ósigur sinna manna gegn Miami Heat á heimavelli í fyrrinótt. Leikurinn var fyrsta viðureign liðanna í úrslitakeppni Austurdeildarinnar en Miami fór með sigur af hólmi, þrátt fyrir hrakspár margra, sem töldu að Detroit ætti sigurinn vísan.

Detroit hafa spilað til úrslita í NBA-körfuboltanum undanfarin tvö ár. Gott gengi liðsins hófst þegar Rasheed Wallace var hluti af skiptum við Atlanta Hawks og síðan þá hefur byrjunarlið Detroit samanstaðið af honum, Ben Wallace, Tayshaun Prince, Rip Hamilton og Chauncey Billups. Þeir hafa spilað 160 deildarleiki og 48 leiki í úrslitakeppninni saman og því fara þeir langt á reynslu og samheldni.

SHAQ Var að vanda ótrúlega öflugur. Hér treður hann með stæl í fyrrinótt. NORDICPHOTOS/AFP

Þrátt fyrir að spila aðeins í 27 mínútur vegna villuvandræða, var Dwayne Wade í aðalhlutverki hjá Miami, eins og svo oft áður. Shaquille O'Neal spilaði aðeins í 29 mínútur vegna meiðsla fyrir Miami, en það skipti þó ekki nokkru máli. Með baráttu og dugnaði innbyrti liðið 91-86 sigur gegn Detroit þar sem Wade var stigahæstur hjá Miami með 25 stig, en Richard Hamilton skoraði 22 fyrir heimamenn í Detroit.

„Þegar strákarnir komast á skrið er mjög erfitt að stoppa þá. Það er eins og öll þriggja stiga skot rati ofan í körfuna, það er ótrúlegt að horfa upp á þá koma sér aftur inn í leiki en maður verður að nýta tækifærin sín. Það er eitthvað sem þarf að komast upp í vana hjá okkur," sagði Pat Riley, þjálfari Miami, sem á tvo næstu leiki á heimavelli. - hþh

MATHIESEN Fjarvera hans gæti haft mikil áhrif á lið Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Slæm tíðindi fyrir Fram:

Mathiesen frá í langan tíma?

FÓTBOLTI Danski miðjumaðurinn Hans Mathiesen verður líklega lengi frá vegna meiðsla sem hann hlaut í viðureign Fram og Leiknis um síðustu helgi.

„Útlitið er alls ekki gott. Liðbönd í hnénu á honum eru sködduð, en hversu lengi hann verður frá er erfitt að segja til um. Hann verður líklega frá í það minnsta í sex vikur," sagði Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Fram, við Fréttablaðið í gær. - hþh

24. MAÍ - 6. JÚNÍ

POPP & COKE

*EF MYNDIRNAR FUN WITH DICK AND JANE EÐA TRANSPORTER 2 ERU EKKI INNI Þá FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR Þú KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÓLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

**TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS EF VIÐSKIPTAVINUR LEIGIR MYND

BÓNUSVÍDEÓ

Leigan í þínu hverfi

MEIÐSLIN Þau urðu í leik Manchester United og Chelsea fyrir mánuði síðan, en það var Joe Cole sem tæklaði Rooney með þessum afleiðingum. NORDICPHOTOS/AFP

Læknir Manchester United:

Rekinn eftir ágreining

FÓTBOLTI Læknirinn Mike Stone hefur verið rekinn frá Manchester United eftir rifrildi við Sir Alex Ferguson. Stone vann hörðum höndum að endurbata Wayne Rooney, svo að hann yrði tilbúinn fyrir HM, og talið er að þau meiðsli hafi valdið ágreiningi læknisins og Ferguson.

Stone hefur verið á Old Trafford í tíu ár en hann hefur greint frá því að bati Rooney gangi mjög vel og strákurinn eigi góða möguleika á því að spila á HM. Sir Alex hefur aftur á móti gert lítið úr því og ítrekar að Rooney megi alls ekki spila nema hann sé alveg heill.

Forráðamenn HM greindu svo frá því í gær að tilkynna verður fyrir 30. maí hvort Rooney verði með á HM. Sé hann ekki á þeim lista getur hann ekki spilað, en ólöglegt er að hafa leikmenn á listanum nema þeir spili á mótinu. Rooney fer í skoðun á morgun, þar sem líklegt er að skerist úr um hvort hann geti spilað með á HM frá upphafi eður ei. **- hþh**

Roberto Carlos:

Boðið að fara til Chelsea

FÓTBOLTI Brasilíumaðurinn Roberto Carlos ætlar að bíða með það fram yfir heimsmeistaramótið í sumar að ákveða hvort hann fari til Englandsmeistara Chelsea, eða verði áfram hjá Real Madrid. Hann á aðeins eitt ár eftir af samningi sínum á Spáni og gæti freistast til að breyta til áður en ferillinn er á enda.

„Ég vil fara á HM og ákveða eftir það hvað ég geri. Chelsea hafa gert mér gott tilboð, samning til þriggja ára," sagði Carlos sem orðinn er 33 ára gamall. Hann segir peninga ekki munu ráða ákvörðuninni.

„Aðalatriðið er alls ekki peningarnir, heldur lengdin á samningum og hvatningin til að spila knattspyrnu áfram," sagði Carlos. **- hþh**

Spila ekki aftur fyrir Fram

Varnartröllið Sverrir Björnsson er foxillur út í handknattleiksdeild Fram sem hafnaði tilboði Gummersbach í sig í gær. Hann segist frekar leggja skóna á hilluna en að spila aftur fyrir stjórnarmenn félagsins. Formaður handknattleiksdeildar Fram segir tilboð Gummersbach vera hlægilegt.

HANDBOLTI Stjórn handknattleiksdeildar Fram hafnaði í gær tilboði þýska úrvalsdeildarfélagsins Gummersbach í varnarjaxlinn Sverri Björnsson. Fram gerði Gummersbach ekki gagntilboð þar sem þeir telja of mikið bera á milli liðanna. „Ef einhver gerir gríntilboð í fasteignina þína þá gerirðu ekki gagntilboð. Þú hafnar því bara," sagði Kjartan Ragnarsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, við Fréttablaðið í gærkvöldi en hann vildi ekki segja hvað Fram vill fá mikið fyrir Sverri. „Boltinn er núna hjá Gummersbach," sagði Kjartan.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hljómaði tilboð Gummersbach upp á 10 þúsund evrur, eða tæpa eina milljón íslenskra króna. Kunnugum einstaklingum í handboltaheiminum sem Fréttablaðið ræddi við bar saman um að sú upphæð væri eðlileg fyrir mann eins og Sverri sem léki eingöngu vörn og hefði ekki sannað sig á alþjóðavettvangi. Yngri leikmenn frá Skandinavíu sem eru taldir eiga framtíðina fyrir sér eru að fara á um 25 þúsund evrur ef þeir eru samningsbundnir og er ekki hægt að lesa annað úr viðbrögðum Fram en að félagið vilji fá álíka upphæð fyrir Sverri sem er hundfúll.

„Ég er hættur að spila fyrir Fram ef þetta á að vera svona. Ég bara trúi því ekki að þeir ætli að standa í vegi fyrir mér," sagði Sverrir við Fréttablaðið en hann fékk tíðindin ekki frá Fram heldur frá blaðamanni og var greinilega sleginn. „Ég er rosalega svekktur. Mér finnst þetta mjög lélegt hjá Fram. Þeir eru greinilega að þakka fyrir þjónustuna með þessu útspili. Ef Fram segir að tilboðið sé langt frá því að vera nógu gott þá ná liðin aldrei saman. Það er alveg ljóst. Ég mun ekki spila fyrir Fram ef staðan á að vera svona. Það er auðvitað ömurlegt gagnvart strákunum og Gumma þjálfara en ég sé það ekki gerast ef hlutirnir eiga að vera svona. Ég segi líka, hver græðir á þessu? Ég trúi þessu bara ekki ennþá. Þetta er ótrúlegt."

DRAUMURINN Á ENDA? Sverrir Björnsson fer væntanlega ekki til Gummersbach. Hann er mjög óánægður með stjórn Fram og ætlar frekar að hætta í handbolta en að spila aftur fyrir félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Gummersbach sé með annan varnarmann í sigtinu gangi hlutirnir ekki upp með Sverri og það er ljóst að félagið mun ekki bíða mikið lengur og ekki líklegt að þeir geri Fram nýtt tilboð. Atvinnumannadraumurinn er því á enda hjá Sverri. „Svona tækifæri gefst bara einu sinni og kannski aldrei. Vissulega voru fleiri lið í myndinni en ekkert sem ég var tilbúinn að rífa mig upp fyrir. Gummersbach var aftur á móti tækifæri sem var ekki hægt að hafna," sagði Sverrir sár en hann á ár eftir af samningi sínum við Fram.

Kjartan Ragnarsson var ófáanlegur til að tjá sig um það hversu mikið Fram vildi fá fyrir Sverri. Það var samt greinilegt að hann ætlaði ekki að selja Sverri á sama verði og önnur íslensk lið hafa verið að selja sína menn.

„Hluti af vandamálinu er sá að við getum ekki miðað við þau verð sem hafa verið á íslenskum leikmönnum. Þeir hafa verið að fara út fyrir allt of lítinn pening. Allir okkar bestu menn eru erlendis þar sem erlendu liðin vita að þeir fá leikmenn gefins á Íslandi," sagði Kjartan en stjórn Fram og Sverrir hafa ekkert ræðst við síðan Sverrir samdi persónulega við Gummersbach á sínum tíma og var stjórn Fram mjög óánægð með vinnubrögð Sverris sem og Alfreðs Gíslasonar landsliðsþjálfara sem mun taka við Gummersbach eftir eitt ár en þeir höfðu Fram ekki með í ráðum.

„Þetta er samt ekkert persónulegt og við viljum Sverri allt það besta og að hann komist til Gummersbach. Við viljum bara fá sanngjarnt verð fyrir hann," sagði Kjartan.

henry@frettabladid.is

Framtíð Eiðs Smára enn í umræðunni:

Verðmiði Eiðs rúmur milljarður?

FÓTBOLTI Breskir og spænskir fjölmiðlar héldu áfram að fjalla um Eið Smára Guðjohnsen í gær. Fréttablaðið greindi frá því í gær að enginn verðmiði væri kominn á Eið sem aftraði framgöngu mála. Breska götublaðið Daily Mirror gekk fram fyrir skjöldu í gær og sagði Eið kosta 8 milljónir punda eða rúman milljarð íslenskra króna. Þessar tölur fengust ekki staðfestar í gær en leiða má líkur að því að Mirror sé nokkuð nálægt uppsettu verði.

Arnór Guðjohnsen, faðir Eiðs og umboðsmaður, er sagður hafa staðfest við Radio Barcelona að Eiður vilji fara frá Chelsea sem eru stórfréttir ef þær reynast sannar. „Eiður vill fara til félags þar sem hann getur unnið titla og Barcelona er eitt af þeim," sagði Arnór, sem er iðulega nefndur Arnold á erlendum netmiðlum, einnig við Radio Barcelona.

Eiður Smári virðist vera efstur á óskalista Barcelona eftir að Thierry Henry og Diego Forlan runnu félaginu úr greipum og verður spennandi að fylgjast með framhaldinu. **- hbg**

EIÐUR SMÁRI Framtíð hans er mikið í umræðunni þessa dagana en flest bendir til þess að hann hafi fagnað sínum síðasta titli með Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Hollenski landsliðsframherjinn Dirk Kuyt:

Eftirsóttur í Englandi

FÓTBOLTI Liverpool og Newcastle eru líkleg til að bítast um sama bitann annað árið í röð um mjög frambærilegan sóknarmann. Á síðasta ári var það Michael Owen, sem Newcastle greiddi Real Madrid mjög háa upphæð fyrir, eitthvað sem Liverpool var ekki tilbúið að gera ári eftir að hafa látið hann fara.

Nú er það hollenski framherjinn Dirk Kuyt, leikmaður Feyenoord í Hollandi, sem hefur skorað 71 mark í 101 leik fyrir lið sitt, en hann hefur lýst yfir áhuga á því að spila í Englandi.

„Jorien van den Herik, forseti Feyenoord, hefur sagt mér af áhuga Liverpool, en þetta er ekki í mínum höndum. Ég er ánægður hjá Feyenoord en vil spila í ensku úrvalsdeildinni," sagði þessi magnaði markaskorari. **- hþh**

KUYT Eftirsóttur bæði hjá Newcastle og Liverpool sem þurfa að styrkja sóknarlínu sína í sumar. NORDICPHOTOS/AFP


MasterCard
Landsbankinn
olís
Iceland Express
HM ÁSKRIFTARTILBOÐ
FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006
515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
2.966 kr. á mánuði*
Sýn í þrjá mánuði í viðbót við Stöð 2
Sýn Extra fylgir frítt með
4.966 kr. á mánuði*
Sýn í þrjá mánuði
Sýn Extra fylgir frítt með
*gegn eingreiðslu
GOTT FÓLK McCANN
HM
2006
9. JÚNÍ
sýn
besta sætið

Kristján landaði stigunum fyrir KR

KR náði baráttusigri gegn Fylkismönnum í strekkingsvindi í Landsbankadeildinni á KR-vellinum í gær. Kristján Finnbogason bjargaði heimamönnum ítrekað sem voru heppnir að fara með 1-0 sigur af hólmi.

KR 1-0 Fylkir

KR-völlur, áhorfendur: 1567 — Ólafur Ragnarsson (4)

1–0 Tryggvi Sveinn Bjarnason (28.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	14–17 (4–9)
Varin skot	Kristján 3 – Jóhann 8
Horn	7–7
Aukaspyrnur fengnar	13–18
Rangstöður	1–1

KR 4–4–2		FYLKIR 4–4–2	
***Kristján Finnbo.**	**8**	Jóhann Ólafur	6
Kristinn Magn.	6	Jens Elvar	6
Gunnlaugur Jóns.	7	Guðni Rúnar	5
Tryggvi Bjarna.	7	Ragnar	7
Vígfús Arnar	6	Arnar Úlfars.	7
Skúli Jón	5	Gravesen	7
(69. Garðar Jóh.	5)	Páll Einarsson	6
Dalibor Pauletic	7	Jón Björgvin	7
Bjarnólfur Lár.	6	(88. Albert Inga.	-)
Guðmundur Reynir	7	Eyjólfur Héðins.	7
(86. Gunnar Krist.	-)	Sævar Þór Gísla.	6
Björgólfur Takef.	5	(81. Björn Viðar	-)
Rógvi Jacobsen	4	Christiansen	4
		(81. Haukur Ingi	-)

**Maður leiksins*

BARÁTTA Það var hart tekist á hjá KR og Fylki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI

1. FH	2	2	0	0	5-0	6
2. BREIÐABLIK	**2**	**2**	**0**	**0**	**6-2**	**6**
3. FYLKIR	3	2	0	1	4-2	6
4. KR	3	2	0	1	3-4	6
5. GRINDAVÍK	**3**	**1**	**1**	**1**	**5-5**	**4**
6. KEFLAVÍK	3	1	1	1	4-4	4
7. ÍBV	**2**	**1**	**0**	**1**	**3-5**	**3**
8. ÍA	**2**	**0**	**0**	**2**	**3-5**	**0**
9. VALUR	2	0	0	2	1-4	0
10. VÍKINGUR	**2**	**0**	**0**	**2**	**1-4**	**0**

FÓTBOLTI Aðstæður til knattspyrnuiðkunar í Vesturbænum voru langt frá því að vera upp á sitt besta í gær. Rokið var slíkt að KR-ingar íhuguðu það fyrr um daginn hvort það ætti ekki að fresta leiknum. Strax á fyrstu mínútu gaf Kristján Finnbogason, sem var að spila sinn 400. leik fyrir KR, tóninn þegar hann varði frá besta manni Fylkis í leiknum, Eyjólfi Héðinssyni, sem slapp einn inn fyrir.

Fylkismenn réðu gangi leiksins og fengu fjögur fín færi á upphafsmínútunum, en alltaf var Kristján til staðar til að bjarga málum. Sóknarleikur KR-inga var alls ekki burðugur og gegn gangi leiksins komust þeir yfir eftir hornspyrnu. Eftir mikið hnoð inni í teignum fékk Tryggvi Sveinn Bjarnason boltann í sig og hann lak í netið. Ekki fallegasta markið en það telur eins og öll hin.

Það var lítil stemning á pöllunum enda fimbulkuldi á vellinum. Leikurinn datt mikið niður eftir markið en KR náði betri tökum á leiknum undan vindinum í upphafi síðari hálfleiks. Kristinn Magnússon átti besta færi heimamanna þegar hann átti gott skot sem Jóhann Ólafur Sigurðsson varði vel í þverslána. Fylkismenn sóttu aðeins í sig veðrið en síðari hálfleikurinn var ekki mikið fyrir augað.

Eyjólfur átti reyndar skot í stöngina en annars gekk Fylkismönnum lítt að skapa sér færi. Það vakti mikla athygli að Leifur Garðarsson skyldi ekki gera breytingu á liði sínu fyrr en á 80. mínútu þegar Haukur Ingi Guðnason kom inn á. Hann fékk dauðafæri með sinni fyrstu snertingu, en sem fyrr bjargaði maður leiksins, Kristján Finnbogason, KR-mönnum áður en leikurinn fjaraði út.

SIGURMARKIÐ Tryggvi Bjarnason stangar hér boltann inn fyrir marklínuna hjá Fylki. Mark Tryggva reyndist vera sigurmark leiksins í Frostaskjóli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það vantaði aðeins upp á þetta hjá okkur og því fór sem fór. Veðrið var ekki gott en það kom auðvitað niður á báðum liðum. Heilt yfir vorum við betri í leiknum en það eru mörkin sem telja. Kristján átti frábæran leik í markinu, við fengum mikið af góðum færum en Kristján tók allt sem á markið kom," sagði Páll Einarsson, miðjumaður Fylkis, í leikslok, nokkuð sáttur með leikinn, en vitanlega ekki niðurstöðuna.

„Við vorum að spila betur en við höfum gert og áttum fínan leik. Menn voru að vinna og berjast og spila góðan fótbolta og því er sárt að tapa þessu. Við spiluðum vel miðað við aðstæður, menn gerðu sitt besta og ég er heilt yfir ánægður með leikinn en ósáttur með úrslitin," sagði Páll.

Það var ekki sömu sögu að segja af Teiti Þórðarsyni, þjálfara KR, sem var ánægður með úrslitin en ekki leikinn. „Ég er mjög ánægður með sigurinn en leikurinn var langt frá því að vera sérstakur. Við byrjuðum alls ekki nógu vel en svo náðum við betri tökum á leiknum. Síðari hálfleikurinn fór bara í kýlingar fram völlinn og leikurinn var alls ekki mikið fyrir augað, þetta var barningur út í eitt," sagði Teitur.

„Við pössuðum okkur á því að verjast vel eftir markið en ég var ekki alveg nógu sáttur við það hvernig við spiluðum fram á við. Leikurinn datt niður enda var gjörsamlega ófært að spila hérna, ég segi kannski ekki að það hefði átt að fresta leiknum en þetta eyðileggur leikinn að hluta til," bætti Teitur við en KR er nú komið með sex stig eftir þrjá leiki, líkt og Fylkir.

hjalti@frettabladid.is

Edgar Davids:

Líklega til Ajax á nýjan leik

FÓTBOLTI Allar líkur eru á því að hollenski miðjumaðurinn Edgar Davids gangi til liðs við sína gömlu félaga í Ajax í sumar. Davids hóf feril sinn hjá liðinu eftir að hafa komið upp í gegnum margrómað unglingakerfi félagsins.

„Ég er búinn að tala við Edgar um að koma til okkar aftur og honum fannst það vera frábær hugmynd. Við erum með marga unga leikmenn og hann getur miðlað af reynslu sinni til þeirra, sem myndi styrkja liðið okkar til muna. Hann getur spilað lykilhlutverk í framtíð Ajax," sagði Henk ten Cate, stjóri Ajax.

- hþh

Guðjón Þórðarson tekur til hendinni hjá Notts County þessa dagana:

Farinn að elta gamla lærisveina frá Stoke City-tímablinu

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson, þjálfari Notts County í Englandi, er við það að ganga frá kaupum á framherjanum Peter Thorne sem kemur frá Norwich. Hinn 33 ára gamli Thorne skoraði eitt mark í 21 leik fyrir Norwich í 1. deildinni í ár.

Einhverjir muna sjálfsagt eftir Thorne frá tíma hans hjá Stoke en þar lék hann einmitt í langan tíma undir stjórn Guðjóns og þótti einn albesti leikmaður 2. deildarinnar. Guðjón lýsti því einmitt sjálfur yfir í viðtali við Fréttablaðið fyrir skemmstu að Thorne væri besti sóknarmaður sem hann hefði nokkurn tíma þjálfað og mun hann án efa reynast Notts County mikill liðsstyrkur.

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU DAGA... Guðjón sést hér vígreifur er hann tók við Stoke.

Spurning hvort Guðjón reyni að fá fleiri fyrrum lærisveina sína hjá Stoke?

- vig

1. deildarlið HK að styrkjast:

HK fær Sigurð Sæberg úr Val

FÓTBOLTI Sigurður Sæberg Þorsteinsson fékk í gær að fara frá Val yfir í 1. deildarlið HK en hann hefur samið við félagið út tímabilið. Sigurður er 26 ára miðjumaður en hann lék fimmtán leiki fyrir Val í Landsbankadeildinni í fyrra. Hann tilkynnti það síðan eftir tímabilið að hann væri búinn að ákveða að taka sér frí frá knattspyrnu af persónulegum ástæðum.

Hann er annar leikmaðurinn sem HK hefur fengið á stuttum tíma, sem hefur leikið í úrvalsdeild en félagið fékk Theódór Óskarsson í sínar raðir fyrir stuttu.

- egm

LÍFLEGUR Sigurður Jónsson, þjálfari Grindavíkur, lét vel í sér heyra í gær en lét það eiga sig að pakka dómaranum saman eftir leikinn að þessu sinni.

Það var mikið fjör þegar nágrannaliðin Grindavík og Keflavík mættust:

Grannarnir skildu jafnir

FÓTBOLTI Grannaliðin Grindavík og Keflavík gerðu 1-1 jafntefli í gær þar sem bæði mörkin voru skoruð í nokkuð líflegum fyrri hálfleik. Mounir Ahandour, sóknarmaður Grindvíkinga, tók út leikbann og Sinisa Kekic var því settur í fremstu víglínu en hann var í hjarta varnarinnar í síðasta leik. Í Keflavíkurliðinu var Þórarinn Kristjánsson enn meiddur og sömuleiðis Buddy Farah og því var Baldur Sigurðsson settur í vörnina en hann byrjaði á miðjunni í síðasta leik.

Vindurinn lék stórt hlutverk í leiknum, Keflvíkingar voru með vindi í fyrri hálfleik og nýttu sér það óspart til að skjóta. Alls áttu þeir fjórtán skot í fyrri hálfleiknum en flest þeirra fóru talsvert langt fram hjá markinu. Heimamenn voru meira með boltann í upphafi leiks og fengu vítaspyrnu á elleftu mínútu þegar Kristinn Jakobsson taldi að Baldur hefði togað Jóhann Þórhallsson niður innan teigs. Jóhann fór sjálfur á vítapunktinn en skot hans fór í þverslána og síðan yfir markið.

Guðmundur Steinarsson átti skemmtilega hjólhestaspyrnu stuttu síðar en boltinn fór beint á markvörðinn. Þegar rúmur hálftími var liðinn af leiknum náði Jóhann að bæta upp fyrir að hafa misnotað vítið og skoraði sitt fjórða mark í deildinni. Hann var einfaldlega miklu ákveðnari en varnarmenn Keflvíkinga og kláraði færið vel eftir hreint magnaðan undirbúning frá Kekic sem hafði komist fram hjá tveimur leikmönnum gestana á miðjunni og átt frábæra fyrirgjöf á Jóhann.

Keflvíkingar náðu að jafna fyrir hlé úr vítaspyrnu sem var dæmd eftir að markvörðurinn Helgi Már Helgason hélt ekki boltanum eftir skot og braut síðan klaufalega á Magnúsi Þorsteinssyni.

Helgi fór síðan í vitlaust horn í vítaspyrnunni og Guðmundur skoraði. Seinni hálfleikur var ansi tíðindalítill og bragðdaufur en bæði liðin fengu þó eitt gott færi. Grindvíkingar beittu ekki sömu taktík og gestirnir í fyrri hálfleik og spöruðu skotin.

Sinisa Kekic fékk besta færi heimamanna eftir góða aukaspyrnu frá Óskari en boltinn rúllaði fram hjá markinu. Hann fékk síðan annað færi undir lok leiksins en skallaði þá beint á Ómar í markinu.

Besta færi Keflvíkinga fékk varamaðurinn hárprúði Ólafur Jón Jónsson en skaut slöku skoti. Hreint út sagt leiðinlegur seinni hálfleikur en það helsta gerðist í viðbótartíma að einn leikmaður úr hvoru liði fékk að líta rauða spjaldið. Eyþór Atli Einarsson fékk sitt annað gula spjald á örfáum mínútum eftir að hafa komið inn á sem varamaður.

„Við ætluðum okkur að halda boltanum niðri í rokinu en það bara gekk ekki. Það var of mikið um langar sendingar fram völlinn sem voru alls ekki að virka. Þetta var mikil barátta og barningur út í eitt," sagði Jóhann Þórhallsson, markaskorari Grindvíkinga, og viðurkenndi að það hefði verið súrt að sjá á eftir vítaspyrnu sinni smella í þverslána í fyrri hálfleik.

„Við erum aðeins á eftir áætlun með fjögur stig eftir þrjá leiki enda ætluðum við okkur alls ekki að missa nein lið of langt frá okkur í upphafi móts. Við vorum klaufar að nýta ekki góð færi og hefðum átt að vera yfir eftir fyrri hálfleikinn, það er mjög súrt að ná ekki að nýta jafn góð færi og við fengum. Ég verð samt sem áður að hrósa báðum liðum fyrir að spila svona fínan leik við þessar erfiðu aðstæður," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflvíkinga, eftir leikinn.

- egm

1-1

Grindavík – Keflavík

Grindavíkurvöllur, áhorf: 960 — Kristinn Jakobsson (7)

1–0 Jóhann Þórhallsson (33.)
1–1 Guðmundur Steinarsson, víti (37.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	5–16 (2–5)
Varin skot	Helgi 4 – Ómar 1
Horn	2–4
Aukaspyrnur fengnar	14–10
Rangstöður	1–1

GRINDA. 4–4–2		KEFLAVÍK 4–3–3	
Helgi	6	Ómar	6
Michael Jóns.	5	Geoff Miles	3
(63. Orri Freyr	3)	(46. Milicevic	5)
David Hannah	6	Guðmundur Mete	6
Óðinn Árna.	7	Baldur Sig.	5
Paul McShane	6	Guðjón Antoníus.	7
Jóhann Helgas.	6	Jónas Guðni	7
Óli Stefán	7	Daniel Severino	6
(88. Eyþór Atli	-)	(80. Ólafur Jón	-)
Eysteinn Húni	5	Hólmar Örn	8
Óskar Örn	6	Samuelsen	6
(82. Andri Steinn	-)	Magnús Sverrir	7
***Sinisa Kekic**	**8**	Guðmundur Stein.	6
Jóhann Þórhalls.	7	(71. Stefán Örn	-)

**Maður leiksins*

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„You like to beat up on fuckin' women, is that it? Beat up on me asshole."

Svar: Gino Felino úr Out for Justice frá 1991

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER MEÐ EINA TILLÖGU

Hvað á að gera við Eurovision?

Merkileg keppni fór fram í síðustu viku. Eurovision. Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Fimmtíu ára gömul lagakeppni sem var sett á fót í þeim tilgangi að gefa Evrópulöndunum tækifæri til að sýna það besta í sinni tónlist. Þjóðirnar sungu á sínu tungumáli enda féll verðlaunagripurinn ekki í skaut þeirra sem fluttu heldur tónskáldanna. Við Íslendingar rembdumst eins og rjúpan við staurinn að fá þátttökurétt og fengum hann 1986. Þá var í raun forgangsatriði að stíga á sviðið, sigurinn var í höfn áður en Eurovision hófst.

Tuttugu ár eru liðin og íslenska þjóðin eyðir milljónum króna í kynningu á lögunum sínum en hefur ekki haft erindi sem erfiði. Annað sætið er besti árangurinn hingað til og vafalítið eru fámennari þjóðir sem horfa öfundaraugum á þann árangur.

Öll þjóðareinkenni hafa verið máð af lögunum sem keppa núna og þess eru dæmi að flytjendur komi ekki frá því landi sem þeir keppa fyrir. Silvía Nótt gerði rétt í því að benda á fáránleika þess með því að hætta að tala íslensku. Klæddi sig í fáránleg föt og lét eins og einhver frábær díva. Eurovision? Þrjátíu ár eru liðin síðan alvöru stjörnur spruttu upp úr þessari keppni og það var ABBA! Við Íslendingar gerðum rétt í því að benda á „geðveikina" í kringum þessa keppni. Skrímsli höfðu sigur í ár, fannst engum það skrítið?

Eurovision hefur glatað öllum sínum sjarma og snýst núorðið um útlit. Fáklætt fólk sem trúir því að nekt þeirra bæti upp fyrir hundleiðinleg lög (ekki að lagasmíðarnar hingað til hafi verið einhver sígild snilld). Tillaga mín er því sú að Ísland haldi sína eigin Eurovision-keppni en sleppi því að taka þátt í þeim sirkus sem Silvía stjórnaði svo snilldarlega í Grikklandi.

SILVÍA NÓTT Kom, sá og sýndi hversu fáránlegt Eurovision í raun er enda hefur keppnin hér aðallega verið notuð sem góð afsökun fyrir partí. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

▶ **21.15** *Drama*

WITHOUT A TRACE

▶ **22.25** *Spenna*

POIROT – THE HOLLOW

▶ **21.00** *Spenna*

SMALLVILLE

▶ **22.50** *Spjall*

JAY LENO

▶ **20.00** *Kosningar*

BORGARAFUNDIR

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Kóalabræður (6:13) **8.12** Upp í sveit (3:4) **8.27** Brandur lögga (2:2) **8.37** Bubbi byggir **9.21** Bitte nú! (2:2) **9.44** Villi spæta (2:2) **10.05** Andrés Önd í ógöngum **10.55** Hlé **16.25** Íþróttakvöld **16.40** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (2:31) **18.25** Julie (3:4)

19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.20 Hálandahöfðinginn (1:10) Breskur myndaflokkur um ungan gósserfingja í skosku Hálöndunum og samskipti hans við sveitunga sína.
▶ **21.15 Sporlaust (14:23)** (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Fótboltakvöld Sýnt úr leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.
22.25 Aðþrengdar eiginkonur (40:47) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.10 Lífsháski (42:49) **23.55** Kastljós **0.40** Dagskrárlok

STÖÐ 2

7.00 Barnatími Stöðvar 2 **11.35** Two and a Half Men (5:24) **12.00** Hádegisfréttir **12.20** City Slickers **14.10** 3rd Rock From the Sun **14.35** Martha **15.20** Nicholas Nickelby **17.25** Wife Swap (5:7) **18.05** The Simpsons (9:22)

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
20.05 Meistarinn (21:22) Úrslitaþátturinn í Meistaranum þar sem í ljós kemur hvaða keppandi fer heim 5 milljón krónum ríkari og fyrsti handhafi nafnbótarinnar Meistarinn.
20.50 Bones (5:22) (Bein) Booth biður Brennan um aðstoð við að bera kennsl á lík ungs drengs sem fannst í almenningsgarði.
21.35 Murder In Suburbia (1:6) (Morð í úthverfinu)
▶ **22.25 Poirot – The Hollow** (Poirot – Morðið á óðalinu) Belgíski rannsóknarlögreglumaðurinn Hercule Poirot gerir sér vonir um að fá kærkomna hvíld og frið frá amstri starfsins er hann dvelur í sveitasetri sínu.

0.00 American Idol **0.40** American Idol **1.20** Not Without My Daughter **3.10** Huff (Bönnuð börnum) **4.10** Hart's War (Stranglega bönnuð börnum) **6.10** The Simpsons (9:22) **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 Bernie Mac (7:22) (It's A Wonderful Wife)
20.00 Friends (10:23) Chandler þarf að eyða jólunum í Tulsa út af vinnunni og Monicu líst ekkert á það.
20.30 Splash TV 2006 (e)
▶ **21.00 Smallville (2:22)** (Mortal) Fimmta þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.
21.45 X-Files (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið.
22.30 Extra Time – Footballers' Wive Þær eru fallegar, moldríkar og geta gert það sem þær vilja!

23.00 Friends (10:23) (e) **23.25** Splash TV 2006 (e)

SKJÁREINN

8.00 Dr. Phil (e) **17.50** Bak við tjöldin: Poseidon **18.15** Dr. Phil

19.00 Frasier
19.30 Game tíví
20.00 Family Guy
20.30 Everybody Hates Chris Þegar Júlíus kaupir risastóran kassa af pylsum, neyðir hann alla til að borða þær í öll mál.
21.00 Courting Alex Alex reynir eftir bestu getu að viðhalda nýja bruminu í sambandinu við Scott.
21.30 Everybody loves Raymond
22.00 C.S.I: Miami
▶ **22.50 Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal og má með sanni segja að fína og fræga fólkið sé í áskrift að kaffisopa í settinu þegar mikið liggur við. Í lok hvers þáttar er boðið upp á heimsfrægt tónlistarfólk.

23.35 America's Next Top Model V (e) **0.25** Frasier – 1. þáttaröð (e) **0.55** Top Gear (e) **1.45** Óstöðvandi tónlist

NFS

10.00 Fréttir **10.10** Maður í mynd – í umsjá Sigmundar Ernis (e) **10.40** Hádegið **11.00** Fréttaljós **12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **12.30** Skaftahlíð **13.10** Borgarafundir **14.00** Fréttir **14.10** Borgarafundir **14.55** Borgarafundir **15.40** Hádegið **16.00** Fréttir **16.10** Borgarafundir **16.55** Borgarafundir **17.40** Hádegið **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

▶ **20.00 Borgarafundir** Borgarafundur í tilefni af komandi sveitarstjórnarkosningum.
20.45 Borgarafundir Borgarafundur í tilefni af komandi sveitarstjórnarkosningum.
21.30 Borgarafundir Borgarafundur í tilefni af komandi sveitarstjórnarkosningum.
22.15 Fréttaljós Fréttaskýringarþáttur í umsjá Glúms Baldvinssonar.

23.15 Kvöldfréttir, íþróttir og veður **0.00** Borgarafundir endursýndir í heild

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Forrest Gump (e) **8.20** Try Seventeen **10.00** David Bowie: Sound and Vision **12.00** Bridget Jones: The Edge of Reason **14.00** Forrest Gump (e) **16.20** Try Seventeen **18.00** David Bowie: Sound and Vision **20.00 Bridget Jones: The Edge of Reason** (Bridget Jones 2: Mörk skynseminnar) Framhaldið af hinni geysivinsælu Dagbók Bridget Jones. Reneé Zellweger snýr aftur í hlutverki þessarar kostulegu nútímakonu sem enn og aftur á í vandræðum með karlamálin. Aðalhlutverk: Hugh Grant, Gemma Jones, Jim Broadbent, Renée Zellweger. 2004. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00 The Core** (Kjarninn) Ógnvekjandi kvikmynd þar sem tilvist jarðar er stefnt í stórhættu. Aðalhlutverk: Aaron Eckhart, Hilary Swank, Stanley Tucci. Bönnuð börnum. **0.10** Undisputed (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** 2 Fast 2 Furious (Bönnuð börnum) **4.00** The Core (B. börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News **12.30** Style Star **13.00** The E! True Hollywood Story **15.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Supermodels Gone Bad **17.30** Number One Single **18.00** E! News **18.30** 10 Ways **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **21.00** The Soup **21.30** Number One Single **22.00** Gastineau Girls **22.30** Gastineau Girls **23.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **0.00** The Soup **0.30** 10 Ways **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

✓	11. apríl	Árborg
✓	18. apríl	Akureyri
✓	25. apríl	Fjarðarbyggð - Reyðarfjörður
✓	2. maí	Ísafjörður
✓	9. maí	Reykjanesbær
✓	16. maí	Hafnarfjörður
✓	23. maí	Kópavogur
✓	26. maí	Reykjavík

Það styttist í sveitarstjórnarkosningar á Íslandi árið 2006. NFS leggur land undir fót og heimsækir marga helstu staði landsins til þess að kynnast því hvað brennur þar helst á fólki. Við verðum Í Reykjavík í kvöld, strax eftir fréttir.

BORGARAFUNDUR

Í kvöld kl. 20:05

NFS digital ísland VÍSIR VEF TV

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Meistarinn **Stöð 2** kl. 20.05

Sjálf úrslitin!

Þá er komið að sjálfri úrslitaviðureigninni í þessum nýja spurningaleik sem notið hefur talsverðra vinsælda. Þátturinn hóf göngu sína á annan í jólum og eftir að 22 keppendur hófu keppni standa nú aðeins tveir eftir, þau Inga Þóra Ingvarsdóttir og Jónas Örn Helgason. Bæði eru þau með yngstu þátttakendum keppninnar en þau eiga einnig það sameiginlegt að hafa setið í miðjunni í Gettu betur liði Menntaskólans við Hamrahlíð. Bæði hafa þau sýnt fima takta og því má búast við skemmtilegri viðureign enda mikið í húfi, svo ekki sé meira sagt.

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

	3	7						
	1						4	6
			1	2				5
			9		2	4		
		9				3		
		2	5		3			
1				9	5			
4	9						6	
						9	8	

Lausn á gátu gærdagsins

7	6	5	9	3	4	8	1	2
4	2	1	6	5	8	9	3	7
3	8	9	1	2	7	6	5	4
6	5	8	4	1	9	2	7	3
2	9	4	3	7	6	1	8	5
1	7	3	5	8	2	4	6	9
5	3	2	8	9	1	7	4	6
9	1	6	7	4	5	3	2	8
8	4	7	2	6	3	5	9	1

▶ **19.45**

Knattspyrna

FH-ÍA

Sýn besta sætið

15.35 Landsbankadeildin 2006 (Grindavík – Keflavík) **17.25** Skólahreysti 2006 (Undankeppni 2) **18.15** Gillette HM 2006 sportpakkinn

18.45 **US PGA í nærmynd** (Inside the PGA) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.

19.15 **Leiðin á HM 2006** (Destination Germany) Heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer fram í Þýskalandi næsta sumar og verða allir leikir í beinni útsendingu á Sýn.

▶ **19.45** **Landsbankadeildin 2006 (FH – ÍA)**

22.00 **Landsbankamörkin 2006** Öll mörkin, tilþrifin, umdeildu atvikin og allt það markverðasta úr leikjum umferðarinnar í Landsbankadeildinni.

22.30 **Sænsku nördarnir** (FC Z)

23.25 Saga HM **1.05** Landsbankadeildin 2006 (FH – ÍA)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Bæn **8.10** Messa di Gloria eftir Giacomo Puccini **9.03** Englar hvorki né menn **9.30** Haydn píanósónötur **10.15** Í dag er ég stjarna, að ári verð ég svarthol **11.00** Guðsþjónusta í Grensáskirkju **12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Hvað er í vatninu? **14.00** Ibsen á Íslandi **14.50** Vorstrófur **16.10** Undir oki áróðurs **17.00** Í Undralandi **18.00** Fréttir **18.21** Smásaga: Sumarbókin **19.00** Hátíðartónleikar frá Metropolitan **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið **23.10** Hlaupanótan **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

8.05 Morguntónar **9.03** Uppstigningardagur með Magnúsi R. Einarssyni **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Gleðilegt djamm **16.08** Roskilde 2005 **18.00** Kvöldfréttir **18.22** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert **22.10** Saga Pink Floyd **23.05** Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

HRÓSIÐ

...fá eigendur Sushismiðjunnar fyrir að opna sushi take away stað í smábátahöfn Reykjavíkur.

Helgin okkar ...

Morgunverðurinn: Lítið við á Skrúð á Hótel Sögu og gæðið ykkur á morgunverðarhlaðborðinu þar. Ótrúlega girnilegt.

Hreyfingin: Íslandsvinir standa fyrir göngu á laugardaginn þar sem gengið verður niður Laugaveginn, fyrir verndun hálendisins. 150 manna stórsveit mun leiða gönguna sem endar með útifundi á Austurvelli þar sem ýmsir þekktir listamenn koma fram.

Leikritið: Sjáið Fagnað í Þjóðleikhúsinu eftir Harold Pinter en einn þekktasti leikhúsgagnrýnandi Breta, Michael Billington lofar sýninguna hérlendis.

Heimasíðan: Skoðið www.kvikmyndir.is og kíkið á vinsælustu sýnishornin af þeim kvikmyndum sem eru heitastar í ár. Margt annað athyglisvert er að finna á þessari síðu.

Sýningin: Farið til Viðeyjar um helgina en þar munu 232 grunnskólanemar sýna verk sín sem eru af ýmsum toga, bæði innsetningar, vídeóverk, gifsverk í sjó og fleira athyglisvert. Þá mun íslensk þjóðlagatónlist verða spiluð úr þyrlum.

Safnið: Á Akureyri opnar sýning í Ketilshúsi, eftir þýska listamanninn Rudolf Reiter en hann er einn af þekktustu myndlistarmönnum samtímans. Síðar verður myndunum á sýningunni sökkt í gjá í Krófluhrauni og útkoman verður til sýnis á sama stað í júnímánuði.

AUÐUNN OG BEYONCÉ Sjónvarpsmaðurinn var glaðhlakkalegur þegar hann tók utan um eina fegurstu konu heims, Beyoncé.

AUÐUNN BLÖNDAL: SLÓ Í GEGN Á FRÖNSKU RIVÍERUNNI

Laumuðu sér á Cannes

„Þetta var mikið fjör, stóðst allar væntingar og rúmlega það," segir sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal sem er nýkominn heim af kvikmyndahátíðinni í Cannes. Auðunn fór þangað ásamt félaga sínum Huga Halldórssyni og tókst þeim á vikutíma að setja sitt mark á hátíðina svo að eftir verður munað.

„Það var þetta atvik á blaðamannafundinum með Tom Hanks, það vakti víst óskipta athygli," segir Auðunn sem spurði Hanks af hverju leikarinn elskaði Ísland svo mikið sem raun bæri vitni. Viðstaddir blaðamenn urðu furðu lostnir og var fjallað um þessa uppákomu í fjölmiðlum víða um heim. „Það voru nokkrir blaðamenn þarna úti sem tóku viðtöl við mig, ég fékk alveg mínar fimm mínútur af frægð," segir Auðunn.

Strákarnir áttu reyndar í fyrstu ekki að fá leyfi til að fara á Cannes. Þeir sendu inn DVD-disk með eigin efni og sóttu þannig um blaðamannapassa. Þeir fengu neitun en dóu ekki ráðalausir: „Við þóttumst einfaldlega vera að taka upp efni fyrir kvikmyndaþáttinn Panorama sem var einhvern tímann á Stöð 2. Við létum klippa saman þátt úr gamla settinu og sendum hann inn. Það gekk auðveldlega," segir Auðunn. Þeir áttu ekki eftir að sjá eftir förinni enda fengu þeir viðtöl við ekki ómerkari stjörnur en Bruce Willis, Jamie Foxx, William Shatner, Elijah Wood og Penelope Cruz svo einhverjar séu nefndar.

„Jamie Foxx var algjör snillingur, við tókum gott viðtal á okkar nótum við hann. Ron Howard sagði okkur svo að Ingvar E. Sigurðsson hefði verið mjög nálægt því að fá hlutverk Sílasar í Da Vinci lyklinum. Eftirminnilegasta viðtalið var samt örugglega viðtalið við Penelope Cruz. Við létum hana árita mynd af Pétri þar sem hann liggur allsber á gæru. Hún sagði að Pétur ætti að vaxa á sér rassgatið," segir Auddi og bætir því við að sumir kynningarstjórarnir á Cannes hafi ekki verið sáttir þegar þeir spurðu stjörnurnar lítið eða ekkert um myndirnar sem þær voru að kynna. Strákarnir hefja sýningar á Cannes-efninu á mánudagskvöld og viðtölin verða sýnd í þáttum þeirra næstu tvær vikurnar. Auðunn er ekki í vafa um að þeir fari aftur til Cannes. „Við förum aftur á næsta ári, pottþétt."

hdm@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Í næsta mánuði flytur Morgunblaðið úr húsakynnum sínum í Kringlunni á nýjan stað í Hádegismóum. Sú breyting verður á fyrir starfsfólk blaðsins að vinnurýmið verður opið. Hingað til hafa óbreyttir starfsmenn verið afmarkaðir með básum og yfirmenn blaðsins hafa fengið skrifstofur. Ritstjórinn **Styrmir Gunnarsson** hefur svo verið á þriðju hæðinni, með skrifstofu, ritara og sitthvað fleira til að auka á þægindin. Eftir flutningana munu allir starfsmenn vinna í opnu rými, þar á meðal ritstjórinn. Mun þetta án alls efa hafa talsverðar breytingar í för með sér fyrir Styrmi, alla vega þegar kemur að hádegisverðarfundum hans með ráðherrum og öðrum ráðamönnum þjóðarinnar.

Það að vistarverur Styrmis séu á þriðju hæð Morgunblaðshallarinnar hefur orðið til þess að hann á afar lítil samskipti við óbreytta starfsmenn blaðsins. Sagt er að sumir blaðamenn Morgunblaðsins hafi meira að segja ekki einu sinni séð ritstjórann í sjón. Þannig varð frægt fyrir nokkrum árum þegar **Jónas Kristjánsson**, fyrrum ritstjóri DV, kom í heimsókn til Styrmis. Eftir að þeir höfðu fundað á skrifstofu Styrmis fór ritstjórinn með Jónas í skoðunarferð um húsið. Þegar þeir gengu um ritstjórnina spurði einn blaðamaður, sem unnið hafði í nokkur ár á Moggann um, sessunaut sinn hvaða maður þetta væri eiginlega sem væri þarna á gangi með Jónasi.

- hdm



LÁRÉTT
2 íþrótt **6** ryk **8** þrep í stiga **9** kóf **11** guð **12** langt op **14** örðu **16** tímaeining **17** flana **18** tilvist **20** í röð **21** gera við.

LÓÐRÉTT
1 tif **3** klukka **4** þora **5** hljóma **7** mýrakalda **10** starfsgrein **13** líða vel **15** þraut **16** fiskur **19** skóli.

LAUSN

LÁRÉTT: **2** júdó, **6** ím, **8** rím, **9** kaf, **11** ra, **12** klaut, **14** agnar, **16** ár, **17** asa, **18** lif, **20** tu, **21** laga.

LÓÐRÉTT: **1** tikk, **3** úr, **4** dirfast, **5** óma, **7** malarta, **10** fag, **13** una, **15** raun, **16** áll, **19** fg.



vísir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir káta krakka
Skráningarsími
588 8899

Silfurslegin Hótel Borg

Hótel Borg hefur verið í allsherjar andlitslyftingu að undanförnu og ekki sér enn fyrir endann á framkvæmdunum. Öll herbergi hótelsins hafa verið endurnýjuð og skipt hefur verið um lagnakerfi. Veitingadeildin tekur líka nokkrum stakkaskiptum því í byrjun júní stendur til að opna nýjan veitingastað á hótelinu undir nafninu Silfur. Veitingastaðurinn verður til húsa þar sem Brasserie Borg var áður, en gengið verður inn um innganginn að Skuggabarnum. Að sögn Jóns Páls Haraldssonar, framkvæmdastjóra veitingardeildar, verður Brasserie salnum skipt upp í tvennt með bar. Öðrum megin verða matargestir en hinum megin er gert ráð fyrir barsvæði með sætum fyrir 40-50 manns. Jóhannesarstofan verður partur af barsvæðinu en hlutunum sem þar voru verður komið fyrir annars staðar í húsinu. „Við munum ekki bjóða upp á hefðbundinn a la carté-seðil heldur geta gestir valið á milli 5-7 rétta seðla og jafnvel sjálfir sett saman slíka seðla," segir Jón Páll. Eins og nafn staðarins gefur til kynna verður silfur þar áberandi. Hótel Borg á vissulega ýmsa gamla silfurmuni en einnig verða gyllingarnar í salnum allar málaðar í silfri. „Gæðin verða eins og á Holtinu og Grillinu en stemmingin verður bjartari og létttari," segir Jón Páll. Gyllti salurinn heldur hinsvegar áfram sínum gyllta lit og sjarma en hann hefur þó verið málaður og gólfið pússað upp. - snæ

NÝR VEITINGASTAÐUR Silfur heitir nýi veitingastaðurinn sem opnar fljótlega á Hótel Borg. Hér má sjá Jón Pál Haraldsson, framkvæmdastjóra veitingadeildar, við silfurslegnar dyr en verið er að silfra allar gyllingar í salnum þar sem Brasserie Borg var áður til húsa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN

✓„Afnemum mismunun í tónlistarnámi."

6 sæti
Kjartan Eggertsson, skólastjóri Tónskóla Hörpunnar

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR xF

Margrét Sverrisdóttir er í baráttusætinu!

ATKVÆÐI ÞITT GETUR RÁÐIÐ ÚRSLITUM

- ✓ Forgangsröðun til fólksins
- ✓ Flugvöllinn áfram
- ✓ Lifi Laugavegurinn
- ✓ Betri strætó
- ✓ Meira íbúalýðræði
- ✓ Verndum náttúrna
- ✓ Eflum þekkingariðnað

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR

Kosningaskrifstofa Aðalstræti 9, s. 552 2600 • flistinn@xf.is • www.f-listinn.is

ODDI VOA 9130

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

Kosningar

Nú nálgast kosningar. Nú rignir yfir mann auglýsingum flokka og frambjóðenda. Mér finnst margir góðir kostir í boði í öllum flokkum. Mér er ekki illa við neinn stjórnmálaflokk á Íslandi. Ég trúi ekki á neina ákveðna stjórnmálastefnu. Ég held að flestir sem skipta sér af stjórnmálum hafi gott eitt í huga. Það er gott fólk í öllum flokkum. Mér finnst flestir hafa eitthvað til síns máls. Og varla eru allir sammála um allt bara af því að þeir eru í sama flokki.

MÉR finnst mest um vert að fólk geti sýnt öðrum virðingu þrátt fyrir misjafnar skoðanir. Að hlusta á skoðanir annarra þýðir ekki að þú þurfir að vera sammála þeim. Ég held að það sé mikilvægt að leyfa ólíkum sjónarmiðum að heyrast og að á Alþingi sé fólk með ólíkar skoðanir og áherslur. En það fólk verður að geta talað saman.

ÉG þoli illa stjórnmálamenn sem virðast hafa það eitt fram að færa að gera lítið úr öðrum stjórnmálamönnum og skoðunum þeirra. Hvernig á svoleiðis fólk að geta unnið með öðrum? Hrokafullt fólk hefur ekkert til málanna að leggja nema ótta og ringulreið. Fólk sem getur ekki umborið skoðanir annarra er þröngsýnir harðstjórar. Og harðstjórar hugsa bara um sjálfa sig.

AÐ velja stjórnmálamenn er eins og að fá fólk til að reka fyrirtæki. Eru ríki og bæir eitthvað öðruvísi reknir en fyrirtæki? Kjósandinn er hluthafi. Sem hluthafi vil ég mikið frekar ráða gott fólk sem ég treysti og líkar við heldur en fólk sem aðhyllist einhverja ákveðna stjórnmálaskoðun. Og ég myndi heldur ekki ráða fólk vegna þess að það væri snyrtilega klætt og gott í kjaftinum. Og allra síst myndi ég ráða einhvern sjálfselskan hrokagikk.

AÐ dæma fólk eftir skoðunum þess er eins og að dæma fólk eftir klæðaburði. Skoðanir okkar gera okkur ekki að því sem við erum heldur hjartalag okkar og hvernig við högum okkur sem manneskjur í daglegu lífi. Mest um vert að fólk geti unnið saman þótt það sé ólíkt. Ég held að það reyni meira á það nú en nokkru sinni áður. Ég mun í framtíðinni fyrst og fremst kjósa fólk sem ég held að geti unnið áfallalaust með öðru fólki. Ég trúi ekki á pólitíska hugmyndafræði. En ég trúi á hið góða í fólki. Og mun kjósa það þar sem mér finnst ég sjá það.